Dómar Félagsdóms
1966-1970

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Félagsdóms. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentaða dómasafni Félagsdóms án endurgjalds. Engin stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) útvegaði þetta prenteintak.
Skrifað inn á bls. 11.
Gallar á bls. 97, 118, og 129.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Alþýðusamband Íslands

DÓMAR FÉLAGSDÓMS

VI. BINDI

1966—1970

ÚTGEFANDI: FÉLAGSDÓMUR
REYKJAVÍK — 1971

Alþýðusamband Íslands

DÓMAR FÉLAGSDÓMS

VI. BINDI

1966—1970

ÚTGEFANDI: FELAGSDÓMUR
REYKJAVÍK — 1971

FÉLAGSPRENTSMIÐJAN H.F.

Félagsdómur. Dómarar og verksvið.

Í ársbyrjun 1966 áttu þessir menn sæti í Félagsdómi:
Nefndir af Hæstarétti:
Hákon Guðmundsson, yfirborgardómari, forseti dómsins,
Gunnlaugur E. Briem, ráðuneytisstjóri.
Varamenn:
Ragnar Jónsson, hæstaréttarlögmaður,
Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri.
Nefndir af félagsmálaráðherra:
Einar Arnalds, hæstaréttardómari.
Til vara:
Bjarni Kr. Bjarnason, borgardómari.
Nefndir af Alþýðusambandi Íslands:
Ragnar Ólafsson, hæstaréttarlögmaður.
Til vara:
Árni Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður.
Nefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands:
Einar B. Guðmundsson, hæstaréttarlögmaður.
Til vara:
Guðmundur Vignir Jósefsson, hæstaréttarlögmaður.
Dómarar samkvæmt 25. gr. laga nr. 55/1962:
Nefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja:
Jón Finnsson, hæstaréttarlögmaður, til 13. júní 1968.
Nefndur af fjármálaráðherra:
Einar B. Guðmundsson, hæstaréttarlögmaður.
Nefndir til dómarakjörs samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 70/1954:
Af Landssambandi iðnaðarmanna:
Björgvin Frederiksen, vélvirkjameistari,
Einar Gíslason, málarameistari,
Jónas Sólmundsson, húsgagnasmíðameistari,
Tómas Vigfússon, húsasmíðameistari,
Jón Bergsteinsson, múrarameistari, og
Vigfús Sigurðsson, húsasmíðameistari.
Varamenn:
Haukur Eggertsson, útvarpsvirkjameistari,

Gísli Ólafsson, bakarameistari,
Jón Kaldal, ljósmyndasmíðameistari,
Gunnar Björnsson, bifreiðasmíðameistari,
Bjarni Guðmundsson, klæðskerameistari, og
Jón Ormsson, rafvirkjameistari.

Af Félagi íslenzkra iðnrekenda:
Kristján Jóh. Kristjánsson, forstjóri.
Sveinn B. Valfells, forstjóri,
Axel Kristjánsson, forstjóri,
Kristján Friðriksson, forstjóri,
Bjarni Kristinsson, forstjóri, og
Sigurður Waage, framkvæmdastjóri.

Varamenn:
Magnús Helgason, forstjóri,
Gunnar Jónasson, forstjóri,
Gunnar Björnsson, verkfræðingur,
Einar Ásmundsson, forstjóri,
Andrés Andrésson, forstjóri, og
Höskuldur Baldvinsson, forstjóri.

Af Alþýðusambandi Íslands vegna Iðnsveinaráðs Íslands:
Bolli A. Ólafsson, húsgagnasmiður,
Guðmundur B. Hersir, bakari,
Óðinn Rögnvaldsson, prentari,
Óskar Hallgrímsson, rafvirki,
Snorri Jónsson, járnsmiður, og
Sturla Sæmundsson, húsasmiður.

Varamenn:
Guðmundur Bjarnason, netagerðarmaður,
Helgi Arnlaugsson, skipasmiður,
Hilmar Guðlaugsson, múrari,
Lárus Bjarnfreðsson, málari,
Sigurgestur Guðjónsson, bifvélavirki, og
Sverrir Gíslason, prentmyndasmiður.

Frá 1. október 1968 er skipun dómara í Félagsdómi þessi:

Nefndir af Hæstarétti:
Hákon Guðmundsson, yfirborgardómari, forseti dómsins,
Gunnlaugur E. Briem, ráðuneytisstjóri.

Til vara:
Ragnar Jónsson, hæstaréttarlögmaður,
Sigtryggur Klemenzson, bankastjóri.

Nefndir af félagsmálaráðherra:
Einar Arnalds, hæstaréttardómari.

Til vara:
Bjarni K. Bjarnason, borgardómari.

Nefndir af Alþýðusambandi Íslands:
Ragnar Ólafsson, hæstaréttarlögmaður.

Til vara:
Árni Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður.
Nefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands:
Einar B. Guðmundsson, hæstaréttarlögmaður.
Til vara:
Guðmundur Vignir Jósefsson, hæstaréttarlögmaður.
Dómarar samkvæmt 25. gr. laga nr. 55/1962.
Nefndir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja:
Bjarni Sigurðsson prestur. Frá 13. júní 1968.
Til vara:
Guðjón B. Baldvinsson, deildarstjóri. Frá 10. janúar 1969.
Nefndur af fjármálaráðherra:
Einar B. Guðmundsson, hæstaréttarlögmaður.
Nefndir til dómarakjörs samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 70/1954.
Af Landssambandi iðnaðarmanna:
Aðalmenn:
Björgvin Frederiksen, vélvirkjameistari,
Einar Gíslason, málarameistari,
Jón Guðmundsson, rafvirkjameistari Hafnarfirði),
Jónas Sólmundsson, húsgagnasmíðameistari,
Jón Bergsteinsson, múrarameistari,
Tómas Vigfússon, húsasmíðameistari.
Varamenn:
Bjarni Einarsson, skipasmíðameistari,
Gísli Ólafsson, bakarameistari,
Gunnar Björnsson, bifreiðasmiður,
Hafsteinn Guðmundsson, prentsmiðjustjóri,
Sigurður G. Sigurðsson, rakarameistari,
Vigfús Sigurðsson, húsasmíðameistari.
Af Félagi íslenzkra iðnrekenda:
Aðalmenn:
Haukur Eggertsson, Barmahlíð 54, R,
Sveinn B. Valfells, Blönduhlíð 15, R,
Axel Kristjánsson, Bæjarhvammi 2, Hf,
Kristján Friðriksson, Bergstaðastræti 28 A, R,
Bjarni Kristinsson, Einimel 17, R,
Sigurður Waage, Melhaga 17, R.
Varamenn:
Magnús Helgason, Einimel 4, R,
Gunnar Jónasson, Álfheimum 29, R,
Gunnar Björnsson, Hvassaleiti 79, R,
Einar Ásmundsson, Háuhlíð 20, R,
Andrés Andrésson, Suðurgötu 24, R,
Kristinn Guðjónsson, Víðimel 55, R.
Af Alþýðusambandi Íslands vegna Iðnsveinaráðs Íslands:

Aðalmenn:
Bolli Ólafsson, húsgagnasmiður,
Guðmundur B. Hersir, bakari,
Óðinn Rögnvaldsson, prentari,
Óskar Hallgrímsson, rafvirki,
Snorri Jónsson, járnsmiður,
Sturla Sæmundsson, trésmiður.
Varamenn:
Guðmundur Bjarnason, netjari,
Helgi Arnlaugsson, skipasmiður,
Hilmar Guðlaugsson, múrari,
Lárus Bjarnfreðsson, málari,
Sigurgestur Guðjónsson, bifvélavirki,
Sverrir Gíslason, prentmyndasmiður.

Registur.

I. Nafnaskrá.

Bls.

Aðalsteinn Jónsson 128
Akurey, SF 52 105
Aldan, skipstjóra- og stýrimannafélag 84, 156
Baldur Jóhannsson 128
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja 29, 50, 75, 113, 119, 148
Bifreiðastjórafélagið Mjölnir 1
Brynjar Bergþórsson 69
Dagsbrún, verkamannafélag 128
Farmanna- og fiskimannsamband Íslands 64, 84, 92, 99, 156
Félag framreiðslumanna 38, 58, 60
Félag járniðnaðarmanna í Reykjavík 163
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs 29, 50, 75, 113, 119, 148
Flugfélag Íslands, hlutafélag 128
Flugvirkjafélag Íslands 128
Friðbjörn Halldór Guðmundsson 38, 58, 60
Friðjón Gunnar Friðjónsson 18
Garðar Guðmundsson 128
Hafþór 84
Haukur Runólfsson, hlutafélag 105
Hótel Saga 38, 58, 60
Ingólfur Magnússon 128
Ísbjörninn, hlutafélag *1*
Jökull, verkalýðsfélag 105
Kári, skipstjóra- og stýrimannafélag 84
Karl Þorkelsson 128
Landssamband framhaldsskólakennara 29
Landssamband íslenzkra útvegsmanna 64, 84, 99, 105, 156
Landssamband vörubifreiðastjóra 1, 13, 69
Málm- og skipasmiðasamband Íslands 163
Meistarafélag járniðnaðarmanna 163
Mjölnir, bifreiðastjórafélag 1
Mótorvélstjórafélag Íslands 92
Naust, hlutafélag 18
Páll Jónsson 128
Póstmannafélag Íslands 50

Ríkissjóður 29, 50, 75, 113, 119, 148
Ríkisspítalar 46
Saga, hótel 38, 58, 60
Samband matreiðslu- og framreiðslumanna 18, 38, 58, 60
Samband veitinga- og gistihúsaeigenda 18, 38, 58, 60
Sigurður P. Sigurjónsson 128
Skipstjórafélag Norðlendinga 64, 84
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan 84, 156
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Kári 84
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 84
Skipstjóra og stýrimannafélagið Ægir 84
Sókn, starfsstúlknafélag 46
Stálvík, hlutafélag 163
Útvegsmannafélag Akraness 84, 92
Útvegsmannafélag Austfjarða 84, 92
Útvegsmannafélag Eyjafjarðar 84, 92
Útvegsmannafélag Hafnarfjarðar 84, 92
Útvegsmannafélag Hornafjarðar og Djúpavogs 84, 92, 105
Útvegsmannafélag Reykjavíkur 84, 92, 156
Útvegsmannafélag Snæfellsness 84, 92
Útvegsmannafélag Suðurnesja 84
Útvegsmannafélag Vestmannaeyja 92
Útvegsmannafélag Þorlákshafnar 99
Valentínus Guðmundsson 13
Veitingahúsið Naust h/f 18
Vélstjórafélag Íslands 92, 99
Verðandi, skipstjóra- og stýrimannafélag 84
Verkalýðsfélagið Jökull 105
Verkamannafélagið Dagsbrún 128
Vörubílstjórafélagið Þjótur 69
Vörubílstjórafélagið Þróttur 13
Þjótur, vörubílstjórafélag 69
Þróttur, vörubílstjórafélag 13
Ægir, skipstjóra- og stýrimannafélag 84

II. Skrá

yfir lög og reglugerðir, sem til er vísað í VI. bindi dóma Félagsdóms.

1911, nr. 36, 11. júlí. Lög um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands.
— 30.
1927, nr. 18, 31. maí. Lög um iðju og iðnað.
— 133, 145.
14. gr. — 134.
1936, nr. 85, 1. febrúar. Lög um meðferð einkamála í héraði.
71. gr. — 39, 59, 60.
108. gr. — 113.
117. gr. — 118.
1937, nr. 118, 25. október. Reglugerð um kosningu og starfssvið iðnráða.
5. gr. — 133, 145.
1938, nr. 80, 11. júní. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur.
— 9, 10, 12, 15, 16, 17, 103, 163, 166.
2. gr. — 70, 74.
3. gr. — 4, 10, 12.
5. gr. — 10, 16, 17, 111.
6. gr. — 153, 155, 161.
7. gr. — 111.
9. gr. — 19, 24, 39, 40, 43.
11. gr. — 21, 22, 23, 24, 25, 28, 38, 39, 40, 41, 42, 43, 44, 45, 58, 60, 62.
14. gr. — 9, 11, 12, 16, 17.
16. gr. — 102, 103, 104, 166.
25. gr. — 4, 5, 6, 9.
27. gr. — 4, 5, 6, 9.
44. gr. — 36, 59, 128, 161.
56. gr. — 134.
65. gr. — 59.
69. gr. — 113.
70. gr. — 22, 70, 104.
1941, nr. 30, 27. júní. Lög um fjarskipti.
— 131, 132, 142.
3. gr. — 142.
10. gr. — 142.

1942, nr. 70, 9. maí. Reglugerð um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.
— 142.
1943, nr. 16, 26. febrúar. Lög um orlof.
3. gr. — 49.
1945, nr. 60, 12. marz. Lög um laun starfsmanna ríkisins.
40. gr. — 51, 54.
1945, nr. 137, 30. júlí. Reglugerð um starfstíma og störf póstmanna í Reykjavík.
— 52, 53, 55.
1. gr. — 51, 53, 54, 56.
1946, nr. 45, 11. marz. Reglugerð um vinnutíma starfsmanna ríkis og ríkisfyrirtækja.
54, 55.
1. gr. — 54.
2. gr. — 54.
5. gr. — 54, 55.
1946, nr. 34, 29. apríl. Lög um fræðslu barna.
18. gr. — 82.
1946, nr. 48, 7. maí. Lög um gagnfræðanám.
32. gr. — 82.
1947, nr. 205, 1. nóvember. Reglugerð um sérnám ýmissa starfsmanna landssímans.
— 142.
1949, nr. 184, 1. nóv. Reglugerð um fluglið.
— 131, 136.
20. gr. — 134, 138.
21. gr. — 134, 138.
22. gr. — 139.
1950, nr. 97, 30. maí. Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 45 frá 11. marz 1946 um vinnutíma starfsmanna ríkis og ríkisfyrirtækja.
— 54.
1954, nr. 38, 14. apríl. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
— 52, 54, 56.
15. gr. — 57.
18. gr. — 57.
27. gr. — 55, 82.
31. gr. — 50, 51, 52, 53, 55, 56, 57.
37. gr. — 52, 55.
1954, nr. 70, 24. apríl. Lög um breyting á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.
— 128.
1955, nr. 92, 24. desember. Lög um laun starfsmanna ríkisins.
— 30.
1955, nr. 79, 20. maí. Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 45 11.

marz 1946 um vinnutíma starfsmanna ríkisins og ríkisfyrirtækja.
— 55.
1. gr. — 56.
1957, nr. 40, 29. maí. Lög um leigubifreiðar í kaupstöðum o. fl.
— 71, 73.
1958, nr. 143, 21. október. Reglugerð um yfirvinnu starfsmanna ríkisins.
— 71, 73.
1960, nr. 93, 22. apríl. Reglugerð um iðnfræðslu.
— 134, 142.
59. gr. — 134, 138, 139, 141.
1962, nr. 55, 28. apríl. Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
— 30, 37, 53, 56, 76, 80, 81, 82, 114, 117, 127, 151, 153, 154, 155.
2. gr. — 81.
3. gr. — 81.
4. gr. — 56, 80.
5. gr. — 56, 79, 80, 82, 122, 126, 127, 149, 151, 155.
6. gr. — 56, 149, 150, 151, 153, 155.
7. gr. — 114, 115, 116, 118, 153.
12. gr. — 118.
14. gr. — 116, 118.
20. gr. — 81, 114.
21. gr. — 36, 51, 56, 118, 122, 126.
25. gr. — 37, 51, 117, 153.
1962, nr. 120, 1. júní. Erindisbréf fyrir kennara í barna- og gagnfræðastigsskólum.
— 75, 77, 81, 82.
8. gr. — 75, 78, 79, 80, 121.
1966, nr. 1, 31. janúar. Lög um leigubifreiðar.
— 70, 73.
1. gr. — 70, 73, 74.
1966, nr. 68, 11. maí. Lög um iðnfræðslu.
— 134.
1967, nr. 143, 15. septeember. Reglugerð um iðnfræðslu.
— 134.
53. gr. — 134.
1969, nr. 2, 18. febrúar. Lög um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum.
— 156, 157, 158, 159, 160.
1. gr. — 159, 161.

III. Efnisskrá.

A. *Atriðisorð efnisskrár.*

Bifreiðar, bifreiðastjórar.
Dómsvald Félagsdóms, sbr. frávísun.
Félagsréttindi, sbr. stéttarfélög.
Fiskveiðar.
Fjarskipti, sjá flugvirkjar, útvarpsvirkjar.
Flugliðar, sjá flugvirkjar.
Flugvélar, sjá flugvirkjar.
Flugvirkjar.
Framreiðslumenn.
Frávísun.
Frídagar.
Greiðsla.
Hlutaskipti.
Iðja, iðnaður, sjá flugvirkjar.
Járniðnaðarmenn, sjá verkbann.
Kauptrygging, sjá kjarasamningar.
Kennarar.
Kjaradómur.
Kjarasamningar.
Lög, lögskýring.
Málflutningur.
Mat og skoðun.
Opinberir starfsmenn, sjá ríkisstarfsmenn.
Orlof.
Póstmenn.
Refsingar, sjá sektir.
Ríkisstarfsmenn.
Sáttasemjarar.
Sektir.
Sératkvæði.
Sjómenn, sjá fiskveiðar.
Skaðabætur.
Skipstjórar.
Starfsgreinar.
Stéttarfélög.
Stýrimenn.
Tómlætisverkanir.
Trúnaðarmenn.
Uppsögn.
Útvarpsvirkjar.
Vélstjórar.
Venja.
Verðlagsuppbætur.
Verkbann, verksvipting.
Verkföll.
Vinnusamningar.
Vinnustöðvun, sjá verkföll, verkbann.
Vinnutími, sjá yfirvinna.
Vinnuveitendur.
Vökuvinna, sjá yfirvinna.
Yfirvinna.

B. Efnisskrá

Bifreiðar. Bifreiðastjórar.

Bifreiðastjórafélagið M í Árnessýslu krafðist þess, að hlutafélagið I, sem rak mikla útgerð í Reykjavík, en landaði um skeið afla af bátum sínum í Þorlákshöfn, skuldbindi sig með kjarasamningi til þess að láta M fá forgang til flutnings á helmingi þess afla, sem fluttur væri úr skipi í Þorlákshöfn til Reykjavíkur. Samkvæmt reglum Landssambands vörubifreiðastjóra um skiptingu aksturs milli einstakra vörubílstjórafélaga, átti vörubílstjórafélagið Þ í Reykjavík rétt til flutnings á helmingi þess afla, sem I léti flytja á leigubifreiðum frá Þorlákshöfn, en auk þess hafði Þ samkvæmt sérstökum kjarasamningi forgangsrétt til alls leiguaksturs hjá I. Talið var, að kröfur M leiddu til þess, að I yrði að takmarka eða fella alfarið niður notkun eigin tækja við nefnda flutninga. Var M því óheimilt að beita verkfalli til þess að knýja fram slíka kröfu 1

Vörubílstjórafélaginu Þ talið óheimilt að beita verkfalli til þess að knýja vinnuveitandann V til kjarasamningsgerðar, sem fól í sér takmörkun á rétti hans til að nota eigin bifreiðar til flutninga í venjulegum rekstri fyrirtækis síns 13

Hafnað var kröfu bifreiðarstjóra um inngöngu í bifreiðastjórafélag, þar sem ekki þótti sannað, að reglur bifreiðastjórafélagsins um inntöku nýrra félagsmanna brytu í bága við grundvallarreglu 2. gr. laga nr. 80/1938 69

Dómsvald Félagsdóms.

Krafizt var dóms um það, að meintu loforði menntamálaráðherra um að halda námskeið fyrir framhaldsskólakennara, svo þeir mættu að afloknu námskeiði flytjast í hærri launaflokk, hefði ekki verið fullnægt með dómi Kjaradóms frá 30. nóvember 1965. Sagt, að þessi ágreiningur félli hvorki undir dómsvald Félagsdóms samkvæmt 44. gr. laga nr 80/1938 né heldur væru efni til að Félagsdómur dæmdi málið samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1962, og var málinu vísað frá dómi 29

Félagsdómur dæmir mál samkvæmt 25. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 55/1962 ..... 50, 113

Félagsdómur dæmdi uppsögn á starfi trúnaðarmanns stéttarfélags ólögmæta. Trúnaðarmaðurinn krafðist skaðabóta. Vinnuveitandinn krafðist þess, að skaðabótakröfunni væri vísað frá dómi. Frávísunarkrafan var ekki tekin til greina. Sagt, að samkvæmt eðli máls og orðalagi 44. gr. og 65. gr. laga nr. 80/1938 bæri Félagsdómi að dæma um viðurlög og

bætur vegna þeirra réttarbrota, sem hann ætti að dæma um samkvæmt nefndum lögum 58
Krafizt var dóms um það, að ákvörðun fjármálaráðuneytisins, F, um greiðslu verðlagsuppbótar fyrir marzmánuð 1969 væri ólögleg. F krafðist þess, að málinu væri vísað frá dómi vegna þess, að hér væri í reynd um kjaraágreining að ræða, sem Kjaradómur ætti að skera úr. Frávísunarkröfu F var hrundið. Sagt, að hér væri um það málefni að ræða, að deilt væri um rétt og skyldur aðilja samkvæmt tilteknum dómi Kjaradóms. Ætti Félagsdómur að dæma málið samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1962 113
Í dómi Kjaradóms voru eigi nein ákvæði um sérstakar greiðslur til ríkisstarfsmanna, ef þeir þurftu að leysa daglega vinnuskyldu af hendi utan daglegs vinnutíma. Fjármálaráðuneytið ákvað einhliða 25% álag á kaup í slíkum tilvikum. Ekki talið, að það væri á valdi Félagsdóms að ákveða tiltekna greiðslu, er svo stæði á 119
Félagsdómur dæmir um mörk milli starfsgreina samkvæmt 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 70/1954 128
Ríkisstarfsmenn á Keflavíkurflugvelli kröfðust dóms um það, að þeir ættu rétt til sérstaks fæðisstyrks úr ríkissjóði. Eigi talið, að slík krafa hefði stoð í kjarasamningi eða ígildi slíks samnings og yrði það eigi borið undir Félagsdóm, hvort einstakir starfsmenn ættu rétt til slíks styrks 148

Félagsréttindi, sbr. stéttarfélög.

Bifreiðarstjóra synjað um inngöngu í stéttarfélag 69

Fiskveiðar.

Skorið úr ágreiningi um kjör stýrimanna á síldveiðum 64
Dæmt, að sjómenn ættu hlutdeild í arði, sem fiskkaupandinn ákvað eftir á að greiða bátum þeim, er hann keypti aflann af 105

Fjarskipti, sjá flugvirkjar, útvarpsvirkjar.

Flugvélar, sjá flugvirkjar.

Flugvirkjar.

Skorið úr því, hvort tiltekin störf við flugvélar féllu undir iðn flugvirkja eða væru verkamannavinna 128

Framreiðslumenn.

Trúnaðarmanni stéttarfélags framreiðslumanna sagt upp starfi. Uppsögnin dæmd ólögmæt, en vinnuveitandinn sýknaður

af kröfu um að taka trúnaðarmanninn aftur í þjónustu sína 18, 38

Frávísun.

Framhaldsskólakennarar kröfðust dóms um það, að meintu loforði menntamálaráðherra hefði eigi verið fullnægt. Talið, að mál þetta, eins og því var háttað, félli eigi undir valdsvið Félagsdóms, og var því vísað frá dómi 29
Krafizt var frávísunar á skaðabótakröfu framreiðslumanns vegna ólögmætrar uppsagnar, á þeim grundvelli, að Félagsdómur ætti eigi dóm um þá kröfu. Frávísunarkrafan var ekki tekin til greina 58
Fjármálaráðuneytið, F, ákvað, að verðlagsuppbót á laun ríkisstarfsmanna gjaldkræf í marzmánuði, skyldi fara eftir verðlagsuppbót febrúarmánaðar. Samband launþega, B, krafðist þess, að þessi ákvörðun F yrði dæmd ógild. F krafðist þess, að málinu yrði vísað frá Félagsdómi, þar sem kjaraágreiningi um vísitöluna hefði verið vísað til Kjaradóms. Sagt, að hér væri um að ræða ágreining um skilning á dómi Kjaradóms, sem Félagsdómur ætti dóm um, og var frávísunarkröfu F hrundið 113
Kröfugerð um einstakt atriði í kröfum stefnanda talin ófullnægjandi, og var því atriði vísað frá dómi 128
Ríkisstarfsmenn á Keflavíkurflugvelli kröfðust dóms um það, að þeir ættu rétt til fæðisstyrks úr ríkissjóði. Talið, að slík krafa hefði hvorki stoð í kjarasamningi né ígildi slíks samnings, og var henni vísað frá dómi 148

Frídagar.

M var starfsstúlka á spítala. Samkvæmt kjarasamningi átti hún rétt til þriggja mánaða leyfis vegna barnsburðar. Kjarasamningurinn kvað einnig á um sérstaka aukafrídaga. Ekki var talið, að M ætti rétt til sérstakrar greiðslu fyrir þá aukafrídaga, sem féllu á barnsfararleyfistíma hennar 46

Greiðsla.

Eigi talið, að fyrirvaralaus kvittun launþega skyti loku fyrir kaupkröfu af hans hendi, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938 105

Hlutaskipti.

Skorið úr ágreiningi um kjör stýrimanna á síldveiðum 64

Iðja, iðnaður, sjá flugvirkjar.

Járniðnaðarmenn, sjá verkbann.

Kauptrygging, sjá kjarasamningar.

Kennarar.

Framhaldsskólakennarar kröfðust dóms fyrir því, að meintu loforði menntamálaráðherra hefði eigi verið fullnægt. Eins og máli þessu var máttað, var það eigi talið falla undir valdsvið Félagsdóms, og var því vísað frá dómi 29
Skorið úr ágreiningi um rétt kennara til yfirvinnuálags og annarar aukagreiðslu fyrir kennslustundir á tímabilinu frá kl. 1600—1700 á virkum dögum öðrum en laugardögum og kl. 1130—1200 á laugardögum 75

Kjaradómur.

Sagt, að Félagsdómur ætti ekki dóm um það, hvort Kjaradómur hefði um tiltekin atriði fylgt þeim valdmörkum, sem honum væru sett í lögum nr. 55/1962 29
Talið, að ákvæði í dómi Kjaradóms 3. júlí 1963 og 30. nóvember 1965 um yfirvinnuskyldu póstmanna högguðu eigi ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954 um yfirvinnuskyldu póstmanna .. 50
Sagt, að lög nr. 55/1962 geymi eigi nein ákvæði, sem hamli því, að starfsmenn ríkisins verði almennt að hlíta þeim breytingum á launakjörum sínum, sem dómur Kjaradóms felur í sér 75
Krafizt var frávísunar á máli frá Félagsdómi, þar sem ágreiningi þeim, er um var að ræða, hefði verið skotið til efnisúrlausnar í Kjaradómi. Dæmt var, að hér væri um að ræða ágreining um skyldur og réttindi samkvæmt tilteknum dómi Kjaradóms, og ætti Félagsdómur að dæma málið samkvæmt 25. gr. 1. mgr. laga nr. 55/1962 113

Kjarasamningar.

Í máli út af verkfalli, sem stéttarfélagið M hóf í því skyni, að knýja hlutafélagið I til að gera kjarasamning við sig, var því haldið fram af I, að eigi hefði legið skýlaust fyrir áður en M hóf verkfall, hverjar kröfur M voru, og bæri því að dæma það ólögmætt. Fram kom í málinu, að kröfugerð af hálfu M hefði að vísu verið áfátt, en með tilliti til þess, sem fram kom um samningaumleitanirnar, voru þó eigi talin alveg næg efni til þess, að dæma verkfallið ólögmætt af þessum sökum, enda geymdu hvorki 14. gr. né 25. gr. laga nr. 80/1938 bein fyrirmæli um ákveðið form í kröfugerð aðilja í vinnudeilu 1
Skýrð ákvæði kjarasamnings um barnsburðarleyfi og aukafrídaga starfsstúlkna á ríkisspítölum 46
Skýrð ákvæði kjarasamnings um ráðningarkjör stýrimanna .. 64
Skorið úr ágreiningi um rétt kennara til greiðslu fyrir tilteknar

kennslustundir samkvæmt ákvæðum dóms Kjaradóms .. 75
Í kjarasamningum skipstjóra, stýrimanna og vélstjóra var svo um samið, að ef kaup verkafólks hækkaði almennt, skyldu kaupliðir kjarasamninganna hækka í sama hlutfalli. Með allsherjarsamkomulagi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands var samið um að kauphækkanir og verðlagsuppbót skyldu miðast við tilteknar fjárhæðir mánaðarkaups, og var hækkunin mismunandi eftir því, hvert mánaðarkaupið var og engar, ef mánaðarlaun færu upp fyrir tiltekið hámark. Dæmt, að skipstjórar, stýrimenn og vélstjórar ættu því aðeins rétt til kauphækkunar, að þau mánaðarlaun, er miða skyldi við, féllu innan þeirra marka, sem samkomulag A og V næði til. Réði það eigi úrslitum um þetta atriði, þótt raskast kynni sá kaupstigi, sem gert væri ráð fyrir í kjarasamningunum, og ætti þetta einnig við um kauptryggingarákvæði þeirra 84, 92
Í kjarasamningi milli stéttarfélagsins J og útvegsmannafélagsins Ú var svo um samið, að skipverjum skyldi tryggt gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fengi. Hraðfrystistöðin K, sem keypti fisk af bátum Ú, greiddi það verð fyrir fiskinn, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins hafði ákveðið. Síðar ákvað K að greiða ákveðinn arð til báta þeirra, sem lagt höfðu inn fisk sinn hjá K. Dæmt var, að sjómenn ættu hlutdeild í þessari arðgreiðslu 105
Dómur Kjaradóms ákvað, að ríkisstarfsmenn skyldu leysa daglega vinnuskyldu sína af hendi á tilteknum tíma dags. Störfum ýmissa þeirra er hins vegar þann veg farið, að þeir verða að inna hana af hendi á öðrum tímum dags. Fjármálaráðuneytið ákvað einhliða 25% álag á kaup í slíkum tilfellum fyrir óþægilegan vinnutíma. Samband launþega krafðist yfirvinnukaups þeim til handa í slíkum tilfellum og gerði jafnframt kröfu til þess, að ákvörðun ráðuneytisins um 25% álagið yrði dæmd ógild. Dæmt, að ríkisstarfsmenn ættu ekki rétt til þess almenna yfirvinnukaups, þegar svo stæði á, að þeir væru að fullnægja daglegri vinnuskyldu sinni. Ákvörðun ráðuneytisins ekki talin andstæð ákvörðun dóms Kjaradóms 119
Ríkisstarfsmenn á Keflavíkurflugvelli kröfðust dóms um það, að þeir ættu rétt til sérstaks fæðisstyrks úr ríkissjóði. Sagt, að slík krafa hefði hvorki stoð í kjarasamningi eða ígildi slíks samnings, og var kröfunni vísað frá dómi 148
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, F, sagði upp kjarasamningi, sem lögfestur hafði verið með lögum frá Alþingi. Sendi F uppsögnina Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, L, sem mótmælti gildi hennar, þar sem senda hefði átt uppsögn til einstakra aðildarfélaga L. Dæmt var, að eins

og á stóð og undanfarandi samningsviðskiptum F og L hefði verið háttað, hefði F verið rétt að senda uppsögnina til L 156

Lög, lögskýring.

Sagt, að hvorki 14. gr. né 25. gr. laga nr. 80/1938 geymdu bein fyrirmæli um ákveðið form á kröfugerðum aðilja í vinnudeilum 1

Það eigi talið valda ólögmæti verkfalls, þótt stéttarfélag hefði eigi tilkynnt sáttasemjara ríkisins áður en verkfallið var boðað, að slitnað hefði upp úr samningaviðræðum, enda fram komið, að eigi hefði af hálfu sáttasemjara á gildistíma laga nr. 80/1938 verið gengið eftir tilkynningum þeim, er 25. og 27. gr. laganna fjalla um 1

Ákvæði laga nr. 80/1938 skýrð á þá lund, að stéttarfélagi vörubílstjóra var eigi talið heimilt að beita verkfalli til að knýja vinnuveitendur til kjarasamningsgerðar, er fól í sér takmörkun á rétti vinnuveitandans til að nota eigin bifreiðar til flutninga á eigin vöru, enda voru flutningarnir eðlilegur þáttur í starfsemi hans 1, 13

Dæmt, að uppsögn trúnaðarmanns stéttarfélags á vinnustað væri andstæð meginreglu 2. málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938 ..... 18, 38

Sagt, að póstmenn væru samkvæmt 31. gr. laga nr. 38/1954 háðir lögbundinni skyldu til að leysa af hendi yfirvinnu og hefðu hvorki reglugerðir, lög nr. 55/1962 né dómar Kjaradóms samkvæmt þeim lögum leyst þá undan þeirri skyldu, sem 31. gr. laga nr. 38/1954 legði þeim á herðar 50

Ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga nr. 1/1966 skýrð svo, að það hafi eigi verið tilætlun löggjafans að fella úr gildi heimild bæjarstjórnar A samkvæmt reglugerð nr. 187/1959, sbr. lög nr. 40/1957 til að ákveða hámarkstölu vörubifreiða, enda mundi gagnstæð túlkun leiða til óæskilegs ástands 69

Sagt, að lög nr. 55/1962 geymi eigi nein ákvæði, er bindi hendur samningsaðilja samkvæmt þeim lögum um efniskröfur við samningsgerð. Ekki sé heldur í þeim lögum að finna ákvæði, er hamli því, að starfsmenn ríkisins verði almennt að hlíta þeim breytingum á launakjörum, sem kjarasamningur samkvæmt lögunum eða Kjaradómur ákveði 75

Sagt, að skýra beri 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1962 svo, að stjórnvöld verði almennt að hlíta ákvæðum kjarasamninga eða dóms Kjaradóms um daglegan vinnutíma, er þau nú gefa út erindisbréf samkvæmt 18. gr. laga nr. 34/1946 og 32. gr. laga nr. 48/1946, sbr. 27. gr. laga nr. 38/1954 75

Fjármálaráðuneytið ákvað einhliða 25% álag á laun fyrir „óþægilegan“ vinnutíma. Þessi ákvörðun var eins og á stóð

eigi talin andstæð ákvæðum laga nr. 55/1962 119
Í reglugerð um iðnfræðslu nr. 143/1967, 53. gr., segir, að menntamálaráðuneytið setji reglur um prófverkefni og tilhögun sveinsprófs í hverri iðngrein. Þessar reglur höfðu ekki verið settar, og var því höfð hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 93/1960 128

Málflutningur.

Sakarefni skipt samkvæmt 71. gr. laga nr. 85/1936 38

Mat og skoðun.

Sérfróðir menn gefa umsögn um það, hvaða störf falli undir iðn flugvirkja 128
Iðnráð Reykjavíkur tjáir sig um sama atriði 128

Opinberir starfsmenn, sjá ríkisstarfsmenn.

Orlof.

M var starfsstúlka á spítala. Samkvæmt kjarasamningi átti hún rétt til þriggja mánaða leyfis vegna barnsburðar. Af þeim sökum hætti hún störfum 16. febrúar 1964, og fékk hún kaup til 16. maí s. á. Hún kom ekki til starfa aftur. Hafði þó ekki sagt upp starfi, en samkvæmt kjarasamningi var 1½ mánaðar gagnkvæmur uppsagnarfrestur. Um mánaðamótin maí—júní 1964 krafðist hún orlofsfjár fyrir orlofsárið frá 1. júní 1963. Vinnuveitandinn taldi sér óskylt að greiða orlofsfé, þar sem M hefði hvorki komið aftur til starfa né heldur sagt upp starfi með samningsbundnum uppsagnarfresti. Dæmt var, að barnsburðarleyfistími M teldist til þess starfstíma, er orlof ætti að miðast við 46

Póstmenn.

Skorið úr ágreiningi milli póstmanna og ríkissjóðs um skyldu póstmanna til að vinna yfirvinnu 50

Ríkisstarfsmenn.

Sagt, að lög nr. 55/1962 geymi eigi nein ákvæði, sem hamli því, að opinberir starfsmenn verði almennt að hlíta þeim breytingum á kjörum sínum, sem Kjaradómur ákveður. Jafnframt verði stjórnvöld almennt að hlíta ákvæðum kjarasamninga eða Kjaradóms um daglegan vinnutíma 75
Dómur Kjaradóms ákvað, að ríkisstarfsmenn skyldu leysa daglega vinnuskyldu sína af hendi á tilteknum tíma dags. Störfum ýmissa þeirra er hins vegar svo háttað, að þeir verða að inna vinnuskyldu sína af hendi á öðrum tímum dags. Fjármálaráðuneytið ákvað einhliða, að í slíkum til-

fellum skyldu starfsmennirnir fá 25% álag fyrir óþægilegan vinnutíma. Samband launþega krafðist yfirvinnukaups þeim til handa í slíkum tilvikum. Dæmt var, að ríkisstarfsmenn ættu ekki rétt til þess almenna yfirvinnukaups, sem tiltekið væri í dómi Kjaradóms, þegar svo stæði á, að þeir væru að fullnægja daglegri vinnuskyldu sinni, þó vinnan félli utan daglegs vinnutíma 119
Ríkisstarfsmenn á Keflavíkurflugvelli kröfðust dóms fyrir því, að þeir ættu rétt til sérstaks fæðisstyrks úr ríkissjóði. Dæmt var, að slík krafa ætti ekki stoð í neinum þeim kjarasamningum eða ígildi slíkra samninga, sem Félagsdómur ætti dóm um, og var kröfunni vísað frá dómi 148

Sáttasemjarar.

Í máli út af lögmæti verkfalls var því haldið fram, að stéttarfélag, sem gerði verkfall, hefði eigi tilkynnt sáttasemjara ríkisins samkvæmt 25. og 27. gr. laga nr. 80/1938, áður en það efndi til verkfalls, að slitnað hefði upp úr samningaumleitunum, og væri verkfallið af þessum sökum ólögmætt. Dæmt var, að þetta ætti eigi að valda ólögmæti verkfallsins, enda væri fram komið, að eigi hefði af hálfu sáttasemjara verið gengið eftir slíkum tilkynningum á gildistíma laga nr. 80/1938 1

Sektir.

Vinnuveitandi sýknaður af kröfu stéttarfélags um greiðslu sektar vegna uppsagnar trúnaðarmanns 18, 38
Stéttarfélag sýknað af sektarkröfu vegna brots á 2. gr. laga nr. 80/1938 69
Stéttarfélag dæmt til greiðslu sektar vegna brots á 16. gr. laga nr. 80/1938 99
Vinnuveitandi sýknaður af sektarkröfu stéttarfélagsins F vegna verkbanns, sem F taldi ólögmætt 163

Sératkvæði.

Einn dómari greiðir sératkvæði 13, 113, 119, 128, 148
Tveir dómarar greiða sératkvæði 1, 69

Sjómenn, sjá fiskveiðar.

Skaðabætur.

Trúnaðarmanni stéttarfélags á vinnustað dæmdar skaðabætur vegna ólögmætrar uppsagnar 60
Stéttarfélag dæmt bótaskylt vegna ólögmæts verkfalls 99
Vinnuveitandi sýknaður af skaðabótakröfu, sem byggð var á því, að hann hefði gerzt sekur um ólögmætt verkbann. En

þar sem verkbannið var dæmt lögmætt, var ekki um bótakröfu að ræða 163

Skipstjórar.

Dæmt um rétt skipstjóra til hækkunar verðlagsuppbóta samkvæmt samkomulagi Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda, dags. 18. marz 1968 84

Starfsgreinar.

Skorið úr ágreiningi um það undir hvaða starfsgreinar tiltekin störf, sem snertu flugvélar, féllu 126

Stéttarfélög, sbr. félagsréttindi.

Sagt, að vörubílstjórafélagið M væri stéttarfélag í merkingu laga nr. 80/1938, og væri því heimilt samkvæmt grundvallarreglum sömu laga að knýja fram með verkfalli kjarasamninga, sem ættu rót sína í eðlilegum og réttmætum hagsmunum félagsmanna þess, að því er varðaði endurgjald fyrir þá starfsorku, sem þeir létu í té. Hins vegar væru bifreiðar þeirra orðnar svo stórar og mikilvirk atvinnutæki, að það samrýmdist eigi grundvallarreglum laga, að M væri heimilt að beita verkfallsreglum laga nr. 80/1938 til þess að knýja vinnuveitandann I til samninga, sem fælu í sér takmörkun eða algert afsal á rétti I til að nota eigin bifreiðar til flutninga á eigin vörum, flutninga, sem væru eðlilegur þáttur í rekstri I 1

Sömu sjónarmið komu til álita í máli V og Þ 13

Stéttarfélag sýknað af kröfu bifreiðarstjóra um inngöngu í félagið, þar sem ekki þótti fram komið, að inntökuskilyrði eða beiting þeirra af stéttarfélagsins hálfu brytu í bág við grundvallarreglu 2. gr. laga nr. 80/1938. Var félagið sýknað af kröfu um að því yrði dæmd sekt fyrir brot á 2. gr. laga nr. 80/1938 69

Krafa sjómanna í stéttarfélaginu J um hlutdeilt í viðbótargreiðslum fyrir fisk, talin fallin niður vegna þess, að forráðamenn J hefðu eigi í tæka tíð hafizt handa um heimtu hlutdeildarinnar, þótt þeir hefðu mátt vita um hana 105

Dæmt um mörk milli starfsgreina stéttarfélaga 128

Verkbann, sem samband vinnuveitenda, V, hafði boðað gagnvart stéttarfélaginu F, tók til félagsmanna F, sem störfuðu hjá vinnuveitandanum S, strax þegar S gerðist félagsaðili að V, enda þótt það væri eftir upphaf verkbannsins 163

Stýrimenn.

Skorið úr ágreiningi um kjör stýrimanna samkvæmt kjarasamningi 64

Dæmt um rétt stýrimanna til hækkunar verðlagsuppbótar samkvæmt samkomulagi Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda, dags. 18. marz 1968 84

Tómlætisverkanir.

Í kjarasamningi milli stéttarfélagsins J og útvegsmannafélagsins Ú var svo um samið, að skipverjum skyldi tryggt gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fengi. Hraðfrystistöðin K, sem keypti fiskinn, ákvað eftir á að greiða ákveðinn arð til báta, sem lagt höfðu fisk inn hjá K. J krafðist þess, að sjómenn fengju hlutdeild í þessum arði. Dæmt var, að sjómenn ættu rétt til hlutdeildar, en réttur þeirra til nokkurs hluta þessa arðs var talinn fallinn niður vegna tómlætis af hálfu forsvarsmanna J, sem ekki hefðu í tæka tíð krafizt hlutdeildar, þótt þeim hefði mátt vera kunnugt um arðgreiðsluna 105

Trúnaðarmenn.

Tilnefning stéttarfélags á trúnaðarmanni samkvæmt 9. gr. laga nr. 80/1938 var eins og á stóð talin fullnægjandi 18, 38

Trúnaðarmanni var sagt upp starfi. Ágreiningslaust var, að ekki var um þá fækkun á starfsliði að ræða, sem 2. málsliður 11. gr. laga nr. 80/1938 tæki beint til. Hins vegar var um það að tefla, að ráða átti annan starfsmann í stað trúnaðarmannsins. Sagt, að skýra bæri nefnt lagaákvæði, svo að það takmarki rétt vinnuveitenda til að segja trúnaðarmanni upp starfi, þegar svo standi á 18, 38

Vinnuveitandinn studdi uppsögnina þeim rökum, að trúnaðarmaðurinn hefði brotið svo af sér í þjónustustörfum sínum, að það út af fyrir sig hefði réttlætt uppsögn. Fram þótti komið, að trúnaðarmanninum hefðu orðið á ýmsar misfellur í starfi sínu, en þar sem eigi var talið sannað, að vinnuveitandinn hefði veitt honum skýlausa áminningu eða aðvörun um það, að honum mundi verða sagt upp, ef hann bætti eigi ráð sitt, var uppsögnin metin ógild 18, 38

Trúnaðarmanni stéttarfélags var sagt upp starfi. Uppsögnin var dæmd ógild, en vinnuveitandinn var sýknaður af kröfu trúnaðarmannsins um það, að taka hann aftur í þjónustu sína 18

Uppsögn.

Trúnaðarmanni stéttarfélags á vinnustað var sagt upp starfi. Uppsögnin var talin brot á meginreglu 2. málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938 og dæmd ógild 18, 38

Trúnaðarmanni stéttarfélags á vinnustað dæmdar skaðabætur vegna ólögmætrar uppsagnar 60

F, samband stéttarfélaga, sagði upp kjarasamningi sínum við L, samband útvegsmanna, og sendi uppsögnina beint til L, sem taldi hana ógilda vegna þess að F hefði átt að senda uppsögnina til einstakra aðildarfélaga L. Dæmt var, að eins og skipulagi og samþykktum L væri háttað og með tilliti til fyrri samskipta F og L, yrði að telja uppsögnina gilda 156

Útvarpsvirkjar.

Dæmt um mörk milli starfsgreina útvarpsvirkja og flugvirkja 128

Vélstjórar.

Dæmt um rétt vélstjóra til launahækkunar og verðlagsuppbóta samkvæmt samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands í marz 1968 92

Venja.

Sagt, að eigi sé fram komið, að það sé venja í samskiptum starfsstúlknafélags og ríkisspítalanna, að starfsstúlkur fá greiðslu vegna aukafrídaga, er falli á barnsfararleyfistíma þeirra 46

Sagt, að eigi hafi verið hnekkt þeirri staðhæfingu stéttarfélags, að hefðbundin regla hefði gilt um ákveðið hlutfall milli kjara I. og II. stýrimanns á síldveiðum 64

F, samband stéttarfélaga, sendi uppsögn á kjarasamningi til L, sambands útvegsmanna. L taldi uppsögnina ógilda, þar sem borið hefði að senda hana beint einstökum aðildarfélögum sínum. Uppsögnin var talin gild og m. a. byggt á venju milli F og L í þessum sökum 156

Verðlagsuppbætur.

Leyst úr ágreiningi um rétt skipstjóra, stýrimanna og vélstjóra til verðlagsuppbótar samkvæmt 2. gr. samkomulags milli Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda frá 18. marz 1968 ..... 84, 92

Verkbann, verksvipting.

Samband vinnuveitenda, V, hóf verkbann gagnvart stéttarfélaginu F. Vinnuveitandinn S gerðist félagsaðili að V eftir að verkbannið hófst. Dæmt, að verkbannið hefði þá strax réttilega komið til framkvæmda gagnvart þeim félagsmönnum F, sem störfuðu hjá S, og að eigi hefði þurft að boða F það sérstaklega með þeim fresti, sem tilskilinn væri í lögum nr. 80/1938 163

Verkföll.

Hlutafélagið I, sem rak umfangsmikla útgerð í Reykjavík, land-

aði fiski úr bátum sínum í Þorlákshöfn. Var aflinn settur beint á bifreiðar þar og ekið til Reykjavíkur. Vörubílstjórafélagið M í Árnessýslu taldi að félagsmönnum í M bæri réttur til flutninga á fiski I frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur. Krafðist M kjarasamnings við I um forgangsrétt til akstursins, og kom til verkfalls af hálfu M. Hlutafélagið var bundið kjarasamningi við vörubílstjórafélagið Þ. Leiddu kröfur M til þess m. a., að I hefði orðið að afsala sér rétti til notkunar eigin ökutækja til flutninga á eigin vöru, ef það hefði gengið að kröfum M. Var dæmt, að M væri óheimilt að beita verkfalli til þess að fylgja fram kröfu, sem fæli í sér slíka takmörkun á rétti I til notkunar eigin tækja, og var verkfallið dæmt ólögmætt 1

Hliðstæð atriði í öðru máli leyst á sama hátt 13

Stéttarfélagið V tilkynnti landssambandinu L að það mundi hefja verkfall hjá þeim aðildarfélögum L, sem sérstaklega voru nefnd í verkfallsboðun V. Þegar til verkfallsins kom, lét V það einnig ná til Þ, sem var aðildarfélag innan L, en ekki nafngreint í verkfallsboðuninni. Dæmt var, að verkfallið væri ólögmætt gagnvart Þ, þar sem Þ hefði eigi verið boðað verkfall á fullnægjandi hátt 99

Vinnusamningar.

Skorið var úr ágreiningi um yfirvinnuskyldu póstmanna alment, en sagt, að eigi hafi í því máli verið til úrlausnar, hvort einstakir starfsmenn póststofunnar í Reykjavík kynnu samkvæmt 15. og 18. gr. laga nr. 38/1954 að eiga víðtækari rétt til undanþágu frá yfirvinnuskyldu samkvæmt 31. gr. sömu laga, vegna ráðningarsamninga, sem gerðir hefðu verið fyrir gildistöku laganna 50

Vinnustöðvun, sjá verkföll, verkbönn.

Vinnutími, sjá yfirvinna.

Vinnuveitendur.

Vinnuveitanda eigi talið skylt að hlíta því, að vörubílstjórafélag beitti verkfalli til þess að knýja hann til kjarasamningsgerðar, sem fól í sér takmörkun eða algert afsal á rétti hans til að nota eigin bifreiðar til flutnings á eigin vöru, en flutningarnir voru eðlilegur þáttur í atvinnurekstri hans 1, 13

Vinnuveitanda eigi talið skylt að taka aftur í þjónustu sína trúnaðarmann stéttarfélags, sem hann hafði sagt upp starfi, enda þótt uppsögnin væri dæmd ólögmæt 18

F, samband stéttarfélaga, sagði upp kjarasamningi við L, samband útvegsmanna, og sendi uppsögn sína beint til L, sem

taldi hana ógilda, þar sem F hefði átt að beina uppsögn að einstökum aðildarfélögum L. Sagt, að eins og skipulagi og samþykktum L væri háttað, hefði F verið rétt að senda uppsögnina beint til L 156
Vinnuveitandinn S gerðist aðili að vinnuveitendasamtökum V, eftir að V hafði boðað verksviptingu gagnvart félagsmönnum stéttarfélagsins F. Tók verkbannið þá strax til þeirra félagsmanna F, sem störfuðu hjá S 163

Vökuvinna, sjá yfirvinna.

Yfirvinna.

Póstmenn í Reykjavík töldu sér eigi skylt að vinna yfirvinnu umfram 5 klst. á mánuði. Dæmt var, að póstmenn væru bundnir skyldu til þess að leysa af hendi yfirvinnu samkvæmt 31. gr. laga nr. 38/1954 með þeim takmörkunum, sem þar greindi, og hefðu hvorki ákvæði laga nr. 55/1962 né ákvæði í dómum Kjaradóms samkvæmt þeim lögum leyst þá undan þeirri skyldu 50
Dæmt um rétt kennara til yfirvinnuálags samkvæmt ákvæðum Kjaradóms 75
Dómur Kjaradóms ákvað, að ríkisstarfsmenn skyldu leysa daglega vinnuskyldu sína af hendi á tilteknum tíma dags. Störfum ýmissa þeirra er hins vegar svo háttað, að þeir verða að inna vinnuskyldu sína af hendi á öðrum tímum dags. Fjármálaráðuneytið, F, ákvað einhliða, að í slíkum tilfellum skyldu starfsmennirnir fá 25% álag fyrir óþægilegan vinnutíma. Samband launþega, B, krafðist yfirvinnukaups þeim til handa í slíkum tilvikum, og gerði jafnframt kröfu til þess, að ákvörðun F um 25% álagið yrði dæmd ógild. Dæmt var, að ríkisstarfsmenn ættu ekki rétt til þess almenna yfirvinnukaups, sem tiltekið væri í dómi Kjaradóms, þegar svo stæði á, að þeir væru að fullnægja daglegri vinnuskyldu sinni, þó vinnan félli utan daglegs vinnutíma. Ákvörðun F var eigi talin brjóta í bág við ákvæði Kjaradóms 119

Fimmtudaginn 10. marz 1966.

Nr. 5/1965. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Ísbjarnarins h/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Bifreiðastjórafélagsins Mjölnis
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar B. Guðmundsson, Bjarni K. Bjarnason og Árni Guðjónsson.

Verkfall dæmt ólögmætt. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 20. apríl f. á., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Ísbjarnarins h/f gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Bifreiðastjórafélagsins Mjölnis.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að verkfall, sem Bifreiðastjórafélagið Mjölnir í Árnessýslu boðaði Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Ísbjarnarins h/f o. fl. hinn 10. apríl 1965 og sem hófst 17. s. m., verði dæmt ólögmætt.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja eru málavextir þeir, að Ísbjörninn h/f, sem er aðili í Vinnuveitendasambandi Íslands og hefur með höndum umfangs-

mikinn atvinnurekstur í Reykjavík, lagði á s.l. vetri í Þorlákshöfn upp afla úr bátum, sem gerðir voru út á vegum hlutafélagsins. Var afli báta þessara settur af skipsfjöl beint í bifreiðar, sem fluttu hann til Reykjavíkur. Jafnframt keypti hlutafélagið afla úr öðrum bátum, og var hann einnig fluttur með bifreiðum beint frá borði til Reykjavíkur. Hins vegar er eigi fram komið, að félagið hafi haft neina fasta starfsstöð í Þorlákshöfn eða reki þar atvinnu.

Samkvæmt gögnum málsins var fiskur sá, sem hlutafélagið flutti þannig til Reykjavíkur frá Þorlákshöfn alls 1.137.610 kg. Af þessu magni fluttu eigin bifreiðar hlutafélagsins 980.580 kg., bifreiðar úr Árnessýslu 150.300 kg. og bifreiðar frá Vörubílstjórafélaginu Þrótti í Reykjavík 6.730 kg.

Fiskflutningar þeir, sem bifreiðar frá síðastnefndu félagi önnuðust, fóru fram samkvæmt samningi milli Vörubílstjórafélagsins Þróttar og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. júlí 1961, en Ísbjörninn h/f er, eins og áður var getið, félagi í því sambandi. Samkvæmt 3. gr. þessa samnings er svo um samið, að „meðlimir Þróttar hafa forgangsrétt til bifreiðaleigu og allra flutninga með bifreiðum á vinnu- og félagssvæði Þróttar, og ennfremur öllum akstri inn og út af því svæði fyrir þá meðlimi Vinnuveitendasambandsins, sem staðsettir eru á svæðinu, þó með undantekningu í samræmi við venjulegar reglur milli vörubílstjórafélaga, þegar flutt er frá skipshlið á öðru félagssvæði“.

Reglur þær, sem hér er vísað til, voru samþykktar samhljóða á þingi Landssambands vörubifreiðastjóra í desembermánuði 1955. Segir svo í 2. gr. þeirra:

„Vörubifreiðastjórar hafa forgangsrétt að því að aka flutningi inn og út af sínu félagssvæði fyrir atvinnufyrirtæki, sem staðsett eru á svæðinu“.

Þriðja grein sömu reglna hljóðar svo:

„Óski vinnuveitandi á einhverju félagssvæði að sækja vöru beint í skip, sem statt er í höfn á öðru félagssvæði, skal aksturinn skiptast að jöfnu á milli félagsmanna á hafnarsvæðinu og félagsmanna þess svæðis, sem varan á að flytjast til“.

Af gögnum málsins og málflutningi verður eigi annað ráðið en reglur þessar séu enn í gildi.

Svo sem að framan er rakið, fluttu bifreiðar úr Árnessýslu áðurgreindan hluta nefnds fisks frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur. Voru þær eign félagsmanna í Bifreiðastjórafélaginu Mjölni, en starfssvæði þess er Árnessýsla.

Vörubílstjórafélögin Þróttur og Mjölnir eru bæði fullgildir félagar í Landssambandi vörubifreiðastjóra og lúta samþykktum þess, þar á meðal áðurgreindum vinnuskiptingarreglum, en eins og framangreindri aðstöðu Ísbjarnarins h/f í Þorlákshöfn og fiskflutningum þess þaðan var háttað, verður að telja, að ákvæði 3. gr. nefndra reglna eigi hér við um skiptingu fiskflutninganna milli Þróttar og Mjölnis. Er sú niðurstaða í samræmi við álit stjórnar Landssambands vörubifreiðastjóra, en í bréfi hennar til Þróttar, dags. 24. apríl f. á., segir, „að Þróttur á samkvæmt samningi rétt til helmings leigubílaaksturs frá skipshlið í Þorlákshöfn til Reykjavíkur“.

Stjórn bifreiðastjórafélagsins Mjölnis hefur þó um nokkurt skeið talið sér rétt að krefjast meiri hlutdeildar í fiskflutningum frá Þorlákshöfn. Var sú afstaða félagsins tilefni þess, að hinn 9. apríl 1965 samþykkti trúnaðarmannaráð Mjölnis að boða þremur vinnuveitendum í Reykjavík, þ. e. Sænsk-íslenzka frystihúsinu, Bæjarútgerð Reykjavíkur og Ísbirninum h/f vinnustöðvun laugardaginn 17. s. m. kl. 12 á hádegi, nema samningar hefðu áður tekizt, og var sú ákvörðun tilkynnt Vinnuveitendasambandi Íslands með símskeyti 10. apríl f. á. Jafnframt var sáttasemjara ríkisins tilkynnt þessi ákvörðun trúnaðarmannaráðsins.

Með símskeyti, dags. 12. apríl f. á., mótmælti Vinnuveitendasamband Íslands „boðuðu verkfalli sem ólöglegu“, án þess að tilgreina á hvaða ástæðum þau mótmæli væru byggð. Ekki skeytti stjórn Mjölnis þeim mótmælum og hófst verkfall félagsins á tilsettum tíma.

Félagsmenn Vörubílstjórafélagsins Þróttar munu hafa ætlað að halda uppi fiskflutningum frá Þorlákshöfn fyrir Ísbjörninn h/f og þau fyrirtæki önnur, sem vinnustöðvun Mjölnis beindist gegn, samkvæmt rétti þeim, er þeir töldu

felast sér til handa í 3. gr. áðurnefnds kjarasamnings frá 21. júlí 1961 og 3. gr. framangreindra vinnuskiptingarreglna. En félagsmenn úr Mjölni hindruðu alla fiskflutninga á vegum framangreindra 3ja fyrirtækja með þeim hætti, að leggja bifreiðum sínum þannig, að hvorki bílar frá Þrótti né Ísbirninum h/f komust að skipi til hleðslu beint af skipsfjöl. Er því haldið fram af stefnda í máli þessu, að hér hafi aðeins verið um að ræða löglegar verkfallsaðgerðir af hálfu Mjölnis.

Höfðaði Vinnuveitendasamband Íslands því næst mál þetta f. h. Ísbjarnarins h/f, svo sem að framan er rakið, og gerði framangreindar dómkröfur.

Við munnlegan fltuning málsins var það ágreiningslaust með aðiljum, að ákvörðun um nefnda vinnustöðvun hefði verið tekin að lögum og hún tilkynnt með lögmæltum hætti.

Hins vegar heldur stefnandi því fram, að vinnustöðvunin sé ólögmæt af eftirtöldum ástæðum:

1. Að Bifreiðastjórafélagið Mjölnir hafi eigi sett fram ákveðnar og skýlaust formaðar kröfur, áður en það ákvað að hefja og hóf umdeilda vinnustöðvun.

2. Að félagið hafi ekki tilkynnt sáttasemjara ríkisins kröfur sínar samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 80/1938 og að ekki hafi heldur af þess hálfu verið fylgt fyrirmælum 27. gr. sömu laga, enda hafi í raun og veru ekki verið slitnað upp úr samningaumleitunum, er vinnustöðvun var boðuð.

3. Að kröfur Mjölnis, ef talið yrði að ákveðnar kröfur af þess hálfu hefðu verið komnar fram, séu ósamrýmanlegar ákvæðum laga nr. 80/1938, einkum 3 gr., þar sem stefnandi hafi um deiluefnið verið bundinn löglegum samningi við Vörubílstjórafélagið Þrótt, sem einnig hafi verið bindandi fyrir Mjölni, m. a. vegna ákvæða framangreindra vinnuskiptareglna Landssambands vörubifreiðastjóra.

4. Að vinnustöðvunin hafi verið ólögmæt vegna þess, að henni hafi eigi verið ætlað að vernda lögmæta hagsmuni stéttarfélags. Hér hafi verið um það að ræða fyrst og fremst, að knýja fram ákvörðun um endurgjald fyrir notkun vinnutækja (bifreiða) og jafnframt að knýja eiganda sams konar tækja til þess að nota ekki sín eigin tæki (bifreiðar).

Af hálfu stefnda hefur öllum þessum málsástæðum verið mótmælt sem haldlausum og þýðingarlausum að því er varðar lögmæti framangreindrar vinnustöðvunar.

Verða málsástæður stefnanda nú teknar til athugunar.

Um 1. og 2. málsástæðu.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að af hálfu Mjölnis hafi engar kröfur um undirritun samninga verið settar fram eða þeim skilað til sín eða sáttasemjara ríkisins. Jafnframt hefur stefnandi mótmælt því, að raunverulegir samningafundir hafi verið haldnir áður en framangreind vinnustöðvun hófst. Aftur á móti hafi komið fram af hálfu stefnda, eftir að mál þetta var þingfest, ýmsar útgáfur af því, hvaða kröfur forráðamenn Mjölnis telji sig hafa gert á s.l. vetri, áður en vinnustöðvunin hófst. Það sé þó fyrst nú í þessu máli, að skýlausar kjarakröfur hafi komið fram af hálfu Mjölnis. Telur stefnandi að þetta eigi að valda því, að umrædd vinnustöðvun sé dæmd ólögmæt, og er sú skoðun hans byggð á því, að vinnuveitendum sé rétt m. a. með hliðsjón af ákvæðum 25. gr. laga nr. 80/1938 að krefjast þess, að stéttarfélag geri skýlausa grein fyrir kjarakröfum sínum, áður en það fylgi þeim fram með verkfalli.

Þá hefur stefnandi einnig bent á það, að eigi hafi af hálfu Mjölnis verið fylgt ákvæðum 25. gr. og 27. gr. sömu laga um tilkynningar til sáttasemjara, m. a. að tilkynna honum, að slitnað væri upp úr samningatilraunum, ef það var skoðun forráðamanna Mjölnis, að samningafundir hefðu í reynd verið haldnir með þeim úrslitum, að útséð væri um samninga án þess að til vinnustöðvunar kæmi.

Stefndi hefur hins vegar skýrt svo frá, að áður hafi þeirri reglu verið fylgt, að félagsmenn Mjölnis flyttu helming allrar þeirrar vöru, sem tekin væri í bifreiðar beint úr skipi í Þorlákshöfn. Þessa reglu hafi Ísbjörninn h/f og þau fyrirtæki önnur í Reykjavík, sem framangreind vinnustöðvun beindist gegn, reynt að sniðganga á s.l. vetrarvertíð. Hafi forráðamenn Mjölnis því talið sér nauðsynlegt að herða baráttu sína fyrir því, að þessi fyrirtæki fylgdu áfram þeirri reglu um fiskflutningana, er áður hefði verið fylgt, og hafi Mjölnir því krafizt þess, að undirritaðir væru samningar

þess efnis. Hafi slík krafa verið sett fram af hálfu Mjölnis við fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands á samningafundum, sem haldnir hafi verið í Reykjavík á s.l. vetri. Stefndi hefur einnig eindregið mótmælt því, að heimilt sé að dæma vinnustöðvun sína ógilda vegna ákvæða 25. gr. og 27. gr. laga nr. 80/1938. Telur hann að eigi skipti máli, þótt nefndum ákvæðum kunni eigi að hafa verið fylgt í hvívetna af sinni hálfu, því það sé ekki skilyrði fyrir lögmæti vinnustöðvunar, að svo hafi verið gert, enda hafi þess, allt frá gildistöku nefndra laga, aldrei verið krafizt, hvorki af sáttasemjara ríkisins né öðrum.

Skal nú kannað hvað fram hefur komið í málinu um kröfur Mjölnis og samningaviðræður áður en félagið ákvað og hóf vinnustöðvun sína í aprílmánuði f. á.

Af gögnum málsins má sjá, að Bifreiðastjórafélagið Mjölnir hefur um alllangt skeið sótzt eftir því, að fá sem mesta hlutdeild í fiskflutningum Reykvískra fyrirtækja frá Þorlákshöfn. Kemur það m. a. fram af bráðabirgðasamkomulagi, sem félagið gerði við Bæjarútgerð Reykjavíkur hinn 4. marz 1964.

Í máli þessu hafa nokkur vitni komið fyrir dóminn og gefið skýrslu um viðræðufundi aðilja. Verða þessar skýrslur nú raktar nánar.

Jón Þorsteinsson, lögfræðingur, kveðst hafa verið á tveimur samningafundum í marz og apríl, og hafi forráðamenn Mjölnis á þeim fundum sett fram kröfu um samninga við Vinnuveitendasamband Íslands, en ekki kemur fram í vottorði hans, hverjar þær kröfur hafi verið. Hann kveður að umræður hafi átt sér stað um þessar kröfur, en samningar eigi tekizt.

Björgvin Sigurðsson frá Stokkseyri segist hafa verið á fundum þeim, er Jón tilgreinir, og hafi formaður Mjölnis sett þar fram þá kröfu, að þeir vinnuveitendur, sem hlut ættu að máli, þ. e. þeir sem flyttu fisk frá Þorlákshöfn, undirrituðu samninga þá, sem í gildu væru milli Mjölnis og vinnuveitenda í Árnessýslu og viðurkenndu þá reglu, sem farið væri eftir, að Mjölnir nyti helmings þeirra flutninga á vörum, sem teknar væru úr skipum í Þorlákshöfn.

Guðmundur Kristmundsson, fyrrv. framkvæmdastjóri Þróttar, kveðst hafa verið á framangreindum marzfundi og hafi fundurinn að sínu áliti snúizt um þá kröfu Mjölnismanna, „að vinnuveitendur létu þá fá helming þeirra flutninga, sem fram færu frá skipshlið í Þorlákshöfn“. Segir vitni þetta að greinilegt hafi verið, „að Mjölnismenn hafi viljað fá staðfestingu á kröfum sínum um helmingaskiptin“. Hins vegar segir vitni þetta, að ekki hafi á þessum fundi verið farið fram á undirritun Árnessýslusamningsins, enda myndu Þróttarmenn þá hafa risið gegn því.

Pétur Guðfinnsson, framkvæmdastjóri Þróttar, segist hafa verið á báðum þeim fundum, sem um getur í vottorði Jóns Þorsteinssonar, og hafi umræður snúizt um það kröfuatriði Mjölnismanna, að þeir fengju rétt til helmingaflutninga frá Þorlákshöfn, og hafi Landssamband vörubifreiðastjóra hlutazt til um fundarhaldið samkvæmt ósk Mjölnismanna.

Aftur á móti kveðst vitni þetta ekki muna, hvort komið hafi fram bein krafa um undirritun samnings, en umræðuefnið hafi verið ósk Mjölnismanna um hliðstæða samninga við vinnuveitendur í Reykjavík og þá, er giltu í Árnessýslu.

Sigurður Guðgeirsson, starfsmaður Landssambands vörubifreiðastjóra, kveðst hafa verið á báðum framangreindum fundum í marz og apríl. Hafi á báðum þessum fundum verið rætt um þau deilumál, sem upp hafi verið komin um rétt til flutninga frá Þorlákshöfn, og á öðrum hvorum fundinum hafi komið fram krafa um það, að vinnuveitendur í Reykjavík undirrituðu sams konar samning við Mjölni og þann, er gilti milli Mjölnis og vinnuveitenda í Árnessýslu og viðurkenndu helmingareglu þá, sem Mjölnismenn hafi talið að gilti í Árnessýslu.

Að tilhlutan dómsins hefur stefndi í máli þessu lagt fram kröfur þær, dags. 6. maí f. á., sem hann telur að fram hafi komið af hálfu Mjölnis á áðurnefndum samningafundum, og eru þær þessar:

1. að þar sem Ísbjörninn h/f rekur atvinnu á félagssvæði Mjölnis, verði Mjölnir viðurkenndur samningsaðili við fyrirtækið.
2. að Ísbjörninn h/f viðurkenni algeran forgangsrétt

Mjölnis til alls þess aksturs, er fram fer á vegum fyrirtækisins á og um félagssvæði Mjölnis.

3. að Ísbjörninn h/f viðurkenni og að tekin séu upp í samninga ákvæði um, að Mjölnir skuli hafa helming alls þess flutnings, er fram fer frá skipshlið í Þorlákshöfn, svo sem framkvæmt hefur verið í samskiptum Mjölnis og vinnuveitenda í Árnessýslu um mörg ár.
4. að í samningum verði ákveðinn kauptaxti fyrir alla flutninga, bæði hvað snertir tímavinnu og langferðakeyrslu.
5. að í samninga séu tekin önnur þau ákvæði, er hliðstæð séu þeim, er Mjölnir hefur í samningum við vinnuveitendur í Árnessýslu, varðandi kjör og ýmis framkvæmdaatriði í samskiptum Mjölnis og vinnuveitandans.

Með framangreindum vitnaskýrslum verður að telja sannað, að fulltrúar Bifreiðastjórafélagsins Mjölnis og Vinnuveitendasambands Íslands hafi ræðzt við á s.l. vetri út af óskum Mjölnis um kjarasamninga við Vinnuveitendasamband Íslands. Jafnframt verður að líta svo á, að í ljós sé leitt, að á þeim fundum hafi af hálfu fulltrúa Mjölnis komið fram ákveðin krafa um sérstaka samninga vegna atvinnurekenda í Reykjavík, sem fluttu fisk þangað frá Þorlákshöfn, og þá meðal annars verið höfð uppi skýlaus krafa um það höfuðatriði í 3. lið ofangreindra krafna, að Mjölnir fengi beinan samningslegan rétt til helmings allra flutninga frá skipshlið í Þorlákshöfn til Reykjavíkur, sem fram færu á vegum fyrirtækja í Reykjavík, sem væru félagar í Vinnuveitendasambandi Íslands, þar á meðal á vegum Ísbjarnarins h/f.

Það er að vísu ljóst, að Bifreiðastjórafélagið Mjölnir hefur eigi lagt fyrir stefnda skriflega kröfugerð af sinni hálfu áður en það hóf vinnustöðvun sína 17. apríl f. á. En þegar litið er til þess, sem fram er komið um viðræður og samningafundi málsaðilja og með hliðsjón af hinni skriflegu kröfugerð Mjölnis, sem lögð hefur verið fram í máli þessu, þykja eigi alveg næg efni til þess, að taka til greina þá málsástæðu stefnanda, að dæma beri nefnda vinnustöðvun Mjölnis ólögmæta vegna ófullnægjandi kröfugerðar af hálfu þess

félags áður en það hóf vinnustöðvun sína, enda geyma hvorki 14. gr., 25. gr. né önnur ákvæði laga nr. 80/1938 bein fyrirmæli um ákveðið form á kröfugerðum aðilja í vinnudeilum.

Þá telur dómurinn að það eigi ekki heldur eins og á stendur að valda ólögmæti umdeildrar vinnustöðvunar, þótt það hafi af hálfu Mjölnis verið látið undir höfuð leggjast að tilkynna sáttasemjara, að félagið teldi slitnað upp úr samningaumleitunum við stefnanda, enda er fram komið, að eigi hafi af hálfu sáttasemjara ríkisins á gildistíma laga nr. 80/1938 verið gengið sérstaklega eftir tilkynningum þeim, sem 25. og 27. gr. laganna fjalla um.

Um 3. og 4. málsástæðu.

a) Svo sem að framan greinir, hefur Ísbjörninn h/f sem félagi í Vinnuveitendasambandi Íslands bundizt samningi við Vörubílstjórafélagið Þrótt þess efnis, að Þróttur hafi forgangsrétt til bifreiðaleigu og allra flutninga með bifreiðum á vinnu- og félagssvæði Þróttar og öllum akstri inn og út af því svæði. Þessi forgangsréttur Þróttar takmarkast þó af tilvísun 3. gr. nefnds kjarasamnings til vinnuskiptingarreglna Landssambands vörubifreiðastjóra, en svo sem áður er sagt, verður að skýra nefnt ákvæði 3. gr. kjarasamningsins á þá lund, að samningsaðiljar hafi með því samið sig undir ákvæði vinnuskiptingarreglnanna.

Svo sem áður er rakið, verður að miða við það, að starfsaðstaða Ísbjarnarins h/f í Þorlákshöfn hafi á s.l. vetrarvertíð verið með þeim hætti, að 3. gr. vinnuskiptingarreglnanna eigi við um fiskflutninga hlutafélagsins þaðan til Reykjavíkur. Er Þrótti og Ísbirninum h/f samkvæmt því skylt að hlíta því, að Bifreiðastjórafélagið Mjölnir krefjist sér til handa helmings þeirra fiskflutninga frá Þorlákshöfn, sem Ísbjörninn h/f framkvæmir með leigubifreiðum, þar sem Þorlákshöfn er á félagssvæði Mjölnis. Kemur það og fram af áðurnefndri skýrslu Ísbjarnarins h/f um þessa fiskflutninga, að Mjölnir hefur síður en svo borið skarðan hlut frá borði, að því er flutninga frá Ísbirninum h/f snertir, því það félag hefur flutt frá Þorlákshöfn á s.l. vetri hartnær allan þann fisk Ísbjarnarins h/f, sem ekið var til Reykjavíkur á leigubifreiðum. Nú felst það hins vegar í framan-

greindri kröfugerð Mjölnis, að það félag fái samningslegan rétt til að flytja helming alls þess flutnings, sem fram fer frá skipshlið í Þorlákshöfn til Reykjavíkur, sbr. 3. lið kröfugerðarinnar. Vegna áðurgreinds samnings við Þrótt, sem samkvæmt honum hefur forgangsrétt til allra leiguflutninga Ísbjarnarins h/f frá Þorlákshöfn að frádregnum helmingarétti Mjölnis skv. 3. gr. vinnuskiptareglnanna, getur Ísbjörninn h/f ekki orðið við nefndri kröfugerð Mjölnis um helming allra flutninga, nema með því að leggja alfarið niður notkun eigin bifreiða við flutninga þessa, því hlutafélagið getur eigi haggað gerðum og gildum samningi við Þrótt með nýjum samningi við Mjölni um flutninga, sem áður var um samið. Verður eðli málsins samkvæmt, og með hliðsjón af grundvallarreglu 3. gr. laga nr. 80/1938 að telja, að Mjölni sé ekki rétt að framfylgja með vinnustöðvun gagnvart Ísbirninum h/f kröfu, sem bryti í bág við gildan kjarasamning Þróttar og hlutafélagsins.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, getur Ísbjörninn h/f þannig ekki tekið á sig gagnvart Mjölni þær samningsskyldur, sem 3. liður kröfugerðar Mjölnis felur í sér, nema með því að takmarka eða leggja alfarið niður notkun eigin bifreiða, og kemur þá til álita sú málsástæða stefnanda, að Bifreiðastjórafélaginu Mjölni sé óheimilt að framfylgja með vinnustöðvun kröfugerð, sem felur í sér slíka takmörkun á rétti vinnuveitenda til notkunar eigin tækja.

Samkvæmt samþykktum Bifreiðastjórafélagsins Mjölnis er markmið og tilgangur félagsins sá, að efla samvinnu og hag sjálfeignarvörubifreiðastjóra í Árnessýslu með því „að setja fasta taxta fyrir akstur með vörubifreiðum“ og „vinna að hagsmunamálum félagsmanna á hverjum tíma“. Réttur til inngöngu í félagið er bundinn því skilyrði, að innsækjandi eigi ekki nema eina bifreið og hafi vörubifreiðarakstur að atvinnu. Verður eigi annað ráðið af þessum og öðrum ákvæðum samþykkta Mjölnis en að félagið sé stéttarfélag í merkingu laga nr. 80/1938, eins og þau lög hafa verið skýrð að því er vörubílstjórafélag hér á landi varðar, sbr. Hrd. 1957, bls. 155. Er Bifreiðastjórafélagið Mjölnir því samkvæmt 5. gr. nefndra laga samningsaðili um kaup og kjör

félagsmanna sinna og getur almennt framfylgt kjarakröfum sínum með vinnustöðvun samkvæmt 14. gr. laganna.

Í lögum nr. 80/1938, hvorki 14. gr. þeirra né öðrum ákvæðum þeirra, finnst eigi nein skilgreining á inntaki eða eðli þeirra krafna, sem stéttarfélögum er heimilt að fylgja fram með vinnustöðvun, en samkvæmt eðli málsins og venjulegum lögskýringarreglum, verður að miða við það, að slíkar kröfur eigi rót sína í eðlilegum og réttmætum hagsmunum félagsmanna stéttarfélagsins, er miðist fyrst og fremst við endurgjald fyrir þá starfsorku, sem þeir láta í té og önnur kjaraatriði í því sambandi.

Að því er varðar eigendur vörubifreiða, sem aka sjálfir bifreiðum sínum, þá eru þeir launþegar að því leyti, að þeir leggja fram persónulega vinnu sína við aksturinn. Aftur á móti er kaup þeirra ekki nema nokkur hluti þess heildar endurgjalds, sem verk- og vinnukaupandi greiðir fyrir afnot bifreiðarinnar, og er í samningum stéttarfélaga vörubílstjóra og vinnuveitanda miðað við ákveðnar reglur um skiptingu kaups ökumannsins annars vegar og rekstur ökutækisins hins vegar. Er kaup ökumannsins samkvæmt þeirri skiptingu nálægt 19% af leigugjaldi 5 tonna vörubifreiðar, miðað við dagvinnukaup, og fer hundraðshluti kaupsins minnkandi eftir því sem bifreiðin verður stærri.

Þá má og líta til þess, að mikil fjárfesting liggur í kaupum á vörubifreið, því 5 tonna vörubifreiðar að burðarmagni, kosta nú 300 til 400 þúsund krónur, en þorri þeirra vörubifreiða, sem nú eru notaðar til leiguaksturs hérlendis, eru eigi undir þeirri stærð og margar mun stærri, enda hefur mjög stefnt til þeirrar áttar hin síðari ár, að stærri gerðir vörubifreiða til leiguaksturs komi í stað hinna smærri. Er því og svo háttað, að fullur helmingur vörubifreiða þeirra, sem félagsmenn í Mjölni eiga, er 6 tonn og þar yfir. Hefur þróun þessara mála hér á landi orðið sú, að að því liggur, að leiguakstur sjálfseignarvörubifreiðarstjóra sé öðrum þræði atvinnurekstur.

Að þessu athuguðu og þegar virt eru öll þau atriði, sem að framan eru rakin, verður eigi talið, að það samrýmist grundvallarreglum íslenzks réttar, að Bifreiðastjórafélaginu

Mjölni sé heimilt að beita reglum laga nr. 80/1938 um vinnustöðvanir, til þess að fylgja eftir, gagnvart Ísbirninum h/f, kröfugerð, sem er þess eðlis, að hún, eins og að framan er rakið, felur í sér takmörkun eða algert afsal á rétti hlutafélagsins til notkunar á eigin vörubifreiðum til flutninga á eigin vöru, — flutninga, sem eru eðlilegur þáttur í atvinnurekstri þess.

Samkvæmt þessu og með vísun til alls þess, sem rakið hefur verið að því er varðar 3. og 4. málsástæðu stefnanda, ber að taka til greina þá dómkröfu hans, að vinnustöðvun sú, sem Bifreiðastjórafélagið Mjölnir hóf 17. apríl f. á., sé ólögmæt gagnvart Ísbirninum h/f.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreind vinnustöðvun Bifreiðastjórafélagsins Mjölnis er ólögmæt gagnvart Ísbirninum h/f.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Bjarna K. Bjarnasonar.

Með skírskotun til raka meirihluta dómenda tel ég, að Bifreiðastjórafélagið Mjölnir sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 og geti almennt framfylgt kjarakröfum sínum með vinnustöðvunum samkvæmt 14. gr. nefndra laga.

Ísbjörninn h/f var bundinn kjarasamningi um vöruflutninga við Vörubílstjórafélagið Þrótt í Reykjavík. Vörubílstjórafélagið Þróttur og Bifreiðastjórafélagið Mjölnir eru bæði fullgildir félagar í Landssambandi vörubifreiðastjóra og lúta samþykktum þess, þar á meðal vinnuskiptareglum, sem samþykktar voru á þingi landssambandsins í desember 1955. Sú krafa Bifreiðastjórafélagsins Mjölnis, „að Ísbjörninn viðurkenni algeran forgangsrétt Mjölnis til alls þess aksturs, er fram fer á vegum fyrirtækisins á og um félagssvæði Mjölnis“, var, eins og málum var háttað, ósamrýmanleg kjarasamningi Ísbjarnarins h/f og Vörubílstjórafélagsins Þróttar og andstæð 3. gr. vinnuskiptareglna Landssambands vörubifreiðastjóra og því gagnstæð þeirri meginreglu, sem fram kemur í 3. gr., 2. mgr., laga nr. 80/1938, en það lagaákvæði ber að skýra á þann veg, að stéttarfélag sé bundið við löglega gerðar samþykktir stéttarsambands síns.

Eins og á stóð og samkvæmt þeim grundvallarreglum, sem telja verður að gildi um vinnustöðvanir, bar fyrirsvarsmönnum Bíl-

stjórafélagsins Mjölnis að setja fram skýlausar kröfur, áður en þeir boðuðu til verkfallsins. Gegn andmælum stefnanda er ósannað, að svo hafi verið gert.

Þegar af þessum ástæðum ber að taka til greina kröfu stefnanda um, að vinnustöðvun sú, sem Bifreiðastjórafélagið Mjölnir hóf 17. apríl þ. á., sé ólögmæt gagnvart Ísbirninum h/f.

Rétt er að málskostnaður falli niður.

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið rakið, er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómsins.

Sératkvæði Árna Guðjónssonar.

Ég tel, að stefndi hafi átt rétt á að krefjast þess, að stefnandi gerði við hann kjarasamning.

Kröfugerð stefnda, er fól í sér takmörkun á notkun eigin bifreiða stefnanda, tel ég samrýmast eðlilegum stéttarhagsmunum stefnda, enda eru slík ákvæði í gildandi kjarasamningum hliðstæðra aðila.

Með vísun til þessa, tel ég, að sýkna beri stefnda af dómkröfum stefnanda í málinu og rétt sé, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 10 þúsund.

Dómsorð mitt verður þannig:
Stefndi skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.
Stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 10 þúsund.

Föstudaginn 1. júlí 1966.

Nr. 2/1966. **Valentínus Guðmundsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Stéttarfélagi eigi talið heimilt að beita verkfalli til stuðnings kröfu um það, að vinnuveitandi skuldbindi sig til þess að nota ekki eigin tæki. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu 4. maí þ. á. af Valentínusi Guðmundssyni, Skipasundi 80, Reykjavík, vegna fyrirtækisins Steinefnis gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að verkfall, sem Vörubílstjórafélagið Þróttur hóf gegn stefnanda hinn 19. apríl s.l., verði dæmt ólögmætt.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi máls þessa rekur fyrirtæki undir nafninu Steinefni. Er það einkaeign hans. Starfsemi þessa fyrirtækis er m. a. fólgin í mannvirkjagerð, svo sem að grafa upp húsgrunna, flytja á brott jarðveginn og fylla grunna á ný með möl og sandi til undirstöðu undir hús og aðrar byggingar. Þá á fyrirtækið efnisnámu að Hrísbrú í Mosfellssveit og rekur rauðamalarnámu í Krýsuvík. Selur það uppfyllingar- og undirstöðuefni úr námum þessum. Til reksturs síns notar stefnandi ýmis tæki, er hann á, svo sem jarðýtu, ýtuskóflu, loftpressu og krana. Til flutnings á efni kveðst hann eiga 4 bifreiðar. Eru tvær þeirra að heildarþyngd með hlassi 32.000 kg. hvor, en að hlassþyngd 20.675 kg. Þriðja bifreiðin er að heildarþyngd 13.380 kg., hlassþyngd 9.000 kg. og sú fjórða að heildarþyngd 6.100 kg. með 3.000 kg. hlassþyngd.

Auk þessara eigin tækja kveðst stefnandi þurfa að taka á leigu vörubifreiðar til notkunar í atvinnurekstri sínum og telur hann, að 15—20% af akstri fyrirtækisins fari fram með leigubifreiðum.

Stefnandi er ekki félagi í Vinnuveitendasambandi Íslands.

Vörubílstjórafélagið Þróttur, sem gert hefur kjarasamninga við Vinnuveitendasamband Íslands, síðast hinn 20. júlí 1961, og er sá samningur enn í gildi, að því undanteknu, að breytingar hafa verið gerðar á leigugjaldi, fór þess á leit við stefnanda með bréfi, dags. 6. apríl s.l., að hann gerði

kaup- og kjarasamning við Þrótt „samhljóða þeim samningi, er félagið hefur nú við Vinnuveitendasamband Íslands . . .". Jafnframt sendi Þróttur stefnanda eintak af nefndum kjarasamningi.

Í bréfi þessu var stefnanda einnig tilkynnt, „að hafi samningar eigi tekizt fyrir kl. 24.00 þann 17. apríl n. k., hefur stjórn og trúnaðarmannaráð samþykkt að boða vinnustöðvun allra félagsmanna Þróttar hjá yður frá og með 18. apríl n. k.".

Samningar tókust eigi, þrátt fyrir umleitanir í þá átt, er fram fóru næstu daga, eftir að verkfall Þróttar hófst. Höfðaði stefnandi því næst mál þetta, svo sem að framan er greint.

Ágreiningslaust er, að verkfallsboðun Þróttar hafi farið fram með lögmætum hætti.

Hins vegar telur stefnandi, að í kröfugerð Þróttar felist atriði, sem valdi því, að Þrótti sé óheimilt að fylgja henni eftir með verkfalli. Eru rök hans fyrir þeirri staðhæfingu þau, að í 3. gr. kjarasamnings þess milli Þróttar og Vinnuveitendasambands Íslands, sem Þróttur krefjist, að hann gerist aðili að, séu ákvæði, er takmarki rétt hans til notkunar eigin tækja í atvinnurekstri sínum. Bendir hann í því sambandi á það ákvæði 3. mgr. 3. gr., að verktökum í byggingariðnaði sé heimil notkun eigin bifreiða til flutnings á öllum vörum, sem séu hluti af verki því, sem tekið sé í ákvæðisvinnu nema 40% verksins eða meira sé akstur. Þetta ákvæði telur stefnandi valda því, að aðild hans að nefndum kjarasamningi mundi í mörgum tilfellum jafngilda því, að hann yrði að afsala sér eða takmarka að verulegu leyti notkun eigin tækja, en notkun þeirra sé einn höfuðþátturinn í starfsemi hans. Beiting verkfallsréttar af hálfu Þróttar til þess að knýja hann til slíkra samninga fái hins vegar eigi samrýmzt grundvallarreglum íslenzkra laga. Sé framangreint verkfall Þróttar af þessum ástæðum ólögmætt.

Þá hefur stefnandi látið að því liggja, að félagsmenn Þróttar séu öðrum þræði atvinnurekendur og geti félagið því ekki notið þess réttar, sem lög nr. 80/1938 veiti stéttarfélögum.

Stefndi hefur andmælt dómkröfum og rökstuðningi stefnanda. Byggir hann sýknukröfu sína á því, að verkfall Þróttar

sé samþykkt og boðað í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938. Þróttur eigi rétt á því sem stéttarfélag að krefjast þess, að stefnandi, er sé atvinnurekandi og þurfi á þjónustu félagsmanna Þróttar að halda, gangi til samninga um kaup og kjör þeirra. Þetta hafi stefnandi ekki viljað gera og hafi Þróttur þá eigi átt annars úrkosta en að fylgja samningskröfu sinni fram með verkfalli. Ekki felist annað í þeirri kröfu en undirritun gildandi kjarasamnings Þróttar og Vinnuveitendasambands Íslands, og mótmælir stefndi því sérstaklega, að ákvæði 3. mgr. 3. gr. samningsins, sem að efni til hafi verið í kjarasamningi Þróttar í 17 ár, geti á nokkurn hátt leitt til þess, að dæma beri verkfallið ólögmætt, enda sé Vörubílstjórafélagið Þróttur tvímælalaust stéttarfélag í merkingu laga nr. 80/1938 og njóti allra réttinda stéttarfélaga samkvæmt þeim lögum.

Í dómi Félagsdóms 31. maí 1954 er svo mælt, að Vörubílstjórafélagið Þróttur, stefndi í máli þessu, sé stéttarfélag sjálfseignarvörubifreiðastjóra og lúti ákvæðum laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Eru eigi í þessu máli gögn, er leiði til annarrar niðurstöðu.

Stefnandi rekur, svo sem áður er greint, starfsemi, sem svo er háttað, að hann, að eigin sögn, þarfnast leiguflutningabifreiða til flutnings á um það bil 15—20% af þeim akstri, sem til fellur í rekstri fyrirtækisins. Félagsmenn Vörubílstjórafélagsins Þróttar eiga þannig hagsmuni undir því, að félag þeirra nái samningum við hann um kjör sjálfeignarvörubifreiðastjóra. Er nefndu félagi því rétt samkvæmt 5. og 14. gr. laga nr. 80/1938 að beita verkfalli gagnvart stefnanda í því skyni að fá framgengt kröfum sínum um kjarasamning við hann.

Kemur þá til álita sú málsástæða stefnanda, að í kröfugerð Vörubílstjórafélagsins Þróttar felist kröfuliðir, sem félaginu sé óheimilt að knýja fram samninga um með verkfalli.

Svo sem áður er rakið, hefur Þróttur krafizt þess, að stefnandi undirriti og gerist aðili að kjarasamningi félagsins við Vinnuveitendasamband Íslands. Í 3. mgr. 3. gr. þess samnings segir svo m. a.: „... verktökum í byggingariðnaði“ er „heimilt að flytja allar vörur, sem eru hluti af verki því,

sem tekið er í ákvæðisvinnu, nema 40% verksins eða meira sé akstur".

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu og áður greinir, er rekstur stefnanda þess eðlis, að tilvísað ákvæði nefnds kjarasamnings getur leitt til þess, að stefnanda yrði í ýmsum tilvikum samningslega skylt að takmarka að verulegu leyti notkun eigin bifreiða í venjulegum rekstri fyrirtækis síns.

Með hliðsjón af grundvallarreglum laga, sbr. dóm Félagsdóms 10. marz þ. á., verður að skýra ákvæði laga nr. 80/1938 á þá lund, að Vörubílstjórafélaginu Þrótti sé eigi heimilt að beita reglum nefndra laga um verkföll til þess að knýja stefnanda til að semja sig undir slíka takmörkun á notkun eigin vörubifreiða í venjulegri starfrækslu sinni. Getur það eigi haggað þessari niðurstöðu, þótt Vinnuveitendasamband Íslands hafi með framangreindu samningsákvæði 3. mgr. 3. gr. samið á sig kvaðir í þessu efni, enda verður samningur um slíka kvöð eigi ólögmætur eða ógildur að lögum, þótt Þrótti sé eigi talið heimilt að vinna að framgangi slíkrar kvaðakröfu með verkfalli.

Með hliðsjón af málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, Vörubílstjórafélaginu Þrótti, er eigi heimilt að fylgja fram með verkfalli gagnvart stefnanda, Valentínusi Guðmundssyni, kröfu um þá takmörkun á notkun eigin bifreiða, sem felst í tilvitnuðum orðum 3. mgr. 3. gr. framangreinds kjarasamnings.

Að öðru leyti á stefndi að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Í 14. gr. laga nr. 80 frá 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur er stéttarfélögum heimilað að gera verkföll til að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum, um kaup og kjör félagsmanna sinna, samanber 5. gr. sömu laga.

Ákvæði 3. mgr. 3. gr. í kjarasamningi stefnda við Vinnuveitendafélag Íslands er mikilvægt fyrir kaup og kjör vörubílstjóra, enda hafa vinnuveitendur alltaf viðurkennt það. Stefnda er því heimilt að gera verkfall til að vinna að því, að stefnandi skrifi undir ofangreindan kjarasamning óbreyttan. Ber því að sýkna stefnda að öllu leyti af kröfum stefnanda.

Að öðru leyti er ég samþykkur dómsorði meiri hluta Félagsdóms.

Miðvikudaginn 13. júlí 1966.

Nr. 1/1966. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðjóns Gunnars Friðjónssonar**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda vegna Veitingahússins Nausts h/f
(Jón Magnússon hdl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Uppsögn: Trúnaðarmanni sagt upp starfi á ólögmætan hátt.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 5. maí s.l., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðjóns Gunnars Friðjónssonar gegn Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda vegna Veitingahússins Nausts h/f.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1) að uppsögn Veitingahússins Nausts h/f, dags 28. marz þ. á., til Friðjóns Gunnars Friðjónssonar verði dæmd ógild,

2) að Nausti h/f verði dæmt skylt að taka Friðjón Gunnar Friðjónsson aftur til vinnu,
3) að Naust h/f verði dæmt til greiðslu sektar í ríkissjóð,
4) að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eigi lægri en kr. 10.000.00.

Stefnandi hefur áskilið sér rétt til þess að krefjast skaðabóta í sérstöku máli, ef uppsögnin yrði dæmd ólögmæt.

Málavextir eru þessir:

Friðjón Gunnar Friðjónsson hefur starfað sem framreiðslumaður í Veitingahúsinu Naustri frá því í óktóbermánuði 1960.

Hinn 8. marz 1965 nefndi stjórn Félags framreiðslumanna þá Viðar Ottesen og Gunnar Friðjón framreiðslumenn til trúnaðarmannsstarfa í Nausti og tilkynnti veitingahúsinu þessa tilnefningu með bréfi, dags. 10. apríl s. á., er hljóðar svo:

„Samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80, 11. júní 1938, 9. gr., leyfum vér oss hér með að tilnefna eftirtalda félagsmenn okkar sem trúnaðarmenn félags okkar á vinnustað yðar:

Viðar Ottesen
Gunnar Friðjónsson.

Báðir þessir félagsmenn vorir eru starfandi á vinnustað yðar. Samkvæmt fyrrgreindum lögum ber yður að samþykkja annan fyrrgreindra trúnaðarmanna. Hafi oss hins vegar ekki borizt tilkynning um val yðar fyrir 25. **þ. m.** þ. á., lítum vér svo á, að þér hafið samþykkt þann sem trúnaðarmann, sem fyrr er talinn hér að ofan.

Um skyldur og réttindi trúnaðarmanna vísast til laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Tilnefning þessi gildir til næsta aðalfundar félags vors eða þar til öðruvísi verður ákveðið af félagi voru“.

Naust h/f neytti eigi valréttar síns um trúnaðarmanninn og veitti eigi þá nein andsvör við bréfi þessu.

Fram er komið, að stjórn Félags framreiðslumanna hafi rætt um það sín á milli í þann mund, er nefnd tilnefning

fór fram eða nokkru síðar, að eigi væri heppilegt, að Viðar Ottesen, sem átti sæti í stjórn félagsins, væri jafnframt trúnaðarmaður þess á vinnustað. Mun og Viðar hafa kosið að vera laus við þann starfa. Hefur Jón Maríasson skýrt svo frá hér fyrir dómi, að einhverjir tveir félagsmanna muni hafa kynnt Friðjón Gunnar fyrir þáverandi forstjóra Nausts h/f sem trúnaðarmann félagsins, en eigi hafa þessir menn komið í leitirnar. Eigi er fram komin um þetta efni nein skýrsla af hálfu fyrrverandi forstjóra, Halldórs Gröndals, en hann lét af störfum í júnímánuði 1965 og fluttist til útlanda. Hins vegar liggur fyrir í málinu, að hann ritaði hinn 14., 15. og 22. maí 1965 bréf út af ágreiningi, er upp hafði komið milli framreiðslumanna og veitingamanna, og eru nefnd bréf öll stíluð til Gunnars Friðjónssonar, trúnaðarmanns framreiðslumanna í Nausti, og hann beðinn að sýna öllum framreiðslumönnum í Nausti bréfin.

Í byrjun júní 1965 urðu forstjóraskiti í Nausti h/f, og eru aðiljar sammála um það, að eigi hafi á næstu mánuðum komið upp nein þau mál, er trúnaðarmaður stéttarfélagsins þyrfti að hafa afskipti af. Reyndi því ekki á það, hver hann var.

Hinn 17. marz 1966 ritar Félag framreiðslumanna forstjóra Nausts h/f svohljóðandi bréf:

„Það tilkynnist yður hér með, að trúnaðarmaður Félags framreiðslumanna í veitingahúsinu Naust er Gunnar Friðjónsson“.

Ekki er fram komið, að neinar sérstakar ástæður hafi legið til grundvallar þessari tilkynningu félagsins og hefur formaður þess sagt, að hún hafi verið áréttíng á stöðu Friðjóns Gunnars sem trúnaðarmanns á nefndum veitingastað.

Forstjóri Veitingahússins Nausts hreyfði eigi neinum andmælum við nefndri tilkynningu. Kveðst hann hafa talið tilnefningu Friðjóns Gunnars markleysu. Hann hafi þá þegar verið búinn að ákveða að segja Friðjóni Gunnari upp störfum. Gerði hann það með svohljóðandi bréfi, dags. 28. marz s.l.:

„Hér með tilkynnist þér, að þér er sagt upp starfi þínu,

sem framreiðslumaður, hjá Nausti h.f., frá og með 1. apríl næst komandi að telja.

Þar eð uppsagnarfrestur, samkvæmt samningum S. V. G. og Félags framreiðslumanna, telst vera einn mánuður, þá skal störfum þínum hjá fyrirtæki voru vera lokið að kvöldi hins 30. dags aprílmánaðar 1966".

Félag framreiðslumanna andmælti þegar hinn 1. apríl s.l. nefndri uppsögn. Segir m. a. svo í bréfi, sem félagið ritaði Veitingahúsinu Nausti, en afrit af því bréfi sendi félagið Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda:

„Í bréfi þessu", þ. e. uppsagnarbréfinu, „eru engar ástæður greindar fyrir uppsögninni og Friðjón Gunnar kveður sér ekki heldur hafa verið greint frá slíkum ástæðum munnlega. Þar sem hér er um að ræða trúnaðarmann félagsins í veitingahúsi yðar, sem fyrirrennari yðar í starfi hefur samþykkt sem slíkan, verður félagið að líta svo á nema annað upplýsist, að greind uppsögn brjóti í bága við 11. gr. laga nr. 80/1936 um stéttarfélög og vinnudeilur og sé því með öllu ólögmæt.

Jafnframt því sem félagið mótmælir harðlega nefndri uppsögn er hér með skorað á yður að gera félaginu nú þegar fullnægjandi grein fyrir ástæðum til uppsagnarinnar, eða að öðrum kosti að afturkalla uppsögnina".

Í svarbréfi Nausts h/f, dags. 4. apríl s. á., segir svo:

„Sem svar við bréfi yðar, dagsettu 1. apríl s.l., viljum vér hér með upplýsa, að Friðjóni Gunnari Friðjónssyni hefur alls ekki verið sagt upp stöðu sinni í Nausti vegna starfa hans sem trúnaðarmanns félags yðar hjá fyrirtæki voru, enda hafa engir árekstrar átt sér stað milli Friðjóns Gunnars og undirritaðs þeirra starfa vegna, og á því 11. gr. laga nr. 80/1938 ekki við í þessu tilviki.

Við viljum jafnframt vekja athygli yðar á, að í Nausti, sem á öðrum vinnustöðum, eiga sér öðru hvoru stað breytingar, er varða starfsmannahald, þar sem ýmist atvinnurekandi segir starfsmanni upp starfi, eða þá starfsmaður segir upp sínu starfi, og er hér um fyrra tilvikið að ræða, er varðar uppsögn þessa".

Frekari bréfaskipti leiddu eigi til samkomulags um uppsögnina og eigi kom annað fram í þeim um ástæður til hennar en að framan greinir.

Það er ekki fyrr en í þinghaldi 27. maí s.l., er stefndi lagði fram greinargerð ásamt skýrslu forstjóra Nausts h/f, dags. 16. s. m., að fram kemur, að uppsögn Friðjóns Gunnars eigi rætur sínar að rekja til starfs hans sem framreiðslumanns, svo sem síðar verður vikið að.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar í málinu á því, að þar sem Friðjón Gunnar Friðjónsson hafi verið trúnaðarmaður félags síns á vinnustað, hafi framannefnd uppsögn Veitingahússins Nausts verið brot á ákvæðum 2. málsl. 11. gr. laga nr. 80/1938. Sé uppsögnin því ógild og refsiverð samkvæmt 70. gr. sömu laga. Heldur hann því fram, að áðurgreind bréf, sem Halldór Gröndal ritaði Friðjóni Gunnari í maí 1965, sýni ótvírætt, að forstjóri veitingahússins hafi viðurkennt hann sem trúnaðarmann Félags framreiðslumanna og Friðjón Gunnar komið fram gagnvart veitingahúsinu sem trúnaðarmaður á þeim vinnustað. Auk þess hafi svo hin sérstaka skipun hans sem trúnaðarmanns hinn 17. marz 1966 tekið af öll tvímæli um það, að hann hafi verið fullgildur trúnaðarmaður á vinnustað sínum, þegar honum var sagt upp starfi.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að Friðjón Gunnar hafi nokkurn tíma verið trúnaðarmaður félags síns í Nausti og hafi hann aldrei verið viðurkenndur til þess starfs af hálfu veitingahússins. Ekkert mál hafi á starfstíma núverandi forstjóra komið upp í veitingahúsinu, er trúnaðarmaður framreiðslumanna þar hafi þurft að hafa afskipti af. Kveður stefndi, að það hafi verið af ókunnugleika forstjórans, að hann taldi, að framangreint skipunarbréf Friðjóns Gunnars, dags. 17. marz 1966, hefði gildi sem skipunarbréf í trúnaðarmannsstöðu, enda hefði forstjóranum þá ekki verið kunnugt um áðurgreinda tilnefningu Félags framreiðslumanna frá 10. apríl 1965. Hið rétta í málinu sé, að Friðjón Gunnar hafi aldrei, hvorki formlega né með öðrum hætti, orðið trúnaðarmaður félags síns í Nausti. Eigi ákvæði 11. gr. laga nr. 80/1938 því eigi við um hann og njóti hann engrar sér-

stakrar réttarverndar samkvæmt því ákvæði. Mótmælir stefndi því, að framangreind bréf fyrrverandi forstjóra Nausts h/f til Friðjóns Gunnars skipti nokkru máli í þessu sambandi. Samkvæmt bréfi stjórnar framreiðslumannafélagsins 10. apríl 1965 hafi Viðar Ottesen orðið trúnaðarmaður félagsins í Nausti. Hann starfi þar enn og sé skipun hans því enn í gildi.

Þá heldur stefndi því og fram, að jafnvel þótt Friðjón Gunnar hefði verið trúnaðarmaður, geti það ekki haft nein áhrif á úrslit þessa máls eða haggað umdeildri uppsögn. Friðjóni Gunnari hafi ekki verið sagt upp vegna trúnaðarmannsstarfa hans. Hér hafi aðeins verið um venjulega uppsögn á starfi að ræða, sem fram hafi farið að réttum reglum, því gætt hafi verið umsamins og lögmæts uppsagnarfrests. Eigi hafi verið um fækkun á starfsliði að ræða og engin þau atvik verið fyrir hendi, að ákvæði 2. málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938 geti átt við.

En jafnvel þó svo hefði verið, þá kveður stefndi, að lögmætar ástæður hafi verið fyrir hendi, sem réttlætt hafi uppsögn af hálfu veitingahússins. Gætt hafi mikillar óstundvísi af hálfu Friðjóns Gunnars og auk þess hafi hann eigi fært fram viðhlítandi ástæður fyrir fjarvistum frá skyldustörfum. Þá hafi framreiðsla af hans hendi yfirleitt verið sein og hæg og ekki með þeim hætti, sem krafizt sé af framreiðslumönnum í Nausti. Hann hafi og verið ósamvinnuþýður og illmögulegt að fá hann til þess að fara eftir þeim starfsreglum, sem veitingahúsið hafi sett. Loks hafi það komið fyrir í marzmánuði s.l., að hann hafi við uppgjör að kvöldi dags greitt veitingahúsinu með tékkaávísun úr eigin hefti. Hafi ávísun þessi verið innleyst af viðskiptabanka veitingahússins næsta dag, en síðar komið í ljós, að innstæða var eigi fyrir hendi. Friðjón Gunnar hafi að vísu strax kippt þessu í lag, en veitingahúsið líti mjög alvarlegum augum á slíkt, auk þess sem þetta sé ekki í fyrsta sinn, sem sams konar tilvik hafi komið fyrir af hálfu hans.

Stefnandi hefur andmælt réttmæti þessara málsástæðna stefnda. Heldur hann því fram, að óstundvísi Friðjóns Gunnars hafi ekki verið í þeim mæli, að réttlætt geti uppsögn,

enda hafi eigi á oftnefndum veitingastað verið farið strangt í þær sakir af hálfu forráðamanna þar og ekki kveðið meira að óstundvísi af hálfu Friðjóns Gunnars en annarra framreiðslumanna í Nausti.

Þá heldur stefnandi því einnig fram, að Friðjón Gunnar hafi að öðru leyti gegnt störfum sínum með þeim hætti, að eigi verði að fundið. Og hvað nefnda tékkávísun snerti, hafi Friðjón Gunnar þegar í stað leiðrétt mistök sín, en þau hafi einungis stafað af samlagningarskekkju í tékkhefti hans. Séu þannig eigi fyrir hendi neinar þær ástæður, er valda eigi því, að Friðjón Gunnar njóti eigi sem trúnaðarmaður stéttarfélags síns, að því er uppsögn varðar, þeirrar sérstöku réttarverndar, sem trúnaðarmönnum sé veitt með ákvæði 2. málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938.

Afstaða dómsins.

Þegar litið er til framangreindrar tilkynningar Félags framreiðslumanna, dags. 10. apríl 1965, um val á trúnaðarmanni í Veitingahúsinu Nausti og bréfa þeirra, sem áður er getið, frá forstjóra veitingahússins til Friðjóns Gunnars Friðjónssonar í maímánuði 1965, verður með vísun til þess, sem áður er rakið, að telja, að hann hafi af hálfu veitingahússins verið samþykktur sem trúnaðarmaður stéttarfélags síns á vinnustað samkvæmt 9. gr. laga nr. 80/1938. Hinn 17. marz þ. á. nefndi Félag framreiðslumanna Friðjón Gunnar enn til trúnaðarmannsstarfa á sama stað. Af hálfu veitingahússins var eigi gerð athugasemd við þá útnefningu og eigi var af þess hálfu krafizt aðstöðu til vals á trúnaðarmanninum samkvæmt 9. gr. nefndra laga. Var Friðjón Gunnar því áfram trúnaðarmaður félags síns á vinnustað og gegndi þeim starfa með réttindum og skyldum samkvæmt 9.—11. gr. sömu laga, þegar honum var sagt upp starfi hinn 28. marz s.l.

Í uppsagnarbréfinu til Friðjóns Gunnars er ekki getið neinnar ástæðu til uppsagnarinnar. Ekkert hefur komið fram í máli þessu, er að því lúti, að hún eigi rætur að rekja til trúnaðarmannsstarfa hans. Ágreiningslaust er, að ekki er um þá fækkun á starfsliði að ræða, sem orðalag 2. málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938 tekur beint til. Hins vegar verður að skýra ákvæði þessa málsliðar svo, að hann feli í sér reglu,

er takmarki rétt vinnuveitanda til þess að segja trúnaðarmanni upp starfi, enda þótt gætt sé lögmæts uppsagnarfrests, þegar svo stendur á, eins og hér er um að tefla, að ætlunin er að ráða annan starfsmann í stað trúnaðarmannsins. Þessi skýring á 2. málslið 11. gr. skýtur þó ekki loku fyrir það, að trúnaðarmaður verði sem aðrir starfsmenn að hlíta uppsögn fyrir misfellur í starfi eða brot á þeim starfsreglum á vinnustað, sem starfsmönnum þar er almennt skylt að fylgja.

Svo sem áður er greint, hefur stefndi í flutningi máls þessa haldið því fram, að Friðjón Gunnar hafi brotið svo af sér í starfi sem framreiðslumaður, að gildar ástæður hafi verið til uppsagnar, hvort sem hann var trúnaðarmaður eða ekki.

Hefur hann fært fram eftirtaldar ástæður, og kemur þá til álíta, hvað fram er komið um þessi atriði:

1) **Seinlæti í afgreiðslu og tregða við að framfylgja settum starfsreglum.**

Eigi liggja fyrir gögn, er hleypi stoðum undir áðurgreindar staðhæfingar stefnda, að því er þessi atriði varðar, og verður lögmæti uppsagnar Friðjóns Gunnars eigi byggt á misbrestum af hans hálfu í þessum efnum.

2) **Óstundvísi og fjarvistir.**

Fyrir dóminn hafa komið þrír framreiðslumenn í Nausti, þeir Bjarni Bender, Sigurður Friðriksson og Símon Sveinn Sigurjónsson og gefið skýrslu um þessi atriði. Verða vætti þeirra nú rakin.

Bjarni Bender yfirþjónn segir, að Friðjón Gunnar hafi verið áberandi óstundvís og stundum komið hálfri klukkustund of seint. Hafi þessarar óstundvísi gætt á hinum ýmsu starfstímabilum dagsins, og á henni borið allt frá því er Friðjón Gunnar hóf störf í Nausti árið 1960, en vitni þetta kveðst hafa starfað með honum allan þann tíma og lengst af sem yfirþjónn. Segir Bjarni, að Friðjón Gunnar hafi skorið sig úr um óstundvísi, þótt slíkt hafi af og til hent aðra framreiðslumenn veitingahússins. Oftast hafi hann gert viðvart, ef hann kom alls ekki til vinnu, en stundum hafi þó brugðið út af því, og oft hafi hann tilkynnt fjarveru sína með svo

stuttum fyrirvara, að erfitt hafi reynzt að fá mann í hans stað. Bjarni kveðst fyrir um það bil 2 árum hafa rætt um óstundvísi Friðjóns Gunnars við hann sjálfan og hafi tilefnið verið kvartanir annarra þjóna veitingahússins, sem taka þurftu vaktir af honum.

Sigurður Friðriksson segir, að það hafi oft komið fyrir að Friðjón Gunnar hafi komið of seint til vinnu og stundum alls ekki, og þá ekki alltaf tilkynnt fjarveru sína. Kveðst Sigurður stundum hafa þurft að taka á sig, auk síns venjulega starfs, þá vinnu, er Friðjón Gunnar hafi átt að leysa af hendi. Hann kveður að borið hafi á óstundvísi Gunnars öll þau 5 ár, sem þeir hafi unnið saman, og kveðst Sigurður hafa kvartað yfir henni við yfirþjóninn. Hann kveður Friðjón Gunnar hafa skorið sig úr um óstundvísi.

Símon Sveinn Sigurjónsson segir, að Friðjón Gunnar hafi oftar en einu sinni komið of seint til vinnu og honum jafnvel þá dvalizt við snyrtingu, eftir að hann kom á vinnustað, áður en hann hóf vinnu. Hann segir, að sérstaklega hafi borið á óstundvísi Friðjóns Gunnars á 2. og 3. starfsári hans og svo aftur á s.l. vetri.

Friðjón Gunnar Friðjónsson hefur viðurkennt, að hann hafi nokkrum sinnum komið of seint til vinnu, og að hann hafi eitt sinn hringt til núverandi forstjóra hálftíma áður en hann átti að vera til staðar við vinnu og beðið um frí vegna veikinda konu sinnar og hafi hann fengið það. Hann kveðst hins vegar ekki hafa verið óstundvísari en aðrir framreiðslumenn veitingahússins. Hann segir, að fyrrverandi forstjóri hafi aldrei fundið að neinu við sig, en núverandi forstjóri hafi einu sinni rætt við sig út af einu tilfelli, er hann kom of seint á s.l. vetri, og áminnt sig út af því tilviki. Í annað sinn hafi forstjórinn rætt við alla framreiðslumennina sameiginlega og beðið þá um að koma stundvíslega til vinnu.

Forstjóri Nausts h/f, Geir Zoëga jr., sem gefið hefur skýrslu fyrir dóminum, segist hafa talað við alla þjónana sameiginlega um nauðsyn þess, að þeir kæmu stundvíslega til vinnu. Hann kveðst auk þess hafa talað tvisvar við Friðjón Gunnar um óstundvísi hans, en hann hafi skorið sig úr í því efni. Hafi fyrra samtalið átt sér stað í október eða nóvember

1965, en hið síðara í janúar eða febrúar s.l. og hafi hann í síðara skiptið komizt svo að orði, að hann yrði að taka til annarra ráða, ef ekki yrði breyting til batnaðar af hálfu Friðjóns Gunnars, en ekki skýrt nánar hvað í því fælist né heldur tjáð honum, að það mundi varða uppsögn, ef hann bætti ekki ráð sitt.

3) **Útgáfa innistæðulausrar tékkávísunar.**

Við reikningsskil kvöld eitt í marzmánuði s.l. greiddi Friðjón Gunnar með ávísun úr eigin tékkhefti, að fjárhæð kr. 2.470.00 í stað peninga, sem hann hafði veitt viðtöku fyrir veitingar. Ávísun þessa innleysti viðskiptabanki veitingahússins næsta dag, hinn 12. marz, en hinn 17. s. m. tilkynnti Seðlabanki Íslands, að eigi hefði verið innstæða fyrir nefndri tékkávísun. Friðjón Gunnar segir, að hér hafi verið um mistök hjá sér að ræða, er stafað hafi af samlagningarskekkju í tékkhefti sínu og hafi hann kippt þessu strax í lag hjá viðskiptabanka sínum, er veitingahúsið skýrði honum frá tilkynningu Seðlabankans. Forstjóri Nausts kveður að litið hafi verið á þetta alvarlegum augum af hálfu veitingahússins, enda hafi þetta ekki verið einsdæmi af hálfu Friðjóns Gunnars.

Friðjón Gunnar segist iðulega hafa við reikningsskil greitt með eigin tékkávísun og hafi aldrei verið að því fundið, en hann kveðst ekki minnast þess, að það hafi nokkurn tíma komið fyrir, að eigi væri fyrir hendi næg innistæða fyrir þeim, og hefur þeirri staðhæfingu hans eigi verið hnekkt af stefnda.

Um 2. og 3.

Réttmætt er, að vinnuveitandi geri þá kröfu til trúnaðarmanns stéttarfélags á vinnustað, að hann gefi gott fordæmi og gæti þess að framfylgja sjálfur réttum starfsreglum á vinnustað og þeim fyrirmælum kjarasamninga, sem hann er settur til að gæta, að framfylgt sé af hálfu vinnuveitandans. Verður að telja, að misbrestur í þeim efnum af hálfu trúnaðarmanns geti veitt vinnuveitanda heimild til þess að segja trúnaðarmanni upp störfum, þrátt fyrir þá sérstöku vernd

honum til handa, sem leiða verður af ákvæðum 11. gr. laga nr. 80/1938 að því er uppsögn úr starfi varðar. Nú verður að vísu að telja sannað, að all mjög hafi á það skort, að Friðjón Gunnar gætti þeirrar stundvísi í starfi sínu, sem honum var skylt, og að það hafi hent hann að tilkynna ekki forföll með hæfilegum fyrirvara. En þar sem hann var trúnaðarmaður, telur dómurinn, að forstjóri Nausts h/f hefði átt að tjá honum skýlaust, að það gæti varðað uppsögn, ef hann bætti ekki ráð sitt. Gildir þetta því fremur, þar sem óstundvísi Friðjóns Gunnars hafði lengst af starfstíma hans verið látin óátalin og stundvísi almennt að því er virðist verið nokkuð ábótavant á þessum vinnustað. Ljóst er af gögnum málsins, að Friðjóni Gunnari hefur eigi verið veitt þess konar áminning eða viðvörun, sem að framan greinir.

Útgáfu framangreindrar innstæðulausrar tékkávísunar verður að telja ámælisverða. En þegar tekið er tillit til þess, að eigi var um stærri fjárhæð að ræða og að Friðjón Gunnar leiðrétti strax mistök sín, þykir þetta atvik eigi alveg nægilegt til þess að réttlæta uppsögn trúnaðarmanns, enda er eigi sannað, að þetta hafi áður hent Friðjón Gunnar og ætla verður, af því sem fram er komið í málinu, að forráðamenn veitingahússins hafi látið það viðgangast óátalið, að framreiðslumenn þar afhentu eigin tékkávísanir við reikningsskil að kvöldi dags til lúkningar á innkomnum tekjum af veitingasölu þann dag.

Með vísun til framanritaðs telur dómurinn, að framangreind uppsögn Nausts h/f hafi verið brot á meginreglu 2. málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmæt gagnvart Friðjóni Gunnari Friðjónssyni.

Eins og atvikum og málavöxtum er farið, þykir þó mega fella niður refsingu á hendur Nausti h/f fyrir brot á nefndu ákvæði.

Eigi verður talið, að lög, meginreglur íslenzkra laga eða samningar skyldi Naust h/f til þess að taka Friðjón Gunnar aftur í þjónustu sína og ber að sýkna stefnda af þeirri kröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja greiði sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

1. Uppsögn Nausts h/f, dags. 28. marz þ. á., til Friðjóns Gunnars Friðjónssonar var ólögmæt.
2. Stefndi, Naust h/f, á að vera sýkn af refsikröfu stefnanda í máli þessu.
3. Stefndi, Naust h/f, á að vera sýkn af kröfu stefnanda um að taka Friðjón Gunnar Friðjónsson aftur í þjónustu sína.

Hvor aðilja greiði sinn kostnað af málinu.

Þriðjudaginn 25. október 1966.

Nr. 3/1966. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f. h. Landssambands framhaldsskólakennara**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jón Þorsteinsson hdl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Ragnar Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Einar B. Guðmundsson og Jón Finnsson.

Frávísun.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 24. júní þ. á., af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f. h. Landssambands framhaldsskólakennara gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

að dæmt verði, að loforði menntamálaráðherra frá 5. júní 1964 til Landssambands framhaldsskólakennara um að halda námskeið fyrir framhaldsskólakennara, sem skipaðir voru eða settir í kennarastöður tímabilið 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, svo að þeir mættu að afloknu námskeiði flytjast í 18. launaflokk ríkisstarfsmanna, hafi ekki verið fullnægt með dómi Kjaradóms frá 30. nóvember 1965.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Í stefnu málsins hefur stefnandi gert svofellda grein fyrir dómkröfum sínum:

„Fyrir gildistöku laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna var framhaldsskólakennurum skipað um laun í VI.—VIII. launaflokk samkvæmt lögum nr. 92/1955 um laun starfsmanna ríkisins. Byggðist skiptingin innbyrðis ekki á formlegri menntun, heldur á fjölda nemenda í viðkomandi skóla.

Þegar lög nr. 55/1962 tóku gildi og fyrst reyndi á þau, varð samkomulag um fjölda launaflokka og skipun ríkisstarfsmanna í þá. Framhaldsskólakennararnir skiptust í 4 launaflokka, 16.—19. launaflokk. Langmestur hluti framhaldsskólakennaranna var settur í 16. flokk. Í 17. flokk voru settir þeir, sem voru í föstu starfi og höfðu BA-próf frá Háskóla Íslands eða sambærilegt nám að dómi fræðslumálastjórnar. Í 18. flokk komu þeir, sem höfðu BA-próf eða sambærilegt og að auki próf í uppeldisfræðum. Í 19. flokk voru settir þeir, sem höfðu cand. mag. próf frá Háskóla Íslands eða annað sambærilegt próf í aðalkennslugrein.

Skiptingin byggðist á menntun. Framhaldsskólakennarar höfðu alið með sér þá von, að skiptingin verkaði ekki aftur fyrir sig, þannig, að þeir, sem voru í föstum kennarastöðum, tækju allir laun samkvæmt 18. flokki, en skiptingin væri látin ná til þeirra, sem kæmu í störf eftir 1. júlí 1963. Sú varð þó ekki raunin á og gætti strax megnrar óánægju með það. Fóru fram viðræður við stefnda, er leiddu til þess, að menntamálaráðuneytið sendi Landssambandi framhaldsskólakennara eftirfarandi bréf, dags. 5. júní 1964:

„Það tilkynnist Landssambandi framhaldsskólakennara hér með, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að fallast fyrir sitt leyti á, að þeir framhaldsskólakennarar, sem voru skipaðir eða settir í kennarastöður 1. júní 1952, þegar lög um breytingu á lögum nr. 36, 11. júlí 1911 um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta tóku gildi og kváðu á um

óskert kennsluréttindi þeirra, sem áður höfðu hlotið kennararéttindi, skuli frá 1. júlí 1963 taka laun samkv. 18. lfl. Enn fremur mun ráðuneytið í samráði við Kennaraskóla Íslands og kennarasamtökin efna til námskeiða fyrir þá kennara, sem framangreind regla tekur ekki til, er geri þeim kleift að flytjast í hærri launaflokk".

Á grundvelli bréfs þessa voru síðan rúmlega 150 kennarar fluttir úr 16. og 17. launaflokki í 18. launaflokk. Var enginn munur gerður á, hvort um var að ræða bóknámskennara eða sérgreinakennara. Síðla sumars 1965 setti menntamálaráðuneytið á laggirnar nefnd til að gera tillögu um námskeið í samræmi við efni bréfsins frá 5. júní 1964. Skipaði ráðuneytið sex menn í nefndina. Er nefndin lauk störfum vorið 1965, samdi ráðuneytið uppkast að auglýsingu um námskeiðið. Var auglýsingin dagsett 25. júní 1965. Áttu umsóknir að vera komnar fyrir 15. ágúst 1965. Framhaldsskólakennararnir gátu ekki fellt sig við fyrirkomulag það, sem auglýsingin gerði ráð fyrir, að viðhöfð yrði um námskeiðið. Ráðuneytið gerði þá aðra auglýsingu, dags. 18. ágúst 1965. Framhaldsskólakennarar felldu sig ekki heldur við það námskeiðsfyrirkomulag, sem fólst í þessari auglýsingu. Námskeiðið átti aðeins að miðast við bóknámskennara, en sérgreinakennarar hvergi nefndir. Þá töldu framhaldsskólakennararnir, að námkeiðið yrði þeim of kostnaðarsamt, námskeiðið átti að haldast á öðrum tíma en þeir höfðu vænzt og launahækkunin átti ekki að koma á þeim tíma, er þeir höfðu gert ráð fyrir. Auglýsingin var aldrei birt, enda lét ráðuneytið frá sér fara frétt, dags. 27. september 1965, þar sem skýrt var frá loforði ráðuneytisins frá 5. júní 1964 um námskeiðshaldið, nefndarskipuninni, hverjir hefðu átt sæti í nefndinni, að nefndin hefði lokið störfum og að mál umræddra kennara væru til umræðu í samningum þeim, sem þá fóru fram milli ríkisstarfsmanna og ríkisins og þá um leið sú hugmynd, að þátttaka í námskeiðum veitti rétt til launahækkunar. Gerði ráðuneytið ráð fyrir, að ef samkomulag næðist á þá lund, að ekki þyrfti til frekari aðgerða að koma, hefði ráðuneytið fullnægt fyrirheitinu frá 5. júní 1964. Ella myndi ráðuneytið efna til námskeiðs fyrir hlutaðeig-

andi kennara eigi síðar en sumarið 1966 og yrði það auglýst síðar.

Ekki náðist samkomulag, enda túlkaði ráðuneytið loforð sitt frá 5. júní 1964 þrengra en kennararnir töldu, að rétt væri, sbr. það, sem að framan greinir. Þegar kjaradómsmálið nr. 1/1965: Kjararáð fyrir hönd starfsmanna ríkisins gegn fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs var rekið fyrir Kjaradómi, gerði stefndi máls þessa meðal annars eftirfarandi kröfu:

„Framhaldsskólakennarar í bóklegum greinum, settir eða skipaðir fyrir 1. júlí 1963, skulu halda rétti sínum til þess að flytjast í hærri launaflokk skv. bréfi menntamálaráðherra til Landssambands framhaldsskólakennara, dags. 5. júní 1964, ef þeir ljúka tilskyldu námskeiði".

Dómur Kjaradóms gekk 30. nóvember 1965. Þar var ofangreind krafa stefnda afgreidd á þá lund, að í 18. launaflokki skyldu vera þeir framhaldsskólakennarar, sem settir voru eða skipaðir fyrir 1. júní 1952. Á námskeið var ekki minnzt og ekki heldur þá kennara, sem skipaðir höfðu verið eða settir tímabilið 1. júní 1952 til 1. júlí 1963. Með bréfi, dags. 5. janúar 1966, tilkynnti menntamálaráðuneytið Landssambandi framhaldsskólakennara, að ríkisstjórnin hefði rætt niðurstöðu Kjaradóms varðandi skipun framhaldsskólakennara í launaflokka og með hliðsjón af því, hvernig Kjaradómur hafi gripið á kröfugerð stefnda varðandi kennarana, teldi ríkisstjórnin, að fyrirheiti því, sem veitt var í bréfinu frá 5. júní 1964 um flutning kennara í hærri launaflokk, hafi verið fullnægt.

Á þessa túlkun og skilning á ákvæðum dóms Kjaradóms gátu framhaldsskólakennararnir ekki fallizt, enda hefur námskeiðið aldrei verið haldið og því situr fjöldi framhaldsskólakennara, er settir voru eða skipaðir í kennarastöður tímabilið 1. júní 1952 til 1. júlí 1963 í 17. launaflokki. Það geti ekki talizt efndir á loforðinu frá 5. júní 1964, að skjóta málinu til Kjaradóms, gera þar þrengri kröfu en loforðið gekk út á og fá ekki þessa þrengri kröfu tekna til greina hjá dóminum. Loforðið var gefið óháð dómi Kjaradóms og

því var það rangt að setja málið fyrir Kjaradóm. Námskeiðið beri að halda, hvað sem líði skoðunum Kjaradóms".

Í greinargerð sinni gerir stefndi þessa grein fyrir málavöxtum og efni málsins:

„Mál þetta fjallar um það, hvaða réttur til launabóta fyrir framhaldsskólakennara, skipaða eða setta í stöður á tímabilinu 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, hafi falizt í fyrirheiti ríkisstjórnarinnar, sem sett er fram í bréfi menntamálaráðherra til Landssambands framhaldsskólakennara, dags. 5. júní 1964. Einnig fjallar málið um það, hvort þessum rétti framhaldsskólakennara hafi að öllu leyti verið fullnægt og hvort í dómi Kjaradóms, upp kveðnum 30. nóv. s.l., felist endanleg ákvörðun um það, hvaða launaflokk þessir framhaldsskólakennarar skuli skipa á yfirstandandi kjaratímabili, þ. e. árin 1966 og 1967.

Tvö atriði í kröfugerð stefnanda vil ég gera sérstaklega að umtalsefni þegar í upphafi. Annars vegar er krafan um viðurkenningu á því, að ríkissjóður hafi vanefnt að halda námskeið, í órofa tengslum við kröfuna um að flytjast í 18. launaflokk og raunar forsenda hennar. Stefnandi óskar einungis eftir námskeiði til þess að skapa grundvöll fyrir launabótum til framhaldsskólakennara, en námskeiði án launabóta er hann andvígur. Ljóst er af gögnum málsins, að eftir að fyrirheitið var gefið hinn 5. júní 1964, var það sjónarmið ríkjandi í samtökum framhaldsskólakennara og hjá Kjararáði BSRB, að þetta námskeið ætti að vera sem lítilfjörlegast og helzt ætti það að falla niður. Á hinn bóginn er krafa stefnanda um að námskeiðsmenn flytjist í 18. launaflokk ekki á rökum reist, þar eð einungis er gefið fyrirheit um það í bréfi menntamálaráðherra, að námskeiðið „geri þeim kleift að flytjast í hærri launaflokk". Þessu fyrirheiti hefur verið fullnægt með því að Kjaradómur hefur flutt umrædda kennara úr 16. flokki í 17. launaflokk. Uppköst að tveim auglýsingum, sem aldrei voru birt, þar sem gert er ráð fyrir, að þeir, sem ljúka námskeiðinu, færist upp í 18. launaflokk, fela ekki í sér neina skuldbindingu fyrir ríkissjóð, en sýna aðeins hvaða hugmyndir um þetta efni voru ofarlega á baugi í menntamálaráðuneytinu á þeim tíma.

Tilkynning menntamálaráðherra f. h. ríkisstjórnarinnar, dags. 5. júní 1964, er stuttorð, einhliða yfirlýsing, þar sem skýrt er lauslega frá grundvallaratriðum í sambandi við fyrirhugaðar launabætur til þeirra kennara, er námskeiðið var ætlað. Um mörg atriði þurfti að kveða nánar á síðar og draga skýrari mörk, og það var réttur ríkisstjórnarinnar einnar, sem yfirlýsinguna gaf, að taka ákvarðanir í þessum efnum. Eftirfarandi atriði koma ekki fram í yfirlýsingunni sjálfri:

1. Hvaða kennarar áttu rétt á að sækja námskeiðin.

Aðilar eru þó sammála um, að það séu framhaldsskólakennarar settir eða skipaðir á tímabilinu frá 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, er launalögin féllu úr gildi. Hins vegar greinir aðila á um hvort námskeiðsrétturinn tók til kennara í aukagreinum, þ. e. leikfimikennara, matreiðslukennara og handavinnukennara. Ákvörðun ríkisins kemur fram í kröfugerð þess fyrir Kjaradómi, sbr. niðurlag dskj. nr. 14, og var á þá lund, að námskeiðið væri einungis fyrir kennara í bóklegum greinum. Í yfirlýsingunni frá 5. júní 1964 kemur ekki fram, hvort námskeiðið miðist einungis við kennara í 16. launaflokki, en eðlilegast er að líta svo á, að til þess hafi verið ætlazt.

2. Hvenær námskeiðið skyldi haldið, hve lengi það ætti að standa og frá hvaða tíma launahækkunin ætti að gilda.

Um þetta hafði ríkið ekki tekið endanlega ákvörðun þegar málið gekk til Kjaradóms, en ríkið vill una við niðurstöðu dómsins, að hækkunin um einn launaflokk gildi frá 1. jan. 1966 og telur sér það skylt.

3. Hvort námskeiðsmennirnir skyldu flytjast upp um einn eða fleiri launaflokka.

Í þessu efni kom að sjálfsögðu aldrei annað til álita en það, hvort kennararnir skyldu fluttir upp í 17. eða 18. launaflokk. Kjaradómur ákvað hér 17. launaflokk. Ríkisstjórnin telur, að með þessari niðurstöðu hafi fyrirheit hennar verið efnt, sbr. dskj. nr. 7.

Þar eð nefnd sú, er átti að undirbúa námskeiðið, sat lengi á rökstólum án þess að ná samkomulagi, hafði ríkisstjórnin eigi tekið fullnaðarákvarðanir um framangreind atriði þegar

samningaviðræður hófust við Kjararáð BSRB sumarið 1965 um nýjan heildarsamning. Að svo vöxnu máli var eðlilegt, að í samningaviðræðunum væri m. a. rætt um fyrirhugað námskeið og þá launaflokka, er því skyldi fylgja, sbr. dskj. nr. 5. Hins vegar tókst eigi samkomulag um þetta deiluefni fremur en önnur í þeim viðræðum og fóru öll ágreiningsefni í Kjaradóm og þar með ágreiningurinn um launakjör allra framhaldsskólakennara. Fyrir dóminum lagði sóknaraðili m. a. fram yfirlýsinguna frá 5. júní 1964 til rökstuðnings kröfum sínum svo og fréttatilkynningu frá menntamálaráðuneytinu, sbr. dskj. nr. 5.

Báðir aðilar gerðu dóminum ítarlega grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi þetta sérstaka efni. Kjararáð BSRB gerði kröfu til þess fyrir Kjaradómi, að framhaldsskólakennarar, ráðnir til starfa á tímabilinu 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, skyldu færast upp um fimm launaflokka eða úr 16. fl. í 21. fl. og vera lausir við námskeiðið. Staðhæfingar málaflutningsmanns stefnanda, er fram koma í stefnu þessa máls á þá leið, að rangt hafi verið að setja málið fyrir Kjaradóm og að námskeiðið beri að halda hvað sem líði skoðun Kjaradóms, sæta því vissulega nokkurri furðu.

Fyrir Kjaradómi gerði ríkið hins vegar þá kröfu, að framhaldsskólakennarar, er voru í 16. launaflokki, ráðnir til starfa á tímabilinu 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, skyldu sitja kyrrir í 16. launaflokki, en halda rétti sínum til að færast upp í hærri launaflokk, ef þeir lykju námskeiði samkvæmt fyrirheitinu í bréfi menntamálaráðherra frá 5. júní 1964. Fyrirheitið var því að fullu efnt af hálfu ríkisins með því að viðurkenna það fyrir Kjaradómi og gera það að hluta af kröfugerð sinni fyrir dóminum. Stefnandi heldur því að vísu fram, að kröfugerð ríkisins hafi á þessu sviði verið þrengri heldur en fyrirheitið gaf tilefni til og á þar við, að krafan fyrir Kjaradómi hafi einungis tekið til bóknámskennara. Þetta er á misskilningi byggt, en óþarft er að fjölyrða um það hér, þar sem Kjaradómur lét bóknámskennara og kennara í aukagreinum fylgjast að.

Niðurstaða Kjaradóms varð sú, að allir umræddir kennarar voru fluttir úr 16. flokki í 17. flokk, en jafnframt leystir

undan þeirri kvöð að sækja námskeið. Kennararnir fengu þannig þá kjarabót, sem fyrirheitið gaf til kynna, en voru leystir undan að taka á sig þær skyldur, er áttu að fylgja.

Það er eindregin skoðun mín, að með dómi Kjaradóms, upp kveðnum 30. nóvember 1965, hafi verið endanlega ákveðið í hvaða launaflokkum framhaldsskólakennarar skuli sitja yfir tímabilið frá 1. janúar 1966 til 31. desember 1967. Þessa skoðun reisi ég á 17. gr. laga nr. 55/1962, þar sem segir, að aðiljar skuli leggja ágreiningsefni skilmerkilega fyrir Kjaradóm, svo og á 21. gr. sömu laga, þar sem segir, að dómur Kjaradóms sé fullnaðarúrlausn kjaradeilu og bindi aðila á sama hátt og samningur. Krafa stefnanda í máli þessu er því í raun réttri krafa um lagalega viðurkenningu á því, að í niðurstöðu Kjaradóms þurfi eigi að felast endanleg úrlausn launakjaradeilu við opinbera starfsmenn. Slík krafa fær ekki staðizt, og ber að sýkna umbjóðanda minn af henni".

Samkvæmt ákvörðun dómsins fór fram málflutningur um það, hvort málefni það, sem aðiljar deila hér um, falli undir úrlausn Félagsdóms.

Lýstu báðir aðiljar yfir því, að þeir teldu, að Félagsdómur ætti að dæma það að efni til, og gerði hvorugur þeirra kröfu til málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Í 44. gr. laga nr. 80/1938 segir, að verkefni Félagsdóms sé:

1. að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana.
2. að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.

Með skírskotun til krafna stefnanda og málsatvikalýsinga aðilja, verður eigi talið, að ágreiningur sá, sem mál þetta fjallar um, falli í flokk með þeim réttarágreiningi, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um samkvæmt ofangreindum ákvæðum og eigi verður heldur lagður dómur á mál þetta samkvæmt 3. lið 44. gr. nefndra laga.

Þá verður eigi heldur talið, að Félagsdómur eigi dóm um

framangreint ágreiningsefni samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1962, en þar segir svo:

Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á lögum þessum og ágreiningi um skilning á kjarasamningi og gildi hans.

Verður það hvorki ráðið af kröfum stefnanda né málflutningi aðilja, að hér sé um að ræða ágreining um það, hvað felist í beinum ákvæðum dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1965. Og þar sem Félagsdómur á ekki heldur úrlausn um það, hvort Kjaradómur hafi við úrlausn þeirra atriða, er hann dæmdi um hinn 30. nóvember f. á. og um er deilt í máli þessu, fylgt þeim valdmörkum, sem honum eru sett í lögum nr. 55/1962, ber með tilvísun til alls þess, sem að framan er rakið, að vísa máli þessu frá dómi.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Dómur þessi, er skotið var til Hæstaréttar, var staðfestur þar að niðurstöðu til. Sjá Hrd. XXXVIII, bls. 3.

Þriðjudaginn 20. desember 1966.

Nr. 4/1966. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Hótel Sögu
(Jón Magnússon hdl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Uppsögn. Trúnaðarmanni sagt upp starfi á ólögmætan hátt.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 20. september þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar gegn Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Hótel Sögu í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að uppsögn Hótel Sögu, dags. 25. maí þ. á., er Friðbirni Halldóri Guðmundssyni framreiðslumanni var sagt upp starfi frá 1. júlí 1966 að telja, verði dæmd ólögmæt.
2. að Hótel Sögu verði dæmt að greiða sekt í ríkissjóð fyrir brot á 11. gr. laga nr. 80/1938.
3. að Hótel Sögu verði dæmt að greiða Friðbirni Halldóri Guðmundssyni kr. 100.000.00 í skaðabætur.
4. að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Til vara hefur hann krafizt sýknu af sektarkröfu stefnanda og skaðabótakröfu hans, enda verði þá málskostnaður látinn falla niður.

Í samráði við dóminn hefur sakarefni verið skipt samkvæmt heimild 71. gr. laga nr. 85/1936, þannig að frestað er málflutningi um skaðabótakröfu stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Haustið 1961 réðst Friðbjörn Halldór Guðmundsson í þjónustu Hótel Sögu sem framreiðslumaður. Í nóvembermánuði árið 1962 ákvað stjórn Félags framreiðslumanna að nefna hann og Sævar Júlíusson til trúnaðarmannsstarfa á Hótel Sögu og tilkynnti hótelinu þá ákvörðun sína. Hótelið notaði ekki rétt sinn samkvæmt 9. gr. laga nr. 80/1938 til þess að velja á milli nefndra manna og tilkynnti félagið Hótel Sögu með bréfi, dags. 28. nóvember 1962, að Friðbjörn Halldór hefði verið skipaður trúnaðarmaður þess hjá hótelinu. Jafnframt var tekið fram í nefndu bréfi, að skipun Halldórs gilti til næsta aðalfundar eða þar til öðruvísi yrði ákveðið. Skipan þessa tilkynnti félagið Friðbirni Halldóri bréflega hinn 11. des. s. á.

Skipun Halldórs og verksvið stóð óbreytt til 3. febrúar s.l., en þann dag tilkynnti Félag framreiðslumanna Hótel Sögu, með vísun til laga um stéttarfélög og vinnudeilur, að félagið hafi tilnefnt þá Guðmund Tómasson og Halldór Skaftason sem trúnaðarmenn félagsins „á vinnustað yðar Grillinu“, sem er sérstakur veitingasalur í Hótel Sögu. Segir enn fremur í bréfi þessu, að hótelið geti valið milli fyrrgreindra manna, en hafi val eigi borizt fyrir 20. febrúar, telji félagið, að Hótel Saga hafi samþykkt Guðmund Tómasson sem trúnaðarmann í Grillinu. Ekki er fram komið, að Hótel Saga hafi neytt valréttar síns eða í þann mund borið fram athugasemdir út af þessari trúnaðarmannstilnefningu Guðmundar Tómassonar.

Með símskeyti 25. maí þ. á. sagði Hótel Saga Friðbirni Halldóri upp starfi hans á hótelinu frá 1. júlí næstkomandi.

Félag framreiðslumanna mótmælti uppsögninni með bréfi, dags. 27. maí s.l., þar sem hér væri um að ræða brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 og krafðist þess, að hótelið gerði grein fyrir ástæðum uppsagnarinnar, en afturkallaði að öðrum kosti uppsögn trúnaðarmanns þess.

Í svari Hótel Sögu, dags. 3. júní s.l., segir svo:

„Uppsögnin sem slík er algjörlega óviðkomandi starfi Friðbjarnar sem trúnaðarmanns á Hótel Sögu og á 1. mgr. 11. greinar laga nr. 80 frá 1938 því alls ekki við hér, enda er hér um að ræða venjulega og í alla staði löglega uppsögn.

Skv. 10. grein samnings Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda frá 4. júní 1965 ber vinnuveitanda að segja upp framreiðslumanni með allt að 1 mánaðar uppsagnarfresti. Hótel Saga uppfyllti þetta skilyrði að öllu leyti.

Að gefnu tilefni er rétt að vekja athygli á því, að hvorki gildandi kjarasamningur né landslög gera kröfu til að atvinnuveitandi greini frá einhverjum sérstökum ástæðum fyrir uppsögn, svo fremi að um löglegan uppsagnarfrest sé að ræða og er slíkt að sjálfsögðu gagnkvæmt að því er varðar vinnuþyggjanda.

Endurskoðun á starfsmannahaldi almennt er að fara fram um þessar mundir á Hótel Sögu og mun slík endurskoðun standa yfir fram á komandi haust, og má í þessu sambandi geta þess, að frekari starfsuppsagnir kunna að eiga sér stað, þótt slíkt þurfi ekki nauðsynlega að ná frekar til meðlima Félags framreiðslumanna.

Okkur hefur verið bent á, að skv. 9. grein laga nr. 80 frá 1938 beri vinnuveitanda **aðeins skylda til að viðurkenna einn trúnaðarmann frá viðkomandi stéttarfélagi á vinnustað sínum.**

Þar sem Guðmundur Tómasson framreiðslumaður er trúnaðarmaður félags yðar á Hótel Sögu, virðist réttur félags yðar ekki fyrir borð borinn, sbr. 9. grein nefndra laga.

Hins vegar er Hótel Saga reiðubúin til viðræðna við félag yðar um það, hvort hafa skuli 2 trúnaðarmenn frá félagi yðar á Hótel Sögu, en í fljótu bragði sýnist ekki þörf á slíku.

Við væntum þess, að framanritaðar upplýsingar séu fullnægjandi fyrir félag yðar“.

Samkomulag náðist ekki milli aðilja um nefnda uppsögn og lét Friðbjörn Halldór af störfum á Hótel Sögu hinn 1. júlí s.l. Höfðaði stefnandi því næst mál þetta með þeirri kröfugerð, sem að framan greinir.

Kröfur sínar styður stefnandi þeim rökum, að þar sem Friðbjörn Halldór hafi verið trúnaðarmaður félags síns,

hafi hann notið verndar samkvæmt 11. gr. laga nr. 80/1938. Telur stefnandi í fyrsta lagi, að uppsögnin hafi átt rætur sínar að rekja til starfa Friðbjörns sem trúnaðarmanns og sé hún því brot á 1. málslið 11. gr. nefndra laga. Þessari málsástæðu til stuðnings hefur Friðbjörn Halldór skýrt svo frá fyrir dóminum, að í s.l. maímánuði hafi verið haldið Norðurlandamót í bridge á Hótel Sögu. Muni hafa verið svo um samið við hótelið, að þátttakendur mótsins fengju veitingar lægra verði en sams konar veitingar voru seldar almenningi. Friðbjörn Halldór segir, að fjórir nafngreindir starfsbræður hans hafi skýrt sér frá því, að forstöðumenn Hótel Sögu mundu ætlazt til þess, að þjónustugjald yrði miðað við hið niðursetta verð, en ekki við verð veitinga til almennings, svo sem um hafi verið samið í kjarasamningi þeirra. Því hafi framreiðslumennirnir ekki viljað una. Hafi hann (Friðbjörn Halldór) því snúið sér til aðstoðarhótelstjórans og gert þá kröfu, að þjónustugjaldið yrði miðað við almennt verð veitinga. Hafi aðstoðarhótelstjórinn haft samband í síma við hótelstjórann, Konráð Guðmundsson, og hafi hann þá haft eftir Konráði, að þjónarnir skyldu senda skrifstofunni reikninga fyrir mismuninum, en þeir fengju þá örugglega í hausinn aftur. Eigi kom þó til ágreinings út af þessu, og segir Friðbjörn Halldór, að þeir framreiðslumennirnir hafi fengið reikninga sína greidda. En í þessu sambandi skýrir Friðbjörn Halldór einnig svo frá, að á þriðja degi mótsins, er hann hafi verið á vakt ásamt Ellert Pétursyni, hafi þess verið óskað af forráðamönnum bridgemótsins, að þeir Ellert, sem þá stóðu fyrir beina í Súlnasal, færu í Átthagasalinn til að afgreiða veitingar til spilamanna þar. En þar sem hann kveðst ekki hafa viljað fara inn á starfssvið þjónanna þar samkvæmt beiðni gesta, hafi hann neitað að verða við þessum óskum. Ellert hafi ekki heldur viljað fara. Hafi þá verið hringt á hótelstjórann, sem komið hafi á vettvang og fengið ungþjón til að fara í Átthagasalinn. Hafi þá hótelstjórinn því næst komið til sín og spurt, hvers vegna þeir Ellert gætu ekki farið í Átthagasalinn eins og þeir, sem á undan þeim hefðu verið. Kvaðst Friðbjörn Halldór þá hafa svarað því, að hann skipti sér ekki af því, hvað aðrir segðu,

en þá hafi hótelstjórinn látið orð falla á þá leið, að hann skyldi nota fyrsta tækifæri til að reka hann (Friðbjörn). Er því haldið fram af stefnanda, að Friðbjörn Halldór hafi í bæði þessi skipti verið að gæta hagsmuna þjónanna sem trúnaðarmaður félags þeirra. Kveður hann, að þjónar á Hótel Sögu starfi í ákveðnum sal, þótt það sé ekki sérstaklega tekið fram við ráðningu þeirra, og þurfi samþykki þjónanna eða félags þeirra til þess að þeir verði fluttir milli veitingasala, hvort heldur um einstök skipti sé að ræða eða lengri tímabil.

Verði þessi málsástæða ekki talin sönnuð, heldur stefnandi því fram í öðru lagi, að uppsögnin brjóti í bága við 2. málslið 11. greinar laga nr. 80/1938, þar sem hvorki hafi verið um að ræða þess konar breytingar á starfsmannahaldi, er réttlætt gætu, að trúnaðarmanninum væri sagt upp fyrstum manna, né heldur hafi aðrar ástæður verið fyrir hendi, er réttlætt gætu uppsögn trúnaðarmanns, er njóti ríkari verndar gegn uppsögn en aðrir starfsmenn.

Stefndi hefur ekki neitað því, að Friðbjörn Halldór hafi á sínum tíma orðið trúnaðarmaður félags síns á Hótel Sögu. Hins vegar heldur hann því fram, að eigi hafi verið gengið á rétt Félags framreiðslumanna, þótt Friðbirni Halldóri væri sagt upp, þar sem félagið hefði þá þegar fengið annan trúnaðarmann, Guðmund Tómasson, en vinnuveitanda muni eigi skylt að viðurkenna nema einn trúnaðarmann frá sama félagi á sama vinnustað, enda verði Hótel Saga í þessu efni að teljast einn og sami vinnustaður.

Þá neitar stefndi því eindregið, að uppsögn Friðbjörns Halldórs standi í tengslum við trúnaðarmannsstarf hans. Ástæðan til uppsagnarinnar hafi verið fyrirhugaðar breytingar á starfsmannahaldi. Þá hefur stefndi og borið það fram, að starfsháttum Friðbjörns Halldórs hafi verið áfátt í því, að hann hafi á starfstíma eytt löngum tíma í símtöl og ekki gætt fullrar starfsskyldu sinnar í því að vera til staðar í veitingasal til að sinna gestum, en í þess stað dvalizt um of í eldhúsi eða utan veitingasalarins. Kveðst hótelstjórinn hafa áminnt Friðbjörn Halldór oftar en einu sinni fyrir þessar sakir.

Það hefur einnig verið borið fram af hálfu stefnda, að Friðbirni Halldóri hafi ekki verið rétt að neita því, að sinna gestum í Átthagasal í áðurgreindu tilviki. Starfsskipting í veitingasölum Hótel Sögu sé að vísu sú, að þjónar starfi þar í ákveðnum veitingasölum, en eigi að síður sé hótelstjóra rétt að flytja þá til í einstökum tilfellum, ef hagkvæmnisástæður krefjist þess, og svo hafi einmitt staðið á í áðurgreint sinn, að eigi hafi neinir þjónar verið að störfum í Átthagasalnum, því verkefni þar hafi þá verið hverfandi lítil. Hafi honum því mislíkað við Friðbjörn Halldór, er hann að áliti sínu hafi neitað án gildra ástæðna að afgreiða veitingar í Átthagasalnum í umrætt sinn. Hann kveðst hins vegar ekki minnast þess, hvernig honum féllu orð úr munni. Þessar ástæður allar leiði til þess, að uppsögn Hótel Sögu á starfi Friðbjörns Halldórs hafi verið réttmæt, enda hafi honum verið sagt upp með umsömdum uppsagnarfresti. Hafi uppsögnin því eigi á nokkurn hátt brotið í bága við ákvæði 2. málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938.

Af gögnum málsins verður eigi annað ráðið, en að Friðbjörn Halldór Guðmundsson hafi orðið trúnaðarmaður félags síns á Hótel Sögu síðla árs 1962 með réttindum og skyldum samkvæmt 9.—11. gr. laga nr. 80/1938, og verið enn í þeim starfa, þegar honum var sagt upp hinn 25. maí s.l. Breytir það eigi þeirri réttarstöðu hans, þótt Guðmundur Tómasson væri tilnefndur sem trúnaðarmaður Félags framreiðslumanna í Grillinu, svo sem áður greinir, en það er eigi til úrlausnar í þessu máli, hvort Hótel Sögu var skylt eða óskylt að hlíta tilnefningu hans sem trúnaðarmanns þar, meðan tilnefning Friðbjörns Halldórs sem trúnaðarmanns á Hótel Sögu hafði eigi verið afturkölluð.

Hins vegar verður eigi á það fallizt, gegn eindregnum mótmælum stefnda, að næg rök hafi verið færð fram því til sönnunar, að Friðbirni Halldóri hafi verið sagt upp vegna trúnaðarmannsstarfa hans. Verður því eigi talið, að stefndi hafi með nefndri uppsögn gerzt brotlegur við ákvæði 1. málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938.

Kemur þá til álita, hvort uppsögnin hafi brotið í bága við 2. málslið sömu greinar.

Af hálfu stefnda hefur eigi verið sýnt fram á, að gera hafi átt eða gerðar hafi verið þess konar breytingar á starfsliði Hótel Sögu, að réttmætt hafi verið af þeim ástæðum að segja Friðbirni Halldóri trúnaðarmanni stéttarfélags síns á þessum vinnustað fyrstum og einum framreiðslumanna upp starfi, en skýra verður 2. málslið 11. gr. nefndra laga á þá lund, að í honum felist regla, er takmarki rétt vinnuveitanda til þess að segja trúnaðarmanni upp starfi, enda þótt gætt sé lögmæts uppsagnarfrests.

Þessi skýring á 2. málslið nefndrar greinar skýtur þó ekki loku fyrir það,að trúnaðarmaður verði sem aðrir að hlíta uppsögn fyrir neikvæða afstöðu til þeirra starfsreglna og þeirrar háttsemi, sem starfsmönnum er almennt skylt að fylgja.

Svo sem fram kemur af áður sögðu, gaf Hótel Saga ekki upp neinar ástæður, er Friðbirni Halldóri var sagt upp. En við flutning máls þessa komu fram þau tilvik, sem áður eru greind og stefndi telur sýna, að skort hafi á, að Friðbjörn Halldór innti starfsskyldur sínar af hendi með þeirri ástundun, sem vinnuveitanda hans var rétt að krefjast af honum.

1. **Synjun Friðbjörns Halldórs að bera fram veitingar í Átthagasal.**

Enda þótt sú verkaskipting virðist ráða á Hótel Sögu, að framreiðslumenn þar gangi til starfa í ákveðnum veitingasal, hefur eigi verið sýnt fram á, að ráðning Friðbjörns Halldórs hafi skýlaust verið bundin við störf í Súlnasal eingöngu, þannig að forráðamönnum Hótel Sögu hafi verið óheimilt að kveðja hann til framreiðslu í Átthagasal eins og málum var háttað, þegar Friðbjörn Halldór neitaði að inna af hendi þjónustustarf þar, enda kemur það fram af skýrslu hans, að hann átaldi það ekki sem trúnaðarmaður, þótt aðrir framreiðslumenn leystu af hendi sams konar viðvik. Eigi er þó ljóst, að hótelstjórinn hafi í þetta sinn gefið Friðbirni bein fyrirmæli um framreiðslu í Átthagasal, en fram er komið, eins og áður er rakið, að hótelstjórinn lét ungþjón leysa þetta starf af hendi, vegna þess að framreiðslumennirnir Friðbjörn Halldór og Ellert létu ekki að óskum um að

framkvæma nefnda þjónustu, sem telja verður að þeim hafi eins og á stóð verið skylt, ef hótelstjórinn gaf fyrirmæli um það. Það kemur og fram af aðiljaskýrslum þeirra Friðbjörns Halldórs og hótelstjórans, að sá síðarnefndi hefur látið í ljós megna óánægju út af nefndri afstöðu Friðbjörns Halldórs, en eigi kemur fram, að um beina áminningu fyrir brot á skyldustörfum hafi verið að ræða af hálfu hótelstjórans.

2. Símastöður og frávik úr veitingasal.

Friðbjörn Halldór hefur neitað þeirri staðhæfingu hótelstjórans að hann hafi eytt óhæfilegum tíma í símtöl í starfstíma sínum og að hann hafi látið undan falla öðrum fremur að gæta starfsstöðu sinnar í veitingasal vegna frávika eða óeðlilegrar dvalar í eldhúsi eða annars staðar utan veitingasalar. Hann hefur þó viðurkennt, að hótelstjóri hafi einu sinni fundið að hvorutveggja þessara atriða, en fyllri skýrslur um það, að hve miklu leyti háttsemi Friðbjörns Halldórs í þessum efnum hafi verið áfátt, eru ekki fyrir hendi.

Um 1. og 2.

Réttmætt er, að vinnuveitandi geri þá kröfu til trúnaðarmanns stéttarfélags á vinnustað, að hann gefi gott fordæmi og gæti þess að framfylgja sjálfur réttum og eðlilegum starfsreglum á vinnustað. Verður að telja, að misbrestur í þeim efnum af hálfu trúnaðarmanns geti veitt vinnuveitanda heimild til þess að segja trúnaðarmanni upp störfum, þrátt fyrir þá sérstöku vernd gegn uppsögn, sem leiða verður af ákvæðum 11. gr. laga nr. 80/1938 trúnaðarmanni til handa. Sýnt þykir af framangreindu, að starfshættir Friðbjörns Halldórs hafa ekki verið misfellulausir. En þar sem hann var trúnaðarmaður, hefði hótelstjórinn átt, ef hann ætlaði að láta meintar misfellur varða uppsögn, að tjá Friðbirni Halldóri það skýlaust, að það gæti varðað hann uppsögn, ef eigi yrði breyting á. Slíka viðvörun eða áminningu hefur Hótel Saga eigi gefið, og verður þegar af þeirri ástæðu að telja, að framangreind uppsögn Hótel Sögu hafi brotið í bága við meginreglu 2. mgr. 11. gr. laga nr. 80/1938 og verið ólögmæt gagnvart Friðbirni Halldóri Guðmundssyni.

Með tilliti til málavaxta þykir þó refsing á hendur Hótel Sögu fyrir nefnt brot mega falla niður.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin í síðari þætti þessa máls.

Dómsorð:

1. Uppsögn Hótel Sögu 25. maí s.l. á starfi Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar var ólögmæt.
2. Stefndi, Hótel Saga, á að vera sýkn af refsikröfu stefnanda í máli þessu.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1967.

Nr. 5/1966. **Alþýðusamband Íslands f. h. Starfsstúlknafélagsins Sóknar vegna Málfríðar Steinsdóttur**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Stjórn ríkisspítalanna
(Haukur Jónsson hrl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Einar Arnalds, Ragnar Jónsson, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Ágreiningur um ákvæði kjarasamnings um orlof og aukafrídaga.

Dómur.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 17. okt. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Starfsstúlknafélagsins Sóknar vegna Málfríðar Steinsdóttur gegn stjórn ríkisspítalanna til greiðslu launa (orlofsfjár) að upphæð kr. 6.240.00 auk vaxta frá 16. maí 1964 og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara, að sér verði aðeins dæmt að greiða stefnanda kr. 4.237.20. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt 4. gr. 1 í kjarasamningi, dags. 13. júlí 1961, milli stjórnarnefndar ríkisspítalanna o. fl. og Starfsstúlknafélagsins Sóknar í Reykjavík, skulu stúlkur, sem unnið hafa 4 ár eða lengur og taka frí frá störfum vegna barnsburðar, fá „þriggja mánaða leyfi frá starfi á fullu kaupi". Hinn 16. febrúar 1964 fór Málfríður Steinsdóttir, sem þá starfaði á Vífilsstaðahæli og með starfskjörum samkvæmt nefndum kjarasamningi, í leyfi vegna barnsburðar. Hafði hún þá unnið hjá stefnda í 50 mánuði og þar með öðlazt rétt til leyfis samkvæmt ofangreindu samningsákvæði. Málfríður fékk kaup greitt í 3 mánuði, til 16. maí 1964, en kom þá ekki aftur til starfa hjá stefnda. Málfríður sagði eigi heldur upp starfa sínum, en samkvæmt 5. gr. nefnds kjarasamnings, er gagnkvæmur uppsagnarfrestur 1½ mánuður, þegar um fastafólk er að ræða, svo sem var um Málfríði samkvæmt 1. mgr. 4. gr. oftnefnds samnings, en eigi er fram komið, að hún hafi verið ráðin til ákveðins tíma.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, er orlofsár hjá stefnda talið frá 1. júní ár hvert til jafnlengdar næsta ár, en eftir 4. gr. 2 í kjarasamningi aðilja eiga starfsstúlkur, sem unnið hafa í 4 ár, rétt til 19 virkra daga orlofs. Þá eiga starfsstúlkur, sem vinna á helgidögum þjóðkirkjunnar, öðrum en sunnudögum, svo og sumardaginn fyrsta, 1. maí og 17. júní, að fá 11 aukafrídaga til viðbótar sumarleyfi sínu miðað við ársstarf.

Að sögn stefnda krafði Málfríður Steinsdóttir hann um ógoldið orlof fyrir orlofsárið frá 1. júní 1963, einhvern tíma um mánaðamótin maí—júní 1964. Kveður hann, að þeirri kröfu hennar hafi verið synjað m. a. á þeim grundvelli, að hún hafi farið úr þjónustu stefnda, án þess að segja upp starfi sínu og þá ekki heldur gætt ákvæða framangreindrar 5. gr. kjarasamningsins um uppsagnarfrestinn. Málfríður hafi þá hinn 8. júní 1964 afhent svohljóðandi uppsögn:

„Þar sem ég hefi ekki ástæður til að byrja aftur að vinna, segi ég upp starfi mínu að Vífilsstöðum, 8/6 1964".

Stefndi neitaði Málfríði eigi að síður um greiðslu orlofsfjár.

Hefur stefnandi nú höfðað mál þetta til greiðslu þess or-

lofsfjár, er hann telur Málfríði eiga hjá stefnda og gerir þær dómkröfur, sem áður greinir.

Kröfu sína styður stefnandi þeim rökum, að þar sem Málfríður hafi samkvæmt ákvæðum 4. gr. 1 í framangreindum kjarasamningi átt rétt til leyfis vegna barnsburðar síns „á fullu kaupi", eigi hún í fyrsta lagi rétt til orlofsfjár fyrir orlofstímabilið 1. júní 1963 til 16. maí 1964 og þá einnig rétt til launa fyrir þá aukafrídaga alla, sem um ræði í 4. gr. 2 sama kjarasamnings. Verði orlofsdagar Málfríðar samkvæmt þessu 19 auk 11 aukafrídaga, eða alls 30 dagar. Svari ógoldið orlof hennar þannig til eins mánaðar kaups, og við það sé dómkrafan miðuð.

Stefndi byggir sýknukröfu sína hins vegar á því, að Málfríður hafi hvorki komið aftur til starfs síns að loknu leyfi vegna barnsburðar síns né heldur sagt upp starfi sínu með samningsbundnum uppsagnarfresti, meðan hún enn var í starfi, en það hefði henni tvímælalaust borið að gera, ef hún ætlaði að hætta störfum hjá stefnda. Hafi hún eigi sagt upp starfi sínu fyrr en 8. júní 1964 eða tæpum mánuði eftir að barnsfararleyfi hennar lauk. Með þessu háttalagi hafi hún gerzt brotleg við ákvæði gildandi kjarasamninga og hafi sér því verið óskylt að greiða henni orlofsfé í einn mánuð til viðbótar þeim þremur mánuðum, sem hún hefði þegar fengið kaup fyrir, meðan á barnsburðarleyfi hennar stóð. Þá hefur stefndi sérstaklega mótmælt því, að Málfríður eigi rétt til aukafrídaga og orlofs fyrir þann tíma, er hún var í leyfi vegna barnsburðarins.

Stefnandi hefur mótmælt því, að það skipti nokkru máli um orlofsrétt Málfríðar, þótt hún segði eigi upp starfi, meðan hún starfaði enn hjá stefnda, eða kæmi ekki aftur í þjónustu hans að barnsburðarleyfi hennar liðnu.

Afstaða dómsins.

Málfríður Steinsdóttir hafði, eins og áður er rakið, starfað full 4 ár í þjónustu stefnda, þegar hún fékk barnsburðarleyfi sitt hinn 16. febrúar 1964, en til slíks leyfis átti hún rétt samkvæmt 5. mgr. 4. gr. þágildandi kjarasamnings málsaðilja frá 13. júlí 1961. Hún fékk kaup greitt fyrirvaralaust til loka leyfistíma samkvæmt nefndu samningsákvæði og

hefur eigi af hálfu stefnda verið krafizt endurgreiðslu á þeirri þriggja mánaða kaupgreiðslu. Telst þessi leyfistími Málfríðar til starfstíma þegar ákveða skal orlof hennar orlofsár það, sem byrjaði að líða 1. júní 1963, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1943, og hafði hún þannig hartnær fyllt orlofsár sitt hinn 16. maí 1964. Orlofsdagar stúlku með hennar starfsaldri eru samkvæmt 4. gr. 2 nefnds kjarasamnings 19 virkir dagar á ári, og átti Málfríður því rétt til orlofs þann dagafjölda, þar sem miða ber við heilan dag í þessu sambandi, samkvæmt 3. gr. orlofslaganna. Þá átti hún einnig samkvæmt 2. málsgr. nefnds kjarasamnings rétt til 5 aukafrídaga á tímabilinu frá 1. júní 1963 til 16. febrúar 1964 vegna vinnu á öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar en sunnudögum (2. í hvítasunnu, jóladagur, 2. jóladagur, nýjársdagur og 17. júní).

Hins vegar verður eigi talið, að Málfríður eigi rétt til aukafrídaga vegna helgidaga, annarra en sunnudaga, sumardagsins fyrsta og 1. maí á leyfistímabili hennar frá 16. febrúar til 16. maí 1964, sbr. ákvæði 2. mgr. 2, 4. gr. ofannefnds kjarasamnings, er segir: „starfsstúlkur er vinna o. s. frv. ...“, enda hefur stefndi mótmælt rétti Málfríðar til aukafrídaga á því tímabili og eigi er fram komið, að það sé viðtekin venja í samskiptum málsaðilja, að aukafrídagar séu veittir vegna helgi- eða frídaga, er til falla á barnsfararleyfistíma.

Svo sem fram kemur af áður sögðu, gætti Málfríður eigi ákvæða 5. gr. kjarasamningsins um uppsagnarfrest, er hún fór úr þjónustu stefnda. Hefur hann af þeim sökum talið hana bótaskylda gagnvart sér. En þar sem stefndi hefur hvorki haft uppi gagnkröfu um ákveðna bótafjárhæð né heldur krafizt dómsviðurkenningar á tiltekinni skaðabótafjárhæð úr hendi Málfríðar, verður eigi dæmt um þetta atriði í þessu máli.

Samkvæmt þessari niðurstöðu átti Málfríður alls rétt til orlofsfjár og greiðslu fyrir 24 orlofs- og aukafrídaga úr hendi stefnda, en dagkaup hennar var samkvæmt skýrslu stefnda, sem leggja verður til grundvallar, kr. 256.80. Ber stefnda þannig að greiða henni kr. 6.163.20 með 7% ársvöxtum frá 8. júní 1964 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Stjórnarnefnd ríkisspítalanna, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Starfsstúlknafélagsins Sóknar vegna Málfríðar Steinsdóttur, kr. 6.163.20 með 7% ársvöxtum frá 8. júní 1964 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. marz 1967.

Nr. 6/1966. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f. h. Póstmannafélags Íslands
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Einar Arnalds, Ragnar Jónsson, Einar B. Guðmundsson og Jón Finnsson.

Skorið úr ágreiningi um yfirvinnu póstmanna samkvæmt úrskurði Kjaradóms.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 14. des. f. á., af fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f. h. Póstmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að póstmönnum, þ. e. félögum í Póstmannafélagi Íslands, sé skylt að vinna yfirvinnu í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38 frá 14. apríl 1954, sbr. 9. gr. reglna um vinnutíma ríkisstarfsmanna o. fl. í dómi Kjaradóms, uppkveðnum 30. nóv. 1965.

Jafnframt krefst stefnandi þess, að stöðvun póstmanna í Reykjavík á allri yfirvinnu fram yfir 5 klst. á mánuði, sem til framkvæmda kom dagana 28.—30. nóvember og dagana 8.—22. desember 1966, verði dæmd ólögmæt.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Ágreiningsefni máls þessa er það, hvernig skilja beri ákvæði 9. gr. í dómi Kjaradóms frá 30. nóv. 1965, sem fjallar um yfirvinnu, þ. á m. um yfirvinnu póstmanna, og er mál þetta dæmt af Félagsdómi samkvæmt 25. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 55/1962.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 26. nóvember f. á., tilkynnti stjórn Póstmannafélags Íslands póst- og símamálastjóra, að félagið hefði hinn 25. s. m. samþykkt að stöðva yfirvinnu félagsmanna sinna eftir að lokið væri mánaðarlegri 5 klst. yfirvinnu og skýrði jafnframt frá því, að póstmenn mundu ekki vinna yfirvinnu dagana 28.—30. sama mánaðar. Þessu svaraði póst- og símamálastjóri hinn 28. nóv. á þá leið, að hann liti svo á, að póstmönnum væri skylt að vinna yfirvinnu samkvæmt ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954, sem gilt hefðu, er dómur Kjaradóms frá 3. júlí 1963 var kveðinn upp. Stjórn Póstmannafélags Íslands hélt fast við nefnda ákvörðun og unnu póstmenn í Reykjavík ekki yfirvinnu dagana 28.—30. nóvember og 8.—22. desember f. á.

Þessa ákvörðun sína byggði Póstmannafélag Íslands á ákvæðum reglugerðar nr. 137/1945 um starfstíma og starf póstmanna á póststofunni í Reykjavík, en í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar þessarar, sem sett var samkvæmt 40. gr. laga nr. 60/1945 um laun starfsmanna ríkisins, segir svo:

„Þó mega póstmenn ekki hætta að vinna að kvöldi fyrr en lokið er afgreiðslu farandi pósts, en slík eftirvinna má þó eigi fara fram úr 5 klst. á mann á mánuði nema þá með samkomulagi“.

Þetta reglugerðarákvæði telur stefndi að hafi verið í gildi þar til Kjaradómur tók upp í dóm sinn frá 3. júlí 1963 ákvæði það um yfirvinnu póstmanna, sem greinir í niðurlagi 9. gr.

nefnds dóms, sem fjallar um yfirvinnu starfsmanna ríkisins, en þar segir:

„Yfirvinnuskylda póstmanna haldist þó óbreytt frá því sem verið hefur“.

Heldur stefndi því fram, að áðurnefnd ákvæði reglugerðar nr. 137/1945 séu þær reglur, sem við sé miðað í umræddu ákvæði dóms Kjaradóms. Vísar hann því til stuðnings í greinargerð sóknaraðilja, BSRB, fyrir Kjaradómi árið 1963, en þar segi svo:

„... Í samræmi við þá viðteknu venju eða hefð, að kjör starfsmanna séu í engu skert frá því sem gildir, er gerð sú krafa, að yfirvinnuskylda póstmanna haldist óbreytt frá því sem segir í reglugerð nr. 137 frá 1945 ...“.

Þessi skoðun hafi og fengið staðfestingu í greinargerð varnaraðilja, þ. e. fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, fyrir sama dómi í sama máli, því þar segi svo um þetta atriði:

„... Um yfirvinnuskyldu póstmanna gildir rgj. nr. 137/1945 ...“.

Hafi regla þessi svo enn fengið staðfestingu í lokaákvæði 9. gr. dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963 og aftur í 9. gr. dóms hans frá 30. nóvember 1965, er haldið hafi óbreyttu orðalagi dómsins frá 1963 um yfirvinnuskyldu póstmanna.

Þennan skilning stefnda telur stefnandi rangan. Byggir hann þá afstöðu sína á því, að með ákvæðum 31. gr. laga nr. 38 frá 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafi verið settar nýjar almennar reglur um yfirvinnu starfsmanna ríkisins, og þá einnig póstmanna, sem numið hafi úr gildi eldri reglur um þetta efni, enda sé það beint tekið fram í 37. gr. nefndra laga, að úr gildi skuli falla þær reglur, sem brjóti í bág við ákvæði laganna. Í nefndri 31. gr. sé skýlaust kveðið á um það, að starfsmönnum ríkisins sé skylt að vinna þá yfirvinnu, sem yfirmenn þeirra telja nauðsynlega, þó eigi meiri en nemi þriðjungi vikulegs vinnutíma. Sú hafi líka orðið reyndin á eftir gildistöku laga nr. 38/1954, að um póstmenn í Reykjavík hafi gilt sömu yfirvinnureglur og um aðra starfsmenn ríkisins. Þeir hafi án nokkurra mótmæla undanfarin 13 ár innt af hendi yfirvinnu í samræmi við reglur 31. gr. laga nr. 38/1954. Þá fram-

kvæmd verði að leggja til grundvallar skýringu á 9. gr. dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963, er tekin hafi verið óbreytt í dóm hans frá 30. nóvember 1965. Skipti eigi hér máli, þótt varnaraðili í kjaradómsmálinu 1963 hafi ranglega talið, að ákvæði reglugerðar nr. 137/1945 væru þá enn í gildi, því umboðsmaður ríkisins í nefndu máli hafi eigi með málflutningsyfirlýsingu sinni getað skapað gagnaðilja sínum í því máli viðtækari rétt til lausnar frá yfirvinnuskyldu en lögboðin var í 31. gr. laga nr. 38/1954. Kjaradómur hafi eigi heldur haft lagaheimild til þess að fara í dómi sínum út fyrir ákvæði nefndrar greinar og því ekki getað veitt launþegum að þessu leyti annan eða meiri rétt en nefnt lagaákvæði kvað á um, enda verði það eigi heldur ráðið af orðalagi dóms Kjaradóms, að sú hafi verið ætlun hans.

Til vara hefur stefnandi krafizt þess, að verði lokaákvæði 9. gr. dóms Kjaradóms frá 1965 skýrð svo, að þau eigi að miðast við 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 137/1945, að því er varðar yfirvinnuskyldu póstmanna í Reykjavík, þá verði þau aðeins talin eiga við um afgreiðslu farandi pósts.

Stefndi hefur mótmælt þessum skilningi stefnanda. Telur hann, auk þess, sem áður er greint, að póstmálastjórnin hafi alla tíð litið svo á, að ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 137/1945 væri í gildi, þrátt fyrir ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 og komi það m. a. fram í því, að hún hafi iðulega leitað samþykkis Póstmannafélags Íslands um afbrigði frá venjulegum vinnutíma. En jafnvel þótt svo yrði litið á, að nefnt reglugerðarákvæði hefði fallið niður við gildistöku laga nr. 38/1954, þá hafi ákvæði laga nr. 55/1962 leitt til þess, að stefnanda hafi verið rétt að semja um yfirvinnuskyldu einstakra starfsmannahópa, þar á meðal póstmanna.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að það skipti nokkru máli fyrir úrlausn þess ágreiningsefnis, sem hér er til úrskurðar, þótt póstmálastjórnin hafi í nokkrum tilvikum leitað samþykkis Póstmannafélags Íslands á afbrigðilegum afgreiðslutíma, því bæði lúti þau tilmæli að öðrum atriðum en þeim, sem hér sé deilt um, og auk þess hefði póststjórnin hvorki getað samið sig undan oftnefndum ákvæðum laga

nr. 38/1954 né heldur þeim reglugerðarákvæðum, sem sett höfðu verið samkvæmt þeim.

Viðhorf dómsins.

Í 40. gr. laga nr. 60 frá 12. marz 1945 um laun starfsmanna ríkisins, en þau lög geymdu engin ákvæði um vinnutíma eða laun fyrir yfirvinnu, er svo mælt, að þar til sett hafi verið lög um réttindi og skyldur embættismanna og starfsmanna hins opinbera, skuli ríkisstjórnin setja með reglugerð ákvæði um vikulegan vinnutíma starfsmanna ríkisins í sem fyllstu samræmi við það, sem gildi í hverri starfsgrein.

Í samræmi við það var hinn 30. júlí s. á. sett reglugerð nr. 137/1945 um starfstíma og starf póstmanna á póststofunni í Reykjavík. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. nefndrar reglugerðar er starfstími póstmanna og bílstjóra ákveðinn 37 klst. á viku með nánari reglum, svo sem málsgrein þessi kveður á um.

Í 2. mgr. sömu greinar er svo mælt, að því er yfirvinnu varðar: „Þó mega póstmenn ekki hætta vinnu að kvöldi fyrr en lokið er afgreiðslu farandi pósts, en slík yfirvinna má þó eigi fara fram úr 5 klst. á mann á mánuði, nema þá eftir samkomulagi“. Verður að skilja þetta ákvæði svo, að póstmönnum þeim, er hlut áttu að máli, hafi eigi heldur verið skylt, án sérstaks samkomulags, að vinna fleiri yfirvinnutíma samtals á mánuði hverjum við afgreiðslu farandi pósts, en samkvæmt gögnum málsins verður eigi séð, að gerður hafi verið munur á því í framkvæmd, hvort um „farandi“ eða annan póst var að ræða.

Með reglugerð nr. 45/1946, sbr. reglugerð nr. 97/1950, voru settar reglur um almennan vinnutíma starfsmanna á skrifstofum ríkis og ríkisstofnana. Eru í 1. gr. reglugerðarinnar tilgreindir ákveðnir starfshópar, en eigi er þar getið póstmanna. Í 2. gr. segir hins vegar, að vinnutími annarra starfsmanna skuli vera hinn sami og verið hefur, þar til öðruvísi verði ákveðið. Í 5. gr. sömu reglugerðar segir svo: „Ef óhjákvæmileg nauðsyn krefur, skal starfsmönnum skylt að vinna yfirvinnu gegn yfirvinnugreiðslu“.

Eigi er fram komið, að ákvæði þessarar reglugerðar um yfirvinnuskyldu hafi í framkvæmd leitt til breytinga á yfir-

vinnu póstmanna í Reykjavík frá ákvæðum reglugerðar nr. 137 frá 1945.

Árið 1954 voru sett lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38 frá 14. apríl 1954. Samkvæmt 31. gr. laganna er starfsmönnum skylt að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega, þó eigi meiri á viku hverri en nemur þriðjungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma. Eigi voru ákvæði reglugerðar nr. 137/1945 beint numin úr gildi með lögum þessum, en í 10. lið 37. gr. laganna segir, að úr gildi falli „önnur fyrirmæli, sem fara kunni í bág við ákvæði laga þessara".

Þá er og fram komið, að við afgreiðslu málsins á alþingi var í báðum deildum felld breytingartillaga við 31. gr. þess efnis, að ákvæði reglugerða eða kjarasamninga, sem við gildistöku laganna veittu fyllri rétt en þann, sem kveðið væri á í lögunum, skyldu ekki teljast úr gildi fallin með samþykkt þeirra. Kom það beint fram í umræðum á alþingi, að m. a. væri átt við hið sérstaka yfirvinnuákvæði í reglugerð nr. 137/1945 um póstmenn í Reykjavík.

Þess er áður getið, að í reglugerð nr. 45/1946 voru m. a. settar reglur um yfirvinnuskyldu starfsmanna ríkisins. Í 27. gr. laga nr. 38/1954 er gert ráð fyrir því, að sett verði reglugerð um daglegan vinnutíma og þóknun fyrir verk, sem unnin eru utan hans. Með reglugerð nr. 79/1955 er gerð breyting á 5. gr. reglugerðar nr. 45/1946 um yfirvinnu og þau samræmd ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954 og loks eru í 1. grein reglugerðar nr. 143/1958 settar reglur um yfirvinnu, sem eru efnislega samhljóða meginreglu 31. gr. nefndra laga. Í 2. gr. þessarar reglugerðar segir, að heimilt sé að víkja frá ofangreindum reglum um yfirvinnu og yfirvinnukaup, þegar sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur, en í engri nefndra reglugerða eru ákvæði reglugerðar nr. 137/1945 beinlínis úr gildi felld.

Þegar litið er til framangreinds aðdraganda laga nr. 38/1954, skýlausra ákvæða 31. gr. þeirra og annarra atriða, sem til álita koma í því sambandi, verður að telja, að frá gildistöku þeirra hafi póstmenn í Reykjavík orðið að hlíta ákvæðum 31. gr. þeirra um yfirvinnuskyldu og þá einnig að þessu

leyti ákvæðum 1. gr. reglugerða nr. 79/1955 og nr. 143/1958 eftir að þær voru settar. Verður eigi talið, að ákvæði 2. gr. síðarnefndrar reglugerðar frá 1958 haggi skýlausu ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 um yfirvinnuskylduna. Kemur það og heim við þá framkvæmd, að því er varðar yfirvinnu póstmanna, sem tíðkaðist frá því á árinu 1954, en samkvæmt skýrslum um yfirvinnu póstmanna í Reykjavík frá árunum 1954, 1956, 1958, 1960 og 1962 hefur hún hjá öllum þorra póstmanna, sem leyst hafa af hendi slíka vinnu, farið verulega fram úr 5 klst. á mánuði miðað við janúar—nóvembermánuð ár hvert og í desembermánuði einum í flestum tilfellum í miklu ríkara mæli.

Á árinu 1962 koma ný viðhorf til álita. Það ár er með lögum nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna horfið til þess fyrirkomulags, að launakjör starfsmanna ríkisins skuli ákveðin með kjarasamningum, 4. gr., eða af Kjaradómi, sem leggur fullnaðarúrlausn á kjaradeilu, 21. gr., ef samningar takast ekki. Í 5. gr. laganna segir, að í kjarasamningi skuli kveðið á um föst laun, vinnutíma og laun fyrir yfirvinnu, en kjarasamningur tekur ekki til lífeyrisréttinda, hlunninda, aukatekna, orlofsréttar, kaups í veikindaforföllum né annarra fríðinda, sem líkt er farið, og samkvæmt 6. gr. skal semja við hlutaðeigandi bandalagsfélög um þau starfskjör, sem kjarasamningur samkvæmt 5. gr. tekur ekki til og eigi eru lögbundin.

Starfsmenn ríkisins, sem falla undir ákvæði laga nr. 38/1954, þar á meðal póstmenn, eru samkvæmt 31. gr. þeirra háðir lögbundinni skyldu til þess að leysa af hendi yfirvinnu með þeim takmörkunum, sem þar greinir, og verða ákvæði laga nr. 55/1962 eigi skýrð á þá lund, að þau hafi í neinu breytt ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954 um yfirvinnuskylduna. Var stefnandi því við þau bundin og gat hann því eigi með samningum samkvæmt 4., 5. og 6. gr. laga nr. 55/1962 eða málflutningsyfirlýsingu fyrir Kjaradómi, samið sig undir frávik frá þeim. Skiptir áðurgreind yfirlýsing hans fyrir Kjaradómi 1963, er stefndi telur að skilja beri á þá lund, að stefnandi viðurkenni sem gild ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 137/1945 um yfirvinnuskyldu póstmanna, eigi

máli. Sömu ástæður leiða til þess, að niðurlagsákvæði 9. gr. dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963 og 30. nóvember 1965: „Yfirvinnuskylda póstmanna haldist þó óbreytt frá því sem nú er“, verður eigi skýrt á þá lund, að það takmarki almennt yfirvinnuskyldu póstmanna í Reykjavík við 5 klst. á mann á mánuði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verða úrslit málsins þau, að telja verður, að um yfirvinnuskyldu póstmanna í Reykjavík fari almennt eftir ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954, sbr. reglugerð nr. 143/1958 og 1. og 2. málslið 9. gr. dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1965. Var ákvörðun stjórnar Póstmannafélags Íslands um að stöðva yfirvinnu dagana 28.—30. nóvember og 8.—22. desember 1966 því ólögmæt.

Hins vegar er það ekki til úrlausnar í þessu máli, hvort einstakir starfsmenn póststofunnar í Reykjavík kunni samkvæmt 15. og 18. gr. laga nr. 38/1954 að hafa viðtækari rétt til undanþágu frá yfirvinnuskyldu þeirri, sem 31. gr. laganna kveður á um, vegna ráðningarsamninga, er gerðir voru fyrir gildistöku nefndra laga.

Stefnandi hefur eigi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda.

Rétt þykir, að hvor aðilja greiði kostnað sinn af máli þessu.

Dómsorð:

Um yfirvinnuskyldu póstmanna fer eftir ákvæðum 31. gr. laga nr. 38 frá 1954 og 1. og 2. málslið 9. gr. í dómi Kjaradóms frá 30. nóvember 1965.

Ákvörðun stjórnar Póstmannafélags Íslands um að stöðva yfirvinnu dagana 28.—30. nóvember og 8.—22. desember 1966 og eftirfarandi framkvæmd hennar var ólögmæt.

Hvor aðili greiði sinn kostnað málsins.

Miðvikudaginn 17. maí 1967.

Nr. 4/1966. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sambands matreiðslu og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Hótel Sögu (Jón Magnússon hdl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Frávísunarkröfu hrundið.

Úrskurður.

Mál þetta er upphaflega höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 20. sept. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar gegn Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Hótel Sögu í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda voru þessar:

1. að uppsögn Hótel Sögu, dags. 25. maí þ. á., er Friðbirni Halldóri Guðmundssyni framreiðslumanni var sagt upp starfi frá 1. júlí 1966 að telja, yrði dæmd ólögmæt.
2. að Hótel Sögu yrði dæmt að greiða sekt í ríkissjóð fyrir brot á 11. gr. laga nr. 80/1938.
3. að Hótel Sögu yrði dæmt að greiða Friðbirni Halldóri Guðmundssyni kr. 100.000.00 í skaðabætur.
4. að stefnda yrði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krafðist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Til vara krafðist hann sýknu af sektarkröfu stefnanda og skaðabótakröfu hans, enda yrði þá málskostnaður látinn falla niður.

Í samráði við dóminn var sakarefni skipt samkvæmt

heimild 71. gr. laga nr. 85/1936, þannig að frestað var málflutningi um skaðabótakröfu stefnanda.

Dómur um tvo fyrstu kröfuliði stefnanda gekk hinn 20. des f. á. með þeim úrslitum, að uppsögn Hótel Sögu, 25. maí f. á., á starfi Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar var dæmd ólögmæt, en sýknað var af refsikröfu stefnanda. Ákvörðun um málskostnað var frestað þar til dæmt yrði um skaðabótakröfu stefnanda.

Er munnlegur málflutningur um skaðabótakröfuna skyldi fara fram hinn 10. þ. m., endurtók stefndi þá kröfu, sem hann áður hafði gert í greinargerð sinni, að skaðabótakröfu stefnanda yrði vísað frá dómi, og fór fram málflutningur um það atriði sérstaklega, en málflutningi um skaðabótakröfuna sjálfa var frestað.

Stefndi styður kröfu sína um frávísun þeim rökum, að ákvæði 44. gr. laga nr. 80/1938 veiti Félagsdómi eigi heimild til þess að leggja dóm á skaðabótakröfu stefnanda og að slík heimild verði eigi heldur leidd af ákvæðum 65. gr. nefndra laga, sem takmarkist af ákvæðum 44. gr. sömu laga. Beri því að vísa skaðabótakröfunni frá Félagsdómi.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfunni og krafizt þess, að henni verði hrundið, þar sem áðurnefnd lagaákvæði veiti Félagsdómi skýlausa heimild til þess að leggja efnisdóm á skaðabótakröfuna.

Samkvæmt eðli máls og orðalagi 44. gr. og 65. gr. laga nr. 80/1938 verður að skýra nefnd ákvæði á þá lund, að Félagsdómi beri að dæma um viðurlög og bætur vegna réttarbrota og ólögmætra athafna, sem hann á dóm um samkvæmt nefndum ákvæðum laga nr. 80/1938.

Verður frávísunarkrafa stefnda samkvæmt þessu eigi tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkrafa stefnda er ekki tekin til greina.

Mánudaginn 3. júlí 1967.

Nr. 4/1966. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sambands matreiðslu og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Hótel Sögu (Jón Magnússon hdl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Skaðabætur vegna ólögmætrar uppsagnar.

Dómur.

Mál þetta er upphaflega höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 20. sept. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar gegn Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Hótel Sögu í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda voru þessar:

1. að uppsögn Hótel Sögu, dags. 25. maí þ. á., er Friðbirni Halldóri Guðmundssyni framreiðslumanni var sagt upp starfi frá 1. júlí 1966 að telja, yrði dæmd ólögmæt.
2. að Hótel Sögu yrði dæmt að greiða sekt í ríkissjóð fyrir brot á 11. gr. laga nr. 80/1938.
3. að Hótel Sögu yrði dæmt að greiða Friðbirni Halldóri Guðmundssyni kr. 100.000.00 í skaðabætur.
4. að stefnda yrði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krafðist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Til vara krafðist hann sýknu af sektarkröfu stefnanda og skaðabótakröfu hans, enda yrði þá málskostnaður látinn falla niður.

Í samráði við dóminn var sakarefni skipt samkvæmt

heimild í 71. gr. laga nr. 85/1936, þannig að frestað var málflutningi um skaðabótakröfu stefnanda.

Dómur um tvo fyrstu kröfuliði stefnanda gekk hinn 20. des. f. á., með þeim úrslitum, að uppsögn Hótel Sögu, 25. maí f. á., á starfi Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar, var dæmd ólögmæt, en sýknað var af refsikröfu stefnanda. Ákvörðun um málskostnað var frestað þar til dæmt yrði um skaðabótakröfu stefnanda.

Í greinargerð sinni hafði stefndi krafizt þess, að skaðabótakröfu stefnanda yrði vísað frá dómi, og kom sú krafa til álita, þegar dómurinn tók að fjalla um bótakröfur stefnanda. En með úrskurði dómsins 17. maí s.l. var frávísunarkröfu stefnanda hrundið, og var sá úrskurður eigi kærður til Hæstaréttar.

Málflutningur um skaðabótakröfuna fór því næst fram 28. f. m., og var málið dómtekið sama dag.

Stefnandi byggir bótaskyldu stefnda á þeim rökum, að þar sem uppsögn Hótel Sögu á starfi Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar hafi verið dæmd ólögmæt, sé stefndi bótaskyldur gagnvart stefnanda fyrir það tjón, sem Friðbjörn Halldór hafi beðið vegna hennar, en fyrir því gerir stefnandi þessa grein.

Hann skýrir svo frá, að á tímabilinu frá 1. júlí f. á., er Friðbjörn Halldór lét af störfum á Hótel Sögu, og til 9. október s. á., er hann réðst til starfs sem framreiðslumaður í Veitingahúsinu Lido, hafi honum ekki boðizt viðunandi starf í starfsgrein sinni og hafi tekjur hans á nefndu tímabili eigi numið nema kr. 20.897.50. Meðal mánaðartekjur hans árið 1965 hafi hins vegar verið um 32 þúsund krónur, og meðalmánaðarlaun fyrstu 6 mánuði ársins 1966 um kr. 37.500.00. Megi við það miða, að meðalmánaðartekjur Friðbjörns hefðu orðið þær sömu tímabilið 1. júlí til 31. des. 1966, ef hann hefi haldið starfi sínu á Hótel Sögu. Hér við bætist svo, að hann hafi á tímabilinu 1. júlí til 9. október misst af fatahlunnindum, kr. 300.00 á mánuði, er hann telur rétt að telja sér til tekna, og enn fremur 1% gjaldi af kr. 15.000.00 á mánuði, er Hótel Saga hafi greitt í sjúkrasjóð Félags framreiðslumanna hans vegna, meðan hann starfaði

þar. Laun Friðbjörns Halldórs í Lido á tímabilinu frá 9. okt. til 31. des. 1966 kveður stefnandi að hafi alls numið kr. 59.141.50. Telur stefnandi þannig, að tjón Friðbjörns vegna uppsagnarinnar hafi, miðað við tímabilið 1. júlí til 31. des. 1966, orðið samtals kr. 110.913.50, ef tekjur hans árið 1965 séu lagðar til grundvallar, en kr. 146.815.00, ef miðað sé við tekjur hans tímabilið 1. janúar til 1. júlí 1966. Þó megi í sambandi við þessa útreikninga hafa nokkra hliðsjón af því, að þegar mikið sé að gera, hafi framreiðslumenn sér til aðstoðar stúlkur, sem þeir greiði kaup af launatekjum sínum, og verði því nettótekjur Friðbjörns Halldórs af þeim sökum nokkru lægri en framangreindar tölur sýni. Hefur stefnandi takmarkað kröfu sína um bætur vegna tekjumissis við kr. 85.000.00. En auk þess krefst hann 15.000 króna Friðbirni Halldóri til handa vegna miska og annars óhagræðis, sem hann hafi orðið fyrir vegna hinnar ólögmætu uppsagnar. Er fjárhæð bótakröfu hans, kr. 100.000.00, þannig fengin.

Að því er skaðabótakröfuna varðar, eru dómkröfur stefnda þær aðallega, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda, en til vara krefst hann þess, að stefnanda verði aðeins dæmdar mjög lágar bætur og málskostnaður þá látinn falla niður. Bendir stefndi í þessu sambandi á það, að hann hafi í fyrri hluta máls þessa verið sýknaður af kæru um brot á 1. mgr. 11. gr. laga nr. 80/1938 og uppsögnin aðeins verið talin andstæð ákvæðum 2. mgr. sömu greinar, en á þessu tvennu verði að gera mikinn greinarmun, þegar bótaskylda stefnda vegna umræddrar uppsagnar sé metin.

Þá mótmælir hann því, að tjón Friðbjörns Halldórs hafi í reynd orðið eins mikið og fram sé haldið af stefnanda og telur, að Friðbirni hefði verið auðvelt að fá fyrr vinnu í starfsgrein sinni, ef hann hefði haft hug á því, en það hafi hann ekki gert. Hefur stefndi lagt fram vottorð frá þeim veitingastöðum hér í borg, sem vínveitingaleyfi hafa, þess efnis, að Friðbjörn Halldór hafi ekki leitað eftir vinnu hjá þeim mánuðina júlí til september f. á., og hefur eitt þeirra jafnframt vottað, að vantað hafi framreiðslumenn þar á

nefndu tímabili. Hafi Friðbjörn því ekki, að áliti stefnda, þurft að verða fyrir neinu tjóni vegna uppsagnar Hótel Sögu. Þá heldur stefndi því og fram, að stefnandi ofreikni tekjur sínar á nefndum veitingastað, því hann muni hafa greitt aðstoðarstúlkum sínum hærri fjárhæðir en hann telji sér til gjalda. Einnig mótmælir stefndi því, að Friðbjörn hafi nokkurs í misst í fatahlunnindum eða fríu fæði. Stefndi bendir einnig á það, að Friðbjörn hafi átt ótekið orlof, er hann hætti störfum á Hótel Sögu 1. júlí f. á., en það hafi honum verið skylt að taka og hafi hann við brottför sína fengið greitt það orlofsfé, sem hann hafði unnið til. Beri að taka tillit til þessa, þegar bætur honum til handa séu ákveðnar.

Samkvæmt áðurgreindum dómi í fyrri hluta máls þessa var uppsögn Hótel Sögu á starfi Friðbjarnar Halldórs Guðmundssonar ólögmæt. Verður að telja sannað, að hún hafi valdið nokkurri röskun á högum hans og á Friðbjörn Halldór rétt til bóta úr hendi stefnda. Þykja þær með tilliti til allra málavaxta, eins og þeim er lýst í fyrri hluta máls þessa, auk þeirra, sem hér hafa verið raktir, hæfilega ákveðnar alls kr. 25.000.00.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Hótel Sögu, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands vegna Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar, kr. 25.000.00 og kr. 8.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. desember 1967.

Nr. 4/1967. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f. h. Skipstjórafélags Norðlendinga**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Landssambandi íslenzkra útvegsmanna
(Gunnar I. Hafsteinsson hdl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Kjarasamningar. Deilt um kjör II. stýrimanns á síldveiðum.

Dómur.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu 10. f. m. af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Skipstjórafélags Norðlendinga gegn Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Tildrög málsins eru þessi:

Í 2. gr. kjarasamnings, dags. 29. des. 1963, milli aðilja máls þessa um kaup og kjör á síldveiðum segir svo:

„a) Á skipum, sem stunda veiðar skv. fyrstu grein þessa samnings, skal skipstjóri hafa 8% af brúttóafla skipsins, þó aldrei minna en tvo hásetahluti. Kjör 1. stýrimanns skulu vera sem hér segir:

Á bátum undir 60 rúml. 5.85 af hundraði brúttósöluverðs afla.

Á bátum 60—120 rúml. 5.12 af hundraði brúttósöluverðs afla.

Á bátum 120—130 rúml. 4.98 af hundraði brúttósöluverðs afla.

Á bátum 130—240 rúml. 4.56 af hundraði brúttósöluverðs afla.

Á bátum 240—300 rúml. 4.22 af hundraði brúttósöluverðs afla.

Þó skal 1. stýrimaður aldrei hafa minna en 1½ hásetahlut.

b) Kjör 2. stýrimanns skulu vera á sömu veiðum sem hér segir:
Á bátum undir 60 rúml. 4.88 af hundraði brúttósöluverðs afla.
Á bátum 60—120 rúml. 4.26 af hundraði brúttósöluverðs afla.
Á bátum 120—130 rúml. 4.15 af hundraði brúttósöluverðs afla.
Á bátum 130—240 rúml. 3.80 af hundraði brúttósöluverðs afla.
Á bátum 240—300 rúml. 3.51 af hundraði brúttósöluverðs afla.
Þó skal 2. stýrimaður aldrei hafa minna en 1¼ hásetahlut.

c) Skipstjóri og stýrimenn greiði fæði sitt sjálfir.

d) Auk ofanritaðs skulu skipstjórar og stýrimenn hafa kr. 425.00 í kaup á mánuði".

Þegar þessi kjarasamningur var gerður, var eigi um að ræða stærri skip en 300 rúmlestir, en vegna tilkomu stærri skipa gerðu málsaðiljar hinn 26. febrúar 1965 viðbótarsamning. Fjallar þessi samningur bæði um breytingu á nefndum síldveiðisamningi og öðrum kjarasamningi frá 29. des. 1963, svonefndum vertíðarsamningi.

Í nefndum viðbótarsamningi er fyrst samið um breytingu á vertíðarsamningnum og þar tekið með ákvæði um kjör á skipum „300 að 500 rúml.". Segir þar m. a., að hlutur I. stýrimanns skuli „aldrei vera minni en 1½ hásetahlutur, II. stýrimanns 1¼ hlutur, nema á bátum yfir 300 rúml., 1⅛ hásetahlutur".

Um breytingar á síldveiðisamningnum frá 29. des. 1963 er samið með þessum hætti:

„Viðbót við 2. gr. síldveiðisamnings.

Viðbótarákvæði varðandi kjör stýrimanna:

I. stýrimaður.

Á skipum 300 að 500 rúml. 3.86 af hundraði brúttósöluverðs afla, og auk þess kr. 446.00 í fast kaup á mánuði.

II. stýrimaður.

Á skipum 300 að 500 rúml. 2.89 af hundraði brúttósöluverðs afla og auk þess kr. 446.00 í fast kaup á mánuði".

Komið hefur upp deila um það, hvernig skilja beri síðastnefnt samningsákvæði.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að síðasta málsgrein b liðar 2. gr. framangreinds kjarasamnings frá 29. des. 1963 gildi einnig um ráðningarsamninga 2. stýrimanns á skipum 300 að 500 rúmlestum að stærð.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að skilja beri viðbótarsamning aðilja svo, að áfram standi í fullu gildi það ákvæði kjarasamningsins frá 1963, að II. stýrimaður skuli á síldveiðum aldrei fá minna en 1¼ hásetahlut, þótt stærð skips sé yfir 300 rúmlestir. Kveður hann að eigi hafi við samningsgerðina í febrúar 1965 verið um það samið, að breyting yrði á nefndu lágmarksákvæði samningsins frá 1963 um hlut II. stýrimanns, og alls ekki ætlunin að raska hefðbundnu hlutfalli milli kaups I. og II. stýrimanns, þótt stærð skips færi yfir 300 rúmlestir, enda hafi ýmsir útgerðarmenn gert upp við stýrimenn eftir þeirri reglu, sem stefnandi telur að gilda skuli.

Stefndi styður hins vegar sýknukröfu sína þeim rökum, að þegar viðbótarsamningurinn frá 1965 var gerður, en hann fjalli bæði um breytingar á vertíðar- og síldveiðisamningnum frá 1963, hafi verið tekið upp skýlaust ákvæði þess efnis, að því er vertíðarsamninginn varðar, að hlutur II. stýrimanns á skipum yfir 300 rúmlestir skyldi vera 1⅛ hásetahlutur, þótt II. stýrimanni væri á skipum að 300 rúmlesta stærð tryggður 1¼ hásetahlutur. Hafi þannig verið horfið frá eldri reglu um hlutfall milli I. og II. stýrimanns, ef stærð skips fór yfir 300 rúmlestir. Kveður stefndi, að það hafi verið tilætlunin, að sama regla skyldi gilda um stýrimenn á síldveiðum, ef skip var stærra en 300 rúml., þótt undan félli við samningsgerðina 26. febrúar 1965 að geta

þess sérstaklega, þegar ákvæði viðbótarsamningsins um kjör II. stýrimanns á síldveiðum voru rituð. Hafi útvegsmenn gert upp við II. stýrimenn á þeim grundvelli að einu eða tveimur tilvikum undanskildum, en þau frávik hafi stafað af misgáningi.

Þá bendir stefndi einnig á það, máli sínu til stuðnings, að reglan um 1⅛ hluta II. stýrimanns, sem samkvæmt breytingu þeirri, er gerð var á vertíðarsamningnum 1965, átti fyrst og fremst við um veiðar með hringnót, hafi síðar einnig verið látin ná til þorskveiða með netum. Hafi Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan í Reykjavík fallizt á það fyrirkomulag að því er netaveiðarnar varðar og heldur stefndi því fram, að skýra verði bréf þau, er í því sambandi fóru á milli hans og nefnds félags, á þá lund, að félagið hafi einnig fallizt á það, að sama regla skyldi gilda um kjör II. stýrimanna á síldveiðum, þegar skip er stærra en 300 rúmlestir, enda sé síður en svo ástæða til þess að hann njóti betri kjara á þeim veiðum en þorskveiðum.

Stefndi hefur mótmælt því, að það skipti máli um úrslit þess atriðis, sem hér sé deilt um, hver sé afstaða Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, en það félag sé aðeins eitt af mörgum félögum, sem aðili sé að nefndum kjarasamningi. Og þótt það félag hafi samþykkt að sömu reglu sé beitt um kjör II. stýrimanns á þorskveiðum með netum og veiðum með hringnót, þá leiði engan veginn af því, að réttmætt sé að sama regla gildi um síldveiðar, er séu allt annars eðlis.

Í máli þessu er eigi neitt það komið fram um orðræður samningsaðilja, er nefndur viðbótarsamningur var gerður, sem við verði stuðzt við skýringu á samningsatriði því, sem um var deilt.

Eins og áður er rakið, geyma ákvæði 2. gr. síldveiðisamningsins frá 1963 þá reglu, að II. stýrimaður skuli aldrei fá minna en 1¼ hásetahlut á þeim skipum, sem sá samningur tekur til, þ. e. skip allt að 300 rúmlestir og samkvæmt sömu grein gildir sú regla um kjör I. stýrimanns, að hann skuli aldrei fá minna en 1½ hásetahlut miðað við sömu

stærð skipa. Hefur eigi verið hnekkt þeirri staðhæfingu stefnanda, að þetta hlutfall milli kjara I. og II. stýrimanns hafi verið hefðbundin regla.

Ágreiningslaust er, að hlutur I. stýrimanns á síldveiðum samkvæmt viðbótarsamningnum frá 1965, 3.85 af hundraði brúttósöluverðs afla, svari til 1½ hásetahlutar, og að eigi hafi, með síðastnefndum samningi, orðið breyting á því ákvæði 2. gr. samningsins frá 1963, að I. stýrimaður skuli aldrei fá minna en 1½ hásetahlut, þótt stærð skips sé 300 að 500 rúmlestir. Hins vegar er talið, að hundraðshluti sá, 2.89, sem II. stýrimaður fær samkvæmt sama samningi, svari til 1⅛ hásetahlutar. Er það úrlausnarefni máls þessa, hvort ákvæði viðbótarsamningsins frá 1965 um kjör II. stýrimanns á síldveiðum eigi að leiða til þeirrar niðurstöðu, að trygging sú, sem hann hefur fyrir, 1¼ hásetahlut samkvæmt síðustu málsgr. b liðs 2. gr. síldveiðisamningsins frá 1963, nái eigi til veiða á skipum, sem eru yfir 300 rúmlestir að stærð.

Form og orðalag viðbótarsamningsins frá 1965 um síldveiðikjörin er með þeim hætti, að eigi er hægt að draga af þeim atriðum einum saman örugga ályktun um það, hvaða skilning beri að þessu leyti að leggja í þau.

Þess er áður getið, að við breytingu þá, sem gerð var á vertíðarsamningnum árið 1965, var tekið upp skýlaust ákvæði um það, að hlutur II. stýrimanns skyldi á þeim veiðum eigi vera minni en 1⅛ hásetahlutur, og er þar með breytt áður gildandi hlutfalli milli kjara I. og II. stýrimanns, ef skip er yfir 300 rúmlestir að stærð. Hins vegar er sams konar ákvæði eigi tekið upp í viðbótina eða breytinguna við síldveiðisamninginn 1965. Þar sem svo stendur á og hvorki form né efni nefnds síldveiðisamnings er með þeim hætti, að loku sé fyrir það skotið, að ákvæðin í 2. gr. samningsins frá 1963 geti einnig átt við um skip yfir 300 rúmlestir, en eðlilegt að skýrt væri kveðið á um það, ef hverfa átti frá eldri reglu um hlutfall milli I. og II. stýrimanns, þykir bera að skýra umdeilt samningsákvæði á þá lund, að síðasta málsgrein b liðar 2. gr. síldveiðisamningsins frá 1963 taki einnig til hlutaskipta á síldveiðum á skipum að stærð 300—500 rúmlestir. Breyta áðurnefnd bréfaskipti stefnanda og Skip-

stjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar eigi þeirri niðurstöðu.

Samkvæmt þessu ber að taka dómkröfu stefnanda til greina, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Ákvæði b liðar 2. gr. í síldveiðisamningi frá 29. des. 1963 skal gilda um ráðningarsamninga II. stýrimanns við síldveiðar á skipum 300 að 500 rúmlestir að stærð.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 8. júlí 1968.

Nr. 1/1968. **Brynjar Bergþórsson**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Þjóts
(Jón Þorsteinsson hdl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Félagsréttindi: Bifreiðarstjóra synjað um inngöngu í félag bifreiðastjóra. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi, með stefnu dags. 17. apríl s.l., af Brynjari Bergþórssyni bifreiðarstjóra, Skólabraut 31 á Akranesi gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Þjóts á Akranesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær: **að** Vörubílstjórafélagið Þjótur verði skyldað til að veita stefnanda full og óskert

félagsréttindi, þar með talin réttindi til setu á félagsfundum, málfrelsi, tillögu- og atkvæðisréttur, ásamt öllum vinnuréttindum samkvæmt taxta og samningum félagsins, að Vörubílstjórafélagið Þjótur verði skyldað til að veita stefnanda full og óskoruð stöðvarréttindi og að félagið verði dæmt til greiðslu sektar í ríkissjóð fyrir brot á 2. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 80/1938.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefndi, sem er búsettur á Akranesi og ekur vörubifreiðinni E 759, sem er eign hans, sótti um inngöngu í Vörubílstjórafélagið Þjót hinn 15. apríl 1967. Þessari umsókn hans synjaði félagið með svohljóðandi bréfi, dags. 17. s. m.:

„Inntökubeiðni yðar, dags. 15. apríl, var lögð fram á fundi stjórnar félagsins. Fyrir eru nú liggjandi 9 inntökubeiðnir, og verða þær teknar til greina eftir þeirri röð, sem þær bárust, svo fyrirsjáanlegt er, að ekki verður hægt að verða við beiðni yðar að sinni“.

Stefndi sótti aftur um inngöngu í Þjót á s.l. hausti (1967), en þeirri umsókn hefur ekki verið svarað sérstaklega af félagsins hálfu.

Kröfu sína um inngöngu og full félagsréttindi í Vörubílstjórafélaginu Þjóti byggir stefnandi á því, að hann fullnægi öllum þeim skilyrðum til inngöngu, sem sett séu í lögum félagsins. Og þar sem nú séu ekki samkvæmt 3. málsgrein 1. gr. laga nr. 1/1966 í gildi nein takmörk fyrir fjölda vörubifreiða á Akranesi, sé Þjóti þegar af þeirri ástæðu skylt að veita honum full félagsréttindi. En jafnvel þótt svo yrði litið á, að heimilt væri að binda tölu þeirra vörubifreiða, sem starfræktar eru frá stöð nefnds félags á Akranesi, við hámarkstöluna 20, svo sem heimilt hafi verið fyrir gildistöku laga nr. 1/1966, þá sé honum (stefnanda) ekki skylt að hlíta því, að umsækjendur, þótt skráðir séu sem slíkir hjá félaginu á undan honum, en eiga ekki vörubifreiðar, fái félagsréttindi fyrr en hann, en svo sé því farið um að

minnsta kosti tvo umsækjendur, og nú séu á biðlista þrír menn, er ekki eiga vörubifreið, sem félagið telji að eigi forgangsrétt til inngöngu áður en að honum komi. Auk þessa vefengir stefnandi, að nú hafi 20 aðiljar með réttu aksturs-réttindi frá stöð Þjóts á Akranesi.

Stefndi gerir þá grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli, að samkvæmt reglugerð nr. 187 frá 30. nóvember 1959, sbr. lög nr. 40/1957, sé bæjarstjórn Akraness heimilt að ákveða hámarkstölu vörubifreiða á Akranesi, sem nota megi til aksturs fyrir almenning gegn borgun. Þessari heimild hafi bæjarstjórnin beitt undanfarin ár og sé leyfð hámarkstala á árinu 1968 alls 20 vörubifreiðar. Heldur stefndi því eindregið fram, að það hafi alls ekki verið tilætlun löggjafans, að það ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga nr. 1/1966, að eigi mætti takmarka tölu vörubifreiða í kaupstöðum með 700 íbúum eða fleiri, ef félag vörubílstjóra þar tæki til tveggja sveitarfélaga eða fleiri, skyldi hagga við eða fella niður rétt þann, er bæjarstjórnir höfðu áður haft til takmörkunar, enda þótt eigi væri tekið fram berum orðum, að heimild þeirra stæði áfram óbreytt, enda mundi slík túlkun leiða til fullkomins glundroða í þessum efnum. Telur stefndi, að lög nr. 1/1966 skipti þannig engu máli um rétt stefnanda til inngöngu í Þjót.

Þá skýrir stefndi frá því, að eins og lögum og starfsemi Vörubílstjórafélagsins Þjóts sé háttað, en félagssvæðið sé Akraneskaupstaður og Borgarfjarðarsýsla, fari saman félagsréttindi og skylda hvers félagsmanns til þess að hafa afgreiðslu fyrir bifreið sína á stöð félagsins á Akranesi. Frá þessu hafi þó og séu veittar undanþágur, ef félagsmaður er búsettur svo fjarri Akranesi, að hann stundi ekki atvinnu þar eða þaðan, enda greiði hann þá lægri félagsgjöld. Sé félagsmaður hins vegar búsettur á Akranesi eða í næsta nágrenni, verði hann að hafa afgreiðslu á stöðinni, en um fjölda bifreiða þar verði félagið að hlíta þeirri hámarkstölu, sem bæjarstjórnin ákveður. Sé vörubifreiðastjórum á Akranesi því gagnslaust að teljast félagsmenn í Þjóti, ef þeir hafi ekki leyfi til þess að stunda leigubifreiðaakstur. Félagið hafi því tekið upp þá reglu, að skrá innsækjendur á biðlista

í þeirri röð, sem umsóknir um inngöngu berast. Séu þeir svo teknir í félagið í réttri röð, þegar stöðvarpláss losnar, enda fullnægi innsækjandi þá innan tiltekins tíma skilyrðum félagslaganna fyrir inngöngu. Sé þess ávallt gætt, að bílstjórar séu teknir í félagið eftir tímaröð umsókna þeirra. Þannig hafi tveir vörubílstjórar, þeir Stefán Ananíasson og Sigvaldi Gunnarsson fengið inngöngu í félagið, eftir að því barst umsókn stefnanda, en umsóknir þeirra hefðu verið eldri og síðar endurnýjaðar. Hefðu þeir fengið 5 daga frest til þess að tjá sig um það, hvort þeir stæðu við umsókn sína og því næst eins mánaðar frest til að fullnægja skilyrðum félagslaganna um inngöngu. Nú stæðu sakir svo, að hjá félaginu væru umsóknir frá eftirtöldum bifreiðastjórum, talið í þeirri röð, sem þær hefðu borizt:

Ólafi Sigurbjörnssyni,
Ágústi Oddssyni,
Árna Runólfssyni,
Ellert Erlendssyni,
Brynjari Bergþórssyni (stefnanda),
Bjarna Stefánssyni og
Guðmundi Helgasyni.

Yrði þessum mönnum veitt félags- og stöðvarréttindi eftir því sem stöðvarpláss losnuðu og í þeirri röð, sem þeir eru taldir.

Nú væru 19 vörubílstjórar skráðir með stöðvarréttindum á stöð félagsins, en í 20. plássinu væri bifreið í eigu ekkju félagsmanns, sem látizt hefði á þessu ári, en eigi væri endanlega ráðið, hversu færi um réttindi þeirrar bifreiðar. Af þessu segir stefndi það ljóst, að eigi hafi á nokkurn hátt verið gengið á rétt stefnanda. Hann sitji að öllu leyti við sama borð og aðrir. Að vísu mætti orða það, að hann gæti átt rétt til inngöngu í félagið að formi til, en sú aðstaða sé honum gagnslítil, þar sem hann geti samkvæmt framansögðu ekki fengið stöðvarréttindi. Staðhæfir stefndi, að framangreind tilhögun um inntöku félagsmanna, sem Vörubílstjórafélagið Þjótur hafi fylgt, hafi eigi fyrr en nú sætt neinum andmælum.

Stefnandi hefur mótmælt því, að stefnda hafi verið rétt

gagnvart sér að veita þeim Stefáni Ananíassyni og Sigvalda Gunnarssyni full félags- og stöðvarréttindi, þar sem hvorugur þeirra hafi átt vörubifreið og jafnframt hefur hann andmælt því, að það sé almennt rétt regla að miða einungis við röð umsókna um inngöngu án tillits til þess, hvort umsækjendur fullnægi í öllu skilyrðum félagsins, þegar þeir sækja um inngöngu.

Samkvæmt lögum Vörubílstjórafélagsins Þjóts er félagssvæðið Akraneskaupstaður og Borgarfjarðarsýsla. Með reglugerð nr. 187 frá 1959, sem sett var samkvæmt lögum nr. 40 frá 1957, var bæjarstjórn Akraness, eins og áður er greint, heimilað að ákveða hámarkstölu vörubifreiða þar og hefur hún beitt þeirri heimild. Með lögum nr. 1/1966 var gerð sú breyting á lögum nr. 40/1957, að sett var inn ákvæði þess efnis, að eigi væri heimilt að takmarka sérstaklega tölu vörubifreiða í kaupstöðum með 700 íbúa eða fleiri, ef vörubifreiðastjórar væru félagar í vörubílstjórafélagi, sem hefði tvö sveitarfélög eða fleiri að félagssvæði. Eigi er þess getið í lögum nr. 1/1966, hversu fara skuli á þeim svæðum, þar sem tala vörubifreiða var áður takmörkuð, en íbúatala kaupstaðar var yfir 700, eins og háttað er á Akranesi. En í framkvæmd varð það svo þar, að áfram voru talin í gildi fyrri ákvæði laga og reglugerðar um hámarkstölu vörubifreiða. Þykir mega skýra ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga nr. 1/1966 svo, að það hafi eigi verið tilætlun löggjafans, að fella úr gildi áðurnefnda heimild bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar um hámarkstölu vörubifreiða þar, enda mundi sú túlkun á nefndu ákvæði laga nr. 1/1966 óhjákvæmilega almennt leiða til óæskilegs ástands í þessum efnum. Verður því eigi talið, að stefnandi geti byggt rétt sinn til inngöngu í Vörubílstjórafélagið Þjót á þeirri ástæðu, að eigi séu lengur í gildi ákvæði um hámarkstölu vörubifreiða á Akranesi.

Stefndi hefur skilmerkilega gert grein fyrir þeim reglum, sem hann beitir um inntöku nýrra félaga og hefur ekkert komið fram, sem bendi til þess, að hann hafi misbeitt þeim í framkvæmd, eða að innsækjendum í félagið sé veittur óhæfilega langur frestur til þess að fullnægja skilyrðum félagslaganna fyrir inngöngu í félagið. Verður að þessu at-

huguðu að telja, að nefnd starfsregla Þjóts brjóti eigi í bága við grundvallarreglu 2. gr. laga nr. 80/1938 og að stefnandi verði að hlíta þeim reglum, sem félagið hefur sett sér og að framan er lýst, þ. e. að bíða þess að röðin komi að honum samkvæmt tímasetningu umsóknar hans. Skiptir þá ekki máli fyrir úrslit máls þessa, eins og umsóknum um inngöngu er nú háttað, hvort fullgildir stöðvarfélagar Þjóts á Akranesi eru nú 19 eða 20. Óvefengt er, að stefnandi fullnægir almennt skilyrðum félagslaga Þjóts til inngöngu.

Samkvæmt framansögðu verður þá niðurstaða máls þessa, að sýkna ber stefnda að svo stöddu af kröfum stefnanda.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Þjóts, á að svo stöddu að vera sýkn af kröfum stefnanda, Brynjars Bergþórssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Einars Arnalds og Hákonar Guðmundssonar.

Ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga nr. 1/1966 um að eigi sé heimilt að takmarka sérstaklega fjölda leigubifreiða til vöruflutninga í kaupstöðum og kauptúnum með 700 íbúa eða fleiri, ef vörubifreiðastjórar á þessum stöðum eru félagar í vörubifreiðastjórafélagi, sem hefur tvö sveitarfélög eða fleiri að félagssvæði, eru skýlaus og geyma eigi nein fyrirmæli um það, að nefnd ákvæði taki eigi til þeirra svæða, þar sem áður var heimilt að takmarka fjölda vörubifreiða. Getur ákvörðun bæjarstjórnar Akraness um hámarkstölu vörubifreiða þar árið 1968 því eigi skotið loku fyrir rétt stefnanda til inngöngu í Vörubílstjórafélagið Þjót. Og þar sem hann fullnægir skilyrðum laga þess til inngöngu, ber samkvæmt meginreglu 2. gr. laga nr. 80/1938 að taka kröfu hans um félags- og stöðvarréttindi til greina, en eigi þykja eins og máli þessu er háttað efni til að dæma sekt á hendur Vörubílstjórafélaginu Þjóti.

Eftir atvikum er rétt að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 16. ágúst 1968.

Nr. 2/1968. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Jón Þorsteinsson hdl.)
gegn
Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Einar Arnalds, Ragnar Jónsson, Einar B. Guðmundsson og Bjarni Sigurðsson.

Skýrð ákvæði dóms Kjaradóms um yfirvinnu kennara.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi samkvæmt 25. gr. laga nr. 55/1962 af fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, dags. 12. júní þ. á., gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að kennarar, sem inna af höndum hluta af vikulegri kennsluskyldu sinni á tímabilinu frá kl. 1600 til 1700 á virkum dögum öðrum en laugardögum og kl. 1130 til 1200 á laugardögum, eigi ekki rétt til yfirvinnuálags eða annarrar aukagreiðslu fyrir þessar kennslustundir á kjaratímabilinu frá 1. janúar 1968 til 31. desember 1969. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 1. júní 1962 gaf menntamálaráðuneytið út „Erindisbréf fyrir kennara í barna- og gagnfræðastigsskólum“, nr. 120/1962.

1 8. gr. bréfs þessa segir svo:

„Daglegur starfstími kennara í skólum skal vera samfelldur, nema skólastjóri, kennarar eða kennarafundur verði ásáttir um annað. Starfstími skóla er á tímabilinu kl. 9—17 með matarhléi á venjulegum matmálstíma.

Hefji skóli starf fyrir kl. 9.00, skal ljúka störfum þeim

mun fyrr. Á laugardögum skal kennslu lokið kl. 12.30, nema sérstaklega sé um annað samið".

Hinn 30. apríl 1963 ritaði menntamálaráðuneytið bréf til fjármálaráðuneytisins um framkvæmd áðurnefnds erindisbréfs veturinn 1962—1963, og leggur þar til, að föstum kennurum séu greidd sem yfirvinna allar þær kennslustundir, sem þeir kenna umfram lögákveðnar skyldustundir, þótt þær séu unnar, áður en starfstíma skóla lýkur samkvæmt 8. gr. erindisbréfsins, þ. e. kl. 1700 í skóla, sem hefst kl. 0900 og kl. 1600 í skóla, sem hefst kl. 0800, á laugardögum kl. 1230 í skóla, sem hefst kl. 0900, og kl. 1130 í skóla, sem hefst kl. 0800. Þá er einnig lagt til í bréfi þessu, að hefji kennari kennslu kl. 0900 í skóla, sem byrjar kl. 0800, skuli greiða honum fyrir kennslu eftir kl. 16 sem yfirvinnu. Þessar tillögur menntamálaráðuneytisins samþykkti fjármálaráðuneytið með bréfi, dags. 8. maí s. á. Í framkvæmd varð þetta svo, að kennarar í barna- og gagnfræðastigsskólum, sem inntu af höndum hluta af vikulegri kennsluskyldu sinni á tímabilinu frá kl. 1600 til 1700 á virkum dögum öðrum en laugardögum og kl. 1130 til 1200 á laugardögum, fengu greitt sérstakt álag fyrir þessa tíma, ef skóli hóf störf fyrir kl. 0900 að morgni.

Eftir gildistöku laga nr. 55/1962 fékk Kjaradómur til úrskurðar frá 1. júlí 1963 laun kennara, svo sem annarra starfsmanna ríkisins.

Í 1. gr. II dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963, en ákvæði hans giltu frá 1. júlí 1963 til 31. desember 1965, eru settar reglur um vikulegan vinnutíma starfsmanna ríkisins og í 2. gr. sama dóms eru ákvæði um daglegan vinnutíma. Í 4. tölulið síðast nefndrar greinar er svo mælt, að 36 stunda vinnuvika og skemmri — en undir það ákvæði falla barna- og gagnfræðastigskennarar — skuli unnin á tímanum frá kl. 0800 til kl. 1200 og kl. 1300 til kl. 1700 alla virka daga nema laugardaga, þá kl. 0800 til 1200.

Þá segir enn fremur svo í nefndri 2. gr. dóms Kjaradóms:

„Um það, hvenær starfstími hefjist, skal ákveða í samráði við starfsmennina með samþykki viðkomandi starfsmannafélags.

Heimilt er að haga vinnudegi með öðrum hætti en að framan greinir, ef aðiljar eru um það sammála".

Í 3. gr. kjaradóms þessa er svo mælt:

„Eigi skulu ákvæði þau, er að framan getur (þ. e. ákvæði 1. og 2. gr.) valda því, að daglegur vinnutími nokkurs starfsmanns lengist frá því, sem nú er.

Þær starfsstéttir og starfsmenn, sem ákvæði 1. og 2. gr. taka ekki til, skulu halda þeim vinnutíma, sem verið hefur hingað til".

Þessu orðalagi er svo haldið óbreyttu í dómi Kjaradóms uppkveðnum 30. nóvember 1965, en ákvæði hans giltu frá 1. janúar 1966 til 31. desember 1967.

Stefnandi hefur skýrt frá því, að af hans hálfu hafi verið litið svo á, að sér hefði ekki verið skylt samkvæmt ákvæðum dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963, að inna af hendi til kennara þá yfirvinnugreiðslu, sem komizt hafði á vorið 1963 á grundvelli áðurnefnds erindisbréfs frá 1962. Hins vegar hafi þó framkvæmdin orðið sú, að kennarar þeir, sem hlut áttu að máli, hafi eftir 1. júlí 1963 haldið nefndri yfirvinnugreiðslu á sama hátt og áður, og við það staðið til ársloka 1967, enda hafi dómur Kjaradóms frá 30. nóvember 1965 haldið nákvæmlega sama orðalagi og kjaradómurinn frá 1963.

Þegar Kjaradómur á s.l. ári fékk til úrskurðar launakjör starfsmanna ríkisins, komu skyldukennslustundir kennara enn til álita. Gerði Kjararáð, sem fór með fyrirsvar ríkisstarfsmanna við meðferð kjaramálsins þar fyrir dómi, þá kröfu um starfstíma kennara, að vikulegan starfstíma þeirra skyldi „inna af höndum á tímabilinu kl. 9—17 með matartíma". Enn fremur gerði Kjararáð svofellda kröfu:

„Hefji skóli starf fyrir kl. 9, skal dagvinnutíma ljúka þeim mun fyrr. Á laugardögum skal dagvinnu lokið 3 klst. eftir að hún hófst, þó eigi síðar en kl. 1200".

Af hálfu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs voru fyrir Kjaradómi gerðar þessar kröfur um þetta atriði:

„Vikulega kennsluskyldu kennara skal inna af höndum á tímabilinu kl. 8.00 til 17.00 með matartíma alla virka daga, nema laugardaga, þá kl. 8.00 til kl. 12.00".

Þessa kröfu ríkissjóðs tók Kjaradómur til greina, sbr.

4. tl. 2. gr. dóms hans frá 30. nóvember 1967, sem er samhljóða nefndri kröfugerð ríkissjóðs.

Eftir að dómur Kjaradóms frá 30. nóvember 1967 tók gildi, taldi stefnandi máls þessa tvímælalaust, að honum bæri ekki skylda til þess að greiða kennurum sérstakt álag fyrir kennslu kl. 1600 til 1700 á virkum dögum öðrum en laugardögum og á laugardögum kl. 1130 til kl. 1200, þótt skóli hæfist fyrr en kl. 0900, þar sem 4. töluliður 2. gr. dómsins geymdi nú skýr fyrirmæli um það, á hvaða tíma dags kennsluskyldan skyldi af hendi leyst. Samkvæmt því gaf fjármálaráðuneytið hinn 27. desember f. á. út fyrirmæli um það, að nefnd álagsgreiðsla skyldi falla niður frá og með ársbyrjun 1968.

Þessari ákvörðun mótmælti stefndi með bréfi, dags. 16. janúar þ. á., svohljóðandi:

„Daglegum vinnutíma kennara hefur verið hagað skv. 8. gr. erindisbréfs nr. 120/1962. Í samræmi við það hefur t. d. daglegur starfstími kennara í Reykjavík verið talinn kl. 8—12 og 13—16 virka daga nema laugardaga kl. 8—11.30. Hafi hluti af kennsluskyldu verið unninn utan þess tíma, hefur verið greitt 50% álag kl. 16—18 og í matartímum, en 90% álag eftir kl. 18 og eftir hádegi á laugardögum.

Ekki hefur verið leitað formlega samþykkis á tilhögun þessari skv. 2. mgr. 4. gr. dóms Kjaradóms, en henni hefur ekki verið mótmælt til þessa.

B.S.R.B. telur, að ekki fái staðizt þau áform að fella niður greiðslur álags þessa frá ársbyrjun 1968 á tímanum kl. 16—17 virka daga, nema laugardaga kl. 11.30—12.

Kjaradómur hefur nú tekið upp sem 4. tl. 2. gr. ákvæði um vinnutíma kennara, en ekki er þar með sagt, að ákvæði 8. gr. erindisbréfsins séu numin úr gildi, þar sem daglegur starfstími skóla, sem þar er tilgreindur, rúmast innan tíma þess, sem Kjaradómur tilgreinir.

Kjaradómur hefur ekki breytt fyrri mgr. 3. gr. dóms síns, en þar segir:

„Eigi skulu ákvæði þau, er að framan greinir, valda því, að daglegur vinnutími nokkurs starfsmanns lengist frá því sem nú er“.

Með því að greiða álag frá kl. 16 í skólum, sem byrja kl. 8, þá er viðurkennt, að daglegum vinnutíma telst þá lokið. Niðurfelling álags til starfandi fastra kennara væri lenging daglegs vinnutíma og því brot á 3. gr. dóms Kjaradóms".

Viðræður milli málsaðilja um þetta deiluatriði leiddu ekki til samkomulags. Höfðaði stefnandi þá mál þetta, svo sem að framan greinir, og gerði þær dómkröfur, sem áður getur.

Rök stefnanda fyrir dómkröfum sínum og andmæli hans gegn framangreindum viðhorfum stefnda eru í höfuðatriðum þau: Að vinnutíma kennara og föst laun þeirra fyrir yfirvinnu skuli samkvæmt 5. gr. laga nr. 55/1962 ákveða með kjarasamningi eða kjaradómi, en ekki með erindisbréfum ráðherra. Að í kjaradómi 30. nóvember 1967 séu settar skýrar reglur um vinnutíma kennara, og sé því ekki þörf á því nú sökum réttaróvissu, að hafa hliðsjón af eldri reglum, sem upp hafi verið teknar fyrir daga nýja launakerfisins. Að stefnumark 8. gr. oftnefnds erindisbréfs geti eigi að síður haldið gildi sínu sökum þess, hve rammi dagvinnutímans hjá kennurum, samkvæmt ákvæðum dóms Kjaradóms, sé rúmur miðað við vikulega kennsluskyldu, sem sé 20—36 stundir, en í 8. gr. erindisbréfsins felist ekki lengur nein lögmæt ákvörðun um dagtíma kennsluskyldu kennara. Þá telur stefnandi og, að hafa megi í huga, að samkvæmt bráðabirgðaákvæði erindisbréfsins sé heimilt að láta kennara vinna á lengra tímabili dag hvern en 8. gr. þess segi til um. Enn mótmælir stefnandi því, að af niðurfellingu umdeilds álags leiði, að kennari vinni fleiri klukkustundir á dag en áður. Bendir hann og í því sambandi á ákvæði 4. gr. kjaradómsins, sem mæli svo fyrir, að kennari skuli fá sérstaka greiðslu fyrir eyðu, er verða kunni í daglegum samfelldum starfstíma hans. Þá leggur stefnandi sérstaka áherzlu á það, að í kjaradómsmáli því, sem lyktaði með dómi Kjaradóms 30. nóvember 1967, hafi af hálfu ríkissjóðs verið gerð bein krafa um það, að tekið væri upp í dóminn sérstakt ákvæði um það, á hvaða tímabili dagsins kennarar skyldu skila vikulegri kennsluskyldu sinni. Þessa kröfu ríkissjóðs hafi Kjaradómur tekið til greina þrátt fyrir mótmæli Kjararáðs, en af

hálfu þess hafi því verið haldið fram í flutningi málsins, að í þessari kröfu ríkissjóðs fælist mikil skerðing á rétti barna- og gagnfræðastigs kennara miðað við ákvæði 8. gr. erindisbréfsins frá 1962.

Stefndi hefur ekki út af fyrir sig mótmælt því, að Kjaradómur hafi vald til þess að ákveða vinnutíma opinberra starfsmanna innan marka krafna samningsaðilja samkvæmt lögum nr. 55/1962 og ákveða lengd hans og hvenær dags hann skuli unninn. Hins vegar sé það ágreiningslaust, að fyrir gildistöku dóms Kjaradóms 30. nóvember 1967 hafi daglegur vinnutími kennara farið eftir ákvæðum 8. gr. erindisbréfsins frá 1962 og framkvæmd þess skorið úr um það, að ríkið viðurkenndi, að daglegum vinnutíma kennara væri lokið kl. 1600, á laugardögum kl. 1130, í skólum, sem byrjuðu kl. 0800, en svo væri því háttað um flesta skóla í þéttbýlinu. Það ákvæði núgildandi dóms Kjaradóms, að vinnuskylda kennara skyldi að hendi leyst á tímabilinu kl. 0800 til 1700, á laugardögum kl. 0800—1200 jafngilti þess vegna því, að vinnutími þeirra kennara, sem verið hefðu að störfum við gildistöku hans, hefði lengzt. Nú hafi það verið megintilgangur laga nr. 55/1962 að gefa opinberum starfsmönnum kost á að bæta kjör sín með samningum, og þau viðhorf þegar fengið staðfestingu Kjaradóms í því ákvæði 1. mgr. 3. gr. kjaradómsins frá 1963, er láti svo mælt, að hin nýju ákvæði um vinnutíma skyldu eigi valda því, að daglegur vinnutími nokkurs manns lengdist frá því, sem þá gilti. Væru þessi ákvæði enn í dómi Kjaradóms frá 30. nóvember 1967. Girði þetta ákvæði einmitt fyrir það, að álag það, er kennarar hafi notið fyrir kennslu eftir kl. 1600, á laugardögum eftir kl. 1130, verði nú fellt niður að því er varðar þá kennara, sem voru í starfi, er síðast nefndur dómur tók gildi, en það sé vissulega kjaraskerðing, ef heimilt yrði talið að dreifa kennslunni á lengri tíma dag hvern en áður tíðkaðist.

Samkvæmt 4. gr. 1. mgr. laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna skulu launakjör starfsmanna ríkisins ákveðin með kjarasamningum og samkvæmt 5. gr. sömu laga skal í kjarasamningi kveðið á um föst laun, vinnu-

tíma og laun fyrir yfirvinnu. Í 3. gr. laganna er svo mælt, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fari með fyrirsvar ríkisstarfsmanna eftir nánari reglum, er í nefndri grein getur, en af hálfu ríkisins er fjármálaráðherra í fyrirsvari samkvæmt 2. gr. sömu laga. Náist eigi samkomulag um kjarasamning milli nefndra aðilja, fær Kjaradómur kjaradeiluna til meðferðar og er dómur hans fullnaðarúrlausn. Bindur hann aðilja samkvæmt 21. gr. laganna á sama hátt og samningur þeirra í milli.

Með lögum þessum er tekin upp ný regla, þar sem kjarasamningur eða dómur Kjaradóms, sem er ígildi kjarasamnings, kemur í stað einhliða ákvörðunar löggjafans um kjaramál starfsmanna ríkisins, svo sem áður tíðkaðist. Geyma lög nr. 55/1962 eigi nein ákvæði, er bindi samningsaðilja um efniskröfur við samningsgerð, en Kjaradómi er samkvæmt 20. gr. laganna settar þær skorður einar við efnisúrlausn, að hann skuli við úrlausn sína hafa hliðsjón af 1) kjörum launþega, er vinna við sambærileg störf hjá öðrum en ríkinu 2) kröfum, sem gerðar eru til menntunar, ábyrgðar og sérhæfni starfsmanna og 3) afkomuhorfum þjóðarbúsins. Þá er ekki í lögum nr. 55/1962 að finna ákvæði, er hamli því, að starfsmenn ríkisins verði almennt að hlíta þeim breytingum á launakjörum sínum sem kjarasamningur eða dómur Kjaradóms felur í sér.

Svo sem áður er rakið, voru ákvæði 4. töluliðar 2. gr. II í dómum Kjaradóms frá 3. júlí 1963 og 20. nóvember 1965 um daglegan vinnutíma kennara framkvæmd á þá lund, að þeir flokkar kennara, er mál þetta varðar, héldu þeirri yfirvinnugreiðslu, sem þeir fengu skólaárið 1962—1963 á grundvelli erindisbréfsins frá 1. júní 1962. Liggur það eigi fyrir til úrlausnar í þessu máli, hvort stefnanda var skylt samkvæmt ákvæðum nefndra kjaradóma, að inna af hendi þær yfirvinnugreiðslur, er þá áttu sér stað. Þarf því eigi hér að rekja kröfur aðilja eða málflutningsyfirlýsingar þeirra fyrir Kjaradómi árin 1963 og 1965. Hins vegar er það ljóst samkvæmt gögnum máls þessa og málflutningi aðilja, að í kjaradeilu þeirri, er lauk með dómi Kjaradóms 30. nóvember 1967, lá það ljóst fyrir Kjaradómi, að ágreiningur var milli aðilja

nefnds kjaramáls um það, hvernig fara skyldi um rétt kennara til yfirvinnugreiðslu þá tíma dags, er í dómkröfum stefnanda greinir. Tók Kjaradómur í dómi sínum 30. nóvember s.l. að öllu leyti til greina það orðalag, sem stefnandi máls þessa gerði kröfu til í nefndri kjaradeilu og verður eigi talið, eins og atvikum var háttað, að aðiljar eða Kjaradómur hafi verið í nokkurri óvissu um það, að í beinum og skýlausum ákvæðum 4. tl. 2. gr. II. kafla kjaradómsins frá 30. nóvember 1967 um að vikulega kennsluskyldu kennara skyldi inna af höndum á tímabilinu frá kl. 0800—1700 alla virka daga, nema laugardaga kl. 0800—1200, fólst það, að kennarar þeir, er hlut áttu að máli, ættu ekki rétt til sérstakrar greiðslu fyrir kennslustundir á því tímabili, nema samkvæmt ákvæði 4. gr. II. kafla sama dóms, ef eyða varð í daglegum samfelldum starfstíma kennara. Setur Kjaradómur samkvæmt lögum nr. 55/1962 reglur um þau atriði, og skýra verður ákvæði 1. mgr. 5. gr. nefndra laga svo, að stjórnvöld verði almennt að hlíta ákvæðum kjarasamninga eða dóms Kjaradóms, samkvæmt nefndum lögum, um daglegan vinnutíma, er þau gefa út erindisbréf samkvæmt 18. gr. laga nr. 34/1946 og 32. gr. laga nr. 48/1946, sbr. og 27. gr. laga nr. 38/1954.

Þegar virt eru þannig þau atriði, er nú hafa verið rakin, verður að telja, að fyrirmæli 4. töluliðar 2. gr. II. kafla Kjaradóms frá 30. nóvember 1967, geymi sjálfstæð og skýlaus ákvæði um það, á hvaða tíma dags vikuleg vinnuskylda kennara skuli af hendi leyst, og getur stefndi hér fyrir dómi eigi byggt rétt til sérstakrar yfirvinnugreiðslu, á þar greindum tíma, á ákvæðum og framkvæmd oftnefnds erindisbréfs nr. 120/1962 eða þeim yfirvinnugreiðslum, er stefnandi innti af hendi á gildistíma dóma Kjaradóms frá 3. júlí 1963 og 30. nóvember 1965. Þá verður eigi heldur litið svo á, að hið almenna ákvæði 1. mgr. 3. gr. II. kafla dóma Kjaradóms haggi beinum og skýlausum ákvæðum 4. töluliðar 2. gr. um þetta afmarkaða efni í núgildandi dómi Kjaradóms, er sett var með þeim atvikum, sem að framan er lýst.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að taka ber dómkröfur stefnanda til greina, en rétt þykir eftir atvikum að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Ákvæði dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1967 veita eigi kennurum í barna- og gagnfræðastigsskólum, sem inna af höndum hluta af vikulegri kennsluskyldu sinni á tímabilinu frá kl. 1600 til kl. 1700 á virkum dögum öðrum en laugardögum og kl. 1130—1200 á laugardögum, rétt til yfirvinnuálags eða aukagreiðslu fyrir þessar kennslustundir, á kjaratímabilinu frá 1. janúar 1968 til 31. desember 1969.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 22. október 1968.

Nr. 4/1968. **Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Skipstjóra og stýrimannafélagsins Öldunnar, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára, Hafþórs, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi, Skipstjórafélags Norðlendinga og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis** (Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Eyjafjarðar, Útvegsmannafélags Austfjarða, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs og Útvegsmannafélags Suðurnesja (Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Kjarasamningur. Ágreiningur um greiðslu verðlagsuppbótar.

Dómur.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 2. júlí þ. á., af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára, Hafþórs, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi, Skipstjórafélags Norðlendinga og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Eyjafjarðar,

Útvegsmannafélags Austfjarða, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs og Útvegsmannafélags Suðurnesja.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Af dæmt verði, að stýrimenn og skipstjórar, sem starfa samkvæmt ákvæðum kjarasamninga málsaðilja, dags. 29. des. 1963, með breytingum á þeim samningum, dags. 26. febrúar 1965, eigi að fá fulla verðlagsuppbót samkvæmt 2. gr. samkomulags Alþýðusambands Íslands vegna aðildarfélaga sinna og vinnuveitenda, dags. 18. marz 1968, um greiðslu verðlagsuppbóta til verkamanna og fleiri stétta, enda þótt kaup þeirra eða kauptrygging fari upp fyrir þar greint hámark (kr. 10.000.00) grunnlauna fyrir dagvinnu.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær:

1. Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og þá jafnframt dæmt, að greiðsla verðlagsuppbóta á kauptryggingu og einstaka kaupliði skipstjóra- og stýrimanna skuli lúta sömu sjónarmiðum og greinir í 2. gr. í samkomulagi Alþýðusambands Íslands vegna launþegasamtakanna og Vinnuveitendasambands Íslands o. fl. frá 18. marz 1968.
2. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Tildrög máls þessa og málsatvik eru þessi:

Í 4. gr. samnings frá 29. desember 1963 um kjör og kaup skipstjóra og stýrimanna á síldveiðum með herpinót eða hringnót eru ákvæði um það, að útgerðarmaður tryggi nefndum yfirmönnum mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta afla þeirra með mánaðarkaupi, kr. 11.440.00 til skipstjóra, kr. 11.440.00 til I. stýrimanns og kr. 10.725.00 til II. stýrimanns. Þá segir og svo í 24. gr. sama samnings:

„Hækki kaup verkafólks almennt á gildistíma samningsins, skulu kaupliðir samningsins og kauptrygging hækka í sama hlutfalli og á sama tíma“.

Í 5. gr. vertíðarsamnings frá sama degi og nefndur síldveiðisamningur eru samhljóða ákvæði um kaup og kaup-

tryggingu og greinir í nefndri 4. gr. síldveiðisamningsins, og í 28. gr. hans sömu ákvæði um kauphækkun og í 24. gr. síldveiðisamningsins.

Loks segir svo í 1. gr. flutningasamnings skipstjóra og stýrimanna frá sama degi, að mánaðarkaup skipstjóra skuli vera kr. 15.400.00, I. stýrimanns kr. 13.200.00 og II. stýrimanns kr. 11.850.00, og enn segir í 18. gr. þess samnings:

„Hækki kaup verkafólks almennt á gildistíma samningsins, skal kaup samkvæmt honum hækka í samræmi við það".

Með viðbótarsamningi, dags. 26. febrúar 1965, er samið um nokkrar breytingar á kjarasamningnum frá 1963. Þá er kaup og kauptrygging hækkað um 5% og ákveðið að kauptrygging II. stýrimanns skuli vera kr. 11.261.00 á mánuði. Loks semja aðiljar um það, að áðurnefnt ákvæði 24. gr. síldveiðisamningsins, samhljóða ákvæði í 28. gr. vertíðarsamningsins og 18. gr. flutningasamningsins skuli hljóða svo:

„Hækki kaup verkafólks á viðkomandi stað á gildistíma samningsins, skal kauptrygging og kaupliðir hækka í sama hlutfalli ...".

Kjarasamningarnir frá 1963 með breytingunum frá 26. febrúar 1965 eru enn í gildi.

Hinn 18. marz s.l. gerðu samtök vinnuveitenda samkomulag við Alþýðusamband Íslands vegna aðildarfélaga þess. Í 1. gr. þess samkomulags er um það samið, að sú verðlagsuppbót (19.1%), sem greidd er samkvæmt lögum nr. 70/1967, skuli lögð við grunnupphæðir launataxta og samsvarandi ákvæðisvinnutaxta, sem verðlagsuppbót hefur verið greidd á, og teljast hvoru tveggja grunnlaun, en verðlagsuppbót skuli greidd samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

Þá segir svo í 2. gr. samkomulagsins:

„Verðlagsuppbót samkvæmt þessum samningi greiðist á grunnlaun fyrir dagvinnu, sem eigi eru hærri en kr. 10.000.00 á mán. Á viku- og tímakaup greiðist tilsvarandi verðlagsuppbót. Á þann hluta dagvinnulauna, sem er umfram þessi mörk, skal eigi greidd verðlagsuppbót.

Á grunnlaun, sem nema 16.000.00—kr. 17.000.00 á mánuði og tilsvarandi viku- og tímakaup, skal greiða verðlagsbætur,

sem nema helmingi þeirra bóta, sem greiddar verða á kr. 10.000.00 mánaðarlaun, en á grunnlaun, sem nema hærri upphæð en kr. 17.000.00, greiðast ekki verðlagsbætur.

Séu grunnlaun lægri en kr. 16.000.00 að viðbættri verðlags uppbót kr. 17.000.00 eða meira, skulu grunnlaun, sem hærri eru en 17.000.00, en lægri en samanlögð upphæðin, hækka að sama skapi.

Sama regla gildir um grunnlaun, sem hærri eru en kr. 17.000.00, ef lægri grunnlaun að viðbættri verðlagsuppbót ná hærri upphæð.

Verðlagsuppbót á eftirvinnu skal greidd með sömu krónutölu og greidd er á dagvinnutaxta. Á nætur- og helgidagsvinnu skal einnig greidd verðlagsuppbót með sömu krónutölu og er á dagvinnutaxta, en þó eigi fyrr en frá og með 1. júní 1968.

Þegar unnið er eftir uppmælingu, skal greidd verðlagsuppbót á unnar (skráðar) stundir miðað við dagvinnutímakaup það, er um ræðir í 1. málsgr. þessarar gr. Sama gildir, þegar unnið er eftir bónuskerfi.

Um vaktavinnu gilda eftirfarandi reglur:

Vaktaálag greiðist ekki á verðlagsuppbót og verðlagsuppbót greiðist ekki á vaktaálag.

Þegar unnið er í vaktavinnu, skal verðlagsuppbótin vera sama krónutala eins og á tilsvarandi kaup, svo sem fyrir er mælt í þessari grein.

Sé vaktaálag innifalið í fastakaupinu, greiðist verðlagsuppbót skv. þessari grein.

Grunnupphæðir viku- og mánaðarlauna samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr. eru miðaðar við það, að unnið sé fullt starf samkvæmt umsömdum vinnutíma í starfsgreininni, en þegar svo er ekki, lækkar hlutfallslega hámark þeirra viku- og mánaðarlauna, sem verðlagsuppbót er greidd á, sbr. 1. málsgr. þessar gr.

Ákvæði þessa samnings taka ekki til launa, sem greidd eru í öðru en peningum, og eigi heldur til fjárhæða, sem launþegar fá greiddar vegna útgjalda, sem fylgja starfi þeirra. Sama gildir um laun, sem ákveðin eru sem hundraðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti".

Stefnandi skýrir svo frá, að hin stefndu félagasamtök í máli þessu hafi að vísu talið sér skylt að greiða skipstjórum og stýrimönnum verðlagsuppbót samkvæmt framangreindu samkomulagi, en þó með þeim skilningi, að skipstjórar og stýrimenn, sem taki hærra kaup eða kauptryggingu en kr. 17.000.00 á mánuði, eigi ekki rétt til neinnar hækkunar. Á þenna skilning hefur stefnandi eigi viljað fallast. Og þar sem aðiljar máls þessa eru á öndverðum meiði að því er þetta atriði varðar, hefur stefnandi höfðað mál þetta og gert þær dómkröfur, er að framan greinir. Byggir hann kröfur sínar á þeim grundvelli, að allir kauptaxtar, þar á meðal kaup samkvæmt áðurnefndum kjarasamningum skipstjóra og stýrimanna og þá einnig kauptrygging, eigi að hækka hlutfallslega miðað við almenna hækkun á kaupi verkamanna, hver svo sem hámarkslaun skipstjóra og stýrimannanna séu, sbr. hækkunarákvæði tilvitnaðra samninga, þannig að kaupstigi sá, sem um er samið í kjarasamningunum, haldist óbreyttur. Verði að skýra ákvæði skipstjóra- og stýrimannasamninganna svo, að aðeins sé heimilt að hagga við þeim til hlutfallslegra bættra kjara til allra, er nefndir samningar nái til. Viðmiðun þeirra sé við kaup og kjör verkafólks og hafi einstakir félagsmenn í stéttarfélögum skipstjóra og stýrimanna mátt ganga út frá því, að við þá stétt eina yrði miðað, en samkvæmt samkomulaginu frá 18. marz muni hún yfirleitt fá fulla verðlagsuppbót, þar sem grunnlaun í þeim flokki fólks fari ekki að jafnaði yfir það hámark, kr. 10.000.00, sem nefnt samkomulag geri ráð fyrir. Hvorki hafi verið um það samið af hálfu skipstjóra né stýrimanna, að raska mætti launastiga þeirra, né heldur hafi samningsaðiljar mátt gera ráð fyrir því, þegar kjarasamningarnir frá 1963 og 1965 voru gerðir. Geti það eigi heldur skipt máli hér, þótt aðrar launastéttir hafi samið um röskun á launastiga þeim, er áður gilti samkvæmt samningum þeirra. Þá heldur stefnandi því og fram, að ákvæði 2. gr. samkomulags frá 18. marz verði eigi heimfærð á kauptryggingu, sem eigi verði jafnað til dagvinnu, því í henni sé talin m. a. greiðsla fyrir eftir- og næturvinnu og almenna frídaga.

Stefndi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að með kjarasamningunum frá 1963 og síðar með áðurgreindum samningi frá 26. febrúar 1965 hafi verið um það samið, að skipstjórar og stýrimenn nytu kauphækkunar í sama hlutfalli og verkafólk fengi. Í samræmi við það hafi stefndi reiknað kaup og kauptryggingu nefndra yfirmanna til hækkunar í þeim hlutföllum og með þeim takmörkunum og um sé samið í samkomulagi vinnuveitenda og Alþýðusambandsins 18. marz 1968. Hafi hann með því fullnægt þeim samningsskyldum sínum, sem gildandi kjarasamningar leggi á hann. Staðhæfir stefndi, að leggja beri ákvæði samkomulagsins frá 18. marz til grundvallar með þeim takmörkunum, sem það felur í sér um kaup yfir tilteknu hámarki, og skipti eigi máli í því sambandi, þótt það valdi einhverri röskun á innbyrðis kaupstiga. Megin regla samkomulagsins frá 18. marz sé sú, að laun þeirra lægst launuðu skuli hækka, en aðrir í sömu stétt hærra launaðir skuli ekki fá neina hækkun og verði þetta einnig að ná til skipstjóra og stýrimanna, þar sem þeir hafi samið sig undir hækkun í hlutfalli við verkafólkið. Þá heldur stefndi því og fram, að sömu reglur verði að gilda um kauptrygginguna. Laun skipstjóra og stýrimanna séu fyrst og fremst tiltekinn hundraðshluti af óskýrum afla. Þeir hafi hins vegar fengið því framgengt, að útgerðarmenn tryggi þeim ákveðna mánaðargreiðslu upp í hundraðshluta afla þeirra. Hafi þessi lágmarksgreiðsla, þ. e. kauptryggingin til háseta, upphaflega verið miðuð við þá fjárhæð, er verkamenn fengju fyrir 8 stunda dagvinnu og svo hlutfallslega hærra fyrir þá skipverja, er fengu hærri hundaðshluta af afla. Sé því kauptryggingarviðmiðun stefnanda við dagvinnu og eftirvinnu eða hlunnindi út í hött og loku fyrir það skotið, að hægt sé að leysa kauptrygginguna upp í slíkar eindir.

Samkvæmt framangreindu ákvæði í viðbótarsamningnum frá 26. febrúar 1965 skal kaup skipstjóra og stýrimanna hækka í sama hlutfalli og kaup verkafólks á viðkomandi stað. Hafa aðiljar máls þessa með nefndu ákvæði samið um það, að kaupgjald skipstjóra og stýrimanna sé að þessu leyti háð þeim breytingum til hækkunar, sem þriðji aðili, stéttar-

félög verkafólks, semja um við vinnuveitendur. Við þetta eru einstakir félagsmenn í þeim stéttarfélögum skipstjóra og stýrimanna, sem áttu aðild að viðbótarsamningnum frá 1965 bundnir, og verða þeir þá jafnframt að hlíta þeim skilyrðum fyrir kauphækkun eða þeim takmörkunum á hækkun kaups, sem stéttarfélög verkafólks kunna að semja um við vinnuveitendur í sambandi við kauphækkunina.

Með samkomulagi vinnuveitenda og Alþýðusambands Íslands frá 18. marz s.l., sem stefnandi máls þessa byggir rétt til kauphækkunar á, hafa stéttarfélög verkafólks samið um það, að kauphækkun eða verðlagsuppbót miðist við tilteknar fjárhæðir mánaðarkaups og er hækkunin mismunandi eftir því, hver fjárhæð mánaðarkaupsins er og engin, ef mánaðarlaun fara upp fyrir tiltekið hámark. Leiðir þessi meginregla nefnds samkomulags til þess, að kauphækkun verkafólksins verður mismunandi eftir því, hver mánaðarkaupsgrunnlaunin eru. Samkvæmt hækkunarákvæði viðbótarkjarasamnings aðilja máls þessa frá 26. febrúar 1965 skal kaup skipstjóra og stýrimanna hækka í sama hlutfalli og kaup verkafólks. Verður að skýra þetta samningsákvæði á þá lund, að skipstjórar og stýrimenn eigi því aðeins rétt til kauphækkunar, að þau mánaðarlaun þeirra, er miða skal við, falli innan þeirra marka, sem kauphækkun samkvæmt samkomulaginu frá 18. marz s.l. nær til. Á þetta einnig við um fjárhæð mánaðarlegrar kauptryggingar, enda hefur eigi verið sýnt fram á það, af hálfu stefnanda, að um hana eigi að gilda aðrar reglur en mánaðarkaupið sjálft. Getur það eigi ráðið úrslitum við úrlausn þessa máls, þótt raskast kunni sá kaupstigi, sem gert er ráð fyrir í kjarasamningunum frá 1963 og 1965, en þá áhættu tóku nefndir farmenn á sig með því, eins og áður er rakið, að semja sig undir kauphækkunarákvæði í kjarasamningum þriðja aðilja. Skipstjórar og stýrimenn verða og eigi, þrátt fyrir það, í sérflokki hvað þetta kjaraatriði snertir, því að ýmsar aðrar starfsgreinastéttir, er almennt njóta hærri launa en verkafólk, hafa með oftnefndu samkomulagi frá 18. marz s.l. samið um sömu röskun á þeim kaupstiga, er áður var lagður til grundvallar í kjarasamningum þeirra.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða máls þessa sú, að kröfur stefnda, um að greiðsla verðlagsuppbótar á einstaka kaupliði og kauptryggingu samkvæmt framangreindum kjarasamningum skuli fara eftir reglum 2. gr. samkomulagsins frá 18. marz s.l., verða teknar til greina, og ber því að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir eftir atvikum að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Dómsorð:

Stefndi, Landssamband íslenzkra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Eyjafjarðar, Útvegsmannafélags Austfjarða, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs og Útvegsmannafélags Suðurnesja, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára, Hafþórs, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi, Skipstjórafélags Norðlendinga og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis, í máli þessu.

Hvor aðilja greiði sinn kostnað af málinu.

Þriðjudaginn 22. október 1968.

Nr. 3/1968. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands og Mótorvélstjórafélags Íslands**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Eyjafjarðar, Útvegsmannafélags Austfjarða, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs og Útvegsmannafélags Vestmannaeyja.
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Kjarasamningur. Ágreiningur um greiðslu verðlagsuppbótar.

Dómur.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 2. júlí þ. á., af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands og Mótorvélstjórafélags Íslands gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Eyjafjarðar, Útvegsmannafélags Austfjarða, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs og Útvegsmannafélags Vestmannaeyja.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að vélstjórar, sem starfa samkvæmt ákvæðum kjarasamninga málsaðilja, dags. 29. des. 1963, með breytingum á þeim samningum, dags. 26. febrúar 1965, eigi að fá fulla verðlagsuppbót samkvæmt 2. gr. samkomulags Alþýðusambands Íslands

vegna aðildarfélaga sinna og vinnuveitenda, dags. 18. marz 1968, um greiðslu verðlagsuppbóta til verkamanna og fleiri stétta, enda þótt kaup vélstjóra eða kauptrygging fari upp fyrir þar greint hámark (kr. 10.000.00) grunnlauna fyrir dagvinnu.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær:

1. Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og þá jafnframt dæmt, að greiðsla verðlagsuppbóta á kauptryggingu og einstaka kaupliði vélstjóra, skuli lúta sömu sjónarmiðum og greinir í 2. gr. í samkomulagi Alþýðusambands Íslands vegna launþegasamtakanna og Vinnuveitendasambands Íslands o. fl. frá 18. marz 1968.
2. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Tildrög máls þessa og málsatvik eru þessi:

Í 1. mgr. 4. gr. samnings frá 29. desember 1963 um kjör og kaup vélstjóra á síldveiðum með herpinót eða hringnót eru ákvæði um það, að útgerðarmaður tryggi vélstjórum mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta afla þeirra með mánaðarkaupi, kr. 12.870.00 til 1. vélstjóra og kr. 10.725.00 til 2. vélstjóra. Þá segir og svo í 2. mgr. sömu greinar:

„Hækki kaup verkafólks almennt á samningatímabilinu, hækkar kauptrygging og kaup vélstjóra í samræmi við þá hækkun“.

Í 5. gr. vertíðarsamnings vélstjóra frá sama degi og nefndur síldveiðisamningur eru samhljóða ákvæði um kaup og kauptryggingu og greinir í nefndri 1. og 2. mgr. 4. gr. síldveiðisamningsins.

Loks segir svo í 1. gr. flutningasamnings vélstjóra frá sama degi, að mánaðarkaup I. vélstjóra skuli vera kr. 13.700.00 og II. vélstjóra kr. 11.850.00, og í 17. gr. þess samnings segir:

„Hækki kaup verkafólks almennt á gildistíma samnings þessa, skal kaup vélstjóra hækka í samræmi við það“.

Með viðbótarkjarasamningi, dags. 26. febrúar 1965, er samið um nokkrar breytingar á kjarasamningunum frá

1963. Þá er kaup og kauptrygging hækkað um 5% og ákveðið að kauptrygging III. vélstjóra skuli vera kr. 11.261.00 á mánuði. Loks semja aðiljar um það, að áður nefnt ákvæði 2. mgr. 4. gr. síldveiðisamningsins, samhljóða ákvæði í 5. gr. vertíðarsamningsins og 17. gr. flutningasamningsins, skuli hljóða svo:

„Hækki kaup verkafólks á viðkomandi stað á gildistíma samningsins, skal kauptrygging og kaupliðir hækka í sama hlutfalli ...“.

Kjarasamningarnir frá 1963 með breytingunum frá 26. febrúar 1965 eru enn í gildi.

Hinn 18. marz s.l. gerðu samtök vinnuveitenda samkomulag við Alþýðusamband Íslands vegna aðildarfélaga þess. Í 1. gr. þess samkomulags er um það samið, að sú verðlagsuppbót (19.16%), sem greidd er samkvæmt lögum nr. 70/1967, skuli lögð við grunnupphæðir launataxta og samsvarandi ákvæðisvinnutaxta, sem verðlagsuppbót hefur verið greidd á, og teljist hvoru tveggja grunnlaun, er verðlagsuppbót skuli greidd á samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

Þá segir svo í 2. gr. samkomulagsins:

„Verðlagsuppbót samkvæmt þessum samningi greiðist á grunnlaun fyrir dagvinnu, sem eigi eru hærri en kr. 10.000.00 á mánuði. Á viku- og tímakaup greiðist tilsvarandi verðlagsuppbót. Á þann hluta dagvinnulauna, sem er umfram þessi mörk, skal eigi greidd verðlagsuppbót.

Á grunnlaun, sem nema 16.000.00—kr. 17.000.00 á mánuði og tilsvarandi viku- og tímakaup, skal greiða verðlagsuppbætur, sem nema helmingi þeirra bóta, sem greiddar verða á kr. 10.000.00 mánaðarlaun, en á grunnlaun, sem nema hærri upphæð en kr. 17.000.00, greiðast ekki verðlagsuppbætur.

Séu grunnlaun lægri en kr. 16.000.00 að viðbættri verðlagsuppbót kr. 17.000.00 eða meira, skulu grunnlaun, sem hærri eru en 17.000.00, en lægri en samanlögð upphæðin, hækka að sama skapi.

Sama regla gildir um grunnlaun, sem hærri eru en 17.000.00, ef lægri grunnlaun að viðbættri verðlagsuppbót ná hærri upphæð.

Verðlagsuppbót á eftirvinnu skal greidd með sömu krónutölu og greidd er á dagvinnutaxta. Á nætur- og helgidagavinnu skal einnig greidd verðlagsuppbót með sömu krónutölu og er á dagvinnutaxta, en þó eigi fyrr en frá og með 1. júní 1968.

Þegar unnið er eftir uppmælingu, skal greidd verðlagsuppá unnar (skráðar) stundir miðað við dagvinnukaup það, er um ræðir í 1. málsgrein þessarar greinar. Sama gildir, þegar unnið er eftir bónuskerfi.

Um vaktavinnu gilda eftirfarandi reglur:

Vaktaálag greiðist ekki á verðlagsuppbót og verðlagsuppbót greiðist ekki á vaktaálag.

Þegar unnið er í vaktavinnu, skal verðlagsuppbótin vera sama krónutala eins og á tilsvarandi kaup, svo sem fyrir er mælt í þessari grein.

Sé vaktaálag innifalið í fastakaupinu, greiðist verðlagsuppbót samkvæmt þessari grein.

Grunnupphæðir viku- og mánaðarlauna samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar eru miðaðar við það, að unnið sé fullt starf samkvæmt umsömdum vinnutíma í starfsgreininni, en þegar svo er ekki, lækkar hlutfallslega hámark þeirra viku- og mánaðarlauna, sem verðlagsuppbót er greidd á, sbr. 1. málsgr. þessarar gr.

Ákvæði þessa samnings taka ekki til launa, sem greidd eru í öðru en peningum, og eigi heldur til fjárhæða, sem launþegar fá greiddar vegna útgjalda, sem fylgja starfi þeirra. Sama gildir um laun, sem ákveðin eru sem hundraðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti".

Stefnandi skýrir svo frá, að hin stefndu félagasamtök í máli þessu hafi að vísu talið sér skylt að greiða vélstjórum verðlagsuppbót samkvæmt framangreindu samkomulagi, en þó með þeim skilningi, að vélstjórar, sem taki hærra kaup eða kauptryggingu en kr. 17.000.00 á mánuði, eigi ekki rétt til neinnar hækkunar.

Á þenna skilning hefur stefnandi eigi viljað fallast. Og þar sem aðiljar máls þessa eru á öndverðum meiði að því er þetta atriði varðar, hefur stefnandi höfðað mál þetta og gert þær dómkröfur, er að framan greinir. Byggir hann

kröfur sínar á þeim grundvelli, að allir kauptaxtar, þar á meðal kaup samkvæmt áðurnefndum kjarasamningum vélstjóra og þá einnig kauptrygging, eigi að hækka hlutfallslega miðað við almenna hækkun á kaupi verkamanna, hver svo sem hámarkslaun vélstjóranna séu, sbr. hækkunarákvæði tilvitnaðra samninga, þannig að kaupstigi sá, sem um er samið í kjarasamningum vélstjóra, haldist óbreyttur. Verði að skýra ákvæði vélstjórasamninganna svo, að aðeins sé heimilt að hagga við þeim til hlutfallslegra bættra kjara til allra vélstjóra, er samningar nái til. Viðmiðun þeirra sé við kaup og kjör verkafólks og hafi einstakir félagsmenn í vélstjórafélögunum mátt ganga út frá því, að við þá stétt eina yrði miðað, en samkvæmt samkomulaginu frá 18. marz muni hún yfirleitt fá fulla verðlagsuppbót, þar sem grunnlaun í þeim flokki fólks fari ekki að jafnaði yfir það hámark, kr. 10.000.00, sem nefnt samkomulag geri ráð fyrir. Hvorki hafi verið um það samið af hálfu vélstjóranna, að raska mætti launastiga þeirra, né heldur hafi samningsaðiljar mátt gera ráð fyrir því, þegar kjarasamningarnir frá 1963 og 1965 voru gerðir. Geti það eigi heldur skipt máli hér, þótt aðrar launastéttir hafi samið um röskun á launastiga þeim, er áður gilti, samkvæmt samningum þeirra. Þá heldur stefnandi því og fram, að ákvæði 2. gr. samkomulagsins frá 18. marz verði eigi heimfærð á kauptryggingu vélstjóra, sem eigi verði jafnað til dagvinnu, því í henni sé talin m. a. greiðsla fyrir eftir- og næturvinnu og almenna frídaga.

Stefndi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að með kjarasamningunum frá 1963 og síðar með áðurgreindum samningi frá 26. febrúar 1965 hafi verið um það samið, að vélstjórar nytu kauphækkunar í sama hlutfalli og verkafólk fengi. Í samræmi við það hafi stefndi reiknað kaup og kauptryggingu vélstjóra til hækkunar í þeim hlutföllum og með þeim takmörkunum, er um sé samið í samkomulagi vinnuveitenda og Alþýðusambandsins 18. marz 1968. Hafi hann með því fullnægt þeim samningsskyldum sínum, sem gildandi kjarasamningar leggi á hann. Staðhæfir stefndi, að leggja beri ákvæði samkomulagsins frá 18. marz til grundvallar með þeim takmörkunum, sem það felur í sér um

kaup yfir tilteknu hámarki, og skipti eigi máli í því sambandi, þótt það valdi einhverri röskun á innbyrðis kaupstiga vélstjóranna. Meginregla samkomulagsins frá 18. marz sé sú, að laun þeirra lægst launuðu skuli hækka, en aðrir í sömu stétt, hærra launaðir, skuli ekki fá neina hækkun og verði þetta einnig að ná til vélstjóranna, þar sem þeir hafi samið sig undir hækkun í hlutfalli við verkafólkið. Þá heldur stefndi því og fram, að sömu reglur verði að gilda um kauptrygginguna. Laun vélstjóra séu fyrst og fremst tiltekinn hundraðshluti af óskýrum afla. Þeir hafi hins vegar fengið því framgengt, að útgerðarmenn tryggi þeim ákveðna mánaðargreiðslu upp í hundraðshluta afla þeirra. Hafi þessi lágmarksgreiðsla, þ. e. kauptryggingin til háseta, upphaflega verið miðuð við þá fjárhæð, er verkamenn fengju fyrir 8 stunda dagvinnu og svo hlutfallslega hærra fyrir þá skipverja, er fengu hærri hundaðshluta af afla. Sé því kauptryggingarviðmiðun stefnanda við dagvinnu og eftirvinnu eða hlunnindi út í hött og loku fyrir það skotið, að hægt sé að leysa kauptrygginguna upp í slíkar eindir.

Samkvæmt framangreindu ákvæði í viðbótarsamningnum frá 26. febrúar 1965 skal kaup vélstjóra hækka í sama hlutfalli og kaup verkafólks á viðkomandi stað. Hafa aðiljar máls þessa með nefndu ákvæði samið um það, að kaupgjald vélstjóra sé að þessu leyti háð þeim breytingum til hækkunar, sem þriðji aðili, stéttarfélög verkafólks semja um við vinnuveitendur. Við þetta eru einstakir félagsmenn í þeim stéttarfélögum vélstjóra, sem áttu aðild að viðbótarsamningnum frá 1965 bundnir, og verða þeir þá jafnframt að hlíta þeim skilyrðum fyrir kauphækkun eða þeim takmörkunum á hækkun kaups, sem stéttarfélög verkafólks kunna að semja um við vinnuveitendur í sambandi við kauphækkunina.

Með samkomulagi vinnuveitenda og Alþýðusambands Íslands frá 18. marz s.l., sem stefnandi máls þessa byggir rétt til kauphækkunar á, hafa stéttarfélög verkafólks samið um það, að kauphækkun eða verðlagsuppbót miðist við tilteknar fjárhæðir mánaðarkaups og er hækkunin mismunandi eftir því, hver fjárhæð mánaðarkaupsins er og engin, ef mánaðar-

launin fara upp fyrir tiltekið hámark. Leiðir þessi meginregla nefnds samkomulags til þess, að kauphækkun verkafólks verður mismunandi eftir því, hver mánaðarkaupsgrunnlaunin eru. Samkvæmt hækkunarákvæði viðbótarkjarasamnings aðilja máls þessa frá 26. febrúar 1965 skal kaup vélstjóra hækka í sama hlutfalli og kaup verkafólks. Verður að skýra þetta samningsákvæði á þá lund, að vélstjórar eigi því aðeins rétt til kauphækkunar, að þau mánaðarlaun þeirra, er miða skal við, falli innan þeirra marka, sem kauphækkun samkvæmt samkomulaginu frá 18. marz s.l. nær til. Á þetta einnig við um fjárhæð mánaðarlegrar kauptryggingar vélstjóra, enda hefur eigi verið sýnt fram á það, af hálfu stefnanda, að um hana eigi að gilda aðrar reglur en mánaðarkaupið sjálft. Getur það eigi ráðið úrslitum við úrlausn þessa máls, þótt raskast kunni sá kaupstigi, sem gert er ráð fyrir í kjarasamningum vélstjóra frá 1963 og 1965, en þá áhættu tóku þeir á sig með því, eins og áður er rakið, að semja sig undir kauphækkunarákvæði í kjarasamningum þriðja aðilja. Vélstjórar verða og eigi, þrátt fyrir það, í sérflokki, hvað þetta kjaraatriði snertir, því að ýmsar aðrar starfsgreinastéttir, er almennt njóta hærri launa en verkafólk, hafa með oftnefndu samkomulagi frá 18. marz s.l. samið um sömu röskun á þeim kaupstiga, er áður var lagður til grundvallar í kjarasamningum þeirra.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða máls þessa sú, að kröfur stefnda, um að greiðsla verðlagsuppbótar á einstaka kaupliði og kauptryggingu samkvæmt framangreindum kjarasamningum vélstjóra skuli fara eftir reglum 2. gr. samkomulagsins frá 18. marz s.l., verða teknar til greina, og ber því að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir eftir atvikum, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Dómsorð:

Stefndi, Landssamband íslenzkra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Eyjafjarð-

ar, Útvegsmannafélags Austfjarða, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs og Útvegsmannafélags Vestmannaeyja, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands og Mótorvélstjórafélags Íslands, í máli þessu.

Hvor aðilja greiði sinn kostnað af málinu.

Föstudaginn 7. febrúar 1969.

Nr. 1/1969. **Landssamband íslenzkra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Þorlákshafnar**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands
(Gunnar Jónsson hrl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Verkfall dæmt ólögmætt. Sektir dæmdar og bótaskylda viðurkennd.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 28. f. m., af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Þorlákshafnar gegn Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands út af ágreiningi um lögmæti verkfalls, sem hófst af hálfu Vélstjórafélags Íslands á bátum félagsmanna í Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar hinn 16. janúar s.l.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að nefnt verkfall sé ólögmætt.
2. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar.

3. Að dæmt verði, að stefndi sé bótaskyldur gagnvart félagsmönnum stefnanda vegna ólögmæts verkfalls og
4. Að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 31. október f. á., sagði Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna nokkurra tiltekinna aðildarfélaga sinna, þar á meðal Vélstjórafélags Íslands, upp þágildandi kaup- og kjarasamningum við Landssamband íslenzkra útvegsmanna, en aðalkjarasamningar nefndra aðilja voru frá 29. desember 1963 með nokkrum breytingum frá 26. febrúar 1965 og 4. júlí 1968. Miðaðist uppsögnin við 1. janúar 1969 samkvæmt uppsagnarákvæðum kjarasamninganna.

Þegar kjarasamningarnir frá 29. desember 1963 gengu í gildi, hafði Útvegsmannafélag Þorlákshafnar eigi enn séð dagsins ljós. Það var ekki stofnað fyrr en í janúar 1965. Gekk það þá strax í L.Í.Ú. og undirritar meðal annarra útvegsmannafélaga áðurnefndar kjarasamningabreytingar frá 26. febrúar 1965. Hins vegar sést ekki, að það hafi verið beinn aðili að breytingu þeirri, er samið var um 4. júlí 1968. Segir stefnandi, að það hafi m. a. stafað af því, að þá hafi einungis verið gerðar breytingar á síldveiðisamningi aðilja, en útvegsmenn í Þorlákshöfn hafi eigi gert út á síld s.l. sumar. Er þessa getið vegna þess, að stefndi hefur öðrum þræði haldið því fram í máli þessu, að ekki verði með fullri vissu sagt, að Útvegsmannafélag Þorlákshafnar hafi verið aðili að framangreindum kjarasamningum. En hvað sem þessu líður, þá skiptir það eigi máli við úrlausn þess ágreiningsefnis, sem hér er leitað dóms um, því að stefnandi ber ekki fyrir sig í þessu máli, að áðurgreind uppsögn stefnda 31. október s.l. hafi eigi tekið til Útvegsmannafélags Þorlákshafnar að því er varðar vélstjóra þá, er voru félagsmenn stefnda og unnu á Þorlákshafnarbátunum.

Hinn 8. janúar s.l., eða viku eftir að kjarasamningar málsaðilja runnu út vegna framangreindrar uppsagnar, tilkynnti

Vélstjórafélag Íslands, að það myndi hefja verkfall og ritaði Landssambandi íslenzkra útvegsmanna af því tilefni svohljóðandi bréf:

„Landssamband ísl. útvegsmanna,
Hafnarhvoli, Reykjavík.

Hér með tilkynnir stjórn Vélstjórafélags Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna v/Útvegsmannafél. Reykjavíkur, Útvegsm.fél. Hafnarfjarðar, Útvegsm.fél. Snæfellsness, Útvegsmfél. Eyjafjarðar, Útvegsm.fél. Austfjarða, Útvegsm.fél. Hornafjarðar og Djúpavogs, Útvegsm.fél. Vestmannaeyja og Útvegsm.fél. Akraness, að á fundi trúnaðarmannaráðs og stjórnar félagsins, sem haldinn var 7. jan. 1969, var ákveðið að hefja verkfall allra meðlima félagsins á fiskiskipum, sem gerð eru út af nefndum útvegsmannafélögum, frá og með miðnætti aðfaranótt 16. jan. 1969.

Virðingarfyllst,
f. h. Vélstjórafélags Íslands".

Hófu vélstjórar samkvæmt þessu verkfall frá og með miðnætti aðfaranótt 16. janúar s.l. Náði verkfall þetta einnig til báta félagsmanna í Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar.

Hinn 21. janúar s.l. mótmælti stefnandi lögmæti verkfalls vélstjóranna á Þorlákshafnarbátunum með svohljóðandi bréfi:

„Verkfallsnefnd F.F.S.Í.
v/ skipstjórafélaga innan F.F.S.Í. og
Vélstjórafélags Íslands,
Öldugötu 15, Reykjavík.

F. h. Útvegsmannafélags Þorlákshafnar leyfum vér oss að mótmæla því, að verkfall það, sem nú er hafið af yðar tilhlutan hjá meðlimum yðar í Þorlákshöfn sé löglegt, þar sem engin verkfallsboðun hefur átt sér stað við Útvegsmannafélag Þorlákshafnar eða oss fyrir hönd félagsins.

Er þess krafizt, að hinu ólöglega verkfalli verði nú þegar aflétt og eigi síðar en kl. 24.00 í kvöld. Að öðrum kosti munum vér lýsa yður ábyrga fyrir öllu því tjóni, sem af hinu ólöglega verkfalli hlýzt og hefur þegar hlotizt.

Svar óskast sent samninganefnd L.Í.Ú., sem stödd verður á samningafundi í Alþingishúsinu í kvöld.

Virðingarfyllst,
f. h. Útvegsmannafélags Þorlákshafnar,
Landssamband ísl. útvegsmanna".

Þessu var samdægurs svarað af hálfu stefnda með eftirfarandi bréfi:

„Landssamband íslenzkra útvegsmanna,
Reykjavík.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar frá í dag, þar sem þér vefengið að vinnustöðvun vor í Þorlákshöfn sé lögleg.

Vér tökum fram, að nægjanlegt er samkvæmt vinnulöggjöfinni að tilkynna heildarsamtökum útvegsmanna vinnustöðvun hjá félögum innan þeirra samtaka, og það höfum vér þegar gert.

Vinnustöðvuninni verður því ekki aflýst, fyrr en samningar nást milli aðila og að gefnu tilefni tilkynnist yður, að vér gerum yður ábyrga, ef þér á nokkurn hátt reynið að fá félaga yðar til að brjóta niður vinnustöðvun vora, sem eingöngu er gerð til að reyna að ná viðunandi kjörum félaga vorra.

Virðingarfyllst,
f. h. verkfallsnefndar F.F.S.Í.".

Hélt verkfall vélstjóra í Þorlákshöfn samkvæmt þessu áfram og stendur enn við svo búið.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar í máli þessu á því, að samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1938 beri að tilkynna verkfall þeim aðila, sem það beinist gegn, með 7 sólarhringa fyrirvara. Þessu ákvæði hafi Vélstjórafélag Íslands ekki fullnægt. Í bréfi félagsins 8. janúar s.l. séu tilgreind sérstaklega nokkur útvegsmannafélög, sem séu félagsaðiljar í L.Í.Ú., og sé verkfallsboðun vélstjórafélagsins aðeins gild gagnvart þeim. Útvegsmannafélag Þorlákshafnar sé hins vegar ekki með í þeirri upptalningu og það félag hafi eigi heldur fengið sérstaka tilkynningu um að hefja eigi verkfall hjá því. Hafi Vélstjórafélag Íslands þannig eigi fullnægt lögmæltum skilyrðum til þess að hefja verkfall hjá félagsmönnum Útvegsmannafélags Þorlákshafnar hinn 16. janúar s.l. Beri því

að dæma nefnt verkfall ólögmætt og gera Vélstjórafélagi Íslands að greiða sekt fyrir brot á áðurnefndri 16. gr. laga nr. 80/1938. Þetta verkfall vélstjóranna hafi valdið félagsmönnum Útvegsmannafélags Þorlákshafnar fjárhagslegu tjóni, þar sem róðrar hafi fallið niður af völdum þess, en þeir mundu ella hafa verið stundaðir, því að sjómenn á bátum nefndra aðilja hafi eigi verið í verkfalli. Auk þess hafi útvegsmenn þeir í Þorlákshöfn, er hér eiga hlut að máli, orðið að greiða sjómönnum sínum kauptryggingu fyrstu 7 daga verkfallsins vegna uppsagnarákvæða sjómannalaganna. Leiði hið ólögmæta verkfall Vélstjórafélags Íslands þannig til þess, að nefnt félag hafi fellt á sig bótaskyldu gagnvart þeim félagsmönnum útvegsmannafélagsins, sem verkfallið bitnaði á.

Stefndi hefur borið það fyrir sig sér til sýknu í máli þessu, að Landssambandi íslenzkra útvegsmanna hafi borið að tilkynna öllum sambandsfélögum sínum verkfallsboðun Vélstjórafélags Íslands, þegar því barst áðurgreind verkfallstilkynning frá 8. janúar s.l., jafnvel þótt eitthvert þeirra væri vannefnt í henni, því að L.Í.Ú. hefði mátt vita, að verkfallsboðunin næði einnig til þeirra félaga, enda segði í 16. gr. laga nr. 80/1938, að tilkynna bæri vinnustöðvun þeim, sem hún beindist aðallega gegn. Hefði það því nægt Vélstjórafélagi Íslands til fullgildrar verkfallsboðunar gagnvart Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar að haga verkfallstilkynningu sinni á þann hátt, sem það gerði. Væri og óvíst, að aðstaða nefnds útvegsmannafélags væri slík, að nokkurrar tilkynningar þyrfti með, til þess að verkfallið væri lögmætt gagnvart því. Af þessu leiddi, að vélstjórafélagið hefði eigi bakað sér neina bótaskyldu gagnvart útvegsmönnum í Þorlákshöfn, enda þótt hásetar þeirra væru eigi í verkfalli, og er því sérstaklega mótmælt af hálfu stefnda, að útvegsmenn hafi þurft að greiða hásetunum kauptryggingu í 7 daga vegna verkfallsins. Heldur stefndi því fram, að verkfall hans gagnvart Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar sé í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938 og eigi hann því að vera sýkn af öllum dómkröfum stefnanda í málinu.

Svo sem að framan greinir, eru ákveðin útvegsmannafélög

tilgreind í verkfallsboðun Vélstjórafélags Íslands frá 8. janúar þ. á., og segir beint í nefndri tilkynningu, að félagið hafi ákveðið að hefja verkfall allra meðlima félagsins á fiskiskipum, „sem gerð eru út af nefndum útvegsmannafélögum, frá og með miðnætti aðfaranótt 16. janúar 1969". Útvegsmannafélag Þorlákshafnar var eigi meðal þeirra útvegsmannafélaga, sem tilgreind voru sérstaklega í verkfallstilkynningunni. Verður hún því, eins og málavöxtum er háttað, eigi metin gild gagnvart því félagi. Og með því að stefndi hefur ekki sýnt fram á, að nefnt útvegsmannafélag hafi fengið lögmæta verkfallsboðun með öðrum fullgildum hætti, ber að taka til greina þá kröfu stefnanda, að framangreint verkfall verði dæmt ólögmætt gagnvart nefndu útvegsmannafélagi.

Með því að hefja þannig verkfall án undangenginnar tilkynningar samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1938, hefur Vélstjórafélag Íslands gerzt brotlegt við ákvæði nefndrar greinar, og ber að dæma það til greiðslu sektar í ríkissjóð, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 7.000.00, sbr. 70. gr. nefndra laga.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að hásetar á bátum félagsmanna í Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar voru eigi í verkfalli, er framangreint verkfall Vélstjórafélags Íslands í Þorlákshöfn hófst. Má því gera ráð fyrir, að róðrar hafi fallið niður þar af völdum vélstjóraverkfallsins og útvegsmenn þar af þeim sökum orðið fyrir tjóni. Ber samkvæmt þessu að taka til greina þá kröfu stefnanda, að stefndi sé bótaskyldur gagnvart félagsmönnum Útvegsmannafélags Þorlákshafnar fyrir tjóni af nefndu ólögmætu verkfalli Vélstjórafélags Íslands.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 8.000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

1) Verkfall það, er Vélstjórafélag Íslands hóf hjá Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar aðfaranótt 16. janúar þ. á., er ólögmætt.

2) Vélstjórafélag Íslands greiði kr. 7.000.00 sekt í ríkissjóð.

3) Stefndi, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands, er bótaskylt gagnvart stefnanda, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, vegna tjóns af framangreindu ólögmætu verkfalli.

Stefndi greiði stefnanda kr. 8.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. marz 1969.

Nr. 7/1968. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls, Hornafirði, vegna skipverja á m/b Akurey, SF 52,**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Útgerðarmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs vegna Hauks Runólfssonar h/f
(Árni Halldórsson hrl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Skýrð ákvæði kjarasamnings um fiskverð til sjómanna.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 11. desember f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls vegna skipverja á m/b Akurey gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs vegna Hauks Runólfssonar h/f, Hornafirði, eiganda m/b Akureyjar, SF 52.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að dæmt verði, að stefnda, eiganda m/b Akureyjar, SF 52, sé skylt að greiða skipverj-

um á m/b Akurey, SF 52, fiskverðshækkun á aflainnlegg bátsins hjá Fiskvinnslustöð Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, sem hér segir:

Fyrir árið 1965 — 6% fiskverðshækkun á aflainnlegg
— 1966 — 8% fiskverðshækkun á aflainnlegg og
— 1967 — 5% fiskverðshækkun á aflainnlegg.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Í 10. grein kjarasamnings, dags. í janúar 1964, milli útgerðarmanna í Hornafirði og sjómannadeildar verkalýðsfélagsins Jökuls segir svo:

„Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og skal skipverjum tryggt gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær. Sama gildir um hrogn, lifur og bein“.

Hraðfrystistöðin K.A.S.K., sem er eign Kaupfélags Austur-Skaftfellinga og eina frystihúsið og eini fiskkaupandinn á Höfn í Hornafirði, keypti árin 1965, 1966 og 1967 þann hluta afla m/b Akureyjar, sem lagður var á land í Höfn nefnd ár. Var útgerð nefnds báts, Haukur Runólfsson h/f, einn af fleiri útvegsmönnum þar eystra, sem samið höfðu við Hraðfrystistöðina K.A.S.K. um kaup á afla báta sinna. Greiddi hraðfrystistöðin gangverð fyrir aflann við móttöku, þ. e. það verð, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákvað á hverjum tíma.

Á aðalfundi Kaupfélags Austur-Skaftfellinga hinn 7. júní 1966 var meðal annars gerð sú ráðstöfun á tekjuafgangi félagsins árið 1965, að greiða 6% arð „til samningsbundinna báta 1965“, sem lagt höfðu upp afla sinn hjá Fiskvinnslustöð K.A.S.K. nefnt ár.

Þá var á aðalfundi kaupfélagsins 18. júní 1967 samþykkt að greiða 8% arð af tekjuafgangi ársins 1966 til „samningsbundinna báta“, sem lögðu upp afla sinn hjá Fiskvinnslustöð K.A.S.K. síðastnefnt ár og loks var á aðalfundi sama félags hinn 9. júní 1968 samþykkt sú tillaga félagsstjórnarinnar, að greiða samningsbundnum bátum, sem lagt höfðu

upp afla sinn hjá nefndri fiskvinnslustöð árið 1967, 5% arð af innlögðum afla nefnt ár.

Í málflutningi er það fram komið um viðbrögð stefnanda í ágreiningsmáli þessu, að í bréfi, dags. 1. júlí 1967, eða nokkru eftir aðalfund kaupfélagsins það ár, skýrir Verkalýðsfélagið Jökull Alþýðusambandi Íslands frá því, að kominn sé upp ágreiningur milli sjómanna annars vegar og útvegsmanna á Hornafirði hins vegar, um það, hvort sjómönnum beri hlutur úr ágóðahlut þeim, sem kaupfélagið hafi nú í tvö ár veitt útvegsmönnum, 6% fyrir árið 1965 og 8% fyrir árið 1966. Leitar félagið eftir áliti sambandsins um þenna ágreining. Í áframhaldi af þessu ritar svo verkalýðsfélagið útvegsmönnum á Hornafirði bréf hinn 19. desember 1967 og skýrir þar frá því, að á fundi hinn 18. s. m. hafi sjómenn samþykkt að krefjast sama hundraðshluta af útgerðarmönnum og þeir síðarnefndu hafi fengið frá kaupfélaginu fyrir árin 1965 og 1966.

Útvegsmenn höfnuðu þessari kröfu sjómanna á fundi 28. desember 1967 og tilkynntu verkalýðsfélaginu þá ákvörðun með bréfi, dags. 4. janúar 1968. Viðræður um ágreining þenna fóru fram milli aðilja eða umboðsmanna þeirra á árinu 1968 og höfðaði stefnandi því næst mál þetta, svo sem að framan greinir.

Framangreindur kjarasamningur, er gerður var í janúar 1964, var í gildi óbreyttur árin 1965 til 1967 að báðum meðtöldum og mun hafa framlengzt samkvæmt ákvæðum sínum um hver áramót án sérstakra viðræðna aðilja.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að arður sá, er aðalfundur Kaupfélags Austur-Skaftfellinga hafi samþykkt árin 1966, 1967 og 1968 að greiða til samningsbundinna báta, er lagt höfðu upp afla hjá Fiskvinnslustöð K.A.S.K. árin 1965—1967, hafi verið bein hækkun á fiskverði til útvegsmanna, umfram það gangverð, sem áður hafi verið greitt. Samkvæmt 10. gr. kjarasamnings þess, er í gildi var nefnd ár, sé um það samið, að skipverjum skuli tryggt gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaðurinn fái. Af þessu ákvæði leiði, að skipverjar á m/b Akurey eigi tvímælalausan rétt á því, að njóta góðs af arði þeim, sem

kaupfélagið ákvað á framangreindum aðalfundum að greiða útvegsmönnum, en hann sé bein hækkun á fiskverði. Hafi útvegsmenn með hinu skýlausa samningsákvæði 10. gr. kjarasamningsins skuldbundið sig fyrirfram til þess að láta sjómenn njóta góðs af hverri hækkun á fiskverði, þótt þær kæmu fram eftir afhendingu aflans til kaupanda fisksins. Telur stefnandi það engu máli skipta, hvað vakað hafi fyrir Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga með áðurgreindri arðgreiðslu. Þá neitar hann því, að Verkalýðsfélagið Jökull hafi með tómlæti eða á annan hátt fyrirgert rétti sjómanna til að krefjast uppbótar á fiskverð það, er þeir fengu í upphafi, og telur það eigi neinum vandkvæðum bundið að fá rétta niðurstöðu um það, hverja fjárhæð einstakir sjómenn eigi að fá.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að á Höfn í Hornafirði hagi svo til, að Fiskvinnslustöð K.A.S.K. sé eina frystihúsið þar á staðnum. Hafi fiskvinnslustöðin því undanfarin ár getað skilað álitlegum hagnaði. Hún reki hins vegar enga útgerð, heldur sé sá rekstur allur í höndum einstaklinga eða félaga þar á staðnum, án beinnar þátttöku fiskvinnslustöðvarinnar. Útgerð hafi hins vegar, eins og vitað sé, gengið heldur bæglega undanfarin ár og hafi eigandi fiskvinnslustöðvarinnar, Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, sem þurfi á hráefni að halda til vinnslu í stöð sinni, valið þann kostinn að styrkja útvegsmenn í rekstri þeirra, til þess að komast hjá því að taka beinan þátt í útgerð til öflunar hráefnis. Hafi aðstoð þessi verið fólgin í ýmis konar fyrirgreiðslu og aðstoð, svo sem að taka ábyrgð á lánum, láta bátum í té beitusíld án endurgreiðslu og jafnvel hjálpa mönnum til að eignast báta. Þrátt fyrir þetta hafi margir útgerðarmenn á Hornafirði safnað skuldum hjá kaupfélaginu. Hafi því raunverulega ekki aðrir kostir verið fyrir hendi fyrir kaupfélagið en að fiskvinnslustöðin gerði eitt af tvennu, að taka sjálf rekstur bátanna, eða auka aðstoð sína við útvegsmenn. Af þessum sökum hafi verið horfið að því ráði árið 1966 að greiða útgerðarmönnum styrk í formi arðgreiðslu, og hafi þetta form á aðstoðinni verið valið fyrst og fremst af skattalegum ástæðum. Hafi sjómönnum á Hornafirði, svo og stjórn-

endum Verkalýðsfélagsins Jökuls þegar í upphafi verið fullkunnugt um þessa aðstoð og ástæður þær, er til hennar lágu. Hér hafi raunverulega verið um beinan styrk til útgerðarmanna að ræða, en ekki uppbætur á fiskverði, er koma ættu til skipta milli sjómannanna sjálfra. Höfuð forsenda þessarar greiðslu af hálfu kaupfélagsins, hafi verið sú, að styrkja útvegsmenn. Af þessu leiði, að greiðslur þær, sem um er deilt í máli þessu, séu ekki hluti af fiskverði því, sem sjómenn eigi hlutdeild í samkvæmt 10. gr. kjarasamnings málsaðilja. Beri því þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Þá telur stefndi og að hafa verði það í huga við skýringu á ákvæðum 10. gr. kjarasamningsins, að þau eigi rætur sínar að rekja til eldra ástands og séu miðuð við aðrar aðstæður í fisksölumálum en nú sé búið við. Þá hefur stefndi haldið því fram, að það geti orðið mjög erfitt og jafnvel óframkvæmanlegt að komast að réttri niðurstöðu um það, hvaða sjómenn eigi rétt til uppbótar á afla í hvert sinn, ef úrslit málsins yrðu þau, að sjómenn yrðu taldir eiga rétt til hlutdeildar í styrk þeim, er útvegsmenn fengu. Þá sé einnig á það að líta, að hagnaður hraðfrystihúss K.A.S.K. árið 1965 sé að verulegu leyti fenginn af erlendum verðhækkunum á fiski upp úr áramótum 1964/1965, sem leitt hafi til þess, að birgðir í árslok 1964 hafi selzt mun hærra verði en gert hafi verið ráð fyrir. Hafi þessi þróun haldizt allt til ársins 1967 og geti greiðslur K.A.S.K. til útvegsmanna einstök ár því ekki verið mælikvarði á það, hvað greiða skuli í „arð“ vegna raunverulegrar útkomu á fiski einstök ár.

Loks hefur stefndi haldið því fram, að jafnvel þótt svo yrði dæmt, að sjómenn hefðu átt að fá hlutdeild í þeim greiðslum kaupfélagsins til útgerðarmanna árin 1966—1968, sem um er deilt í máli þessu, þá hafi sá réttur fallið niður vegna tómlætis stefnanda. Útvegsmenn hafi tekið við oftnefndum greiðslum í góðri trú um það, að sjómenn ættu ekki neina hlutdeild í þeim. Eigi sé heldur vitað, að nokkur skipverji á bátum í eigu útgerðarmanna á Hornafirði og Djúpavogi hafi gert fyrirvara um reikningsskil á aflahlut sínum árin 1966 og 1967 og hafi þeim þó verið fullkunnugt

um greiðslur K.A.S.K. Þá bendir stefndi og á það, að formaður Verkalýðsfélagsins Jökuls og annar maður úr stjórn þess hafi verið fulltrúar Hafnardeildar Kaupfélags Austur-Skaftfellinga á þeim aðalfundum, sem ákváðu uppbótargreiðslurnar til útvegsmanna, og þær auk þess verið á almannavitorði þar eystra, þegar eftir aðalfundinn 1966. Samt sem áður hafi verkalýðsfélagið ekki hreyft máli þessu við útgerðarmenn fyrr en 19. desember 1967, er félagið bar fram áðurnefnda umkvörtun sína. Geti það því ekki nú eftir á krafið útgerðarmenn um hlutdeild í oftnefndum arðgreiðslum, sem þeir hafi fyrir löngu ráðstafað til annarra þarfa útgerðarinnar.

Samkvæmt framangreindum ákvörðunum aðalfunda Kaupfélags Austur-Skaftfellinga árin 1966, 1967 og 1968 að greiða arð til „samningsbundinna báta“ af tekjuafgangi næsta árs á undan, skyldi útgerð hvers samningsbundins báts — en útgerð m/b Akureyjar, SF 52, var ein þeirra — fá ákveðinn hundraðshluta í uppbætur á andvirði þess afla, sem lagður hafði verið inn hjá Fiskvinnslustöð K.A.S.K. árið áður. Hefur því eigi verið andmælt af hálfu stefnda, að kaupfélagið hafi innt af hendi þann arð, sem hver aðalfundur ákvað að veita. Verður að telja þessar arðgreiðslur til útvegsmanna, eins og þeim var háttað, beina hækkun á verði því, er áður hafði verið greitt fyrir innlagðan afla.

Með ákvæði 1. mgr. 10. gr. áðurnefnds kjarasamnings, sem gerður var í janúar 1964 og var í gildi á því tímabili, sem til álita kemur í þessu máli, er svo um samið, að skipverjar fái „aldrei lægra“ verð fyrir seldan afla „en útgerðarmaður fær“. Með vísun til þessa afdráttarlausa ákvæðis verður að telja, að skipverjar á m/s Akurey, SF 52, hafi öðlazt rétt til sama hundraðshlutar úr hendi útgerðar m/s Akureyjar, Hauks Runólfssonar h/f, í uppbót á innlagðan aflahlut sinn hjá Fiskvinnslustöð K.A.S.K. og hlutafélagið sjálft fékk samkvæmt ákvörðunum aðalfunda kaupfélagsins nefnd ár. Haggar það eigi þessari réttarstöðu skipverjanna, þótt tilgangur kaupfélagsins með nefndum arðgreiðslum kunni að hafa verið sá einn, að veita eigendum bátanna, ein-

stökum útvegsmönnum eða útgerðarfélögum, beinan fjárstyrk til útgerðar sinnar.

Þá kemur til úlita sú varnarástæða stefnda, að réttur skipverja á m/b Akurey árin 1965, 1966 og 1967 til umdeildra uppbóta á fiskverð það, er þeir fengu, sé — þótt hann kynni að hafa verið fyrir hendi — fallinn niður með fyrirvaralausum kvittunum sjómanna við reikningsskil nefnd ár.

Með hliðsjón af 7. gr. laga nr. 80/1938 verður eigi fallizt á þessa varnarástæðu stefnda.

Að því er varðar tómlæti af hálfu stefnanda um heimtu á framangreindum arðshluta sjómönnum á m/b Akurey til handa, en Verkalýðsfélagið Jökull er réttur fyrirsvarsaðili um það mál, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938, er það fram komið í máli þessu, að formaður Verkalýðsfélagsins Jökuls, Benedikt Þorsteinsson, og stjórnarnefndarmaðurinn Ragnar Snjólfsson, en þeir voru báðir í stjórn félagsins þau ár, sem hér skipta máli, sátu báðir aðalfundi Kaupfélags Austur-Skaftfellinga árin 1966 og 1967 og Benedikt árið 1968 sem fulltrúar Hafnardeildar kaupfélagsins. Vegna þessarar fundarsetu þeirra mátti stjórn Verkalýðsfélagsins Jökuls þegar eftir aðalfundinn 1966 vera kunnugt um 6% arðgreiðslu þá til samningsbundinna báta fyrir árið 1965, sem samþykkt var á nefndum fundi.

Það er af atriði, að eigi sé látið undir höfuð leggjast að kröfur samkvæmt almennum ákvæðum kjarasamninga séu settar fram við vinnuveitendur jafnskjótt og tilefni gefst til, ef stjórn verklýðsfélags telur, að frávik eigi sér stað frá því, að ákvæðum kjarasamninga sé framfylgt, svo vinnuveitendur geti eigi staðið í þeirri trú, að félagið hafi samþykkt frávikið, sbr. niðurlag 7. gr. laga nr. 80/1938. Í máli þessu er ekki komið fram, að Verkalýðsfélagið Jökull hafi hafizt handa um það, að krefja útvegsmenn um mögulega hlutdeild sjómanna í arðsúthlutun þeirri, sem samþykkt var þeim fyrrnefndu til handa 7. júní 1966, fyrr en 17. desember 1967, eða hálfu öðru ári síðar, enda þótt stjórn Jökuls hlyti frá upphafi, eins og á stóð, að hafa vitneskju um arðsúthlutunina. Telur dómurinn, að af þessum ástæðum verði útgerð

m/b Akureyjar, SF 52, eigi nú krafin um greiðslu til sjómanna á nefndu skipi vegna þeirrar arðsúthlutunar Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, sem samþykkt var á aðalfundinum 7. júní 1966.

Að því er varðar arðsúthlutun þá, sem samþykkt var á aðalfundinum 17. júní 1967, þá er það, eins og áður er rakið, að vísu ekki komið fram, að Verkalýðsfélagið Jökull hafi krafizt hlutdeildar skipverja á sama bát í henni fyrr en 17. desember sama ár, en eftir atvikum þykja þó ekki nægar ástæður til þess að sýkna stefnda af kröfu stefnanda vegna tómlætis um heimtu, að því er þá arðsúthlutun varðar. Og árið 1968 var málum svo komið, að stefndi gat eigi verið í vafa um það, að stefnandi mundi krefjast hlutdeildar í þeim arði, sem aðalfundur kaupfélagsins 1968 ákvað að veita „samningsbundnum bátum".

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að viðurkenndur er réttur skipverja á m/b Akurey, SF 52, til 8% fiskverðshækkunar á aflainnlegg þeirra hjá Fiskvinnslustöð Kaupfélags Austur-Skaftfellinga árið 1966 og 5% fiskverðshækkun á aflainnlegg þeirra hjá sömu fiskvinnslustöð árið 1967.

Eftir atvikum og málavöxtum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Dómsorð:

Skipverjar á m/b Akurey, SF 52, eign Hauks Runólfssonar h/f, eiga rétt á 8% hækkun á verði á þeim fiskafla af nefndu skipi, er kom í þeirra hlut og lagður var inn hjá Fiskvinnslustöð Kaupfélags Austur-Skaftfellinga árið 1966 og 5% hækkunar á þeim afla þeirra á sama skipi, er lagður var inn hjá sömu stöð árið 1967.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 2. apríl 1969.

Nr. 3/1969. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jón Þorsteinsson hdl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Ragnar Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Einar B. Guðmundsson og Bjarni Sigurðsson.

Frávísunarkröfu hrundið. Sératkvæði.

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu útgefinni 5. f. m.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að dæmt verði, að ákvörðun stefnda frá 27. febrúar þ. á., þess efnis, að laun ríkisstarfsmanna, gjaldkræf í marzbyrjun 1969, yrðu greidd með þeirri verðlagsuppbót, er gilti fyrir febrúarmánuð 1969, hafi verið ólögleg eins og á stóð.
2. að stefndi verði dæmdur til að greiða verðlagsuppbót á laun ríkisstarfsmanna fyrir marzmánuð 1969 miðað við vísitölu 1. febrúar 1969.
3. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda.

Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Frávísunarkrafa stefnda hefur samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 verið tekin til meðferðar sérstaklega og var munnlegur málflutningur um hana 20. f. m.

Málavextir eru þessir:

Með dómi Kjaradóms 21. júní 1968 var ákveðið, að ríkis-

starfsmenn þeir, sem nefndur dómur tekur til, skyldu fá verðlagsuppbót og kveður 2. gr. dómsins nánar á um það, á hvaða laun verðlagsuppbót skuli greidd. Í 4. gr. dómsins segir, að Kauplagsnefnd skuli hinn 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember 1968 og 1. febrúar 1969 reikna þá hækkun, sem hlutfallslega hafi orðið á framfærslukostnaði í Reykjavík frá 1. nóvember 1967.

Þá geymir nefnd 4. gr. enn fremur svohljóðandi ákvæði:

„Frá vísitölunni, eins og hún er hverju sinni samkvæmt þessum útreikningi nefndarinnar, dregur hún 2.34 prósentustig og fæst þá hundraðshluti þeirrar verðlagsuppbótar, er greidd skal á laun frá 1. degi næsta mánaðar á eftir, í samræmi við ákvæði 2. gr. Verðlagsuppbótin reiknast með tveimur aukastöfum“.

Í 6. gr. dómsins segir, að hann gildi frá 1. apríl 1968 og til sama tíma og dómur Kjaradóms frá 30. nóvember 1967, eða til 31. desember 1969.

Hinn 14. febrúar s.l. hafði Kauplagsnefnd eigi enn birt, hver verðlagsuppbótin yrði fyrir tímabilið 1. marz til 31. maí 1969. Þann dag fór stefndi þess á leit við stefnanda, að teknir yrðu upp samningar um endurskoðun dóms Kjaradóms frá 21. júní 1968 á grundvelli ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Stefnandi hafnaði þeim tilmælum stefnda 17. febrúar s.l. með þeim rökum, að lagaheimild skorti þá til viðræðna á grundvelli nefnds ákvæðis laga nr. 55/1962. Hinn 24. febrúar s.l. áréttaði stefndi bréflega áðurgreind tilmæli sín um endurskoðun dóms Kjaradóms frá 21. júní 1968. Vitnar stefndi þar svo sem segir í bréfinu „til þeirrar grundvallarreglu laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að kjör þeirra skuli ráðast af kjörum launþega, sem vinna sambærileg störf hjá öðrum en ríki og sveitarfélögum, sbr. 20. gr. laganna“.

Enn segir svo í bréfi stefnda:

„Ráðuneytið vitnar einnig til þess, að samningum þeim á almennum vinnumarkaði, sem voru forsenda og viðmiðun í niðurstöðu Kjaradóms frá 21. júní 1968, hefur nú öllum verið sagt upp og falla þeir úr gildi frá og með 1. marz n.

k.". Í bréfi þessu tekur stefndi upp ýmsar fleiri ástæður fyrir þeirri afstöðu sinni, að fullnægt sé skilyrðum 1. málsliðar 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55/1962 til endurskoðunar kjarasamninga án uppsagnar og telur að auki „brostnar forsendur fyrir framkvæmd gildandi kjaradóms að því er varðar verðlagsuppbætur".

Loks fer stefndi í oftnefndu bréfi þess á leit við stefnanda, að hann samþykki, að greiðsla verðlagsuppbótar verði frá og með 1. marz s.l. hin sama og var 1. febrúar, þar til fengin sé endanleg niðurstaða um verðlagsuppbótina.

Stefnandi svaraði þessu bréfi stefnda 25. s. m. og segir þar m. a., að bandalagsstjórnin ítreki þá afstöðu sína, að lagaheimild skorti til endurskoðunar kjaradóms, þar sem engar kaupbreytingar hafi orðið á almennum vinnumarkaði og geti hún því eigi gengið til samningsviðræðna um endurskoðun og þá ekki heldur fallizt á, að semja um frávik frá greiðslu verðlagsuppbótar 1. marz, sem sé ótvírætt ákveðin í 4. gr. dóms Kjaradóms frá 21. júní 1968.

Hinn 27. febrúar s.l. ritar stefndi enn bréf til stefnanda. Í því segir m. a. svo:

„Sá ágreiningur, sem nú er risinn milli fjármálaráðuneytisins og BSRB snýst um tvö atriði.

1. Hvort skilyrðum 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55/1962 til endurskoðunar dóms Kjaradóms án uppsagnar sé fullnægt.

2. Hvort heimilt sé að greiða verðlagsuppbót febrúarmánaðar á marzlaun, þrátt fyrir ákvæði dóms Kjaradóms frá 21. júní 1968".

Um fyrra atriðið segir stefndi, að því máli hafi þann dag verið vísað til sáttasemjara ríkisins, og verði það látið ganga áfram til Kjaradóms, telji sáttasemjari viðræður tilgangslausar.

Að því er síðara aðriðið varðar, ítrekar stefndi skoðun þá, er hann setti fram í áðurnefndu bréfi sínu 24. febrúar s.l., að það sé grundvallarregla í lögum um kjarasamninga ríkisstarfsmanna, að kjör þeirra skuli vera sambærileg við aðrar stéttir og að greiðsla verðlagsuppbótar á laun samkvæmt beinum ákvæðum dóms Kjaradóms mundi því veita opinberum starfsmönnum kjarabætur, sem engir launþegar í

landinu nytu að svo stöddu án nýrra samninga. Bryti því framkvæmd ákvæða kjaradóms að þessu í bága við grundvallarstefnu laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þá heldur stefndi því og fram í nefndu bréfi, að honum sé ekki skylt að greiða verðlagsuppbót á laun ríkisstarfsmanna fyrirfram. Lýsir hann því yfir í lok bréfsins, að með skírskotun til þess, sem að framan sé rakið, verði laun gjaldkræf í byrjun marzmánaðar greidd með þeirri verðlagsuppbót, sem gilti fyrir febrúar.

Gaf stefndi út almenna fréttatilkynningu hinn 27. febrúar s.l., þar sem þessari afstöðu hans er lýst.

Á fundi stjórnar stefnanda hinn 1. marz var samþykkt með öllum atkvæðum ályktun þess efnis, að mótmælt væri „laga og samningsbrotum, sem átt hafa sér stað með niðurfellingu á hækkun verðlagsbóta til opinberra starfsmanna 1. marz, þvert ofan í skýr ákvæði í dómi Kjaradóms 21. júní 1968 um, að verðlagsuppbót skuli reikna út í febrúarmánuði og greiða 1. marz“. Þá segir enn fremur svo í ályktun þessari:

„Lögum samkvæmt ber að framkvæma ákvæði þessa dóms (þ. e. Kjaradóms) þangað til nýr samningur hefur verið gerður eða nýr kjaradómsúrskurður liggur fyrir“.

Þar sem samkomulag náðist eigi um það, hvaða verðlagsuppbót skyldi greiða hinn 1. marz s.l., gekk málið til sáttasemjara og sáttanefndar, sem skipuð var sérstaklega, og vísaði hún málinu, að lokinni árangurslausri sáttatilraun, til Kjaradóms hinn 4. marz samkvæmt 3. mgr. 14. gr., sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55/1962. Hefur Kjaradómur nú tekið málið til meðferðar.

Stefndi styður kröfu sína um frávísun þeim rökum, að höfuðágreiningsefni máls þessa sé, hvort fullnægt sé skilyrðum 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55/1962 til endurskoðunar og breytinga, miðað við 1. marz 1969, á ákvæðum dóms Kjaradóms frá 21. júní 1968 um greiðslu verðlagsuppbótar á laun ríkisstarfsmanna. Hér sé því um kjaraágreining að ræða. Úr þessum ágreiningi eigi Kjaradómur að skera, en ekki Félagsdómur. Hafi ágreiningi þessum þegar verið skotið til Kjaradóms. Fyrr en sá dómur hafi kveðið upp úrskurð sinn, viti enginn, hvaða verðlagsuppbót beri að greiða ríkis-

starfsmönnum frá og með 1. marz s.l. Geti því vísitöluuppbót, sem ekki sé enn búið að ákveða, eigi verið gjaldkræf. Í afstöðu stefnda til þessa ágreiningsatriðis málsaðilja felist eigi heldur það, að skyldu til greiðslu marzverðlagsuppbótar sé hafnað af hans hálfu, heldur einungis, að ákvörðun um greiðslu bíði úrslita Kjaradóms. Þá sé hvorki í dómi Kjaradóms né kjarasamningalögunum kveðið á um það, hvenær starfslaun skuli greidd, og eigi það jafnt við um launin sjálf og verðlagsuppbætur. Ágreiningur um þetta efni varði því hvorki skilning á dómi Kjaradóms né kjarasamningalögunum og falli því ekki undir Félagsdóm til úrskurðar. Beri því af þessum ástæðum öllum að vísa báðum dómkröfum stefnanda, eins og þeim sé háttað, frá Félagsdómi.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt frávísunarkröfu stefnda og krafizt þess, að henni verði hrundið. Er afstaða hans til málsins sú, að stefndi hafi, með því að greiða ekki þeim ríkisstarfsmönnum, sem dómur Kjaradóms frá 21. júní 1968 tekur til, verðlagsuppbót, bæði gerzt brotlegur við almenn ákvæði laga nr. 55/1962 og jafnframt gengið gegn beinum skyldum sínum samkvæmt ákvæðum nefnds dóms. Stefnda hafi borið að fylgja ákvæðum oftnefnds dóms frá 21. júní 1968, þar til Kjaradómur hafi ákveðið annað, og skipti það eigi máli í þessu sambandi, þótt því hafi verið skotið til úrskurðar Kjaradóms, hvort efnisástæður séu fyrir hendi til breytinga á ákvæðum framangreinds dóms Kjaradóms. Hér sé þannig um að ræða ágreining um skyldur stefnda samkvæmt lögum nr. 55/1962 og dómi Kjaradóms frá 21. júní 1968, en um þann ágreining eigi Félagsdómur úrskurðarvald.

Af því, sem að framan er rakið, er ljóst, að aðilja greinir á um skyldur stefnda og réttindi stefnanda samkvæmt oftnefndum dómi Kjaradóms frá 21. júní 1968 á tímabili því, er kann að líða frá 1. marz s.l. og þar til Kjaradómur hefur afgreitt það kjaramál, sem til hans var skotið 4. marz s.l., en báðar dómkröfur stefnanda lúta að þessu efni. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1962 dæmir Félagsdómur í málum, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á nefndum lögum og ágreiningi um skilning á kjarasamningi og gildi

hans, sbr. hér 3. mgr. 21. gr. sömu laga. Skiptir það eigi máli við úrlausn um frávísunarkröfu stefnda, eins og atvikum máls þessa er háttað, þótt skotið hafi verið til Kjaradóms kröfu stefnda um það, að sá dómur tæki til endurskoðunar ákvæði dómsins frá 21. júní 1968 um verðlagsvísitölu á laun starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt þessu verður krafa stefnda um vísun máls þessa frá Félagsdómi eigi tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað við efnisúrlausn í máli þessu.

Ályktunarorð:

Frávísunarkrafa stefnda er eigi tekin til greina.

Sératkvæði Einars B. Guðmundssonar.

Með bréfi Fjármálaráðuneytisins 24. febrúar 1969 til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja lýsti ráðuneytið því, að það teldi, að fullnægt væri skilyrðum 7. gr. laga nr. 55/1962, til endurskoðunar kjarasamnings við bandalagið án uppsagnar. Beindi ráðuneytið þeirri kröfu til B.S.R.B., að ákvæðin um greiðslu verðlagsuppbótar á laun frá og með 1. marz 1969 yrðu tekin til endurskoðunar. Jafnframt fór ráðuneytið þess á leit, að samningsviðræður um þá kröfu hæfust án tafar.

Þessu bréfi svaraði B.S.R.B. 25. febrúar og taldi sér ekki fært að verða við tilmælum ráðuneytisins.

Hinn 27. febrúar 1969 sendi Fjármálaráðuneytið málið til sáttasemjara ríkisins. Fór ráðuneytið þess á leit, að hann tæki málið þegar upp til sáttaumleitana, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 55/1962. Lýkur bréfi ráðuneytisins með þessum orðum:

„Ráðuneytið leggur jafnframt áherzlu á, að málið verði án tafar sent Kjaradómi til meðferðar, ef þér teljið sáttaumleitanir tilgangslausar“.

Hinn 28. febrúar skipaði félagsmálaráðuneytið sérstaka sáttanefnd til að fara með mál þetta, ásamt fleiri málum.

Sáttatilraunir reyndust árangurslausar og vísaði því sáttanefndin, hinn 4. marz 1969, málinu til Kjaradóms, samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga nr. 55/1962.

Þar sem málið þannig sætir meðferð hjá Kjaradómi og Félagsdómi samtímis, þykir rétt, með skírskotun til niðurlagsákvæðis 117. gr. laga nr. 85/1936, að fresta meðferð málsins fyrir Félagsdómi þar til það hefur hlotið endanlega afgreiðslu í Kjaradómi.

Ályktunarorð:
Meðferð máls þessa fyrir Félagsdómi er frestað.

Úrskurður Félagsdóms í máli þessu var kærður til Hæstaréttar og staðfestur þar. Sjá Hrd. XL, bls. 570.

Fimmtudaginn 8. maí 1969.

Nr. 2/1969. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jón Þorsteinsson hdl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Einar Arnalds, Ragnar Jónsson, Einar B. Guðmundsson og Guðjón B. Baldvinsson.

Skýrð ákvæði dóms Kjaradóms um greiðslur fyrir yfirvinnu og vegna óþægilegs vinnutíma. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, dags. 11. febrúar þ. á. Eru dómkröfur stefnanda þær:

1. að dæmdur verði ógildur úrskurður fjármálaráðuneytisins frá 27. desember 1967 um 25% álag fyrir „óþægilegan vinnutíma".
2. að dæmt verði, að ríkisstarfsmenn, er lúta ákvæðum dóms Kjaradóms og eigi hafi verið samið um annað sérstaklega, aðrir en vinnuvökumenn, eigi rétt til yfirvinnukaups samkvæmt ákvæðum 8. gr. dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1967 fyrir þær klukkustundir hins fasta vikulega vinnutíma, sem falla utan dagvinnutíma þeirra samkvæmt ákvæðum 1.—4. tl. 2. gr. nefnds dóms Kjaradóms.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt 2. gr. dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1967 skulu þeir ríkisstarfsmenn, sem nefndur dómur tekur til, leysa af hendi daglega vinnuskyldu sína á tímabilinu frá kl. 0800—1700 eða kl. 0900—1700 aðra virka daga en laugardaga, en síðastnefnda daga kl. 0800—1200 eða 0900—1200. Þá segir enn fremur í nefndri 2. grein, að heimilt sé að haga vinnudegi með öðrum hætti, ef aðiljar séu sammála um það.

Í 7. gr. nefnds Kjaradóms segir, að yfirvinna teljist hver sú vinna, sem fari fram yfir tilskilinn dagvinnutíma eða vinnuvöku, og í 8. gr. eru fyrirmæli um það, að greiða skuli yfirvinnu með álagi á venjulegt dagvinnukaup.

Nú er störfum ýmissa ríkisstarfsmanna, einkum kennara og póstmanna, að því er talið er, svo háttað, að þeir verða að inna daglega vinnuskyldu sína af hendi á öðrum tíma dags en þeim, sem ákveðinn er í fyrrnefndri 2. gr. dóms Kjaradóms. Um álag eða aukagreiðslur fyrir vinnu þessa liggur það fyrir, að kennarar í barna- og gagnfræðastigsskólum hafi allt til 1. júlí 1968 fengið álag á kaup sitt, er svari til mismunar á yfirvinnu- og dagvinnukaupi, 50% eða 90%, en eigi er fram komið, að föst regla hafi gilt um slíkar álagsgreiðslur til kennara á öðrum stigum skólakerfisins og jafnvel talið, að í ýmsum skólum, t. d. menntaskólum, hafi þær engar verið. Að því er varðar aðra ríkisstarfsmenn, er svo stóð á um, að þeir þurftu að inna vinnuskyldu sína af hendi utan dagvinnutímabils, þá virðist engin föst regla hafa gilt um greiðsluálag til þessara manna, og það jafnvel verið mismunandi hjá hinum ýmsu ríkisstofnunum.

Hinn 27. desember 1967 gaf fjármálaráðuneytið út bréf um breytingar á reglum um vinnutíma, yfirvinnu og starfsaldur opinberra starfsmanna samkvæmt dómi Kjaradóms frá 30. nóvember 1967. Jafnframt voru í bréfi þessu fyrirmæli um framkvæmd á dómsorðum nefnds kjaradóms, skilgreining ráðuneytisins á „vaktavinnu“ og úrskurður um álag

vegna vinnu á „óþægilegum“ vinnutíma. Um síðastnefnda atriðið segir svo í greindu bréfi:

„Ráðuneytið hefur ákveðið, að þeir starfsmenn, er leysa af hendi hluta af vinnuskyldu sinni utan takmarka daglegs vinnutíma, skuli fá greitt 25% álag fyrir þann tíma, er fellur utan dagvinnutímans. Nefnt álag skal reikna á sama hátt og vaktaálag er reiknað. Regla þessi gildir ekki um starfsmenn þá, er vaktir ganga, vinna óreglulegan vinnutíma eða eru ráðnir til vörzlustarfa á kvöldum eða nóttum“.

Loks segir í nefndu bréfi, að kjör þeirra, sem nú vinna „óþægilegan vinnutíma“, skuli færð til samræmis við framanskráðar reglur fyrir 1. júlí 1968. Varð svo í framkvæmd, og hefur við það staðið frá þeim tíma.

Áður en fjármálaráðuneytið setti reglur þessar, höfðu farið fram viðræður milli þess og B.S.R.B. um sérstakar greiðslur til ríkisstarfsmanna fyrir „óþægilegan vinnutíma“, eins og ráðuneytið nefnir þessi tilvik, en þær viðræður leiddu eigi til samkomulags.

Viðhorf stefnanda.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á þeim rökum, að samkvæmt framangreindum ákvæðum 2. gr. dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1967 skuli vinnuskylda ríkisstarfsmanna leyst af hendi á þar tilgreindum tíma dags. Nú sé því hins vegar svo háttað, að ýmsir þeirra eigi þess ekki kost, vegna aðstæðna í stofnunum þeim, er þeir starfa við, að inna vinnuskyldu sína af hendi á þeim tíma, er í nefndum dómi greinir. Kveður stefnandi, að það séu sérstaklega kennarar, sem hér eiga hlut að máli, vegna tví eða jafnvel þrísetningar í skólum sökum skorts á húsnæði. Þá kveður stefnandi, að frávik frá því að vinnuskylda verði leyst af hendi á þeim tímum, sem dómur Kjaradóms kveði á um, eigi einnig að einhverju leyti við um póstmenn og ýmsa aðra starfsmenn ríkisins. Fyrir þessi frávik hljóti þeir að eiga rétt til sérstakrar greiðslu, enda hafi þeir fengið hana. Þannig hafi það verið svo í framkvæmd, að frá því að sett var erindisbréf til kennara í barna- og gagnfræðastigsskólum árið 1962, hafi þeirri reglu verið fylgt, að þeim kennurum væri greitt álag fyrir „óþægilegan vinnutíma“, er svarað hafi til mismunar

á yfirvinnukaupi og dagvinnukaupi, en síðarnefnda kaupið hafi verið fundið út samkvæmt þeirri reglu, er nú felist í 3. mgr. 8. gr. dóms Kjaradóms, að deila með ákveðinni tölu í föst mánaðarlaun. Hafi þetta álag numið 50% miðað við dagvinnukaup fyrir kennslu á tímabilinu frá kl. 1600—1800 og kl. 1200—1300, en eftir kl. 1800 og eftir hádegi á laugardögum hafi álagið verið 90%. Hafi þessi greiðsluháttur staðið óbreyttur til upphafs skólaársins 1968/1969, er stefndi hafi tekið að beita framangreindum ákvæðum bréfs síns frá 27. desember 1967 um 25% álag fyrir „óþægilegan vinnutíma".

Stefnandi vísar til þess, að ákvæði dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1967 séu skýr um það, á hvaða tímabili dags ríkisstarfsmenn skuli skila vinnuframlagi því, er þeir þiggja föst laun fyrir. Sé vinnutilhögun hins vegar sú, að þeir eigi þess ekki kost að skila vikulegum vinnutíma innan marka hins ákveðna daglega vinnutíma, sé það ekki þeirra sök, heldur hins opinbera. Af því leiði, að fari vinna þeirra fram eftir lok dagvinnutímabils, eigi þeir að fá yfirvinnukaup fyrir þann tíma. Þeir hafi að vísu sætt sig við lægra álag til 1. júlí 1968, svo sem hann hafi rakið, en hins vegar vilji þeir með engu móti sætta sig við hina einhliða ákvörðun stefnda frá 27. desember 1967. Það sé Kjaradómur, sem skera eigi hér úr um vinnutíma og laun. Lausn hans sé fólgin í dóminum frá 30. nóvember 1967 og bjóði ákvæði hans ekki upp á aðra úrlausn um laun fyrir hina umdeildu vinnu, en að hún sé goldin með yfirvinnukaupi samkvæmt 8. gr. dómsins. Í því sambandi bendir hann á, að í meðferð þess kjaramáls, er lauk með nefndum dómi, hafi stefndi haft uppi kröfu um það, að dómurinn ákvæði 20% álag fyrir „óþægilegan vinnutíma", og hafi þá verið átt við þá vinnu, sem hér sé deilt um. Þessa kröfu hafi Kjaradómur eigi tekið til greina. Hafi stefndi því eigi haft neina heimild til þeirrar ákvörðunar sinnar að greiða nefnda vinnu með 25% álagi og með henni brotið gegn ákvæðum laga nr. 55/1962, einkum 5. gr., sbr. 3. mgr. 21. gr. sömu laga.

Enn bendir stefnandi dómkröfum sínum til stuðnings á það, að samkvæmt 2. mgr. 4. gr. núgildandi dóms Kjaradóms eigi kennari, sem þarf að vinna utan daglegs vinnu-

tíma að félagsmálum nemenda, að fá yfirvinnugreiðslu fyrir þann tíma. Styrki þetta ákvæði meðal annarra ákvæða dómsins þá kröfu sína, að greiða skuli fullt yfirvinnukaup fyrir margnefnda vinnuskyldu, er leyst er af hendi utan daglegs starfstíma.

Sjónarmið stefnda.

Stefndi hefur eindregið mótmælt kröfum stefnanda. Neitar hann því, að skylt sé að greiða með yfirvinnukaupi samkv. 8. gr. dóms Kjaradóms þá skylduvinnu ríkisstarfsmanns, er hann verður að inna af hendi utan daglegs starfstíma, eins og hann sé ákveðinn af Kjaradómi. Bendir hann á, að í almennu yfirvinnuálagi felist borgun fyrir tvennt, í fyrsta lagi hið aukna erfiði, sem starfsmaðurinn leggur á sig með því að skila fleiri vinnustundum á viku en fasti vinnutíminn segi til um, og í öðru lagi sé yfirvinnugreiðsla þóknun fyrir vinnustund á óþægilegum tíma sólarhrings. Um þá vinnu, er deilt sé um í máli þessu, komi aðeins síðara atriðið til greina. Orða mætti það, að beita ætti 33% vaktaálagsreglum 10. gr. dóms Kjaradóms, en hins vegar sé á það að líta, að það álag sé jafnaðargreiðsla fyrir þau óþægindi, sem því fylgi að þurfa að skila vinnustundum á kvöldin, um nætur og á helgidögum, enda sé þetta álag aðeins greitt fyrir þær stundir hins fasta vikulega vinnustundafjölda, er til falli utan dagvinnumarkanna og frábrugðið vinnu þeirri, sem um sé deilt í máli þessu, því að hún sé hvorki leyst af hendi að nóttu til né á helgidögum. Hljóti álag fyrir hana því að vera nokkru lægra en hið venjulega vaktavinnuálag. Þá mótmælir stefndi því, að skylda hans til að greiða fullt yfirvinnukaup fyrir umdeilda vinnu verði að neinu leyti byggð á því, að Kjaradómur hafi eigi tekið til greina kröfur stefnda um þetta efni í dómi sínum 30. nóvember 1967. Bendir hann í því sambandi á það, að stefnandi hafi einmitt fyrir Kjaradómi í 11. gr. krafna sinna krafizt 33% álags á þá vinnu, er um sé deilt í máli þessu. Kjaradómur hafi hins vegar ekki sinnt þeirri kröfu. Séu því ekki í dómi Kjaradóms nein ákvæði um hana og hafi fjármálaráðuneytið því eigi á neinn hátt brotið settar reglur eða fyrirmæli laga eða tekið sér vald, er það ekki hefur, með þeirri ákvörðun sinni 27. desember

1967, að umrædd vinna skyldi greidd með 25% álagi. Hér hafi aðeins verið um nauðsynlega samræmingu að ræða, þar sem mismunandi reglum hafi verið beitt í þessum efnum hjá hinum ýmsu ríkisstofnunum, en að sjálfsögðu sé stefnanda rétt að bera það undir Félagsdóm, eins og hann hafi gert, hvort nefnd ákvörðun stefnanda samrýmist ákvæðum dóms Kjaradóms. Þá mótmælir stefndi því einnig, að stefnandi geti sótt nokkurn stuðning við 2. lið dómkrafna sinna í ákvæði 2. mgr. 4. gr. dóms Kjaradóms, þar sem segi, að greiða skuli sem yfirvinnu, ef kennari vinnur að félagsmálum nemenda utan daglegs starfstíma, því að ljóst sé, að hér sé átt við vinnustundir umfram kennsluskyldu.

Afstaða dómsins.

Með dómi Kjaradóms 30. nóvember 1967 er kveðið á um það í 2. gr. á hvaða tíma dags hve vinnuvika skuli unnin hjá hinum ýmsu starfshópum, er hafa mismunandi langa vinnuviku, hvað stundafjölda varðar. Meðal annars segir í 4. tl. 1. mgr. nefndrar greinar, að vikulega kennsluskyldu kennara skuli inna af höndum á tímabilinu kl. 0800—1700 með matartíma alla virka daga nema laugardaga, þá kl. 0800—1200. Eru ákvæði erindisbréfsins frá 1. júní 1962 um daglegan starfstíma þá fallin úr gildi. Um yfirvinnu gildir enn, samkvæmt 1. mgr. 7. gr. dómsins, sú aðalregla, að yfirvinna telst hver sú vinna, sem fer fram yfir tilskilinn dagvinnutíma eða vinnuvöku.

Af kröfugerð aðilja í kjaradómsmáli því, er leiddi til nefnds dóms, er ljóst, að þá hefur komið til beinna álita það atriði, hvernig fara ætti um álag á kaup, ef starfsmaður þyrfti að leysa af hendi hluta af daglegri vinnuskyldu sinni utan þess daglega vinnutíma, sem ákveðinn er í 2. gr. dómsins. Er af hálfu ríkissjóðs sett svohljóðandi ákvæði í 11. gr. krafna hans fyrir dóminum:

„Þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum, skulu fá vaktaálag skv. 1. gr. fyrir þær stundir, er unnar eru utan venjulegs dagvinnutíma. Aðrir starfsmenn, er leysa af hendi hluta af vinnuskyldu sinni utan takmarka daglegs vinnutíma, fá með sama hætti greitt álag vegna óþægilegs vinnutíma samkvæmt 1. gr. . . .“.

En í 1. gr. kröfugerðar ríkissjóðs, sem hér er vísað til, er gert ráð fyrir, hvað þetta álag sé í krónutölu á hverja klst. í hverjum launaflokki, og svarar það til 20% álags á dagvinnutímakaupið.

Af hálfu B.S.R.B. eru einnig settar fram kröfur um þetta atriði. Í 7. mgr. 7. gr. kröfugerðar þess er höfð uppi krafa um sérreglu fyrir kennara svohljóðandi:

„Greiða skal með fullu yfirvinnukaupi allar kennslustundir, sem falla utan dagvinnutíma skólans, þar með taldir matartímar".

Og í 11. gr. kröfugerðar sama aðila er sett fram almenn krafa um þetta atriði, er hljóðar svo:

„Þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum svo og þeir, sem vinna eingöngu eða einhvern hluta starfs síns utan daglegs vinnutíma, sem tilgreindur er í 1. og 2. tl. 2. gr. (þ. e. krafna B.S.R.B), skulu fá 33% álag á þann hluta launa, sem greiddur er fyrir unnin störf á þeim tíma, er fellur utan venjulegs dagvinnutíma ...".

Í dómi Kjaradóms frá 30. nóvember 1967 eru eigi tekin upp nein almenn ákvæði um greiðslu fyrir vinnu, sem innt er af hendi utan venjulegs dagvinnutíma, hvorki að því er kennara eða aðra starfsmenn varðar, þegar sú vinna er hluti af daglegri vinnuskyldu starfsmannsins. Hins vegar er í 2. mgr. 10. gr. dómsins sérregla um það, að þeir, sem vinna á vinnuvökum, skuli fá 33% álag á þann hluta launa, sem greiddur er fyrir unnin störf á þeim tíma, er fellur utan venjulegs dagvinnutíma, og í síðustu málsgrein 7. gr. er sérregla, sem segir, að greiða skuli hluta af kennslustund, er gengur yfir á eftirvinnutímabil þannig, að hverjar 5 mínútur unnar í yfirvinnu greiðist eftir því sem við á með ⅛ eða ⅑ hluta launa fyrir kennslustund.

Þegar framangreind atriði eru virt og jafnframt litið í heild á ákvæði dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1967, verður eigi talið, að þeir ríkisstarfsmenn, sem nefndur dómur tekur til, eigi rétt til yfirvinnukaups samkvæmt 7. og 8. gr. dómsins fyrir þær klukkustundir hins fasta vikulega vinnutíma, sem falla utan dagvinnutíma þeirra samkvæmt ákvæð-

um 1.—4. tl. 2. gr. oftnefnds dóms. Verður 2. liður dómkrafna stefnanda í máli þessu því eigi tekinn til greina.

Með vísun til framangreindrar málsmeðferðar fyrir Kjaradómi árið 1967 og annarra þeirra atriða, er fram hafa komið í máli þessu, verður eigi talið, að ákvæði 2. mgr. 10. gr. framangreinds dóms Kjaradóms um 33% álag til þeirra, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum, verði skýrt á þá lund, að stefnda sé skylt að greiða nefnt vökuálag fyrir vinnustundir, sem falla utan daglegs vinnutíma, er svo stendur á, að starfsmaður hefur þá eigi enn lokið dagvinnuskyldu sinni. Almennri greiðsluskyldu um tiltekið og ákveðið álag fyrir margnefndar vinnustundir verður eigi heldur fundinn staður í öðrum ákvæðum dóms Kjaradóms. Er það eigi á valdi Félagsdóms að kveða á um tiltekna greiðslu í slíkum tilvikum, sbr. 5. gr. og 21. gr. laga nr. 55/1962, er leggur ákvörðunarvald í þessum efnum í hendur Kjaradóms, þegar eigi nást kjarasamningar milli þeirra aðilja, er þar eiga hlut að máli. Hin einhliða ákvörðun stefnda frá 27. desember 1967, um 25% álag fyrir „óþægilegan vinnutíma“ til starfsmanna, er leysa af hendi hluta af vinnuskyldu sinni utan takmarka daglegs vinnutíma, og sem hann tók að undangengnum árangurslausum samningatilraunum við stefnanda, verður þannig eigi talin andstæð ákvæðum framangreinds dóms Kjaradóms eða skyldum stefnda samkvæmt þeim dómi. Verður 1. liður dómkrafna stefnanda því eigi heldur tekinn til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Guðjóns B. Baldvinssonar.

Hin einhliða ákvörðun stefnda frá 27. desember 1967, um 25% álag fyrir „óþægilegan vinnutíma, hefur í framkvæmd náð til fjölmenns hóps starfsmanna, sem áður naut sérstakra kjara um laun fyrir þann hluta af vinnuskyldu sinni, er leystur var af hendi utan takmarka daglegs vinnutíma.

Ljóst er af málsskjölum og málflutningi í máli þessu, að stefndi hefur eigi leitað úrlausnar á ágreiningsefninu í samræmi við ákvæði laga nr. 55/1962. En telja verður, að rísi ágreiningur milli samningsaðila um kjaraatriði, slík sem tilgreind eru í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1962 og eigi eru ákvæði um í kjarasamningi eða dómum Kjaradóms, þá beri að fara eftir ákvæðum téðra laga við úrlausn hans. Verður því að taka til greina 1. lið dómkrafna stefnanda og kemur því þegar af þeirri ástæðu eigi til álita 2. liður dómkrafna hans, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Úrskurður fjármálaráðuneytisins frá 27. desember 1967 um 25% álag fyrir óþægilegan vinnutíma skal vera ógildur.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 24. nóvember 1969.

Nr. 6/1968. **Flugvirkjafélag Íslands**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Flugfélags Íslands h/f
(Einar Árnason hdl.)
Verkamannafélaginu Dagsbrún vegna Baldurs Jóhannssonar, Garðars Guðmundssonar, Ingólfs Magnússonar, Páli Jónssyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
Aðalsteini Jónssyni, Karli Þorkelssyni og Sigurði P. Sigurjónssyni
(Árni Stefánsson hrl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Gunnar Björnsson og Sturla Sæmundsson.

Iðnaður. Dæmt um mörk milli starfs faglærðra iðnaðarmanna og ófaglærðra manna og mörk milli starfsgreina fagmanna. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 14. nóvember 1968, af Flugvirkjafélagi Íslands gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Flugfélags Íslands h/f, Verkamannafélaginu Dagsbrún vegna Baldurs Jóhannssonar, Garðars Guðmundssonar, Ingólfs Magnússon, Páli Jónssyni, Aðalsteini Jónssyni, Karli Þorkelssyni og Sigurði P. Sigurjónssyni.

Mál þetta er rekið fyrir Félagsdómi samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 70/1954, og er af hálfu stefnanda krafizt dóms um það, að eftirfarandi starfsemi, sem nú sé innt af hendi hjá Flugfélagi Íslands h/f af öðrum en flugvirkjum, falli undir flugvirkjaiðn:

1. Viðhald og viðgerðir á stólum í flugvélum, áklæði þeirra, öryggisbeltum og öðrum búnaði, einnig viðhald á

innri klæðningu og innréttingu flugvéla, er Baldur Jóhannsson sér um og framkvæmir.

2. Viðhald, eftirlit og viðgerðir á öryggistækjum, svo sem björgunarbátum, björgunarvestum, neyðarskoti, neyðarljósum og blysabyssum, einnig umsjón með sjúkrakössum flugvéla og súrefnisgrímum, er Garðar Guðmundsson sér um og framkvæmir,

3. Málningarvinna og tæringarvörn á flugvélum og flugvélarhlutum, þar með talin málun á einkennismerkjum og leiðbeiningum, er Páll Jónsson sér um og framkvæmir með aðstoð Ingólfs Magnússonar og einnig með aðstoð hlaðmanna, þegar um stór verkefni er að ræða.

4. Störf í „Radiodeild F. Í.", en deild þessi sér um og framkvæmir viðhald, eftirlit og viðgerðir á talstöðvum og siglingatækjum svo og lorantækjum, ratsjá og sjálfstýrisbúnaði, að svo miklu leyti sem þar er um rafeindatæki að ræða. Fastráðnir starfsmenn deildarinnar eru: Aðalsteinn Jónsson, Karl Þorkelsson og Sigurður P. Sigurjónsson, en auk þeirra vinnur þar stundum einn lausráðinn maður.

5. Losun og ífesting á stólum og skilrúmum í flugvélum, umsjón með hemlabrýstingi og hemlum, þegar flugvélar eru dregnar, tenging hlaðrafstöðvar við rafkerfi flugvéla og ásetning og fjarlæging öryggislása á hjólabúnaði flugvéla og hlífum og loftinntök, en þau störf vinna hlaðmenn.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að öll þau störf, sem talin eru upp undir töluliðum 1—5, falli undir iðn flugvirkja. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu eftir mati dómsins.

Stefndi Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Flugfélags Íslands h/f krefst algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún, sem er aðili í máli þessu vegna framangreindra verkamanna, Baldurs Jóhannssonar, Garðars Guðmundssonar og Ingólfs Magnússonar og vegna félagsmanna Dagsbrúnar almennt, krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefndi Páll Jónsson, sem er ófélagsbundinn, en hefur

sveinsbréf í bílamálun, krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Stefndu Aðalsteinn Jónsson, Karl Þorkelsson og Sigurður P. Sigurjónsson, sem allir eru löggiltir útvarpsvirkjar, krefjast sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Flugvirkjafélag Íslands og Verkamannafélagið Dagsbrún eru bæði í Alþýðusambandi Íslands og hefur sambandið af þeim sökum ekki talið rétt, að það væri aðili samkvæmt 45. gr. laga nr. 80/1938 í máli þessu.

I.

Stefnandi gerir þá grein fyrir dómkröfum sínum í máli þessu, að vegna tilfinnanlegs skorts á lærðum flugvirkjum á undanförnum árum hafi það viðgengizt, að ófaglærðir menn hafi unnið störf, er falli undir iðngrein flugvirkja. Nú sé hins vegar svo komið, að ekki sé lengur skortur á iðnlærðum flugvirkjum og vilji flugvirkjar því neyta þess réttar, sem þeir hafi samkvæmt hérlendri iðnlöggjöf. Það sé að vísu svo, að íslenzk lög og reglugerðir geymi ekki tæmandi skilgreiningu á inntaki iðngreinar flugvirkja, en það sé skoðun stefnanda, að undir þessa iðngrein falli öll tæknileg störf við viðhald, eftirlit og endurbætur á flugvélum og hlutum þeirra, svo og kerfum og tækjum í flugvélum og utan þeirra, sem að notkun þeirra lúta. Það sé hlutverk flugvirkja fyrir hvert millilandaflug og a. m. k. einu sinni á dag, að því er innanlandsflug varðar, að ganga úr skugga um og taka ábyrgð á, að flugvélin með öllum sínum útbúnaði sé í flughæfu standi. Engum geti dulizt, að hér sé um ábyrgðarmikið starf að ræða, sem krefjist góðrar starfsþekkingar og þjálfunar. Sé því rétt og eðlilegt, að öll þau tæknistörf, sem tilgreind eru í dómkröfum hans, lið 1—5, séu unnin af flugvirkjum. Stefnandi kveðst að vísu ekki halda því fram, að flugvirki geti án sérstakrar þjálfunar annazt fullt viðhald á rafeindatækjum eða nákvæmum mælitækjum, sem notuð eru í sambandi við flug, en hann telur, að undirstaða þjálfunar eða sérnáms við vörzlu og meðferð

slíkra tækja hljóti að vera kunnátta og atvinnuréttindi í almennri flugvirkjun.

Þá hefur stefnandi lýst því yfir, að hann muni ekki gera kröfu til þess, að þeir menn, sem nú gegna störfum þeim, er um ræðir í kröfum hans, láti af þeim, þótt kröfur hans í máli þessu verði teknar til greina.

Stefndi Flugfélag Íslands h/f, sem á hagsmuna að gæta í máli þessu, þar sem menn þeir, er um getur í dómkröfum stefnanda, vinna í þjónustu hlutafélagsins, byggir sýknukröfu sína á þeim rökum, að sum þau störf, sem tilgreind eru í kröfuliðum 1—5, séu svo sérhæfð, að almenna flugvirkja skorti þekkingu til þess að leysa þau af hendi. Önnur nefndra starfa séu hins vegar svo vandalítil og einföld, að hver meðalgreindur maður geti með nokkurri tilsögn leyst þau af hendi svo fulls öryggis sé gætt, enda séu þau störf ekki þess eðlis, að nám flugvirkja geri þá út af fyrir sig öðrum hæfari til að vinna þau. Hlutafélagið hafi ávallt kostað kapps um það, að fyllsta öryggis væri gætt við útbúnað og rekstur flugvéla þess og starfsmenn félagsins, sem nú sé krafizt að víki úr tilteknum störfum fyrir flugvirkjum, hafi fengið sérþjálfun, sem flugvirkjar hafi eigi til að bera. Hann kveður það sérkennandi fyrir flugvirkjaiðnina og öll þau störf, sem snerta viðhald og viðgerðir flugvéla og flugvélahluta, að sú vinna sé framkvæmd undir eftirliti sérmenntaðra manna, „aircraft inspectors“, sem votti með undirskrift sinni, að verkið sé rétt af hendi leyst, og séu þessir menn ábyrgir gagnvart loftferðaeftirliti ríkisins. Þá sé og á það að líta, að flugvirkjar verði að ganga undir sérstakt próf hjá flugmálastjórninni til þess að öðlast réttindi til flugvirkjavinnu við tilteknar flugvélategundir og fái að því loknu flugliðaskírteini, er gefið sé út af samgöngumálaráðuneytinu samkvæmt reglugerð um fluglið frá 1. nóvember 1949. Loks bendir stefndi á það, að samkvæmt lögum nr. 30/1941 um fjarskipti hafi ríkið einkarétt á að setja upp hvers konar fjarskiptavirki, þar á meðal í flugvélum, en framkvæmd þessa einkaréttar annist Póst- og símamálastjórnin og fari stefndi Flugfélag Íslands h/f samkvæmt sérstakri heimild hennar með viðhald þeirra radiofjarskiptatækja, sem það starfræki í flugvélum

sínum, að fullnægðu því skilyrði, að sérstakur maður, sem til þess sé hæfur, að mati Póst- og símamálastjórnarinnar, beri ábyrgð á þeim rekstri. Þá viðurkenningu hafi Aðalsteinn Jónsson fengið og séu þau störf, er að þessu lúta, alfarið óviðkomandi flugvirkjaiðninni.

Stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún hefur mótmælt því, að þau störf, sem framangreindir félagsmenn þess leysa af hendi við flugvélar, falli undir flugvirkjaiðn. Heldur hann því fram, að störf þau, sem iðnaðarmenn eigi að hafa einkarétt til að vinna, verði að vera skýrt tilgreind í lögum eða reglugerðum. Hér sé ekki um slíkt að ræða, enda viðurkennt, að aðrir en flugvirkjar hafi alla tíð unnið þau störf, sem um sé deilt í þessu máli, og engin ákvæði fyrir hendi að íslenzkum lögum, er leggi þau undir flugvirkjaiðn.

Af hálfu stefnda Páls Jónssonar er því og eindregið mótmælt, að vinna sú, er hann leysir af hendi, geti fallið undir flugvirkjaiðn. Hans vinna sé málningarvinna, sem krefjist sérþekkingar og leikni í starfi, og séu flugvirkjar ekki hæfari til þeirra starfa en hverjir aðrir.

Sýknukrafa stefndu Aðalsteins Jónssonar, Karls Þorkelssonar og Sigurðar P. Sigurjónssonar er byggð á því, að samkvæmt lögum nr. 30/1941 um fjarskipti og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum, hafi ríkið einkarétt á því að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út hvers konar fjarskiptatækjum, sem notuð séu í íslenzkum flugvélum. Póst- og símamálastjórninni sé samkvæmt nefndum lögum falin öll framkvæmd á greindum einkarétti ríkisins og hafi hún veitt Flugfélagi Íslands h/f leyfi til þess að annast viðhald þeirra radiofjarskiptatækja, sem félagið starfræki í flugvélum sínum, en skilyrði fyrir því leyfi sé, að maður, sem hlotið hafi viðurkenningu Póst- og símamálastjórnarinnar, hafi umsjón með þessari starfsemi flugfélagsins og beri ábyrgð á henni. Þessa viðurkenningu hafi Aðalsteinn Jónsson. Póst- og símamálastjórnin hafi um áratuga skeið rekið skóla í radiotækni. Sé það þriggja ára skóli og hafi stefndu Aðalsteinn, Karl og Sigurður útskrifazt úr þeim skóla. Því fari fjarri, að radiotæknistörf þau, er hér um ræði, séu hluti af iðn flugvirkja. Flugvirkjun og radio- og raf-

eindatækni séu óskyldar greinar og komi ekki til álita, að flugvirkjar geti gegnt störfum í radiodeild flugfélagsins nema þeir hafi áður stundað það nám, sem radiovirkjar verði að ganga í gegnum, og til þess náms séu þeir eigi öðrum hæfari, þótt þeir hafi réttindi sem flugvirkjar, því að þekking í flugvirkjun sé ekki nauðsynleg undirstaða í radiotækni. Það sé úrelt sjónarmið, að flugvirkjar geti haft þekkingu á öllu því, sem varðar þær margvíslegu flugvélategundir, sem nú séu í notkun. Stefnan sé sú nú á tímum, að krafizt sé meiri sérþekkingar á þröngum sviðum. Með því fáist bæði meiri vinnuhraði og öryggi. Starfssvið flugvirkjanna sé því fyrst og fremst flugvélarskrokkurinn og hreyflarnir, en verksvið útvarps- eða radiovirkjanna sé rafeindatækin.

Iðnráð Reykjavíkur hefur að tilhlutan dómsins fjallað um mál þetta samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 118/1937 og segir m. a. svo í álitsgerð þess:

„Fræðslunefnd flugvirkja hefur, eins og aðrar iðngreinar, lagt fram tillögur til Iðnfræðsluráðs um verkefni til sveinsprófs fyrir flugvirkja, sem að mestu leyti eru samhlj. hinum fyrri — þó nokkuð ítarlegri. Kemur þar í ljós, að í upphafi og einnig nú er ætlazt til þess, að nemandi í flugvirkjun læri á sínum 5 ára námstíma meðal annars þau störf, sem þar eru talin og sanni á sveinsprófi kunnáttu sína og getu.

Nú vill svo til, að þau störf, sem talin eru upp á skjali nr. 1 og lagt hefur verið fram í Félagsdómi 20. nóv. s.l., flokkuð undir liðina 1—5, eru flest öll hin sömu og þau, er talin eru upp til sveinsprófs fyrir flugvirkja, að viðbættum nýju tillögunum.

Stjórn Iðnráðsins verður því að líta svo á, að hin umræddu störf teljist **flugvirkjun.** Flugvirkjun er lögfest iðngrein og nýtur því verndar laga nr. 18 frá 1927 um iðju og iðnað, samkv. því sem þau mæla fyrir.

Frá þessu sjónarmiði er það áberandi, hvað flugvirkjun er fjölbreytt iðn, sem grípur jafnvel inn á verksvið annarra iðngreina, svo sem t. d. húsgagnabólstrara, málara og jafnvel útvarpsvirkja, án þess þó að hægt sé að telja flugvirkja

fullnuma í þessum iðngreinum, eða að þeir geti nokkurn tíma öðlast iðnréttindi í þeim, án frekara náms.

Þrátt fyrir þetta verður að teljast, að ekki sé hægt að útiloka aðra iðnaðarmenn frá vinnu við þau störf, sem þeirra iðngrein heyra til, þó um vinnu við flugvélar sé að ræða, og þess væri óskað.

Í þessu máli er líka um að ræða menn, sem ekki eru flugvirkjar, en vinna þó þeirra störf, eins og áður er getið. Þá má benda á, að það er mjög algengt í mörgum iðngreinum, að notaðir séu aðstoðarmenn til ýmsra verka, svo ekki ætti að vera óeðlilegt að samkomulag næðist auðveldlega um, að umræddir menn, sem hafa margra ára starfsreynslu að baki, héldu sínum störfum meðan þeirra nýtur við".

Um iðnfræðslu gilda nú lög nr. 68/1966 og hefur samkvæmt þeim lögum verið sett reglugerð um iðnfræðslu nr. 143/1967. Með þessari reglugerð er felld úr gildi í heild reglugerð nr. 93/1960, en hún hafði að geyma ákvæði um próf og prófverkefni í þeim iðngreinum, sem löggiltar eru, þar á meðal flugvirkjun. Um þessi atriði eru ekki tekin upp nein ákvæði í reglugerð nr. 143/1967, en í 53. gr. hennar segir, að menntamálaráðuneytið setji, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, reglur um prófverkefni og tilhögun sveinsprófs í hverri iðngrein fyrir sig. Þessar reglur hafa eigi enn verið settar. Verður því við úrlausn þessa máls að hafa hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 93/1960, en 59. gr. 6 hennar fjallar um próf í flugvélavirkjun, sbr. og reglugerð nr. 184/1949 um fluglið, 20. gr. og 21. gr.

Ákvæði nefndra reglugerða þykja ekki skera ótvírætt úr um það, hvaða einstök störf, er varða bol og búnað flugvéla, falli undir iðn flugvirkja, sbr. 14. gr. laga nr. 18/1927.

Félagsdómur hefur samkvæmt 56. gr. laga nr. 80/1938 leitað álits verkfræðinganna Grétars H. Óskarssonar, eftirlitsmanns Loftferðaeftirlitsins, og Leifs Magnússonar, framkvæmdastjóra Flugöryggisþjónustunnar, um það, hvort störf þau, er um ræðir í dómkröfum stefnanda, falli undir flugvirkjaiðn. Hefur álitsgerð þeirra, dags. 12. sept. þ. á. með viðbótarskilgreiningu, dags. 20. október s.l., verið lögð fram í málinu.

Í nefndri álitsgerð segir svo almennt:

„Við samningu eftirfarandi álitsgerðar höfum við fyrst og fremst haft hliðsjón af þeirri verkaskiptingu, er almennt tíðkast erlendis, t. d. í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum, án þess að vera sérfróðir um iðnlöggjöf hlutaðeigandi landa. Er hér um að ræða persónulegt mat á eðlilegri verkaskiptingu aðila, þar sem fullt tillit er tekið til nauðsynlegrar undirbúningsmenntunar eða tilsagnar, svo starfið verði leyst af hendi á fullnægjandi hátt og öryggi flugs ekki stefnt í hættu.

ALÞJÓÐAREGLUR:

Samningur um alþjóðaflugmál (Chicago-samningur), sem gildi tók hér á landi árið 1947, gerir ráð fyrir að samdir verði tæknilegir viðbætar (annexes), er kveði nánar á um hin einstöku tæknisvið flugsins, og verði jafnframt grundvöllur fyrir hliðstæðar reglugerðir aðildarríkja ICAO (International Civil Aviation Organization). Viðbætar þessir eru nú 15 talsins, og fjallar hinn fyrsti þeirra um útgáfu skírteina til flugliða (ICAO Annex 1: Personnel Licensing).

Greinar 4.1 og 4.2 fjalla um skírteini flugvirkja, þ. á m. um kröfur varðandi aldur, þekkingu og reynslu, svo og ákvæði varðandi starfsréttindi. Hvað starfsréttindin áhrærir er gerður sérstakur greinarmunur á því, hvort þau verði veitt einstaklingum (greinar 4.1.2., 4.2.2. og 4.2.3.), eða þau falin „Viðurkenndri stofnun“ (approved organization) (sjá greinar 4.1.3. og 4.2.4.). Með „Viðurkenndri stofnun“ er hér í framkvæmd átt við flugfélögin sjálf, eða nánar tiltekið skoðunar- og viðhaldsdeildir þeirra. Með auknum umsvifum í rekstri hinna stærri flugfélaga eykst jafnframt sérhæfing einstakra starfsmannahópa, er innan viðhaldsdeildarinnar starfa, og er þá fullkomlega eðlilegt, að menntunar- og þjálfunarferill manna sé ekki hinn sami, heldur miðist fyrst og fremst við það starfssvið, sem hverjum og einum er ætlað.

Í viðbæti nr. 6 (ICAO Annex 6: Operation of Aircraft) er rætt um rekstur loftfara á áætlunarflugi, og fjallar 8. kafli inn um viðhald þeirra. Fyrsta grein þess kafla krefst þess af flugfélagi, að það starfræki sérstaka deild til að annast

viðhald loftfara sinna, þar í talið þjálfað starfslið, verkstæði, tæki og annan búnað.

Á þeim sviðum flugsins, þar sem íslenzkar reglur hafa ekki verið settar, hafa tilsvarandi ákvæði ICAO-viðbæta verið notuð hér á landi. Reglugerð um flugið, sem hér kom út 1949, var byggð á ICAO Annex 1, eins og hann var á þeim tíma. Reglugerðinni hefur ekki verið haldið við á sama hátt og ICAO-viðbætinum, en á honum hafa verið gerðar 155 breytingar frá árinu 1949.

SKÍRTEINI FLUGLIÐA.

Höfuðtilgangur með útgáfu skírteina til flugliða samkvæmt ICAO Annex 1 (Eða reglugerð um fluglið) er að tryggja, að þau störf, er sérstaklega varða öryggi flugsins, verði aðeins unnin af þeim mönnum, sem til þess hafa hlotið rétta undirbúningsmenntun að áliti flugmálastjórnar.

ICAO hefur veitt leiðsögn um það hvernig slík undirbúningsmenntun skuli vera, m. a. með útgáfu þjálfunarhandbóka (Training Manuals Doc. 7192-AN/857), og fjallar t. d. bók nr. 11 um nám flugvirkja, en bók nr. 9 um nám radiovirkja.

SKOÐUNARDEILDIR FLUGFÉLAGA.

Viðhald og viðgerðir á minni flugvélum, t. d. einkaflugvélum eða flugvélum minni flugskóla, er framkvæmt af flugvirkjum, sem þá bera beina ábyrgð á verki sínu gagnvart skoðunarmanni loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

Hjá hinum stærri flugfélögum, sem annast reglubundið áætlunarflug, eru hins vegar starfræktar sérstakar skoðunardeildir, sem annast stöðugt eftirlit með öllu viðhaldi og viðgerðum á flugvélum félagsins, og bera á því ábyrgð gagnvart skoðunarmanni flugmálastjórnar. Starfsmenn slíkra skoðunardeilda eru flugvirkjar með full starfsréttindi og skírteini, og hafa sumir hverjir hlotið sérstaka viðbótarþjálfun á þessu sviði. Með slíku fyrirkomulagi fæst m. a. eftirfarandi: Skoðun fer fram á hverju verki, en slíkt yrði ekki framkvæmanlegt af skoðunarmanni flugmálastjórnar einum saman, og skoðunarmaðurinn getur haft samskipti við einn aðila flugfélagsins (Skoðunardeild þess), sem ábyrgð ber gagnvart honum á ástandi flugvélanna. Á

þeim sviðum, er verulegu máli skipta, hvað öryggi flugsins varðar, fæst auk þess tvöföld skoðun, þ. e. skoðun skoðunardeildar og skoðunarmanns flugmálastjórnar.

Undir stjórn og eftirliti skoðunardeildar flugfélags geta starfað flugvirkjar eða annað þjálfað starfslið, sem hlotið hefur nauðsynlega tilsögn á sínu verksviði".

II.

Verða nú einstakir kröfuliðir stefnanda teknir til athugunar í þeirri röð, sem í stefnu greinir.

Um 1: „Viðhald og viðgerðir á stólum í flugvélum, áklæði þeirra, öryggisbeltum og öðrum búnaði, einnig viðhald á innri klæðningu og innréttingu flugvéla, er Baldur Jóhannsson sér um og framkvæmir".

Samkvæmt ráðningarbréfi Baldurs Jóhannssonar, dags. 18. september 1964, en hann er ófaglærður starfsmaður Flugfélags Íslands h/f, er starf hans: „viðgerðir á klæðningu og stólum flugvéla o. fl., er varðar innréttingar". Í skýrslu, er hann hefur gefið, segir hann, að störf sín við stóla í flugvélum séu m. a. fólgin í því að halda áklæði þeirra við og þá saumaskapur í því sambandi, taka áklæðin af stólum til viðgerðar og hreinsunar og setja þau á aftur. Taka gólfteppi af til hreinsunar og setja þau á aftur. Þá kveðst hann gera við það, ef gormar bresta í sætabeltum. Störf þessi kveður Baldur vera háð skoðun sérstaks skoðunarmanns, sem fari yfir og skrifi niður það, sem að er hverju sinni, og eftir viðgerð fari skoðunarmaður yfir það, sem gert hefur verið og gangi úr skugga um það, að allt sé í lagi.

Í málflutningi aðilja er fram komið, að skoðunarmaður er flugvirki.

Í skýrslu stefnanda segir, að Baldur sjái um og framkvæmi viðhald og viðgerðir á stólum, áklæði þeirra og öryggisbeltum og öðrum búnaði. Hann sjái einnig um viðhald á innri klæðningu og innréttingu flugvéla.

Nánari lýsing á einstökum störfum og verkefnum Baldurs hefur eigi komið fram í málinu.

Um þessi atriði segir svo í álitsgerð hinna sérfróðu verkfræðinga:

„a) Viðhald og viðgerðir á stólum og öryggisbeltum:
Flugvirkjaiðn. Stólar, festingar þeirra svo og öryggisbelti með festingum, þurfa að uppfylla ströng skilyrði flugmálayfirvalda um styrkleika og burðarþol.

b) Viðhald áklæðis stóla og annars búnaðar (bólstrun og slíkt).
Ekki flugvirkjaiðn.

c) Innri klæðning og innrétting flugvéla.
Sé um að ræða viðhald, viðgerðir eða breytingar á þeirri innri klæðningu flugvéla, sem hefur í för með sér vinnu eða aðgerð við skrokk, gólf, stóla með festingum eða aðra þá hluti, er mynda heildarburðarkerfi flugvélarinnar, fellur slíkt í verkahring flugvirkja“.

Af hálfu stefnda Flugfélags Íslands h/f er því lýst yfir, að hafi viðhaldsverkefnið snert heildarburðarkerfi flugvéla, hafi slíkar viðgerðir verið unnar af flugvirkjum. Hefur þessu ekki verið andmælt af hálfu stefnanda.

Eigi liggur fyrir í máli þessu sundurliðun eða skilgreining á því, hvaða einstök störf eða verkefni er átt við með orðunum „öðrum búnaði“ í þessum kröfulið dómkrafna stefnanda. Sama máli gegnir um „viðhald á innri klæðningu og innréttingu flugvéla“. Af gögnum málsins þykir eigi sýnt, að öll þau verkefni, er til álita koma innan marka hinna tilvitnuðu orða í þessum lið kröfugerðar stefnanda, varði heildarburðarkerfi flugvélar og falli þá ótvírætt undir iðn flugvirkja. Hér virðist einnig geta verið um einstök verkefni að ræða, er ekki verði felld undir þá iðn, þótt starfsaðstaða flugvirkja og skipun skoðanadeilda sé með þeim hætti, að heildarumsjón og eftirlit með þeim sé þáttur í skyldustörfum flugvirkja. Þar sem kröfugerð stefnanda um þessi atriði þykir þannig eigi fullnægjandi, ber að vísa tilvitnuðum kröfuatriðum frá dómi.

Með vísun til þess, sem rakið hefur verið um önnur kröfuatriði 1. kröfuliðs stefnanda og með hliðsjón af ákvæðum 59. gr. 6 reglugerðar nr. 93/1960, sbr. og 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 184/1949 um fluglið, ber að taka til greina þá kröfu stefnanda, að þær viðgerðir og viðhald á stólum í flugvélum, sem varða styrkleika þeirra og festingu svo og á

öryggisbeltum, falli undir iðn flugvirkja. Viðhald áklæðis á stólum flugvéla og bólstrun verður hins vegar eigi talin til flugvirkjaiðnaðar, og ber að sýkna stefndu af því kröfuatriði.

Um 2. „Viðhald, eftirlit og viðgerðir á öryggistækjum, svo sem björgunarbátum, björgunarvestum, neyðarskoti, neyðarljósum og blysabyssum, einnig umsjón með sjúkrakössum flugvéla og súrefnisgrímum, er Garðar Guðmundsson sér um og framkvæmir".

Samkvæmt skýrslu stefnda Flugfélags Íslands h/f hefur Garðar, sem ekki er flugvirki að mennt, notið sérstakrar þjálfunar og kennslu til þess að fara með þau sérhæfðu störf, sem hér um ræðir. Er óvéfengt, að hann hefur flugliðaskírteini, samkvæmt ákvæðum 22. gr. reglugerðar nr. 184/1949, en samkvæmt henni verða öðrum en flugvirkjum veitt réttindi til þess að búa m. a. um björgunarbáta, að fullnægðum þeim skilyrðum, sem nefnd grein getur. Því hefur verið lýst yfir af hálfu stefnanda, að eigi sé gerð krafa til þess að Garðar láti af þeim störfum, er í þessum kröfulið greinir, meðan hann heldur þeim réttindum, er flugliðaskírteinið veitir honum, en þau hafi hann fengið meðan skortur var á flugvirkjum. Framangreind störf hans séu hins vegar, að áliti stefnanda, störf, er fella beri undir flugvirkjaiðn, en skilja verði ákvæði 22. gr. reglugerðar nr. 184/1949 á þá lund, að ætlazt sé til þess, að réttindi þau, er um getur í nefndri grein, séu fyrst og fremst ætluð flugvirkjum.

Um þenna kröfulið segir svo í álitsgerð hinna sérfróðu verkfræðinga: „Ekki flugvirkjaiðn. Sé hins vegar um að ræða súrefnistæki og grímur, sem eru hluti af innbyggðu kerfi flugvélarinnar (t. d. Boeing 727), er um flugvirkjaiðn að ræða, hvað varðar losun og enduruppsetningu slíks búnaðar.

Viðhald á ofangreindum búnaði fer venjulega fram á sérhæfðum verkstæðum".

Eigi verður talið, að þessi liður dómkrafna stefnanda hafi stoð í 59. gr. 6 reglugerðar nr. 93/1960, sem hér ber samkvæmt framansögðu að hafa hliðsjón af, og 22. gr. reglugerðar nr. 184/1949 kemur stefnanda eigi heldur að haldi

í þessari kröfugerð hans. Getur það og eigi ráðið úrslitum um þessi atriði, þótt flugvirkjar fari hér með eftirlit samkvæmt starfsstöðu þeirra í skoðunardeild þeirri, sem fer með eftirlit með umræddum tækjum. Og þar sem dómkröfur stefnanda þykja eigi gefa tilefni til þess, að skorið sé úr um það, hvort losun og enduruppsetning á súrefnistækjum og grímum, sem eru hluti af innbyggðu kerfi flugvélar, falli undir iðn flugvirkja, en sú er niðurstaða hinna sérfróðu verkfræðinga, ber að sýkna stefndu af þessum kröfulið stefnanda.

Um 3. „Málningarvinna og tæringarvörn á flugvélum og flugvélahlutum, þar með talin málun á einkennismerkjum og leiðbeiningum, er Páll Jónsson sér um og framkvæmir með aðstoðarmönnum, ófaglærðum".

Stefndi Páll Jónsson hefur sveinsbréf í bílamálun, en hefur auk þess stundað nám í málun flugvéla erlendis. Hann hefur gefið skýrslu um vinnubrögð og starfstilhögun við hreinsun og undirbúning málunar, og segir þar m. a. svo:

„Hreinsun, böðun og prófun á bremsuunitum og felgum, sömuleiðis mótorum, á sér stað eftir vissra klukkutíma notkun og er venjulega framkvæmd á sérstökum böðunarverkstæðum, sem sérþjálfaðir verkamenn vinna — ekki endilega vélvirkjar, — en undir umsjá efnafræðinga og inspektora (skoðunarmanna). Svipað á sér stað með búk vélarinnar, þegar mála skal hana að nýju. Eftir að búið er að loka vélinni vandlega og hylja alla þá hluti, sem uppleysir ekki má koma á — það gera málarar — er borinn á hana sá uppleysir — tegund, sem nota skal þar til öll málning er laus af henni, þá er hún skoluð vandlega úr vatni. Þessa vinnu vinna hreinsunarmenn, sem vanir eru að þvo vélarnar og bóna. Eftir það koma skoðunarmenn og gæta að átu o. fl., hvort hún finnist í vélinni. Við hana er gert með sérstöku efni, sem borið er á brettin og síðan skolað vandlega af með vatni. Stundum þarf að nota sandblástur, og eru þá notaðir jurtakjarnar í sandblásturstækin í stað sands".

Um nám flugvirkja í málun flugvéla og ryðvörn er þetta komið fram:

Í vottorði skólastjóra Iðnskólans, dags. 10. janúar 1968,

segir almennt, að leitazt hafi verið við í sambandi við námsefni efri bekkjanna að skipuleggja kennsluna þannig, að hún væri fyllilega sambærileg við hliðstæða kennslu erlendis og að í 3ja bekk hafi verið kenndar þessar sérgreinar: „Almenn flughreyflafræði, dúkar og málning, timburvinna við flugvélar, almenn rafmagnsfræði og flugeðlisfræði". Í vottorði sama, dags. 21. október þ. á., segir: „Málningarvinna er ekki kennd neitt verulega, en aftur á móti lögð áherzla á „Dope and Fabric", þ. e. lakktegundir og tæringarvörn í sambandi við álplötur". Þá er þess og getið, að nemendur í flugvirkjaiðn fái verkleg námskeið hjá fyrirtæki því, er þeir starfa hjá. Samkvæmt vottorði stefnda Flugfélags Íslands h/f annast flugvirkjar „eftirlit með tæringu málms og hreinsun tæringar þegar þess hefur verið þörf og efni til tæringarvarnar hafa ekki verið sett á slíka staði, fyrr en fyrirmæli þeirra þar um hafa legið fyrir".

Um þenna kröfulið segja hinir sérfróðu verkfræðingar í álitsgerð sinni:

„Tæringarvörn á flugvélum og flugvélahlutum:

Flugvirkjaiðn.

Málningarvinna: Ekki flugvirkjaiðn".

Ákvæði 59. gr. 6 reglugerðar nr. 93/1960, sem hér ber samkvæmt framansögðu að hafa hliðsjón af, geyma eigi nein sérstök ákvæði um próf í málningu almennt, sbr. og það sem áður er rakið um kennslu flugvirkja í málningarvinnu.

Að því athuguðu, sem þegar er rakið, verður eigi talið, að málun flugvéla, þar með talin málun á einkennismerkjum og leiðbeiningum, falli undir iðn flugvirkja. Aftur á móti hefur það stoð í 59. gr. 6 nefndrar reglugerðar, svo og eðli máls og framkvæmd, að undir iðn flugvirkja falli tæringarvörn flugvélahluta og flugvéla, þ.e. eftirlit með tæringu málms, ákvörðun um hreinsun tæringar og vinna við hana undir venjulega málningarvinnu, svo sem framkvæmdin hefur verið samkvæmt framangreindu vottorði Flugfélags Íslands h/f. Ber því að taka til greina þenna lið dómkrafna stefnanda, að því er tæringarvörn varðar.

Um 4. „Störf í Radiodeild F. Í., en deild þessi sér um og

framkvæmir viðhald, eftirlit og viðgerðir á talstöðvum og siglingatækjum, svo og lorantækjum, ratsjá og sjálfstýribúnaði, að svo miklu leyti sem þar er um rafeindatæki að ræða".

Svo sem áður er rakið, hefur íslenzka ríkið samkvæmt lögum nr. 30/1941 um fjarskipti, sbr. reglugerð nr. 70/1942, einkarétt á því að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út hvers konar fjarskiptatækjum, sem notuð eru í íslenzkum flugvélum. Er Póst- og símamálastjórn samkv. 10. gr. laganna falin öll framkvæmd á þessum einkarétti ríkisins. Hún hefur svo, sbr. 3. gr. sömu laga, veitt Flugfélagi Íslands h/f leyfi til þess að annast viðhald þeirra radiofjarskiptitækja, er félagið starfrækir í flugvélum sínum, með því skilyrði, að maður með viðurkenningu Póst- og símamálastjórnarinnar hafi umsjón með þessari starfrækslu flugfélagsins og beri ábyrgð á henni. Hefur stefndi Aðalsteinn Jónsson fengið slíka viðurkenningu til umsjónar hjá Flugfélagi Íslands h/f. Auk hans starfa á þessu sviði stefndu Karl og Sigurður. Hafa þessir menn allir lokið 3ja ára námi við skóla, sem Póst- og símamálastjórnin rekur til þess að þjálfa menn til radioflugvirkjastarfa, sbr. reglugerð nr. 205/1947. Ekki er flugvirkjamenntun inngönguskilyrði í þann skóla.

Af gögnum málsins er ljóst, að nám flugvirkja og þær kröfur, sem gerðar eru til prófs í þeirri iðngrein samkvæmt reglugerð nr. 93/1960, fullnægja ekki þeim kröfum, sem gerðar eru af hálfu Póst- og símamálastjórnarinnar til radioflugvirkja þeirra, sem fara með umsjón fjarskiptatækja í flugvélum og annast viðhald þeirra, enda mun hér í höfuðatriðum um tvær iðngreinar að ræða. Af hálfu stefnanda er því og eigi haldið fram, að flugvirkjar geti án frekara náms tekið að sér þau fjarskiptastörf radioflugvirkja, sem löggildingu Póst- og símamálastjórnarinnar þarf til að mega stunda. Virðist stefnandi byggja þenna lið dómkrafna sinna á því einkum, að þróunin eigi að vera sú, að flugvirkjanám sé gert að skilyrði fyrir námi í fjarskiptastörfum í flugvélum. Slík skilyrði hafa eigi enn verið sett.

Um þenna lið í dómkröfum stefnanda segir svo í álitsgerð hinna sérfróðu verkfræðinga:

„Ekki flugvirkjaiðn. ICAO gerir ráð fyrir algerlega aðskildum menntunar- og þjálfunarferli flugvirkja og radiovirkja, sbr. ICAO Annex 1 og þjálfunarbækur ICAO. Í reglum varðandi radiovirkja er hvergi gert ráð fyrir að þeir ljúki fyrst námi flugvirkja. Aðalástæðan fyrir því, að hin íslenzka reglugerð um flugið setur ekki fram sérstakar kröfur um skírteini radiovirkja, er sú, að á þeim tíma (1949) voru þær reglur ekki í ICAO Annex 1 og íslenzka Póst- og símamálastjórnin fer hér á landi með málefni, sem varða fjarskipti".

Í viðbótarálitsgerð sérfræðinganna segir einnig svo: „Losun og endurísetning tækja, sem teljast hluti af innbyggðu kerfi loftfara, er almennt í verkahring flugvirkja, sbr. greinar 4.1.2 og 4.2.2 í ICAO, Annex 1. Þegar um er að ræða radiotæki og tilheyrandi rafbúnað, hefur einnig radiovirki réttindi til slíkrar vinnu, sbr. gr. 4.3.1.6 í ICAO Annex 1 (réttindi flugradiovirkja)".

Með hliðsjón af framangreindum atriðum öllum verður þessi liður dómkrafna stefnanda ekki tekinn til greina.

Um 5. „Losun og festing á stólum og skilrúmum í flugvélum, umsjón með hemlaþrýstingi og hemlun, þegar flugvélar eru dregnar, tenging hlaðrafstöðvar við rafkerfi flugvéla og ásetning og fjarlæging öryggislása á hjólabúnaði flugvéla og hlífum á loftinntök".

Samkvæmt skýrslu Magnúsar Sigurðssonar, er starfar sem hlaðmaður hjá Flugfélagi Íslands h/f, eru störf hlaðmanna m. a. fólgin í því, að draga flugvél úr skýli á stæði, tengja rafmagn í vélina, en það er gert með einfaldri innstungu, flytja farþegatröppur að vél, færa til stóla og skilrúm vegna flutnings eða farþega, eftir því hve mikill flutningur eða hve margir farþegar eru í hverri ferð. Við flutning á vél úr skýli segir hann, að hlaðmaður sé hafður uppi í vélinni til að hemla henni, þegar hún er komin á stæðið. Þá kveður hann enn fremur, að starf hlaðmanns við öryggislása á hjólabúnaði flugvéla sé í því fólgið, að taka lásana

úr hjólastelli fyrir brottför, eftir fyrirmælum flugmanns, og séu lásarnir og hlífarnar settar inn í vélina. Kalli flugmenn eftir hjólalásunum í hvert sinn, enda séu þeir á lista þeim, er þeir fari yfir fyrir brottför. Þessi störf öll kveður Magnús unnin á ábyrgð flugstjóra og áhafnar, sem kanni, hvort þessi störf hafi verið af hendi innt. Hann skýrir og frá því, að hlaðmenn hafi verið á tveimur námskeiðum til þess að læra þau störf, er þeir vinni við vélarnar.

Þessi starfslýsing hefur ekki verið vefengd.

Um þenna lið dómkrafna stefnanda segir svo í álitsgerð hinna sérfróðu verkfræðinga:

„Ekki flugvirkjaiðn: Verk þessi eru yfirleitt framkvæmd undir eftirliti flugliða (flugvirkja, flugmanna o. s. frv.)“.

Störf þau, sem hér um ræðir, virðast vera einföld og auðlærð með nokkurri þjálfun og ekki krefjast þeirrar sérþekkingar, sem flugvirkjanám felur í sér og verður það hvorki dregið af ákvæðum framangreindrar reglugerðar um iðnnám né eðli máls, að þau falli undir iðn flugvirkja.

Ber samkvæmt þessu að sýkna stefndu af þessum lið dómkrafna stefnanda.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins þykir rétt, að stefnandi greiði málskostnað svo sem hér segir: Stefnda Verkamannafélaginu Dagsbrún kr. 10.000.00. Stefnda Páli Jónssyni kr. 6.000.00. Stefndu Aðalsteini Jónssyni, Karli Þorkelssyni og Sigurði P. Sigurjónssyni, kr. 6.000.00 til hvers. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dómsorð:

1. Kröfuatriðunum „öðrum búnaði“ og „viðhald á innri klæðningu og innréttingu flugvéla“ í 1. lið dómkrafna stefnanda er vísað frá dómi. Viðhald og viðgerðir á stólum í flugvélum, sem varða styrkleika þeirra og festingar, svo og á öryggisbeltum, fellur undir iðn flugvirkja. Að öðru leyti eiga stefndu að vera sýknir af kröfum stefnanda í þessum kröfulið.
2. Stefndu eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda í 2. lið dómkrafna hans.
3. Tæringarvörn á flugvélum og flugvélahlutum fellur

undir iðn flugvirkja. Að öðru leyti skulu stefndu vera sýknir af kröfum stefnanda í 3. lið dómkrafna hans.

4. Stefndu skulu vera sýknir af kröfum stefnanda í 4. og 5. lið dómkrafna hans.

Stefnandi, Flugvirkjafélag Íslands, greiði í málskostnað: Stefnda Verkamannafélaginu Dagsbrún kr. 10.000.00. Stefnda Páli Jónssyni kr. 6.000.00. Stefndu Aðalsteini Jónssyni, Karli Þorkelssyni og Sigurði P. Sigurjónssyni, kr. 6.000.00 til hvers. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Sturlu Sæmundssonar.

Eftir að hafa kynnt mér alla málavexti svo sem kostur hefur verið á, er niðurstaða mín eftirfarandi:

Leitað var álits Iðnráðs um hvort hin umdeildu störf tilheyrðu flugvirkjaiðn. Í álitsgerð Iðnráðs segir:

„Stjórn Iðnráðs Reykjavíkur hefur athugað þessi málsskjöl svo sem kostur er á og vill hér með verða við ósk Félagsdóms og samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 118/1937 gera sitt til sátta og að hið réttasta í þessu máli geti komið í ljós.

Auk þess, sem fram kemur í áðurnefndum málsskjölum, hefur Iðnráð haft sér til leiðbeiningar það, sem talið er upp sem prófverkefni fyrir flugvirkja í reglugerð um iðnfræðslu. Að vísu er þessi reglugerð að ganga úr gildi og önnur ný kemur í hennar stað. Fræðslunefnd flugvirkja hefur, eins og aðrar iðngreinar, lagt fram tillögur til Iðnfræðsluráðs um verkefni til sveinsprófs fyrir flugvirkja, sem að mestu leyti eru samhljóða hinum fyrri, þó nokkuð ítarlegri. Kemur þar í ljós, að í upphafi og einnig nú er ætlazt til þess, að nemandi í flugvirkjun læri á sínum 5 ára námstíma meðal annars þau störf, sem þar eru talin, og sanni á sveinsprófi kunnáttu sína og getu.

Nú vill svo til, að þau störf, sem talin eru á skjali nr. 1 og lagt var fram í Félagsdómi 20. nóvember s.l., flokkuð undir liðina 1—5, eru flest öll hin sömu og þau, er talin eru upp til sveinsprófs fyrir flugvirkja, að viðbættum nýju tillögunum.

Stjórn Iðnráðs verður því að líta svo á, að hin umdeildu störf verði að teljast flugvirkjun. Flugvirkjun er lögfest iðngrein og nýtur því verndar laga nr. 18 frá 1927 um iðju og iðnað samkv. því sem þau mæla fyrir“.

Enn fremur segir í álitsgerð Iðnráðs, að til greina komi, að

aðrar iðngreinar gætu einnig gripið inn á hin umdeildu störf sum hver, svo sem húsgagnabólstrarar, málarar og jafnvel útvarpsvirkjar.

Þá var leitað álits tveggja verkfræðinga, sérfræðinga um ágreiningsatriðin, þeirra Grétars Óskarssonar, eftirlitsmanns loftferðaeftirlitsins, og Leifs Magnússonar, framkvæmdastjóra flugöryggisþjónustunnar.

Í sambandi við 4. lið ágreiningsins (þ. e. fjarskiptatækin), vil ég benda á, að í álitsgerð verkfræðinganna er vísað til ICAO Annex 1 um reglur varðandi útgáfu skírteina flugvirkja og flugradiovirkja (Aircraft Radio Engineering), og fylgja þær sem fylgiskjal 1 með álitsgerðinni.

Þessar reglur gera ráð fyrir þeim möguleika að skrá réttindi flugradiovirkja í skírteini flugvirkja, kafli 4.3.2.

Enginn maður íslenzkur mun uppfylla þau skilyrði, sem sett eru fram um þekkingu flugradiovirkja, sbr. kafla 4.3.1.3., þar sem gert er ráð fyrir, að flugradiovirki hafi þekkingu á þeim efnum, sem notuð eru við byggingu flugvéla. Þannig verður að telja óeðlilegt, að radiovirki eða nokkur annar maður, sem ekki hefur grundvallarþekkingu á byggingu flugvéla, geti á nokkurn hátt gert breytingu á burðargrind flugvélar til að koma þar fyrir tækjum, leiðslum, loftnetum eða öðru þess háttar. Til skýringar má geta þess, að bolur allra stærri flugvéla er jafnframt burðargrind þeirra.

Það hefur komið fram, að álit flugvirkja er, að hér hljóti að heyra undir iðngreinina öll tæknileg störf við viðhald, viðgerðir, eftirlit og endurbætur á flugvélum og hlutum þeirra, svo og kerfum og tækjum í flugvélum.

Þetta held ég að sé í meginatriðum rétt. Enda má benda á, að það er hlutverk flugvirkja fyrir hvert millilandaflug og a. m. k. einu sinni á dag, að því er innanlandsflug varðar, að ganga úr skugga um og taka ábyrgð á, að flugvélin með öllum sínum útbúnaði sé í flughæfu standi.

Niðurstaða mín er eftirfarandi.

1. Viðhald, viðgerðir á stólum og öryggisbeltum, einnig viðhald á innri klæðningu og innréttingu flugvéla: Flugvirkjaiðn.

Hins vegar bólstrun stóla, það er áklæði þeirra, sem einnig verður að telja að sé fagvinna, tel ég rétt að úrskurða ekki einungis sem flugvirkjaiðn, þar eð aðrar iðngreinar gætu einnig komið þar til greina.

II. Viðhald, eftirlit á öryggistækjum, svo sem björgunarbátum, björgunarvestum, neyðarskoti, neyðarljósum og blysabyssum, einnig umsjón með sjúkrakössum og súrefnisgrímum í flugvélum.

Samkvæmt reglugerð loftferðaeftirlitsins er heimilt að veita

flugvirkja eða öðrum þeim, sem fengið hefur til þess sérstaka þjálfun, umsjá og eftirlit slíkra tækja í flugvélum.

Hér er um mikilsverð öryggistæki að ræða og verður því að telja, að ekki ætti að veita öðrum en flugvirkjum umsjá slíkra tækja, þó að sjálfsögðu verði ekki afturkölluð þau réttindi, sem þegar er búið að veita.

III. Málningarvinna og tæringarvörn á flugvélum og flugvélahlutum, þar með talin málun á einkennismerkjum og leiðbeiningum:

Hér verður að telja að sé um fagvinnu að ræða.

Tæringarvörn, einkennisstafir og leiðbeiningarmerki, sem háð eru ströngum reglum, tel ég rétt að úrskurða sem flugvirkjaiðn. Hins vegar ekki málningu á félagsmerki og aðra skrautmálningu á flugvélarbúk né innréttingu.

IV. Viðhald, eftirlit og viðgerðir á talstöðvum og siglingatækjum svo og lorantækjum, ratsjá og sjálfstýribúnaði, að svo miklu leyti sem þar er um rafeindatækni að ræða.

Póst- og símamálastjórnin fer hér á landi með málefni er varða fjarskiptatæki. Hún starfrækir meðal annars skóla varðandi þessi tæki, enda notkun þeirra háð leyfi hennar.

Flugfélag Íslands h/f starfrækir sérstaka radiodeild, þar sem starfar m. a. maður, sem ekki er flugvirki, en hefur sérstakt leyfi Póst- og símamálastjórnarinnar um meðferð þessara tækja og er ábyrgur gagnvart henni.

Ég tel, að við úrskurð þessa atriðis ágreiningsins verði að taka tillit til þess, sem áður er sagt um fylgiskjal álitsgerðar verkfræðinganna svo og skoðunardeildar, þar sem flugvirkjar starfa eingöngu og taka ábyrgð á að flugvélin sé í flughæfu standi, líka hvað varðar þessi tæki.

Mér þykir rétt að skipta þessu þannig, að flugvirkjum tilheyri frágangur þessara tækja í flugvélunum sjálfum, þar með taldar leiðslur og loftnet.

V. Losun og ífesting á stólum og skilrúmum, umsjón með hemlaþrýstingi og hemlun, þegar flugvélar eru dregnar, tenging hlaðrafstöðvar við rafkerfi og ásetning og fjarlæging öryggislása á hjólabúnaði flugvéla og hlífum á loftinntök.

Þessi störf vil ég skilgreina þannig, að þau tilheyri flugvirkjum, nema þau séu framkvæmd undir eftirliti og á ábyrgð flugstjóra.

Ég tel rétt, að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 10. desember 1969.

Nr. 7/1969. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jón Þorsteinsson hdl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Einar Arnalds, Ragnar Jónsson, Einar B. Guðmundsson og Bjarni Sigurðsson.

Skorið úr ágreiningi um kjör ríkisstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags 1. júlí þ. á., af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmt skylt að greiða ríkisstarfsmönnum á Keflavíkurflugvelli fæðisstyrk, eins og gilt hafi til 1. marz 1968.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi gerir þá grein fyrir dómkröfum sínum, að ríkisstarfsmenn í þjónustu almennrar löggæzlu, tollgæzlu, flugmálastjórnar, veðurstofu, frihafnar og Ferðaskrifstofu ríkisins á Keflavíkurflugvelli hafi notið fæðisstyrks frá ríkinu til 1. marz 1968, en þá hafi styrkur þessi verið afnuminn með einhliða ákvörðun stefnda og hafi sú ákvörðun verið tilkynnt forráðamönnum þeirra embætta, er hlut áttu að máli, með bréfum, dagsettum í febrúarmánuði 1968. Þessi fæðisstyrkur hafi numið kr. 1.100.00 á mánuði til hvers starfsmanns, eða samtals kr. 13.200.00 á ári. Stefnandi kveður, að fæðisstyrkur þessi eigi sér alllanga sögu og muni tollgæzlumenn fyrstir manna hafa fengið hann árið 1946 og 1947. Síðar hafi fleiri starfshópar notið hans. Hann hafi verið

mismunandi hár fyrstu árin, en 1955, eða um það bil, hafi hann verið samræmdur þannig, að hann væri jafn til allra þeirra starfsmanna, er hans nutu. Fæðisstyrkur þessi hafi nú undanfarin ár farið smáhækkandi að undangengnum samningaviðræðum milli varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins annars vegar og fulltrúa ríkisstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli hins vegar. Stefnandi segir, að engir formlegir skriflegir samningar um fæðisstyrkinn hafi verið gerðir, en munnlegt samkomulag hafi orðið hverju sinni. Það hafi að sjálfsögðu sama gildi og skriflegur samningur. Tilgangurinn með greiðslu þessara fæðispeninga hafi verið sá, að fá fólk úr Reykjavík til að vinna á Keflavíkurflugvelli, og hafi fæðisstyrkurinn í raun og veru verið kauppuppbót, enda hafi umsækjendur um störf í þjónustu ríkisins ætíð verið fræddir á því um leið og greint hafi verið frá launum, að starfinu fylgdu fastar greiðslur, fæðispeningar og ferðapeningar. Hafi um þessa tilhögun skapazt föst venja allt frá árinu 1946 og 1947, er nú jafngildi réttarvenju.

Þá heldur stefnandi því fram, að þegar dómur Kjaradóms frá 3. júlí 1963 hafi tekið gildi, hafi eigi orðið nein breyting á framangreindum fæðispeningagreiðslum og því eðlilegt að þeir starfsmenn, er nutu þessara greiðslna, hafi litið svo á, að ríkisvaldið hefði með aðgerðaleysi sínu og þögn samþykkt, að eigi skyldi verða nein breyting á þessu fyrirkomulagi. Telur stefnandi að umræddir ríkisstarfsmenn hafi mátt líta svo á, að kominn væri á samningur eða ígildi samnings um þessi starfskjör, sem ekki yrði afnuminn án sérstakrar uppsagnar með eftirfarandi samningaviðræðum, sáttameðferð og afgreiðslu fyrir Kjaradómi, ef eigi næðust samningar, en ljóst sé, að hér sé um þau starfskjör að ræða, er 1. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1962 taki til.

Samkvæmt þessu byggir stefnandi dómkröfur sínar á þeim höfuðatriðum:

að stofnazt hafi bindandi samningur um fæðisstyrkinn milli ríkisstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli og ríkisvaldsins,

að fæðisstyrkurinn sé aukatekjur í skilningi 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1962 og falli því undir hugtakið starfskjör í 6. gr. sömu laga. Hafi stefnda því borið samkvæmt síðastnefndri

grein að segja samningnum upp með 3ja mánaða fyrirvara.

En jafnvel þótt líta mætti á hina einhliða ákvörðun stefnda í febrúar 1968 um afnám fæðisstyrksins sem uppsögn, þá hefði stefnda borið, er stefnandi mótmælti nefndri ákvörðun, að vísa málinu til sáttasemjara og láta málið samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 6. gr. nefndra laga ganga til Kjaradóms til afgreiðslu þar. Þetta hafi stefndi eigi gert og eigi því ríkisstarfsmenn þeir, er hlut eiga að máli, rétt til þess að halda framangreindum fæðisstyrk óbreyttum, þar til um annað sé samið eða Kjaradómur dæmi á annan veg.

Stefndi hefur alfarið mótmælt kröfum stefnanda og stutt sýknukröfu sína þeim rökum, að fæðisstyrkur sá, sem um er deilt í máli þessu, hafi alla tíð verið greiddur þeim ríkisstarfsmönnum, er hans nutu, samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins og aldrei um hann samið við þá, hvorki munnlega né skriflega. Að vísu hafi farið fram viðræður við fulltrúa starfsmannanna áður en ákvörðun hafi hverju sinni verið tekin um fjárhæð hans, en það hafi aðeins verið gert í því skyni, að kanna viðhorf starfsmannanna og kröfur þeirra, en ákvörðunarvaldið hafi ætíð, þrátt fyrir þetta, verið í höndum ríkisvaldsins. Kveður stefndi, að upphaflega hafi fæðisstyrkurinn orðið til með þeim hætti, að valizt hafi til starfa á Keflavíkurflugvelli menn, sem búsettir hafi verið víðs vegar um landið. Aðstaða til búsetu hafi þá verið erfið þar syðra og starfsmennirnir af þeim sökum orðið að hlíta því að búa fjarri heimilum sínum, gagnstætt því, er tíðkast hafi um aðra starfsmenn ríkisins. Rétt hafi þótt að bæta þenna aðstöðumun með fæðisstyrk. Nú hafi þetta breytzt. Ríkisstarfsmenn á Keflavíkurflugvelli búi nú ýmist þar á staðnum, í næsta nágrenni eða á Reykjavíkursvæðinu, og eigi því auðvelt með að fara til vinnustaðar og heimilis að kvöldi, eins og samgöngum sé nú háttað. Hér hafi upphaflega verið um að ræða greiðslu á kostnaði, er umræddir ríkisstarfsmenn hafi orðið að bera umfram aðra ríkisstarfsmenn, en eigi kjarabót, og hafi forsendur fyrir greiðslu slíks kostnaðar smátt og smátt horfið á næstliðnum árum.

Í samræmi við þessa afstöðu stefnda heldur hann því fram: **að** aldrei hafi verið gerður samningur um fæðisstyrkinn,

að fæðisstyrkurinn geti því aðeins fallið undir hugtökin hlunnindi eða aukatekjur í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1962, að litið sé á hann sem launaviðbót, en ekki þegar styrkurinn sé endurgreiðsla á útlögðum kostnaði, eins og hér sé um að ræða. Falli hann því ekki undir hugtakið starfskjör í 6. gr. sömu laga, og geti réttur ríkisstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli til greiðslu á oftnefndum fæðisstyrk því ekki byggzt á nefndri 6. gr., jafnvel þótt hann falli undir hugtakið starfskjör. Til þess að svo yrði litið á, þyrfti að vera fyrir hendi samningur milli ríkisins og þeirra bandalagsfélaga, er hlut eiga að máli, sem gerður hefði verið eftir að lög nr. 55/1962 tóku gildi. Svo sé ekki og því eigi hægt að segja upp samningi, sem aldrei hafi verið til.

Loks heldur stefndi því fram, að enda þótt talið yrði, að fyrir hendi hefði verið samningur um fæðisstyrkinn og að einhliða ákvörðun ríkisins um afnám hans yrði jafnað til uppsagnar, þá bæri stefnda samt eigi skylda til þess að taka upp viðræður, þar sem ætlun hans væri að afnema nefndan styrk með öllu. Sé því eigi um neitt brot á lögum nr. 55/1962 af hans hálfu að ræða.

Af gögnum málsins og málflutningi aðilja má ráða, að fæðisstyrkur sá til ríkisstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli, sem um er deilt í máli þessu, hafi fyrst verið greiddur á árunum 1946 eða 1947 samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins, og að hann hafi frá þeim tíma verið greiddur allt til 1. marz 1968, er stefndi ákvað, svo sem rakið hefur verið, að fella hann niður. Skrifleg gögn um styrk þenna hafa eigi komið fram um tímabilið 1946—1960, að því undanskildu, að stefndi hefur á árinu 1953 kveðið á um mánaðarlega fjárhæð fæðispeninga til nafngreinds starfsmanns á Keflavíkurflugvelli, en árið 1955 mun hann hafa orðið jafn til allra, er slíkrar greiðslu nutu.

Árið 1960 skeður það, að skipuð er, að tilhlutan utanríkisráðherra, fjögurra manna nefnd til þess að „gera tillögur um endurskoðun og samræmingu launakjara starfsmanna ríkisstofnana á Keflavíkurflugvelli á grundvelli launalaga og með hliðsjón af staðháttum“. Í nefnd þessari áttu sæti fulltrúi af hálfu utanríkisráðuneytisins, annar frá fjármála-

ráðuneytinu, hinn þriðji frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, en sá fjórði var fulltrúi ríkisstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli. Meðal þeirra mála, sem nefndin fjallaði um, var fæðisstyrkurinn. Um það atriði segir svo í áliti nefndarinnar, sem dagsett er 23. júní 1960:

„Fæðisstyrkur.

Samkomulag náðist ekki innan nefndarinnar um þetta atriði.

Tillögur þeirra Henriks Sv. Björnssonar og Sigtryggs Klemenzsonar eru þær, að fæðisstyrkur verði kr. 850.00 á mánuði, en kr. 450.00 til þeirra starfsmanna, sem bifreið hafa til afnota.

Tillögur Einars Ingimundarsonar og Páls G. Jónssonar eru þær, að höfuðreglan verði kr. 1.500.00 á mánuði í fæðisstyrk, sem þeir telja hlutfallslega lægra en upphaflega var ákveðið (1949). Enn fremur, að þessi styrkur verði tekinn gildur sem frádráttarliður á skattaframtali.

Í báðum tillögunum er hér miðað við kaupgengi kr. 16.28 á dollar, og gert ráð fyrir, að styrkurinn verði hækkaður hlutfallslega, ef gengi á dollar verður hækkað á matsölustöðum flugvallarins.

Hækki verðlag almennt, mælir nefndin með því, að reglur þessar verði endurskoðaðar“.

Eigi urðu neinar breytingar á fjárhæð eða greiðslutilhögun fæðisstyrksins að þessu sinni, en í desember 1961 voru aftur teknar upp viðræður um hann. Á fundi, sem haldinn var 2. desember, voru mættir tveir fulltrúar frá utanríkisráðuneytinu og fimm fulltrúar frá ríkisstarfsmönnum á Keflavíkurflugvelli. Á þessum fundi snerust umræður aðallega um fjárhæð fæðisstyrksins, en eigi leiddu þær til neinnar niðurstöðu, og var málið tekið fyrir aftur á fundi hinn 14. desember. Samkvæmt fundargerð þess fundar var rætt um „grundvöllinn að fæðisstyrk og breyttar aðstæður, sem skapazt hefðu og töldu flugvallarstarfsmenn að grundvöllur væri enn fyrir fæðisstyrk“. Bauð fulltrúi utanríkisráðuneytisins 13.8% hækkun á honum, en það væri, sagði fulltrúinn, „stefna ríkisstjórnarinnar í launamálum að hækka

ekki laun meira en næmi þeirri prósentu, en hann liti á fæðisstyrkinn sem laun".

Einn af fulltrúum ríkisstarfsmannanna sagði í því sambandi, „að hann gæti ekki fallizt á að rætt væri um fæðisstyrkinn sem laun og málið afgreitt á þeim grundvelli". Annar fulltrúi þeirra tók fram, „að 13.8% hækkun á fæðisstyrk væri engin lausn, hvort sem litið væri á laun (sic) sem fæðisstyrk eða launauppbót". Er bókað í fundargerð, að hinir fulltrúar ríkisstarfsmannanna hafi verið sammála um þetta. Þá var spurzt fyrir um það af hálfu fulltrúa ríkisvaldsins, „hvað væri viðunandi lausn frá hendi starfsmannanna". Einn af fulltrúum þeirra veitti það svar, að hann teldi, „að ríkisvaldið hefði úrskurðarvald í þessum efnum og því gætu þeir, þ. e. flugvallarstarfsmenn, ekki gert neinar kröfur". Lauk fundinum með þessari bókun: „Fundarmenn voru sammála um, að leggja málið fyrir ráðherra, eins og því nú er komið, og fá frekari upplýsingar um hver afstaða hans er í málinu". Hinn 1. júní 1962 ákvað svo fjármálaráðuneytið að fæðisstyrkurinn skyldi hækka úr kr. 700.00 í kr. 1.100.00 á mánuði frá og með 1. janúar 1962. Stóð við það þar til stefndi ákvað í febrúarmánuði 1968 að fella styrkinn niður, svo sem áður er rakið.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að fyrir gildistöku laga nr. 55/1962 hefur hvorki stofnazt skriflegur kjarasamningur í merkingu 6. gr. laga nr. 80/1938 né ígildi slíks samnings um fæðisstyrkinn og var fjárhæð hans á því tímabili ákveðin með einhliða ákvörðun ríkisvaldsins. Það er enn fremur ágreiningslaust, að eigi hafa verið hafðar uppi nokkrar kröfur varðandi hann í kjaramálum þeim, sem Kjaradómur hefur fjallað um eftir að lög nr. 55/1962 tóku gildi, og hefur fæðisstyrkurinn því eigi komið til álita þar. Loks er það enn fram komið, að eigi hefur verið um nefndan fæðisstyrk samið við hlutaðeigandi bandalagsfélög með kjarasamningi eða ígildi slíks samnings samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 6. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. nefndra laga.

Þar sem svo stendur á, verður það eigi borið undir Félagsdóm, sbr. 25. gr. 1. mgr. nefndra laga, hvort einstakir ríkisstarfsmenn á Keflavíkurflugvelli eigi eftir 1. marz 1968 rétt

til þess fæðisstyrks, sem stefndi er krafinn um í máli þessu.

Ber samkvæmt þessari niðurstöðu að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Félagsdómi.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálkrafa vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Bjarna Sigurðssonar.

Sú breyting varð með lögum nr. 55/1962, að handhafar ríkisvaldsins úrskurða ekki framar einhliða kjör opinberra starfsmanna eins og fyrrum, þegar ráðherrar eða stjórnvöld gátu úrskurðað um starfskjör að svo miklu leyti sem þau voru ekki ákveðin í lögum. Með lögum nr. 55/1962 var opinberum starfsmönnum tryggður íhlutunarréttur fram á lokastig. Svo var hins vegar ekki fyrir gildistöku laganna, er starfskjör voru mest lögbundin, en gátu þó unnizt í hlunnindum eða ívilnunum með ráðstöfunum eða úrskurði stjórnvalda, en slíkir úrskurðir höfðu ótvírætt gildi til jafns við samninga nú, er þeir voru kveðnir upp af þar til bæru stjórnvaldi.

Af réttarskjali 8 verður glögglega greint, hvernig þvílíkir úrskurðir eða ákvarðanir ráðherra voru grundvallaðar. Þegar hann vill stofna til breytinga og m. a. veita úrlausn um kjarabót, „fór utanríkisráðherra þess á leit við B.S.R.B., fjármálaráðuneytið og ríkisstarfsmenn á Keflavíkurflugvelli, að þeir tilnefndu hver um sig einn mann í nefnd til þess, ásamt fulltrúa frá utanríkisráðuneytinu, að „gera tillögur um endurskoðun og samræmingu launakjara starfsmanna ríkisstofnana á Keflavíkurflugvelli á grundvelli launalaga og með hliðsjón af staðháttum“.

Meðal þeirra mála, sem til umræðu voru, og þá væntanlega „með hliðsjón af staðháttum“, var fæðisstyrkurinn. En meðal annars, sem nefndin í áliti sínu óskaði eftir úrskurði ráðherra um, var skipun einstakra starfsmanna í launaflokka.

Bæði við þessar viðræður og síðar, þar sem fjallað var um fæðisstyrkinn, komu þeir fram fyrir hönd ríkisstarfsmannanna, sem voru í forsvari þeirra. Í annan tíma, t. a. m. á fundi 14. desember 1961, þar sem rætt var um fæðisstyrkinn, voru trúnaðarmenn viðkomandi starfsmannafélaga á Keflavíkurflugvelli, en slíkir trúnaðarmenn fara stundum með samningamál fyrir hönd félaga sinna, þar eð þeir eru öðrum kunnugri starfsháttum og aðstæðum hver á sínum stað.

Samningaviðræður um fæðisstyrkinn hafa ítrekað farið fram

milli fulltrúa starfsmannanna og ríkisvaldsins bæði um samræmingu styrksins og hækkun hans. Starfsmenn hafa því litið svo á, að úrskurður ráðherra að viðræðum loknum væri bindandi, þó að ekki væri um skriflega samninga að ræða, enda ekki tíðkað, þegar svipað stóð á fyrir gildistöku laga nr. 55/1962. Verður því að álíta, að stofnazt hafi ígildi samnings í merkingu 6. gr. laga nr. 80/1938 á sama hátt og gilti um ýmsar einhliða ákvarðanir ríkisvaldsins um kjaramál fyrir gildistöku laga nr. 55/1962.

Ríkisstarfsmenn á Keflavíkurflugvelli hafa um tveggja áratuga skeið notið svo nefnds fæðisstyrks. Þegar frá upphafi þeirra greiðslna áttu einstaklingar, brátt jafnvel starfshópar, kost á að fá keypt fæði í mötuneyti varnarliðsins við mjög vægu verði. Frá öndverðu mátti vera ljóst, að um starfskjarabót var að ræða. Það er því eðlilegt að líta svo á, að fæðisstyrkur sé hluti þeirra starfskjara, sem 6. gr. laga nr. 55/1962 tekur til, og bar því ekki að fjalla um hann í sambandi við heildarkjarasamning, sbr. 5. gr., 2. mgr., sömu laga. Starfskjörum, svo sem hlunnindum, sem falla undir 6. gr. laga nr. 55/1962, skal segja upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Samkvæmt þessu tel ég úrslit málsins eiga að vera þau, að taka verði dómkröfur stefnanda til greina, en rétt er eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, ber að greiða ríkisstarfsmönnum á Keflavíkurflugvelli fæðisstyrk, eins og gilti til 1. marz 1968.

Málskostnaður fellur niður.

Frávísunardómur Félagsdóms var kærður til Hæstaréttar, en staðfestur þar. Hrd. XLI, bls. 56.

Mánudaginn 22. desember 1969.

Nr. 8/1969. **Landssamband íslenzkra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Reykjavík
(Jón Þorsteinsson hdl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Uppsögn kjarasamnings dæmd lögmæt.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 8. þ. m., af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur gegn Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að kjarasamningur sá, sem kveðið var á með lögum nr. 2 frá 18. febrúar 1969 að gilda skyldi milli málsaðilja, verði talinn gilda eftir árslok 1969, þar til honum verði réttilega sagt upp.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í byrjun þessa árs kom til kjaradeilu milli útvegsmanna og yfirmanna á fiskiskipum. Samkomulag náðist eigi og hófu yfirmennirnir verkfall um miðjan janúar. Sáttasemjari ríkisins fékk deilu þessa til meðferðar. Á sáttafundi hinn 12. febrúar s.l. lagði hann fram miðlunartillögur. Voru þær bornar undir atkvæði í félögum deiluaðilja og hlutu sam-

þykki útvegsmanna, en voru hins vegar felldar af yfirmönnum á bátaflotanum.

Með lögum nr. 2 frá 18. febrúar s.l. voru þessar sömu tillögur sáttasemjara lögfestar sem kjarasamningur milli deiluaðilja frá gildistöku laganna, en þau öðluðust þegar gildi, til ársloka 1969, þó til 1. maí 1970 að því er snertir samkomulag um söltunarlaun.

Upphaf framangreindrar miðlunartillögu hljóðar svo:

„MIÐLUNARTILLAGA
frá sáttasemjurum í málinu nr. 1/1969.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan, Reykjavík, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Kári, Hafnarfirði, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Vísir, Keflavík, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi, Vestmannaeyjum, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Hafþór, Akranesi, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Ægir, Siglufirði, Skipstjórafélag Norðlendinga, Akureyri, og Vélstjórafélag Íslands gegn Útvegsmannafélagi Reykjavíkur, Útvegsmannafélagi Snæfellsness, Útvegsmannafélagi Austfjarða, Útvegsmannafélagi Hornafjarðar og Djúpavogs, Útvegsmannafélagi Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélagi Suðurnesja, Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar, Útvegsmannafélagi Akraness og Útvegsmannafélagi Eyjafjarðar og nágrennis.

Neðanskráðir samningar og samkomulög skulu gilda sem kjarasamningar milli aðilja frá samþykktardegi þessarar tillögu til ársloka 1969 og til 1. maí 1970 að því er snertir samkomulagið um söltunarlaun“.

Að öðru er miðlunartillagan í því formi, að settir eru upp sex sjálfstæðir samningar merktir I—VI og þrír kaflar merktir VII—IX. Geyma þeir hver um sig samkomulag, en svo er heiti þeirra, um sérstök atriði. Samningar I, III og V varða kjör skipstjóra og stýrimanna. Ber samningur I yfirskriftina: „Vertíðarsamningur milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna undirritaðra útvegsmannafélaga annars vegar og undirritaðra félaga innan F.F.S.Í. hins vegar um kaup og kjör á fiskveiðum með línu, netum, þorsknót, botnvörpu, dragnót og humarvörpu“.

Samningur nr. III ber heitið: Síldveiðisamningur milli

Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna undirritaðra útvegsmannafélaga og undirritaðra félaga innan F.F.S.Í.

Sama form er á fyrirsögn samnings V, en hann fjallar um flutninga.

Í samningi I eru svohljóðandi ákvæði um gildistíma og uppsagnarfrest í 26. gr.:

„Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 31. des. 1969. Sé honum ekki sagt upp fyrir þann tíma, framlengist hann um eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur er 2 mánuðir, eða 1. nóv. ár hvert.

Endurskoða skal ákvæði 11. gr. um frádráttarprósentu, ef tollur lækkar erlendis á ísvörðum fiski við að Ísland gerist aðili að EFTA. Ný frádráttarprósenta skal taka gildi þegar tollarnir lækka.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslenzku krónunnar, er samningur þessi uppsegjanlegur með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Uppsögn skal hafa farið fram innan 2ja mánaða frá því að gengisbreyting varð.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu, er samningur þessi uppsegjanlegur án fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum samhljóða og heldur hvor aðili sínu“.

Samsvarandi ákvæði um gildistíma og uppsögn eru í 19. gr. samnings III og 16. gr. samnings V.

Hinn 30. október s.l. sendi Farmanna- og fiskimannasamband Íslands svohljóðandi bréf til Landssambands íslenzkra útvegsmanna:

„Eftirtalin sambandsfélög vor: Skipstjórafélag Norðlendinga, Akureyri, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi, Vestm.eyjum, Skipstjóra- og stýrimannafél. Hafþór, Akranesi, Skipstjóra- og stýrimannafél. Kári, Hafnarfirði, Skipstjóra- og stýrimannafél. Vísir, Keflavík, Skipstjóra- og stýrimannafél. Aldan, Reykjavík, Vélstjórafélag Íslands, Reykjavík, hafa skriflega óskað eftir því við F.F.S.Í., að sambandið segi upp, fyrir þeirra hönd, gildandi kaup- og kjarasamningum, samanber lög nr. 2 frá 18. febrúar 1969, um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum, við útgerðarfélög fiskiskipanna, nánar tiltekið L.Í.Ú.

Samkvæmt því umboði leyfum vér oss hér með að segja upp núgildandi kaup- og kjarasamningum, samanber lög nr. 2 frá 18. febr. 1969 um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum, nefndra umbjóðenda vorra við Landssamband ísl. útvegsmanna, með þeim fyrirvara, sem um getur í samningum, gerðum 18. febrúar 1969, samanber lög nr. 2 frá 18. febrúar 1969 um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum, þ. e. með tveggja mánaða fyrirvara og falla því heildarsamningar úr gildi hinn 1. janúar 1970".

Þessu bréfi svaraði L.Í.Ú. hinn 17. nóvember með svofelldu bréfi:

„Vér vísum til bréfs yðar til vor frá 30. október s.l., þar sem þér tilkynnið oss uppsagnir viðkomandi félaga innan sambands yðar.

Þegar vér óskuðum eftir því við útvegsmannafélögin, að þau tilnefndu fulltrúa í viðræðunefnd vegna fyrirhugaðra samningaumleitana við félög yfirmanna, kom í ljós, að hin ýmsu útvegsmannafélög höfðu engar uppsagnir fengið frá viðkomandi félögum yfirmanna, og telja því samningana í fullu gildi.

Uppsögn yðar í umboði hinna ýmsu félaga í sambandi yðar hefði átt að beinast að samningsaðilum þeirra félaga, þ. e. útvegsmannafélögunum, eins og að framan getur, en þar sem þau hafa eigi fengið sendar uppsagnir, þá teljum vér sömuleiðis, að samningar milli hinna ýmsu yfirmannafélaga og útvegsmannafélaga séu í gildi".

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands svarar aftur 27. nóvember s.l. Er þar rakin afstaða sambandsins til málsins og lýkur því svo, að Farmanna- og fiskimannasambandið líti svo á, að kjarasamningar þeir, sem lögfestir voru 18. febrúar 1969, gangi úr gildi 1. janúar 1970.

Höfðaði stefnandi því næst mál þetta, svo sem að framan greinir.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að enda þótt 1. gr. laga nr. 2/1969 lögfesti miðlunartillögu sáttasemjara sem kjarasamning milli málsaðilja til tiltekins tíma, þ. e. til ársloka 1969, leiði það samt sem áður af ákvæðum

þeirra samninga, sem miðlunartillagan felur í sér, um gildistíma og uppsagnarfrest, að þeir séu í gildi eftir árslok 1969 nema þeim hafi verið sagt upp með þeim fyrirvara, sem miðlunartillagan kveði á um. Þetta muni og hafa verið skoðun stefnda og því hafi hann sent uppsögn sína þann 30. október s.l. Sú uppsögn sé hins vegar ógild, þar sem hún hafi eigi verið send réttum aðila. Í upphafi miðlunartillögunnar, sem lögfest hafi verið sem samningur, séu nafngreind þau einstöku félög, sem séu aðiljar að samningum þeim, er hún geymir og hafi stefnda því borið að senda uppsögn sína beint til þeirra útvegsmannafélaga, sem þar séu talin. Landssamband íslenzkra útvegsmanna hafi ekki haft neitt umboð fyrir þeirra hönd og ekki fengið vitneskju um, að stefndi hefði látið undir höfuð leggjast að segja þeim upp fyrr en forráðamenn sambandsins hafi snúið sér til aðildarfélaga sinna í því skyni, að þau tilnefndu fulltrúa í viðræðunefnd vegna fyrirhugaðra samningaumleitana. Einstök útvegsmannafélög fari samkvæmt samþykktum sínum með kjarasamningagerð við stéttarfélög sjómanna og séu sjálfstæðir aðiljar við þá samningagerð. Beri stéttarfélögum sjómanna því bæði almennt og einnig í því sérstaka tilviki, er hér um ræði, að beina uppsögn á kjarasamningi beint til þeirra. Þetta hafi stefndi ekki gert og beri því að meta þá uppsögn, er hann sendi L.Í.Ú. hinn 30. október, ógilda, enda hafi fyrri samskipti málsaðilja um uppsagnir kjarasamninga ekki gefið stefnda réttmæta ástæðu til að treysta því, að uppsögn, sem beint væri til L.Í.Ú., yrði talin gild gagnvart aðildarfélögum þess.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að uppsögn hafi verið óþörf. Lög nr. 2 frá 18. febrúar 1969 hafi aðeins lögbundið umdeilda miðlunartillögu sáttasemjara ríkisins sem samning milli málsaðilja frá gildistöku laganna til ársloka 1969. Sé gildistíminn þannig skýrt afmarkaður. Þetta komi og beint fram í upphafsorðum miðlunartillögunnar, sem kveði svo á, að þar skráðir samningar skuli gilda sem kjarasamningar til ársloka 1969. Heldur stefnandi því fram, að hér verði að byggja á beinum ákvæðum laga nr. 2/1969,

og skipti því ekki máli, hvað standi í einstökum greinum miðlunartillögunnar um gildistíma og uppsagnarfrest.

Í öðru lagi heldur stefndi því fram sér til sýknu, að uppsögn sú, er hann af öryggisástæðum sendi Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, hafi verið gild og lögmæt uppsögn. Nefnt samband hafi á hendi forustu um kjarasamningagerð og undirriti slíka samninga fyrir hönd þeirra útvegsmannafélaga, sem séu innan samtaka þess. Hafi því verið réttmætt að beina umdeildri uppsögn til L.Í.Ú., er sé réttur aðili til að veita henni viðtöku. Bendir hann í þessu sambandi m. a. á það, að samkvæmt samþykktum hinna einstöku útvegsmannafélaga sé þeim óheimilt að gera kjarasamninga án samþykkis L.Í.Ú.

Þá heldur stefndi því og fram, að það sé föst venja í samskiptum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands íslenzkra útvegsmanna, að uppsagnir af hálfu hins fyrrnefnda sambands séu sendar beint til hins síðarnefnda, en ekki til einstakra aðildarfélaga, og hafi sú aðferð aldrei sætt aðfinnslum af hálfu landssambandsins eða aðildarfélaga þess. Í þetta sinn hafi uppsögnin verið afhent 30. október kl. 1530 í hendur nafngreinds fulltrúa L.Í.Ú. á skrifstofu þess. Hafi landssambandið ekki hreyft neinum andmælum gegn móttöku hennar fyrr en 17. nóvember s.l. Hefði því þó verið í lófa lagið að mótmæla uppsögninni og synja strax fyrir heimild sína til að veita henni viðtöku, og einnig hefði sambandið tímans vegna getað í tæka tíð komið uppsögninni áfram í hendur hinna einstöku útvegsmannafélaga. Hvorugt þetta hafi landssambandið gert, svo vitað sé, og verði L.Í.Ú. þess vegna að bera hallann af því, ef það verði talið skipta sköpum um úrlausn málsins, að uppsögnin var ekki send beint til Útvegsmannafélags Reykjavíkur.

Með 1. gr. laga nr. 2/1969 voru samningar þeir, er framangreind miðlunartillaga sáttasemjara fól í sér, lögfestir sem kjarasamningar milli þeirra aðilja, er þar áttu hlut að máli. Er Félagsdómi því samkvæmt 44. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 80/1938, rétt að dæma um ágreining þann, sem krafizt er dóms um í þessu máli.

Samkvæmt 2. gr. samþykkta Landssambands íslenzkra útvegsmanna er það m. a. markmið sambandsins, „að vera opinber málsvari fiskikaupenda“, „fjalla um kjarasamninga sambandsfélaga“ sinna og vera á verði um öll fjárhagsleg og félagsleg mál, er fiskiskipaeigendur varða. Og í 32. gr. sömu samþykkta segir, að stjórn sambandsins skuli fylgjast með öllum kaup- og kjarasamningum félaga sinna og vera þeim til aðstoðar eins og frekast er kostur. Enn segir svo í 4. gr. 1 samþykktanna, að það sé skilyrði fyrir inngöngu útvegsmannafélags í L.Í.Ú., að samþykktir þess geymi ákvæði um það, að félaginu sé heimilt að fela sambandinu samningaumleitanir og samningsgerð um kjaramál.

Þá er svo mælt í 9. gr. samþykkta Útvegsmannafélags Reykjavíkur, sem er efnisaðili þessa máls, að engir kjarasamningar, sem félagið gerir, taki gildi fyrr en að fengnu samþykki stjórnar L.Í.Ú., enda sé félaginu óheimilt að undirrita kjarasamninga án þess að gerður sé fyrirvari um slíkt samþykki. Og samkvæmt 15. gr. sömu samþykkta má ekki breyta nefndu ákvæði 9. gr. nema með samþykki stjórnar L.Í.Ú.

Þegar litið er til framangreindra atriða og málsatvika, verður að telja, að Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands hafi verið rétt og heimilt að senda Landssambandi íslenzkra útvegsmanna framangreinda uppsögn sína vegna aðildarfélaga sinna. Virðist það og hafa verið venja í samskiptum nefndra sambanda, að uppsögn kjarasamninga færi fram með þeim hætti. Er uppsögn stefnda frá 30. október s.l. samkvæmt þessu gild gagnvart Útvegsmannafélagi Reykjavíkur. Ber þegar af þessari ástæðu að taka sýknukröfu stefnda í máli þessu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Landssambands íslenzkra út-

vegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 30. desember 1969.

Nr. 6/1969. **Alþýðusamband Íslands vegna Málm- og skipasmíðasambands Íslands f. h. Félags járniðnaðarmanna í Reykjavík**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Meistarafélags járniðnaðarmanna f. h. Stálvíkur h. f., Garðahreppi
(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Verkbann dæmt lögmætt. Sýknað af bótakröfu.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Alþýðusambandi Íslands vegna Málm- og skipasmíðasambands Íslands f. h. Félags járniðnaðarmanna í Reykjavík gegn Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Meistarafélags járniðnaðarmanna f. h. Stálvíkur h/f, Garðahreppi, með stefnu, dags. 12. maí þ. á.

Dómkröfur stefnanda eru þær:

að verkbann, sem stefndi tilkynnti 2. maí s.l., verði dæmt ólögmætt,

að stefndi verði dæmdur í hæfilega sekt fyrir brot á lögum nr. 80/1938,

að dæmt verði, að Stálvík h/f sé skylt að greiða þeim félagsmönnum Félags járniðnaðarmanna í Reykjavík, sem unnu hjá hlutafélaginu þegar verkbannið var lagt á, fullt kaup meðan verkbannið stóð yfir.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Á fundi í Meistarafélagi járniðnaðarmanna hinn 9. apríl þ. á. var svohljóðandi ályktun samþykkt:

„Í tilefni fyrirhugaðs verkfalls Iðju, félags verksmiðjufólks hjá Ísaga h.f., er stjórn Meistarafélags járniðnaðarmanna hér með heimilað að boða til verkbanns í samvinnu við stjórn Vinnuveitendasambands Íslands, ef þörf krefur“.

Var ályktun þessi send Vinnuveitendasambandi Íslands sem stefnuyfirlýsing sama dag og þess óskað, að stjórn þess tæki sem fyrst afstöðu til hugsanlegs verkbanns. Daginn eftir, hinn 10. apríl, samþykkti stjórn sambandsins svofellda tillögu með 34 af 38 mögulegum atkvæðum:

„Stjórnarfundur Vinnuveitendasambands Íslands, haldinn 10. apríl 1969 að Garðastræti 41, Reykjavík, samþykkir að fyrirskipa verksviptingu hjá öllum félagsmönnum í Meistarafélagi járniðnaðarmanna og felur fundurinn framkvæmdastjórn sambandsins að ákveða hvenær verksviptingin komi til framkvæmda. Verksvipting þessi skal taka til allra félagsmanna í Félagi járniðnaðarmanna í Reykjavík og Hafnarfirði og aðstoðarmanna í vélsmiðjum, sem starfa hjá félagsmönnum í Meistarafélagi járniðnaðarmanna“.

Hinn 16. apríl s.l. sendi Vinnuveitendasamband Íslands Félagi járniðnaðarmanna svohljóðandi tilkynningu um verkbann:

„Samkvæmt áður fengnu umboði, ákvað framkvæmdastjórn sambands vors á fundi sínum í gær, að beiðni Meistarafélags járniðnaðarmanna, að boða verkbann á alla félagsmenn yðar, er starfa hjá félagsmönnum í Meistarafélagi járniðnaðarmanna.

Verkbann þetta kemur til framkvæmda á miðnætti aðfaranótt 24. þ. m., takist ekki samningar fyrir þann tíma“.

Sama dag var sáttasemjara ríkisins send tilkynning um verkbannið.

Verkbannið kom til framkvæmda 24. apríl s.l., eins og boðað hafði verið.

Um samskipti Félags járniðnaðarmanna og Stálvíkur h/f er það fram komið, að hinn 2. apríl s.l. tilkynnti járniðnaðarmannafélagið Stálvík h/f vinnustöðvun hjá nefndu hlutafélagi dagana 10. og 11. apríl, ef ekki hefði fyrir þann tíma tekizt samkomulag um verðlagsuppbót á laun og 16. apríl s.l. boðaði sama stéttarfélag vinnustöðvun hjá Stálvík h/f frá og með 25. apríl til og með 30. apríl með sama skilorði og áður greinir. Komu báðar þessar vinnustöðvanir til framkvæmda, en samkvæmt málflutningi aðilja voru þá eigi í gildi neinir kjarasamningar milli hlutafélagsins og Félags járniðnaðarmanna í Reykjavík.

Hinn 2. maí s.l. gerðist Stálvík h/f félagi í Meistarafélagi járniðnaðarmanna, sem er aðili í Vinnuveitendasambandi Íslands. Sama dag tilkynnti sambandið Félagi járniðnaðarmanna inngöngu Stálvíkur h/f, og skýrði jafnframt frá því, að framangreint verkbann tæki frá og með 3. maí til þeirra félagsmanna í Félagi járniðnaðarmanna, sem störfuðu hjá Stálvík h/f.

Félag járniðnaðarmanna mótmælti þá þegar, að verkbannið gæti náð til þeirra félagsmanna sinna, er störfuðu hjá Stálvík h/f, þar sem verkbannið hefði eigi verið boðað með lögmætum fyrirvara. Mundu járniðnaðarmenn því mæta til vinnu hjá hlutafélaginu, og var krafizt launa þeim til handa meðan hið ólögmæta ástand varaði.

Stefnandi byggir málssókn sína á því, að hið almenna verkbann, er hófst 24. apríl s.l. af hálfu Meistarafélags járniðnaðarmanna, hafi í reynd verið samúðarvinnustöðvun til stuðnings þeim atvinnurekendum, sem verkfall Iðju bitnaði á, en þeir hafi eigi verið félagsmenn í nefndu meistarafélagi. Stálvík h/f hafi hins vegar hvorki verið félagsaðili í meistarafélaginu, þegar ákvörðun um verkbannið var tekin né heldur þegar það kom til framkvæmda. Af þessu leiði, að taka hefði þurft sérstaka ákvörðun um verkbann af hálfu Stálvíkur h/f. Þetta hafi ekki verið gert og auk þess hafi

verkbannið, að því er hlutafélagið varðar, eigi verið tilkynnt með þeim fyrirvara, sem 16. gr. laga nr. 80/1938 kveði á um. Telur stefnandi, að innganga Stálvíkur h/f í meistarafélagið geti eigi að lögum leitt til þess, að áður boðað verkbann taki jafnskjótt og fyrirvaralaust til hlutafélagsins, þar sem það hafi eigi gerzt félagsaðili fyrr en verkbannið var komið til framkvæmda. Beri því að dæma nefnt verkbann af hálfu Stálvíkur h/f ólögmætt og gera hlutafélaginu að greiða sekt fyrir brot á lögum nr. 80/1938. Jafnframt telur stefnandi, að fella eigi á Stálvík h/f skyldu til þess að greiða starfslaun til þeirra félagsmanna járniðnaðarmannafélagsins, er störfuðu hjá hlutafélaginu, meðan hið ólögmæta verkbann stóð yfir.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að þar sem gætt hafi verið allra formsatriða við boðun og framkvæmd verkbanns Meistarafélags járniðnaðarmanna, hafi það tekið til Stálvíkur h/f jafnskjótt og félagið gekk í Meistarafélag járniðnaðarmanna. Heldur hann því fram, að ekki sé nauðsynlegt að boða vinnustöðvun sérstaklega fyrir hvern vinnustað og skipti ekki máli, þótt Stálvík h/f væri eigi félagsaðili í Meistarafélagi járniðnaðarmanna, þegar ákvörðun um hið almenna verkbann var tekin og ekki heldur áður en það hófst. Löglega boðuð vinnustöðvun taki sjálfkrafa til allra þeirra, sem séu félagsaðiljar þeirra samtaka, er til vinnustöðvunar boði, hvort sem vinnuveitendur eða verklýðsfélög eigi þar hlut að máli, og skipti þá eigi heldur máli, hvort vinnustöðvunin sé gerð til þess að knýja fram kröfur þeirra, er að henni standa, eða eingöngu í samúðarskyni.

Eigi er fram komið í máli þessu, að kjarasamningar eða aðrar skuldbindingar af hálfu Stálvíkur h/f hafi bundið hendur hlutafélagsins um það að beita verkbanni gegn félagsmönnum í Félagi járniðnaðarmanna í Reykjavík. Tók verkbann Meistarafélags járniðnaðarmanna því til Stálvíkur h/f, án sérstakrar ákvörðunar eða boðunar um það, strax er hlutafélagið hafði gerzt réttur aðili að samtökum meistarafélagsins, en réttmæti aðildar Stálvíkur h/f að nefndum samtökum meistara í járniðnaði hefur ekki verið vefengt.

Samkvæmt þessu ber að taka sýknukröfu stefnda til

greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Meistarafélags járniðnaðarmanna f. h. Stálvíkur h/f, Garðahreppi, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands vegna Málm- og skipasmíðasambands Íslands f. h. Félags járniðnaðarmanna í Reykjavík, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 13. október 1970.

Nr. 2/1970. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestfjarða vegna Vélsmiðjunnar Þórs h/f**
(Barði Friðriksson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags járniðnaðarmanna á Ísafirði
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Ákvæði kjarasamnings um kaffitíma skýrð.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 22. júní þ. á., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestfjarða vegna Vélsmiðjunnar Þórs h/f gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags járniðnaðarmanna á Ísafirði.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að ákvæðið: „Þó skulu kaffitímar verða

áfram með sömu tilhögun og hér hefur verið undanfarið", í kjarasamningi Vinnuveitendafélags Vestfjarða og Félags járniðnaðarmanna á Ísafirði, dags. 24. júní 1969, sé rétt skilið og framkvæmt svo, að séu kaffitímar teknir í dagvinnutíma tvisvar, 15 mínútur í senn, sé ekki skylt að greiða kaup fyrir þann tíma.

2. Að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í 2. gr. kjarasamnings, dags. 20. maí 1969, milli Meistarafélags járniðnaðarmanna og Félags járniðnaðarmanna í Reykjavík segir svo:

„Vinnutími skal vera 42,5 klst. virkur vinnutími á viku (effektivur). Vinnutíminn styttist um ½ klst. á viku árlega 1. jan. ár hvert, í fyrsta sinn 1. jan. 1970, þar til hann er orðinn 40 klst. á viku".

Með þessu samningsákvæði var horfið frá fyrri samningsbundnum reglum um 15 mínútna kaffihlé tvisvar á dag í dagvinnutíma.

Í tilefni af þeirri breytingu, er þannig varð á kjarasamningsákvæðum um kaffitíma, undirrituðu fulltrúar meistarafélagsins yfirlýsingu sama dag, er skoðast skyldi sem hluti nefnds samnings, og hljóðar hún svo:

„Þar sem kaffihlé eru felld niður úr samningsbundnum dagvinnutíma skal járniðnaðarmönnum heimilt að hafa með sér kaffi og brauð og neyta þess í vinnutíma, þó þannig, að sem minnstri röskun valdi á vinnunni og að menn hópist ekki saman til kaffidrykkju.

Verði heimild þessi misnotuð af sveinum, áskiljum vér félagsmönnum Meistarafélags járniðnaðarmanna rétt til að taka upp fasta kaffitíma, enda ljúki dagvinnu þeim mun síðar".

Ágreiningslaust er í máli þessu, að framkvæmd framangreinds kjarasamnings hafi á grundvelli nefndrar yfirlýsingar orðið með þeim hætti í Reykjavík, að eigi hafi verið teknir sérstakir kaffitímar, í þeim fyrirtækjum, þar sem

vélvæðingu og störfum var svo háttað, að starfsmenn gátu drukkið kaffi sitt án þess að vinna þeirra stöðvaðist. Hins vegar hafi kaffitímanum verið haldið þar sem vélvæðing var skemmra á veg komin og starfsaðstæður þær, að kaffidrykkja og starf gat illa farið saman, en vinnutíminn þá lengzt að sama skapi.

Hinn 24. júní 1960 gerðu aðiljar þessa máls svohljóðandi samning:

„Félag járniðnaðarmanna á Ísafirði og Vinnuveitendafélag Vestfjarða gerast hérmeð aðiljar að samningi Meistarafélags járniðnaðarmanna og Félags járniðnaðarmanna í Reykjavík, dags. 20. maí s.l. með þeim frávikum, að nefndur samningur gildir frá 1. júní s.l.

Þó skulu kaffitímar verða áfram með sömu tilhögun og hér hefur verið undanfarið".

Er hér átt við kjarasamning þann, sem að framan er getið.

Ágreiningsefni máls þessa er það, að stefnandi heldur því fram, að sérákvæði Ísafjarðarsamkomulagsins um kaffitíma beri að skilja svo, að þar sem kaffitímar eru teknir tvisvar á dag 15 mínútur í hvort sinn, en þeirri tilhögun sé fylgt á Ísafirði, skuli dagvinnu ljúka þeim mun síðar, þ. e. að kaffitímar skuli ekki greiddir, eins og áður var. Ef sveinar hætti samt á sama tíma og áður, sé rétt að draga af kaupi þeirra samsvarandi fjárhæð. Um það hafi verið samið í Reykjavíkursamningnum frá 20. maí 1969, að niður skyldi falla greiðsla fyrir kaffitímana, en upp tekin sú regla að greiða einvörðungu fyrir unnar (effektivar) stundir. Hins vegar hafi með yfirlýsingu Meistarafélags járniðnaðarmanna verið haldið opnum þeim möguleika, að járniðnaðarmenn fengju ákveðinn tíma daglega til kaffidrykkju, að því tilskildu, að daglegur vinnutími lengdist að sama skapi. Hafi tilhögun kaffidrykkjunnar hér í Reykjavík samkvæmt því, svo sem áður er getið, orðið með tvennum hætti, en ágreiningslaust með öllu hér í Reykjavík, að væru kaffitímar teknir, lengdist daglegur vinnutími að sama skapi. Á Ísafirði hefði á sama hátt og í Reykjavík verið samið um virkan (effektivan) vinnutíma, og fælist ekki annað í sérákvæði Ísafjarðarsamn-

ingsins um kaffitímann en það, að haldast skyldi sú tilhögun, að sérstakur kaffitími væri tekinn. Sú skipan hefði hins vegar ekki átt að hafa áhrif á ákvæði kjarasamningsins um virkan vinnutíma. Og þar sem starfsmenn Vélsmiðjunnar Þórs hefðu neitað að ljúka dagvinnu þeim mun síðar, hefði fyrirtækið ekki átt annarra kosta völ en að draga af kaupi þeirra fjárhæð, sem því nam.

Af hálfu stefnda er því aftur á móti haldið fram, að með samningnum frá 24. júní 1969 hafi verið samið um annað fyrirkomulag á Ísafirði en í Reykjavík, að því er kaffitímana varðar, þannig að járniðnaðarmenn þar mættu áfram taka kaffihlé án þess að dagvinnutíminn lengdist að sama skapi, enda hafi einn viðsemjenda járniðnaðarmanna á Ísafirði, Skipasmíðastöð M. Bernhardssonar, framkvæmt ákvæði kjarasamningsins með þeim hætti. Þá heldur stefndi því einnig fram til stuðnings máli sínu, að í samningum, sem gerðir voru á Ísafirði s.l. sumar, hafi þeir vinnuveitendur á Ísafirði, er hér eiga hlut að máli, í raun og veru keypt umdeilda kaffitíma með sérstakri greiðslu til járniðnaðarmanna.

Fram er komið í málinu, að við samningsgerðina á Ísafirði 24. júní 1969 hafi samningsaðiljar haft í höndum Reykjavíkursamninginn frá 20. maí 1969 og yfirlýsingar þær, dags. sama dag, er honum fylgdu. Er ekkert fram komið, sem bendir til þess, að rætt hafi verið um það við samningsgerð, að vikið skyldi frá skýlausum ákvæðum Reykjavíkursamningsins um virkan vinnutíma, en þar sem hér var um mikilvægt atriði og nýmæli í samningnum að ræða, var ástæða til þess að það kæmi skýrt fram í samningnum sjálfum, ef það var ætlun vinnuveitenda að falla frá þeirri meginreglu, sem þetta ákvæði fól í sér.

Þegar tekið er tillit til þeirra atriða, er nú hafa verið rakin, verður eigi talið, að sérákvæði samningsins frá 24. júní: „Þó skulu kaffitímar verða áfram með sömu tilhögun og hér hefur verið undanfarið“, feli í sér annað en það, að sérstakur tími skyldi tekinn til daglegrar kaffidrykkju, án þess að það hefði áhrif á virkan dagvinnutíma. Haggar það ekki þessari niðurstöðu, þótt einn vinnuveitenda í járniðnaðarrekstri þar léti það ekki í fyrstu hafa áhrif á kaupgreiðslur

sínar, þótt kaffitímar væru teknir, án þess að vinnutíminn lengdist að sama skapi. Þá er ekki heldur sönnuð sú staðhæfing stefnda, að vinnuveitendur á Ísafirði hafi með kjarasamningi, sem gerður var 15. júlí s.l., hleypt stoðum undir þann skilning, sem stefndi heldur fram á umdeildu samningsákvæði um kaffitímann.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður dómkrafa stefnanda tekin til greina.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreint ákvæði um kaffitíma í kjarasamningi Vinnuveitendafélags Vestfjarða og Félags járniðnaðarmanna á Ísafirði, dags. 24. júní 1969, er rétt skilið og framkvæmt svo, að ekki er skylt að greiða kaup fyrir þá kaffitíma, sem um er deilt í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Alpfiscenband blank